- 5.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
- 5.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.
- 5.6. Radióeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.

- 5.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.
- 5.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
- 5.9. Hafi áfallin gjöld vegna radiótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutadeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
- 5.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglið gjald, áður en enduopnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsigliunar greiðir leyfishafi.
- 5.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
- 5.12. Innflutningur erlendra radiótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaþrófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.
- 5.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnun leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
- 5.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.
- 5.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.

XIII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{5}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. III. kafla).
- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símtjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIV. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.
Þar til gerð eyðublöð eru í símakránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.
- 1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
- 1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.
- 1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
- 1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasmúrur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutadeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.
- 1.6. Verði bilun í símakerfinu eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
- 1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
- 1.9. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminum tíma.
- 1.10. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
- 1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
- 1.12. Verðskrá sú er póst- og símamálstjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar miðstöðvar og fjarritvélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.

- 1.13. Peir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.
- 2.2. Eindagi síma- og radiógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 870,00 og hærrí. Innheimt verður gjald, krónur 155,00 fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radiógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrirfram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 16. júlí 1988. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 16. júlí 1988 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 6 11. janúar 1988.

Samgönguráðuneytið, 12. júlí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Halldór S. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ fyrir pósthjónustu. Gildir frá 16. júlí 1988.

TEGUND SENDINGAR	Pyngd- armörk g	Innan- lands Burðar- gj. kr.	Norðurlönd		Önnur lönd í Evrópu		Lönd utan Evrópu	
			Alm. burðar- gj. kr.	¹⁾ Flug- burðar- gj. kr.	Alm. burðar- gj. kr.	¹⁾ Flug- burðar- gj. kr.	Alm. burðar- gj. kr.	¹⁾ Flug- burðar- gj. kr.
Hámark stærðar og þyngdar								
Bréf.	20	18/19*	18/19*	²⁾	24	²⁾	24	37
Hámarksstærð:	100	24	24		55		55	105
Lengd + breidd	250	40	40		115		115	295
+ þykkt 900 mm.	500	70	70		220		220	540
Mesta lengd 600 mm.	1000	115	250		380		380	1050
Í ströngum:	2000	160	620		620		620	2005
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				²⁾		²⁾		
Mest 105 × 148 mm.		18/19*	18/19*		18/19*		18/19*	24
Minnst 90 × 140 mm.								
Prent.								
Stærð sama og bréfa.	20	18/19*	18/19*	18/19*	18/19*	18/19*	18/19*	21
(Prentkort, sama stærð og póstkort).	100	24	24	24	25	30	25	50
Hámarksþyngd 2 kg.	250	40	40	40	50	50	50	105
Bækur þó 5 kg.	500	70	70	70	85	115	85	205
Burðargjald fyrir prent yfir 1000 g til Norðurl.	1000	115	115	200	145	200	145	405
er sama og fyrir	2000	160	200	370	200	370	200	805
„Önnur lönd.“	3000	245	300	600	300	600	300	1045
	4000	335	400	830	400	830	400	1285
	5000	410	500	1060	500	1060	500	1525
Smápakkar.								
Stærð sama og bréfa.	100	24	24	24	25	30	25	50
Hámarksþyngd 2 kg.	250	40	40	40	50	50	50	105
	500	70	70	70	85	115	85	205
	1000	115	115	200	145	200	145	405
	2000 ^{a)}	160	200	370	200	370	200	805
Innrituð blöð og tímarit.								
Innritunargjald 12880 kr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm. (minnst 50 eintök til hvers í einu). Hámarksþ. 20 kg.	hver 500	17						
b) Til áskrifenda. Minnsta gjald: 500 eint. Hámarksþyngd 500 g hvert eintak.	20 100 250 300 500	4,60 5,20 9,20 13,80 23,00						
				Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmála- blöð og tímarit landssamtaka stétt- arfélaga og fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstak- lega um bók- menntir og listir eða trúmál, visast til reglugerðar fyrir pósthjónustu nr. 138/1982, grein 14.4.1.	¹⁾ Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald. ²⁾ Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds. ³⁾ Umsókn um gjalddeyrisyfirfarlsu (ebl. 509) útfyllist við allar greiðslur til útlanda. ⁴⁾ Til útlanda bætist við gjald fyrir símskeyti til viðkomandi lands. ⁵⁾ Póststöðvar gefa upplýsingar um þau lönd sem póstgíró og/eða póstaðisnaviðskipti eru við. ⁶⁾ Ekki til allra landa. Nánari upplýsingar veita póststöðvar.			

Greiðsla skaðabóta pósthjónunarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

- Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
- Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að 975 kr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 11.200 kr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: 370, 465 og 565 kr. Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

* Hækkar úr 18 kr. í 19 kr. 16. okt. 1988.

TEGUND SENDINGAR	Innanlands	Norður-lönd	Önnur lönd ³⁾	TEGUND SENDINGAR	Burðargjald krónur		
Póstgírþjónusta³⁾ (Hámarksupphæð ótakmörkuð)	Burðargjald krónur	Burðargjald krónur	Burðargjald krónur ⁴⁾	Almennir böggjar (innanlands):	Pyngdar-mörk kg	Alm. böggjar krónur	Rúmfr. broth. krónur
Innborganir (ókeypis á eigin reikning)	30	30	35	Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + mesta ummál 3 m.	5	175	265
Millifærslur á milli pósthúsanna	ókeypis	ókeypis	ókeypis	Mesta lengd 1.50 m.	10	230	345
Útborganir (ókeypis í eigin hendur) ..	48	48	59	Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	15	345	520
Póstávisanir³⁾ Hámarksupphæð 200 000 kr. innanlands. Um hámarksupphæð póstávisana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar					20	460	690
a) almennar póstávisanir	45	45	60	Verðbréf og -böggjar.			krónur
b) símapóstávisanir	190	45 ⁴⁾	60 ⁴⁾	Burðargjald sendingar eftir tegund.			
Póstkröfur Hámarksupphæð innanlands sama og póstávisana (200 000 kr.). Með innborgun á pósthúsin er hámarksupphæð ótakmörkuð. Burðargjald sendingar eftir tegund.				Skrásetningargjald			65
a) Með póstávisun	80	80	90	Tryggingargjald.			
b) Með innborgun á pósthúsin	60	60		Fyrir hverjar 500 kr. eða minna			65
				Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.			
				Loftbréf: Söluverð 1 króna, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (24 krónur). Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.			

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald 65 krónur

Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á pósthúsuupphæð, fyrirsöfnun um sendingu 35 krónur

Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er 150 krónur

Móttökukvittun 25 krónur

Talning í verðbréfi innanlands: 35 krónur hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð 50 krónur. Skiptiverð í frímerkjum 24 krónur.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: 35 krónur.

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: 50 krónur.

Tollmeðferð böggla: 55 krónur.

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: 25 krónur.

Geymslugjald böggla: 55 krónur á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús.

Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan 25 krónur.

PÓSTFAX-ÞJÓNUSTA

- a) Frá pósthúsi til pósthúsa 190 krónur fyrsta síða
125 krónur hver viðbótarsíða
- b) Frá einkateki til pósthúsa 120 krónur fyrsta síða
80 krónur hver viðbótarsíða
- c) Frá pósthúsi til tækis í einkaeign 160 krónur fyrsta síða
105 krónur hver viðbótarsíða

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 19. gr. póstlaga nr. 33/1986 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórnskipt og starfrækslu póst- og síamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 16. júlí 1988. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir pósthúsu nr. 7 frá 11. janúar 1988.

Samgönguráðuneytið, 12. júlí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um hættumat vegna snjóflóða.

1. gr.

Hættumat skal fara fram í sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á byggð, nærri byggð eða hætta er talin á slíku.

Hættumatið skal ná til svæða sem skipulögð eru eða skipuleggja á fyrir byggð, mannvirki eða umferð og útivist fólks á vetrartíma.

2. gr.

Niðurstöður hættumats skulu lagðar fram í greinargerð þar sem fram koma reiknislegar og sögulegar forsendur og önnur þau gögn, sem matið byggist á. Hættusvæði skal afmarka á kort í mælikvarða 1:5000 og aðalskipulagsupprátt viðkomandi byggðar.

3. gr.

Ákvörðun um að hættumat skuli fara fram, skal tekin með hliðsjón af eftirfarandi lámarksögnum, sem safnað er um viðkomandi svæði:

1. Gera skal kort eftir landmælingum eða loftmyndum í mælikvarðanum 1:5000, sem nái yfir svæði sem tilgreind eru í 1. gr. og sýni landslag upp á efstu fjallsbrúnir og inn á aðliggjandi snjósöfnunarsvæði.
2. Safna skal gögnum um snjóflóð á viðkomandi svæði og í námunda við það með því að kanna ritadar heimildir, með viðtölum við heimamenn og með því að leita eftir merkjum um snjóflóð í landinu. Skrá skal sem nákvæmasta staðsetningu snjóflóða, tíma, upptök, fallbraut, tungu, skriðlengd, tegund, tíðni, snjálög og hugsanlega snjódýpt í upptökum, úrkomu og vindáttir þegar og áður en snjóflóð hafa fallið og annað það sem talið er skipta máli.
3. Kanna skal á vettvangi framburð flóða, sár í jarðvegi og gróðri og ljósmynda skal snjóflóðafarvegi.

Niðurstöður af ofangreindum gögnum skulu dregnar á kort í mælikvarðanum 1:5000, þar sem fram komi þekktir eða líklegir snjóflóðafarvegir, líklegust mörk þeirra og skriðlengd.

Gögn þessi skulu vera grundvöllur að hættumati.

4. gr.

Hættumat vegna snjóflóða skal að hluta til fara þannig fram að reiknuð er skriðlengd og breidd snjóflóða úr fjallshlíð ofan byggðar og skipulagðra svæða og mörk þeirra dregin sem hættusvæði á kort í mælikvarðanum 1:5000. Við útreikningana skal nota formúluna:

$a = g \sin \alpha - \mu g \cos \alpha - g v^2 / h \xi$ þar sem:

a = hröðun m/sek².

g = þyngdarhröðunin 9,81 m/sek².

α = landhalli í gráðum

v = hraði frambrúnar snjóflóðsins, m/sek.

μ = viðnámsstuðull, sem breytist þannig að $\mu = 0,5$ er fyrir minni hraða en 10 m/sek.,

$\mu = 5/v$ fyrir hraða milli 10 og 50 m/sek., og $\mu = 0$ fyrir hraða yfir 50 m/sek.

Auk þess má μ ekki hækka upp fyrir mesta gildi (μ_{max}) þegar hraðinn minnkar eða upp fyrir útreiknað minnsta gildi (μ_{min}) ef það er stærra en μ_{max} .

h = hæð frambrúnar snjóflóðsins, en hún breytist með tímanum t , samkvæmt „diffurjöfnunni“ $\delta h / \delta t = ((1-n)/n) a h / v^2 (\delta b / \delta x) h v / b - \gamma v$ þar sem $\delta b / \delta x$ = breyting á breidd farvegs b með vegalengd x í skriðstefnu. Að öðru leyti eru n , ξ og γ fastar, sem notast á eftirfarandi hátt:

Til útreiknings á þekktum farvegum, þar sem snjósöfnun er mikil og þurr snjóflóð ná miklum hraða skal nota fastana $n = 0,9$, $\xi = 1400 \text{ m/sek}^2$. og $\mu_{\max} = 0,2$.

Pegar reiknuð eru snjóflóð í opnum farvegum og mest hætta er af rennsli jafnfallins snævar, verða fastarnir $n = 1,2$, $\xi = 1400 \text{ m/sek}^2$. og $\mu_{\max} = 0,25$.

Fastinn γ skal hafa tölugildið 0, nema unnt sé að sýna fram á að snjóflóðið muni fara yfir auða og úfna jörð þannig að ójöfnur landsins hafi áhrif á rennsli flóðsins. Er tölugildi fastans γ þá ákveðið í samráði við Almannavarnir ríkisins.

5. gr.

Við útreikning á breidd, skriðlengd og hraða snjóflóða samkvæmt 4. gr. skal nota eftirfarandi grunnildi fyrir snjódýpt á upptakasvæði snjóflóða:

Fyrir opin svæði þar sem ekki er hætta á sérstakri snjósöfnun vegna skafrennings skal reikna með 1 m snjódýpt.

Á svæðum þar sem snjór safnast saman vegna skafrennings, svo sem í giljum og hlíðum, þar sem skjól er í snjókomuátt, skal reikna með 2 m snjódýpt.

Að öðru leyti skal reikna með snjódýpt samkvæmt athugunum og aðstæðum á hverjum stað.

Þar sem til eru mælingar á skriðlengd snjóflóða, má áætla snjódýpt á upptökum þeirra á eftirfarandi hátt:

- Áætla skal ýmis gildi fyrir snjódýpt á upptakasvæði.
- Reikna skal skriðlengdir með áætluðum snjódýptum og gefnum föstum.
- Velja skal snjódýpt, þannig að reiknuð skriðlengd verði sem næst mestu þekktri skriðlengd, eða þeirri mestu skriðlengd sem talið er líklegt að geti orðið á 50 ára fresti.
- Þannig fundna snjódýpt skal nota í grennd við hinn þekkta farveg til þess að reikna skriðlengd í mögulegum snjóflóðafarvegum.

Þessa aðferð skal þó ekki taka fram yfir snjómælingar, þar sem þær eru til.

6. gr.

Fyrir hvert það mannvirki, sem er, eða byggja á, innan hættusvæðis, sbr. 1. mgr. 4. gr., skal meta áraun þannig, að reiknaður er hámarksþrýstingur þvert á stefnu flóðsins, á þann flöt mannvirkisins, sem næst stendur upptökum þess.

Við útreikning á hámarksþrýstingi skal nota formúluna $P = Pv^2 N/m^2$, þar sem:

p = eðlismassi snævarins kg/m^3 og v = hraði í m/sek .

Nota skal eðlismassann 300 kg/m^3 .

7. gr.

Innan hættusvæða, sbr. 4. gr., má ekki reisa mannvirki sem draga að sér umferð fjölmennis á vetrartíma, vegna skóla-, samkomuhalds eða íþróttaiðkana. Til að heimilt verði að byggja önnur mannvirki innan hættusvæða, samkvæmt reglum þessum, verður að sýna fram á að þau standist reiknaða áraun snjóflóða sbr. 6. gr.

Nú kemur í ljós að byggð er innan hættusvæðis og skal þá sveitarstjórn ákveða hvort breyta skuli mörkum hættusvæðis með gerð varnarvirkja sbr. 8. gr., eða kaupa upp fasteignir innan þess.

8. gr.

Breyta má mörkum hættusvæða með gerð varnarvirkja sem hægja á snjóflóðum og stytta þannig skriðlengd þeirra, eða breyta stefnu fallbrautar. Einnig má breyta mörkum hættusvæða með byggingu varnarvirkja, sem eru nægilega öflug til að varna að skrið hefjist á upptakasvæði flóðs. Hins vegar má ekki breyta mörkum hættusvæða með varnarvirkjum sem eru gerð til að breyta væntanlegri snjósöfnun á upptakasvæðum snjóflóða.

Sveitarstjórn lætur gera tillögur að varnarvirkjum og leggur þær fyrir Almannavarnir ríkisins til staðfestingar. Staðfestingu Almannavarna ríkisins skal fylgja álitgerð ofanflóðanefndar um varnarvirki. Með tillögum að varnarvirkjum skulu fylgja fullnægjandi teikningar og uppdrættir sem sýni tegund, stærð, lögun, hönnun, efni, staðsetningu og undirstöður varnarvirkja. Auk þess skulu fylgja uppdrættir í mælikvarðanum 1:5000, sem sýni þær breytingar á hættusvæði sem varnarvirkin valda og nauðsynlegir útreikningar til rökstuðnings þeim.

9. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða eigi síðar en tveim árum eftir gildistöku hennar.

10. gr.

Rísi ágreiningur út af ákvæðum reglugerðar þessarar sker félagsmálaráðherra úr, að fenginni umsögn Almannavarna ríkisins og viðkomandi sveitarstjórnar.

11. gr.

Reglugerð þessi um hættumat vegna snjóflóða er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 28 4. júní 1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils kr. 582,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
400—2 000 m ³ =	63 986,00 kr. fyrir 400 m ³ 49,50 kr/m ³ þar yfir
2 000—6 000 m ³ =	144 966,00 kr. fyrir 2 000 m ³ 45,00 kr/m ³ þar yfir
6 000—10 000 m ³ =	321 742,00 kr. fyrir 6 000 m ³ 40,70 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³ =	484 418,00 kr. fyrir 10 000 m ³ 30,80 kr/m ³ þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera kr. 26,40

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla 3/4"	kr. 242,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1"—2½"	kr. 542,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 1 101,00 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín./lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. ágúst 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 197, 11. apríl 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 11. júlí 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir freðfisk á framleiðslutímabilinu frá 1. febrúar 1988 til 31. maí 1988.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir freðfisk á framleiðslutímabilinu frá 1. febrúar 1988 til 31. maí 1988.

Viðmiðunarverð á freðfiski 1. febrúar—31. maí 1988.

SDR pr. lb. cif., m.v. gengi 15. janúar 1988.

Þorskur:		SDR cent pr. lb. cif
1001	4 × 12/14 m/r 5—8 oz.	103,91
1002	4 × 12/14 m/r 8—12 oz.	105,20
1003	4 × 12/14 m/r 12—16 oz.	107,17
1004	4 × 12/14 m/r 1—3 lbs.	121,45
1005	1 × 35 lausfr.	113,01
1006	4 × 14 r/l 8—12 oz.	127,93
1007	4 × 14 r/l 12—16 oz.	129,87
1008	4 × 14 r/l 1—3 lbs.	133,61
1009	1 × 35/45 formflök	139,32
1010	10 × 5 og 4 × 12	157,40
1011	5 × 8 og 6 × 8 hnakkast.	175,46

	SDR cent pr. lb. cif
Dorskur:	
1012 5 × 10 og 6 × 10	169,11
1015 4 × 15 og 3 × 20	169,11
1016 Blokk reg.	142,15
1018 Blokk or.	127,93
1020 P. blokk Evrópa	75,41
1021 Marningsblokk	39,11
1022 10 × 5 (SIS)	155,21
1023 4 × 13	162,79
1024 1 × 50 lausfr. Evrópa	117,81
1025 1 × 25 lausfr. USA	156,47
1027 Marningsblokk (P)	45,46
Ýsa:	
2001 4 × 12/14 m/r 4—8 oz.	132,67
2002 4 × 12/14 m/r 8—12 oz.	134,51
2003 4 × 12/14 m/r 12—16 oz.	136,38
2004 4 × 12/14 m/r 1—3 lbs.	139,15
2005 1 × 35 m/r lausfr.	136,38
2006 1 × 45 formflök	128,74
2007 4 × 14 r/l	149,37
2008 10 × 5	154,47
2009 3 × 18, 4 × 13 og 4 × 12	159,27
2011 Blokk reg.	133,29
2012 Blokk or.	121,55
2014 P. blokk Evrópa	48,07
2015 Marningsblokk	39,11
2016 Marningsblokk (p)	37,66
2017 1 × 50 lausfr. Evrópa	135,09
Steinbítur:	
3001 8 × 7 r/l	74,77
3002 10 × 5	176,78
3004 Blokk reg.	92,40
3005 Marningsblokk	17,77
Karfi:	
4001 8 × 7 m/r	74,77
4002 10 × 5 m/r	105,85
4003 10 × 5 r/l	110,23
4004 10 × 5 Sea star	102,08
4007 5 × 8 m/r og b/l	105,85
4008 1 × 35 m/r < 150 gr	93,82
4009 1 × 20 lausfryst	128,55
4010 4 × 6 kg r/l lagpakk.	108,14
4015 Blokk 4 × 16 1/2 mb	108,75
4016 Blokk reg.	88,86
4017 Marningsblokk	24,89
4018 4 × 10 mr (SIS)	101,43
4019 2 × 7 kg 200—300 g Japan	54,81
4020 2 × 7 kg 300—500 g Japan	64,48
4021 2 × 7 kg 500—700 g Japan	82,22
4022 2 × 7 kg > 700—800 g Japan	90,28
Ufsi:	
5001 8 × 7 r/l	66,09
5002 10 × 5	91,31
5003 4 × 12 og 4 × 13	79,60
5007 Blokk reg.	71,09
5008 Blokk mb., þunnildi	62,55
5009 Marningsblokk	24,89

Langa:		SDR cent pr. lb. cif
6001	8 × 7 r/l	74,76
6002	10 × 5	132,22
6003	Blokk reg.	71,09
6004	Marningsblokk	17,77
Keila:		
7001	8 × 7 r/l	74,77
7002	Blokk reg.	31,98
Grálúða:		
8001	Heilfr. h/l yfir 3 kg	67,22
8002	Heilfr. h/l yfir 2 kg	67,22
8003	Heilfr. h/l 1—2 kg	62,29
8005	4 × 12 lagp.	151,41
8006	4 × 10, 6 × 10 og 4 × 14	149,28
8008	Blokk Sovét	74,77
8009	Blokk USA	99,50
8010	1 × 35	122,74
8011	1 × 26 > 3 kg Japan	77,38
8012	1 × 26 2—3 kg Japan	70,93
8013	1 × 26 1—2 kg Japan	61,26
8014	1 × 25 lausfr.	154,63
Lýsa:		
9001	Blokk reg.	71,09
A001	Heilfr. 3 × 8 kg Sovét	37,75

Verðbil verður 5% og miðast við verðhækkun sem veðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. júní 1988.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

15. júlí 1988

799

Nr. 350

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Papa- og Breiðdalsgrunni.

1. gr.

Frá og með 16. júlí 1988 eru allar togveiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarndi punktum:

1. 64°33'21 N – 13°08'19 V
2. 64°28'19 N – 13°39'04 V
3. 64°01'51 N – 14°02'51 V
4. 64°01'05 N – 13°38'47 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 16. júlí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

8. júlí 1988

Nr. 351

AUGLÝSING

um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota.

Ákveðið hefur verið að gjald vegna stöðvunarbrota samkvæmt 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 3. gr. reglna um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota, skuli vera 500 krónur.

Ákvörðun þessi gildir frá 12. júlí 1988.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 102 26. febrúar 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. júlí 1988.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

B 57

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 840 frá 18. júlí 1988 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast Tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 14. júlí 1988.

F. h. r.

Dórhallur Ásgeirsson.

Tryggvi Axelsson.

Nr. 353

7. júlí 1988

AUGLÝSING

um sameiningu Selvogshrepps í Árnassýslu við Ölfushrepp í sömu sýslu.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Selvogshrepp í Árnassýslu og Ölfushrepp í sömu sýslu í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tilögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Ölfushreppur.
2. Hið nýja sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Selvogshreppi og Ölfushreppi.
3. Íbúar Selvogshrepps og Ölfushrepps skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Selvogshreppi og Ölfushreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Selvogshrepps skulu afhendast Ölfushreppi til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Ölfushreppi í kosningum þeim, er fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags. Kjörtímabil hennar er til næstu almennra sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. janúar 1989.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akraness.

Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og rofaleiga.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr./kWh.	Ársgreiðslur kr.	
A – Almenn notkun.				
A	Með fastagjaldi	6,60	1 900,00	
B – Heimilisnotkun o. fl.				
B1.	Heimilisnotkun	4,88	2 000,00	
B2.	Mannvirkjagerð og Akraneshöfn	8,45	2 980,00	
C - Vélanotkun.				
C1.	Með fastagjaldi	6,60	1 900,00	
C3.	Stórnotkun (Afltaxti)	1,70	5 818,00	kr/kW
	Fastagjald		20 310,00	
D - Húshitun.				
D1.	Án rofs	3,62	2 520,00	
D2.	Rof 1,5 klst. á dag	1,95	2 520,00	
D3.	Rof 2,5 klst. á dag	1,77	2 520,00	
D5.	Rof 14,5 klst. á dag	1,02	2 520,00	
D6.	Sumarhitun rof 3 klst. á dag	1,32	2 520,00	
D7.	Rof breytilegt	1,62	2 520,00	
E - Annað.				
E1.	Sérsamningar			
E2.	Gatna- og hafnarlýsing		21 000,00	kVa/ár.
E3.	Lokun og enduroppnun veitu		1 072,00	
Mæla- og rofaleiga.				
10	Einfasa		339,00	
11	Einfasa með liða		1 747,00	
20	Prífasa		1 282,00	
21	Prífasa með liða		2 590,00	
24	Prífasa með straumsp.		3 303,00	
30	Prífasa með aflmæli		2 073,00	
31	Prífasa með aflmæli og straumsp.		4 020,00	
32	Ársleiga fyrir önnur tæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.			

Ákvæði og skýringar með töflu 1.

- A. Til lýsingar véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsum.
- B2. Til véla- og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×32 A. og 3×50 A. 220 V.
- C3. Til atvinnutækja með meira en 40kW. ársafl. Gjaldstofn aflgjalds er úttekt í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafli á 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkv. þessum taxta, að tilskyldu samþykki rafveitunefndar, en greiða skal þá þrefalt fastgjald.

Hitanotkun.

- D. Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:
- a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
 - b. að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
 - c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu.
 - d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og notandinn kosti tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
 - e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
 - f. að notkun sé eigi minni en 6 000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6 000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á D1.
 - g. að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, án þess að notkun sé hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.
- D3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafnmikið afl órofið.
- D6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

E. Annað.

- E1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskyldu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
- E2. Gjald miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði rafveitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingakerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitu rafveitunefndar.
- E3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkv. þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

E4. Á hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn til skipa samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknist á hitataxta D1, en a. m. k. 15% notkunar reiknast á taxta B2.

Slík sala er háð samþykki rafveitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.

E5. Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Mæla- og rofaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattstundaverð umrædds mánaðar hækka um 40 aura fyrir hvert tímabil mánaðarins sem hann fer niður fyrir slíkt lágmark.

Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárlíður Nr.	Málstraumur 220 V Amp.	Aðalvari 380 V kerfi Amp.	Flutningsgeta miðað við stærð aðalvara kVa.	Tengigjald jarðstrengsheimtaug. allt að 15 m kr.
2,01	2 × 35	1 × 35	7	17 100,00
2,02	2 × 60	1 × 60	13	20 470,00
2,03	3 × 60		22	24 700,00
2,04	3 × 100	3 × 60	38	34 800,00
2,05		3 × 100	66	50 400,00
2,06	2 × 200		76	55 900,00
2,07	3 × 350	3 × 200	132	88 000,00
2,08		3 × 350	231	145 000,00
2,09	Bráðabirgðaheimtaug		1 × 35 Amp.	6 340,00
2,10	Bráðabirgðaheimtaug		3 × 35 Amp.	12 650,00
2,11	Bráðabirgðaheimtaug		3 × 60 Amp.	21 600,00
2,12	Tenging v/Akraneshöfn			805,00
2,13	Yfirlengd heimtaugar			(780,00+7,80×kVa) kr./m

Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárlíður nr.	Stærð spennis kVa	kr.
3,01	150	111 500,00
3,02	300	168 500,00
3,03	500	340 000,00
3,04	600	390 000,00
3,05	800	522 000,00

Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

- Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- Lengd heimtaugar reiknast frá lóðamörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.
- Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.

- d. Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leiti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notenda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
- e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkv. kostnaði. Tengigjald fellur í gjald-daga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að til komi samþykki iðnaðarráðuneytisins. Sölugjald 25% samkvæmt lögum er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema liður D (húshitun), sem er undanþeginn gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 20. júlí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 244, 4. maí 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 11. júlí 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð menningarstarfs í Vestmannaeyjum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. júní 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð menningarstarfs í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður menningarstarfs í Vestmannaeyjum. Hann er stofnaður í minningu skáldbræðranna Oddgeirs Kristjánssonar, Ása í Bæ og Árna úr Eyjum, og með vitund og vilja ekkna þeirra. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er sparisjóðsbók nr. 501476 í Útvegsbanka Íslands hf. útibúinu í Vestmannaeyjum með 55 813 kr. og skal það haldast óskert.

Sjóðinn skal ávallt ávaxta á hinn besta og tryggasta hátt eins og stjórn sjóðsins metur það á hverjum tíma.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vaxtatekjur og verðbætur af stofnfé og öðru því fé er sjóðnum áskotnast.
- b) Gjafir og áheiti.
- c) Söfnunarfé.

Sjóðsstjórnin skal sjá um að einu sinni á ári fari fram almenn fjársöfnun í bænum til styrktar sjóðnum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Vestmannaeying til tónlistarnáms eða annars þess náms er verða má menningu Eyjanna til styrktar og framdráttar.

Skal árlega veitt allt að $\frac{3}{4}$ hluta af árstekjum sjóðsins, sbr. 3. gr. í þessu skyni, skv. ákvörðun sjóðsstjórnar.

Óheimilt er þó að veita styrki úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans er orðin 250 000 kr. tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn:

- a) Skólameistari framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, sem er formaður sjóðsstjórnar.
- b) Fulltrúi tilnefndur af kór Landakirkju.
- c) Fulltrúi tilnefndur af Lúðrasveit Vestmannaeyja.
- d) Sérákvæði: Ef stofnuð verða hér í framtíðinni öflug félög á því sviði sem sjóðurinn er stofnaður til, er sjóðsstjórn heimilt að óska eftir að þau félög tilnefni fulltrúa í sjóðsstjórnina.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Hverfi stjórnarmaður úr stjórn skulu sömu aðilar þegar í stað tilnefna annan í hans stað.

Stjórnin skal halda gjörðabók.

6. gr.

Fjárreiður og reikningshald sjóðsins er á hendi sjóðsstjórnar. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar gerðir af sjóðsstjórn og birtir í bæjarblöðunum í Eyjum.

7. gr.

Ef sjóðurinn hættir starfsemi sinni af einhverjum sökum skal fé það, er þá kann að vera í honum renna til annarra sambærilegra verkefna í Eyjum.

Heimilt er að breyta ákvæðum þessarar skipulagsskrár að einróma tillögu sjóðsstjórnar og með samþykki þeirra aðila er skipa í stjórn hans.

Tilgangi sjóðsins má þó aldrei raska.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um náttúruminjaskrá.

Náttúruverndarráð hefur gengið frá nýrri náttúruminjaskrá, sbr. 28. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 svohljóðandi:

FRIDLÝST SVÆÐI OG NÁTTÚRUMINJAR

SUÐVESTURLAND

FRIDLÝST SVÆÐI

FRIDLÖND:

Eldey, Gull. Friðlýst með lögum 1940. Lýst friðland 1960. Friðlýsing endurskoðuð sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 119/1974. Stærð 2 ha.

Ástjörn, Hafnarfirði. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 189/1978. Stærð 25 ha.

Gróttá, Seltjarnarnesi. Lýst friðland 1974. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 13/1984. Stærð 5 ha.

Varmárósar, Mosfellsbæ. Lýstir friðland 1980. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 506/1987. Stærð 9,6 ha.

NÁTTÚRUVÆTTI:

Eldborg í Bláfjöllum, Reykjavík. Fyrst friðlýst 1971. Lýst náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 121/1974. Stærð 50 ha.

Eldborgir undir Geitahlíð, Grindavík. Friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 622/1987. Stærð 10,5 ha.

Hamarinn, Hafnarfirði. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 188/1984. Stærð 2 ha.

Tröllabörn í Lækjarbotnum, Kópavogi. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 294/1983. Stærð 5 ha.

Víghólar, Kópavogi. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 778/1983. Stærð 1 ha.

Borgir, Kópavogi. Friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 269/1981. Stærð 3 ha.

Laugarás, Reykjavík. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 41/1982. Stærð 1 ha.

Háubakkar við Elliðaárvog, Reykjavík. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 347/1983. Stærð 2 ha.

Steðji (Staupasteinn) á Skeiðhól, Kjósarhr., Kjós. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 218/1974. Stærð 7 ha.

FÓLKVANGAR:

Bláfjöll, Bessastaðahr., Garðabær, Gerðahr., Grindavík, Hafnarfjörður, Keflavík, Kópavogur, Miðneshr., Njarðvík, Reykjavík, Seltjarnarnes, Selvogshr. og Vatnsleysustrandarhr. Fólkvangur 1973. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 173/1985. Stærð 8 400 ha.

Rauðhólar, Reykjavík. Svæðið friðlýst sem náttúruvætti 1961. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 185/1974. Stærð 45 ha.

Reykjanesfólkvangur, Garðabær, Grindavík, Hafnarfjörður, Keflavík, Kópavogur, Njarðvík, Reykjavík, Seltjarnarnes og Selvogshr. Friðlýstur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Stærð 30 000 ha.

NÁTTÚRUMINJAR

1. **Keilir — Höskuldarvellir — Eldborg við Trölladyngju**, Grindavík, Vatnsleysustrandarhr., Gull. (1) Mörk svæðisins eru um Keili að vestan, Markhelliuhól að norðan, fylgja síðan vesturmörkum Reykjanesfólksvangs á móts við Hverinn eina, þaðan um Driffell í Keili. (2) Mikið gígasvæði vestan í Vesturhálsi, liggur frá Höskuldarvöllum suður á milli Oddafells og Trölladyngju til Selsvalla, en úr gígaröðinni þar hefur Afstapahraun runnið. Gígasvæðið er að hluta innan Reykjanesfólksvangs. Norðan undir Trölladyngju er einstakur gígur, Eldborg, myndaður á sögulegum tíma. Á vesturmörkum svæðisins gnæfir móbergsfjallið Keilir.
2. **Katlahraun við Selatanga**, Grindavík. (1) Austurmörk fylgja mörkum Reykjanesfólksvangs að þjóðvegi, eftir honum að hlíðum Höfða, þaðan suður í Mölvík. (2) Stórbotið landslag, hrauntjarnir og hellar. Friðaðar söguminjar við Selatanga.
3. **Hraunsvík og Festarfjall**, Grindavík. (1) Fjaran í Hraunsvík frá Hrauni að Lambastapa, ásamt kríuvarpi á Hraunssandi vestan Hrólfsvíkur. Suðurhluti Festarfjalls. (2) Snotrir sjávarhamrar og brimrofin eldstöð, Festarfjall. Fjölbreytt sjávarlíf. Fjölsóttur náttúruskoðunarstaður.
4. **Sundhnúksröðin — Fagridalur**, Grindavík. (1) Sundhnúksgígaröðin öll, frá Melhól, um Hagafell, Sundhnúk, hluta Stóra-Skógfells, 3,5 km norðaustur í átt að Kálffelli, ásamt 400 m breiðu svæði beggja vegna gígaradarinnar og Fagradal sem gengur austur af enda gígaradarinnar. (2) Tæplega 9 km löng gígaröð sem kennd er við Sundhnúk. Snotrar hrauntraðir í suðvesturhlíð Hagafells. Grindavíkurbær stendur á hrauni úr gígaröðinni. Fagridalur er grösugt dalverpi við norðvesturhorn Fagradalsfjalls. Söguminjar.
5. **Strandsvæði vestan Grindavíkur**, Grindavík. (1) Strandlengjan frá Litlubót, ásamt Gerðavallabrunnum, vestur að Vörðunesi. (2) Fjölbreyttur strandgróður, fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, snotur hraunkantur með sjávertjörnum.
6. **Eldvörp — Reykjanes — Hafnaberg**, Grindavík, Hafnahr., Gull. (1) Mörk liggja úr Mölvík, nokkru austan Vatnsstaðis, 500 m austan Eldvarpagígaradarinnar, norðaustur fyrir gíginn Lat, að borholu Hitaveitu Suðurnesja, HSK-10 við Lágur, í Þórðarfell, þaðan bein lína í veg fyrir botni Stóru-Sandvíkur, norðvestur með honum niður að Lendingamel, eftir Hafnabergi að eyðibýlinu Eyrarbæ. (2) Reykjanesið er framhald Reykjaneshryggjarins á landi, sem er gliðnunarbelti á mótum tveggja platna.

187. **Hengifossárgljúfur**, Fljótsdalshr., N.-Múl. (1) Gljúfrið með Hengifossi og Litlanesfossi. (2) Sérstæð umgjörð um Hengifoss, einn hæsta foss landsins, og stuðlabergsmyndanir við Litlanesfoss.
188. **Ranaskógur og Gilsárgil**, Fljótsdalshr., N.-Múl., Vallahr., S.-Múl. (1) Gilsáreyri, Gilsárgil og Gilsárdalur ásamt Ranaskógi austan Vallholts og Tófuaxlar. (2) Stórbrotið gljúfur og vöxtulegur skógur.
189. **Vatnsskógar, Skriðuvatn og Haugahólar**, Skriðdalshr., S.-Múl. (1) Skriðuvatn og vesturhlíðar Vatnsskógafjalls og Haugafjalls milli Forviðarár og Stuttadalsár, í landi Vatnsskóga og Hauga. (2) Stórbrotið framhlaup og lífríkt vatn í gróðursælu umhverfi.

190. **Þingmúli í Skriðdal**, Skriðdalshr., S.-Múl. (1) Lönd jarðanna Þingmúla og Múlastekks milli Múlaár og Geitdalsár frá Hálsamótum út að ármótum. (2) Fjölbreyttar jarðmyndanir, framhlaup, steingervingar frá tertíer. Söguminjar.
191. **Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil**, Egilsstöðum. (1) Eyvindarárgil ofan Uppsalaáróss að austan og vestan. Miðhúsa- og Dalhúsaskógur, ásamt Kálfshóli og Þuridarstöðum, inn að Slenju, upp að fjallsbrún. Að vestan austasti hluti Egilsstaðaskógar inn fyrir Hnútu. (2) Fagurt gljúfur, vatnsmikil bergvatnsá, skóglendi og jökulgarðar. Útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaða.
192. **Fjarðardalur**, Mjóafjarðarhr., S.-Múl. (1) Dalurinn inn af Fjarðarbýlum í botni Mjóafjarðar norður að vatnaskilum á Mjóafjarðarheiði og Eggjum. (2) Gróðursæll dalbotn með fjölgresi, birkikjarr í norðurhlíðum. Hrikaleg blágrýtisfjöll á báðar hliðar. Fagrir fossar, Klifbrekkufossar í Fjarðará.
193. **Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandрастаðir**, Norðfjarðarhr., S.-Múl. (1) Svæðið norðan Norðfjarðarár, frá Ytri- Máriánslæg (Maríulæk) inn að Fannardalsá og til fjallseggja. (2) Kjarrivaxnar hliðar og mikið framhlaup, Hólahólar, með lífríkum smátjörnum. Gott land til útivistar.
194. **Skrúður**, Fáskrúðsfjarðarhr., S.-Múl. (1) Eyjan Skróður í landi Vattarness. (2) Gróin klettaeyja, miklar sjófuglabyggðir.
195. **Sandfell í Fáskrúðsfirði**, Fáskrúðsfjarðarhr., S.-Múl. (1) Sandfell í landi Víkurgerðis ásamt næsta umhverfi. (2) Afar sérstæður líparíteitill, hluti af hinni fornu Reyðarfjarðareldstöð.
196. **Blábjörg við Berufjörð**, Beruneshr., S.-Múl. (1) Klettur við sjó í landi Fagrahvamms, ásamt tanganum Haga og Gatkletti við hann og tveimur hólum utar, Stórhólma og Kálhólma. (2) Blábjörg eru hluti af sérkennilegu flikrubergragslagi sem mynda með tanga og hólum fallega heild.
197. **Hálsar og Hálsarætur við Djúpavog**, Búlandshr., S.-Múl. (1) Hálsar og svæði ofan Þjóðvegur frá Kambshjáleigu út fyrir Rakkaberg og inn með því að norðan á móts við Nautalág. (2) Fjölbreytilegt landslag með sérkennilegum berggöngum, skógarreit og góðum gróðurskilyrðum. Útivistarsvæði í nágrenni Djúpavogs.
198. **Papey**, Búlandshr., S.-Múl. (1) Papey og úteyjar. (2) Stór, vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi og miklu fuglalífi.
199. **Álftafjörður**, Geithellnahr., S.-Múl. (1) Grunnsvævi og fjörur í Álftafirði, sunnan Brimilsness. (2) Víðáttumiklar ísaltar leirur með einstæðum gróðri.
200. **Hofsdalur og Tunga (Hofstunga)**, Geithellnahr., S.-Múl. (1) Hofsdalur innan við Eyðikinnargil og Flugustaðadalur norðan Hofsár syðri (Suðurár). Að vestan og norðan ráða vatnaskil. (2) Gróðursælir dalir með vöxtulegu kjarri og skógarsteigum kringdir lífríkum og háum fjöllum. Margir snotrir fossar, einkum í Hofsa.
201. **Lónsfjörður – Hvalnes**, Bæjarhr., A.-Skaft. (1) Fjörur og grunnsvævi í Lónsfirði öllum ásamt votlendi utan ræktaðs lands, milli fjarðar og Jökulsár auk jarðarinnar Hvalness í Lóni. (2) Grunnur fjörður með þroskamiklum og sérstæðum botngróðri, sjávarfitjar og mýrlendi með tjörnum. Þýðingarmikill viðkomustaður farfugla. Sérkennilegt og fagurt landslag með hömrum úr djúpbergi við Hvalnes.

202. **Pórisdalur**, Bæjarhr., A.-Skaft. (1) Land jarðarinnar Pórisdals í Lóni vestan Þjóðveg-
ar. Að sunnan fylgja mörk Laxá og síðan hreppamörkum að Lambatungujökli, en að
norðan fylgja mörk Skyndidalsá og Jökulsá. (2) Fjölbreytt og litríkt landslag.
Dalsskógur í norðanverðum Laxárdal. Fjölsótt útivistarsvæði.
203. **Laxárdalur**, Nesjahr., A.-Skaft. (1) Laxárdalur að meðtöldum malarkambi í
dalsmynninu, að öðru leyti ráða vatnaskil til Laxár. (2) Dalur með fjölbreyttum og
litríkum jarðmyndunum, mýrlendi og vötn, talsvert fuglalíf.
204. **Skarðsfjörður**, Nesjahr., Hafnarhr., A.-Skaft. (1) Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í
Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lífaudugar leirur og grunnsævi með miklu
fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.
205. **Baulutjörn**, Mýrahr., A.-Skaft. (1) Baulutjörn á Mýrum. (2) Óvenju lífrík tjörn, mikið
fuglalíf.
206. **Viðborðsdalur**, Mýrahr., A.-Skaft. (1) Dalurinn norðaustan undir Viðborðsfjalli og
Sandmerkisheiði frá Selhvammí að jökli, svo og Jökulfell austan dalsins. (2)
Stórbrotið landslag með kjarrlendi. Jarðhitavottur í Vandræðatungum.
207. **Steinadalur og Staðarfjall**, Borgarhafnarhr., A.-Skaft. (1) Steinadalur, Hvannadalur
og Kálfafellsdalur vestan Steinavatna með aðliggjandi fjalllendi. Að suðaustan fylgja
mörk Þjóðvegi, frá Steinavötnum að Steinafjalli, en að öðru leyti ráða vatnaskil. (2)
Stórbrotið landslag með háum fjöllum, Þverártindsegg, hrikalegu gljúfri, Klukkugili,
og kjarri á Steinadal og í Staðarfjalli.
208. **Hrollaugseyjar**, Borgarhafnarhr., A.-Skaft. (1) Þrjár smáeyjar. (2) Eyjar í hlýjasta
hluta sjávar við landið, en nálægt skörpum hitaskilum. Klettafjörur, nánast þær einu á
mjög stóru svæði.
209. **Breiðamerkursandur**, Borgarhafnarhr., Hofshr., A.-Skaft. (1) Sandurinn milli Vest-
ari-Kvíár og Fellsár, frá Breiðamerkurjökli til fjöru. (2) Jökulsáraurar og ýmsar
jökulminjar á svæði sem nýlega varð jökulvana. Athyglisvert gróðurfar, mikið fuglalíf,
selir.
210. **Eystrihvammur við Kvísker**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Hvammurinn allur ásamt stöðu-
vatni í botni hans. (2) Kjarrivaxinn hvammur með tæru stöðuvatni. Mikill og sérstæður
gróður, auðugt fuglalíf.
211. **Jökulöldur við Kvíárjökul**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Kvíármýrarkambur, Kambsmýrar-
kambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul. (2) Einhverjar stærstu og sérstæðustu
jökulöldur á landinu, við alfaraleið.
212. **Hamrar milli Gljúfursár og Salthöfða**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Hamarbelti ofan
flugvallar við Fagurhólmsmýri, frá Gljúfursá að Salthöfðafriðlandi. (2) Sérkennilegir
blágrýtishamrar, sérstætt náttúrufar.
213. **Svínafellslögin**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Sandsteinslög neðarlega í vestanverðu Svína-
fellsfjalli. (2) Vatnasetlög með blaðförum frá hlýskeyði ísaldar.
214. **Stóralda**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Aldan sjálf, svo og um 50 m belti umhverfis. (2) Forn,
algróin jökulalda framan við Svínafellsjökul.

SUÐURLAND*FRÍÐLÝST SVÆÐI***ÞJÓÐGARÐAR:**

Pingvellir, Pingvallahr., Árn. Friðlýstir samkvæmt lögum nr. 59/1928. Eru í umsjá Pingvallanefndar. Stærð 5 000 ha.

FRÍÐLÖND:

Dyrhólaey, Mýrdalshr., V.-Skaft. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 101/1978. Stærð 510 ha.

Friðland að Fjallabaki, Rang. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979. Stærð 47 000 ha.

Þjósárver, Árn., Rang. Lýst friðland 1981. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 507/1987. Stærð 37 500 ha.

Surtsey, Vestmannaeyjum. Lýst friðland 1965. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 122/1974. Stærð 270 ha.

Gullfoss, Biskupstungnahr., Árn. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 141/1979. Stærð 160 ha.

Herdísarvík, Selvogshr. Árn. Jörðin var lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 121/1988. Stærð 4 000 ha.

NÁTTÚRUVÆTTI:

Dverghamrar, Hörgslandshr., V.-Skaft. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, 446/1987. Stærð 2 ha.

Kirkjugólf, Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. Stuðlaberg, friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 426/1987. Stærð 0,2 ha.

Álftaversgígar, Álftavershr., V.-Skaft. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 105/1975. Stærð 3 650 ha.

Lakagígar, V.-Skaft. Friðlýstir sem náttúruvætti 1971. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 215/1975. Stærð 16 000 ha.

Skógafoss, A.-Eyjafjallahr., Rang. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 477/1987. Stærð 2204 ha.

Jörundur í Lambahrauni, Árn. Hraunhellir, friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 333/1985. Stærð 0,1 ha.

ÖNNUR FRÍÐUD SVÆÐI

Geysir, Biskupstungnahr., Árn. Hverasvæðið er í umsjá Geysisnefndar, sem fyrst var skipuð 1953. Stærð 15 ha.

NÁTTÚRUMINJAR

215. **Núpsstaðarskógar og Grænalón**, Hörgslandshr., V.-Skaft. (1) Svæði frá Núpsá og Súlu að sýslumörkum á Skeiðarársandi, frá Þjóðvegi norður og austur í jökul. (2) Sérstætt svæði um náttúrufar og fegurð.
216. **Fjaðrárgljúfur**, Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. (1) Gljúfrið allt. (2) Tilkomumikið gljúfur með háum og fallegum slæðufossi.
217. **Grenlækur**, Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. (1) Grenlækur ásamt Tröllshyl, Arnardrangs-hólma og Stararflóði milli Grenlækjaróss og Þykkvabæjar. (2) Víðáttumikil flæðiengi, tjarnir, lindir og lækir. Auðugt og óvenjulegt lífríki, mikið fuglalíf.
218. **Steinsmýrarflóð**, Leiðvallahr., V.-Skaft. (1) Votlendið frá jaðri Eldhrauns norður og austur að söndum og suður að Eldvatni. (2) Gulstararflóð og grunnt stöðuvatn, mikið fuglalíf.
219. **Eldgjá**, V.-Skaft. (1) Eldgjá á Skaftártunguafretti milli Gjátinds og Svartahnúksfjalla. (2) Hluti af um 40 km langri gossprungu, sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot á nútíma. Hrikafagurt og fjölbreytilegt landslag.
220. **Syðsti hluti Reynisfjalls, Reynisdrangar og Hellnaskagi**, Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Reynisfjall upp að efstu brúnum, frá Görðum að vestan, suður fyrir fjallið að Króktorfuhaus, ásamt Reynisdröngum og Hellnaskaga. (2) Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, hellisskútar og gróskumiklar hlíðar, mikið fuglalíf, sögulegar minjar.
221. **Dyrhólaós**, Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Fjörur og grunnsævi í Dyrhólaósi. (2) Sjávarleirur með sérstæðum lífsskilyrðum, mikið fuglalíf. Einu sjávarleirurnar á Suðurlandi.
222. **Skammadalskambar í Mýrdal**, Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Efri hluti Skammadalskamba og Sjónaröxl, upp af bæjunum Skammadal og Skammadalshóli. (2) Fornar sæskeljar og kuðungar í setbrotum á dreif um móbergið.
223. **Loftsalahellir**, Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Hellirinn ásamt nánasta umhverfi. (2) Sérstæður hellir í móbergshamri syðst í Geitafjalli. Sögustaður.
224. **Vatnsdalur**, Dalaheiði, Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Dalurinn afmarkast af Ögmundarhöfði að norðan, Vatnstindi og Gæsatindum að austan og sunnan. Innan markanna er Gæsaá ásamt nánasta umhverfi, allt að Hálsgili. (2) Vatnsdalur er geysistór og hrikalegur sprengigigur. Suðvestan í honum er Gæsavatn, en úr því fellur Gæsaá í slæðufossum niður í Hálsgil. Ísaldarminjar.
225. **Eyjarhóll**, Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Eyjarhóll og um 200 m breið pöldrótt brekka norður af hólnum í Pétursey. (2) Stakur keilulaga blágrýtishóll, afar sérstætt stallalandslag vegna pöldra (jarðsils).
226. **Kvernugil**, A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Gilið og nánasta umhverfi. (2) Sérstætt gljúfur með fögrum fossi, Kvernufossi.
227. **Drangurinn í Drangshlíð**, A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Drangurinn og nánasta umhverfi, í landi Drangshlíðar undir Eyjafjöllum. (2) Sérkennilegur móbergsdrangur, áberandi einkenni í landslagi.
228. **Seljalandsfoss og Gljúfrabúi**, V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Fossarnir báðir, svo og hamrarnir og brekkan milli þeirra. (2) Einkar fallegir fossar, sem setja mikinn svip á landslagið, gróskumiklar brekkur.

229. **Litla- og Stóra-Dímon**, V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Höfðarnir Litla- og Stóra-Dímon í landi Eyvindarkots. (2) Svipmiklir, stakir móbergshöfðar.
230. **Nauthúsagil**, V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Nauthúsagil ásamt fossi, skammt fyrir innan Stóru-Mörk. (2) Djúpt og þröngt gil, snotur foss.
231. **Þórsmörk**, Rang. (1) Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.
232. **Bleiksárgljúfur**, Fljótshlíðarhr., Rang. (1) Gljúfrið ásamt fossum. (2) Þröngt og djúpt gljúfur, fjölbreyttur gróður.
233. **Merkjáfoss (Gluggafoss)**, Fljótshlíðarhr., Rang. (1) Foss í Merkjá rétt vestan Múlakots. (2) Hár og sérstæður foss í fögru umhverfi.
234. **Ellíðaey**, Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Mjög miklar og sérstæðar sjófugla-byggðir.
235. **Ystiklettur**, Vestmannaeyjum. (1) Ytri hluti Norðurkletta utan línu sem hugsast dregin norður úr botni Klettsvíkur. (2) Miklar og sérstæðar fuglabyggðir.
236. **Helgafell og Eldfell**, Vestmannaeyjum. (1) Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans. Norðurmörk liggja frá Prestavík með suðurjaðri athafnasvæðis hitaveitunnar vestur fyrir fellin og til sjávar við Skarfatanga. (2) Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands.
237. **Hellisey**, Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Mjög falleg eyja, mikill bjargfugl.
238. **Súlasker**, Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Um 70 m há klettaeyja. Mikill bjargfugl, bæði utan í og ofan á eyinni.
239. **Skúmsstaðavatn**, V.-Landeyjahr., Rang. (1) Skúmsstaðavatn ásamt votlendi ofan Landeyjasands milli Grímsstaða og Klaufar, svo og Kuggavatn. (2) Gróðurmikið stöðuvatn, tjarnir og stararflóð, mikið fuglalíf.
240. **Oddaflóð**, Rangárvallahr., Rang. (1) Oddaflóð norður að Selalæk og Hólmaflóð austur undir bæinn Odda, ásamt Bökkum og Oddeyrum í Þverá. (2) Votlendi með einstæðu gróðurfari, mikið og sérstætt fuglalíf.
241. **Safamýri**, Ásahr., Djúpárhr., Rang. (1) Votlendi sunnan Flóðkeldu og Mýrarskurðar að Kálfalæk, ásamt Frakkavatni og Kringlutjörn. Að sunnan liggja mörk um Þríkeldur og Hesthólma. (2) Gróðurmikil vötn og mýrlendi, mikilvægur viðkomustaður farfugla.
242. **Sauðhóltsnes**, Ásahr., Rang. (1) Svæðið afmarkast af Þjórsá að vestan, Steinslæk að austan og Miðás og Kálfalæk að norðan. (2) Víðáttumiklar og lífríkar mýrar, mikið og fjölbreytt fuglalíf.
243. **Veidivötn**, Rang. (1) Veidivötn og umhverfi þeirra. Að norðvestan liggja mörk um Vatnaöldur, norður fyrir Hraunvötn og síðan til austurs um Hraunskarð sunnan Svartakambs í Jökulvatn. Tungnaá ræður mörkum að suðaustan og vestan. (2) Fagurt og sérkennilegt landslag með fjölskrúðugu lífríki í nálægt 600 m y. s. Vinsælt útivistarsvæði.
244. **Fossar í Fossá**, Gnúpverjahl., Árn. (1) Hjálparfoss, Háifoss og Granni í Þjórsárdal, ásamt nánasta umhverfi þeirra. (2) Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði, Háifoss er talinn næsthæsti foss landsins.

245. **Gjáin í Þjórsárdal**, Gnúpverjahn., Árn. (1) Gjáin öll ásamt Gjáfossi í Rauðá. (2) Sérstætt gljúfur, snotur foss og athyglisverðar bergmyndanir.
246. **Kerlingarfjöll**, Árn. (1) Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörk um Bringur, en Kisubotna og Mosdal að austan. (2) Stórbrotið og litríkt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði.
247. **Þjófadalur og Jökulkrókur**, Biskupstungnaafretti, Árn. (1) Þjófadalur, ásamt landi vestur að Langjökli. Að norðan liggja mörkin um Rauðkoll og Þröskuld, jaðar Kjalhrauns að austan og Innra- og Fremra-Sandfell að sunnan. (2) Stórskorið og sérkennilegt landslag í nánd við jökul, grösug dalverpi í yfir 600 m y. s.
248. **Hvítárvatn og Hvítárnes**, Biskupstungnaafretti, Árn. (1) Vatnið ásamt Fróðárdólum og Hvítárnesi, vestan Kjalveggar hins forna. Norðurmörk liggja um Sólkötlu, Innri-Fróðárdal, um Baldheiði og með austurhlíðum Hrefnubúða að Fúlukvísl. (2) Víðáttumikið gróíð votlendi á upptakasvæði Hvítár.
249. **Austurbakki Hvítárgljúfurs**, Hrunamannah., Árn. (1) Bakkinn, ásamt um 1 km breiðri spildu austan hans, frá Þorsteinshöfða að Háöldu við Tungufell. (2) Fjölbreytt landslag, skóglendi í umsjá Landgræðslu ríkisins.
250. **Brúarhlöð**, Hrunamannah., Biskupstungnah., Árn. (1) Árgljúfur Hvítár frá Brúarhlöðum upp að Ármótum (Hvítá – Fossá), ásamt 200 m belti beggja vegna árinna. (2) Tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógivöxnum bökkum.
251. **Pollengi og Tunguey**, Biskupstungnah., Árn. (1) Votlendi milli Hvítár og Tungufljóts frá ármótum allt norður og austur undir Krók, Galtalæk og Ásakot ásamt Tunguey. (2) Margbreytilegt votlendi með fjölbreyttu gróðurfari og miklu fuglalífi.
252. **Höfðaflatar**, Skeiðahr., Biskupstungnah., Árn. (1) Votlendisræma milli Hvítár og Vörðufells norður á móts við Iðu og suður að Fjalli. (2) Fjölbreytt gróðurfur, allmikið fuglalíf.
253. **Haukadalur**, Biskupstungnah., Árn. (1) Svæðið afmarkast af Laugaá, Almenningsá, Beiná og skógræktargirðingunni í Haukadal. Undanskilið er hverasvæðið við Geysi. (2) Mikilvægt útivistarsvæði í nágrenni Geysis og skógræktarinnar í Haukadal. Þar er m.a. líparít í Laugarfelli og gamalt hverasvæði í Hvítamel.
254. **Almenningar**, Haukadal, Biskupstungnah., Árn. (1) Mýrlend tunga sem afmarkast af Almenningsá að norðan og vestan, Tungufljóti að sunnan og austan og Víkurkjöftum og Bryggjuheiði að norðan. (2) Ósnortið mýrasvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi.
255. **Brúará og Brúarárskörð**, Laugardalshr., Biskupstungnah., Árn. (1) Brúará frá upptökum í Brúárskörðum og niður fyrir Brúarfoss. (2) Sérstæð á með óvenjulegum fossi, fjölskrúðugur gróður, tilkomumikið landslag.
256. **Laugarvatn**, Laugardalshr., Árn. (1) Vatnið ásamt mýrlendi við Djúpárós og fenjasvæði norðaustanvert við það. (2) Stöðuvatn og votlendi umhverfis það, að einhverju leyti undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður, fundarstaður sjaldgæfra jurta.
257. **Tintron**, Laugardalshr., Árn. (1) Tintron í Reyðarbarnshrauni sunnan við Stóru-Dímon. (2) Sérstæður hraunketill, um 20 m djúpur.

258. **Pingvallavatn**, Pingvallahr., Grafningsshr., Grímsneshr., Árn. (1) Pingvallavatn, ásamt eyjum og strandlengju umhverfis vatnið, sunnan Þjóðgarðsmarka. (2) Lifaðugt vatn, þar má m.a. finna fjórar gerðir af bleikju. Allnokkurt fuglalíf. Vatn í sigdal.
259. **Kerhóll við Seyðishóla**, Grímsneshr., Árn. (1) Kerhóll ásamt spildu umhverfis, sem afmarkast af vegum, nema að suðvestan, þar 400 m spilda frá gígnum. (2) Tilkommukill gjallklepragígur, einn af tólf eldstöðvum er mynduðu Grímsneshraun.
260. **Kerið**, Grímsneshr., Árn. (1) Gígurinn og umhverfi hans. (2) Formfagur gígur í gjallgígaþyrpingu í Þjóðbraut.
261. **Neðra-Sog**, Grafningsshr., Grímsneshr., Árn. (1) Neðra-Sog frá ármótum Hvítár ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins ásamt Prastaskógi og eignarhluta Alviðrustofnunar í Öndverðarnesi I að austan. Að vestan ráða vatnaskil. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjórið útivistarsvæði.
262. **Hraunbollar**, Selfossi. (1) Bollar í Þjórsáhrauni við eystri sporð Ölfusárbrúar. (2) Sérkennilegir bollar í hrauni frá nútíma.
263. **Bæjarvatn**, Gaulverjabæjarhr., Árn. (1) Vatn í landi Gaulverjabæjar í Flóa. (2) Grunnt stöðuvatn, sérstæður gróður.
264. **Fjörur við Stokkseyri**, Stokkseyrarhr., Eyrarbakka, Árn. (1) Fjörur og grunnsævi frá Eyrarbakka austur að Baugsstaðasíki, ásamt landspildu milli fjöru og vegar, frá Gamla-Hrauni austur að ósi Skerflóðs. (2) Fjölskrúðug fjara, fitjar og mýrlendi, sérstætt lífríki.
265. **Hengilssvæðið**, Ölfushr., Grafningsshr., Árn. (1) Vatnasvið Grændals, Reykjadals og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orustuhól og Hengladalsá að Varmá. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, jarðhiti.
266. **Varmá**, Ölfushr., Árn., Hveragerði. (1) Varmá frá upptökum að Ölfusforum. (2) Övenjulegt straumvatn, mikið vísindalegt gildi.
267. **Ölfusforir**, Ölfushr., Árn. (1) Ölfusforir, austan flotgröfuskurðar og vestan Ölfusár og Gljúfurár (Sandár), suður að Hrauni og norður að Vatnatjörn og Opnum. (2) Viðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi.
268. **Hafnarnes við Þorlákshöfn**, Ölfushr., Árn. (1) Svæðið sunnan byggðar í Þorlákshöfn vestur að Flesjum. (2) Útivistarsvæði í grennd við þéttbýli.
269. **Fjörumörk við Hjalla**, Ölfushr., Árn. (1) Malarkambur suðvestur af Hjalla í Ölfusi. (2) Minjar um sjávarstöðubreytingar í lok ísaldar, hnellingafjara í um 55 m y. s.
270. **Raufarhólshellir**, Ölfushr., Árn. (1) Raufarhólshellir í Leitahrauni á Hellisheiði. (2) Alllangur og merkur hellir í hrauni frá nútíma.
271. **Eldborg undir Meitlum**, Ölfushr., Árn. (1) Gígurinn og næsta nágrenni hans. (2) Stór gjallgígur.
272. **Eldborgir við Lambafell**, Ölfushr., Árn. (1) Eldvörpin, hrauntraðirnar frá þeim og næsta nágrenni. (2) Formfagar eldstöðvar frá sögulegum tíma.
273. **Stakkavík**, Selvogshr., Árn. (1) Jörðin Stakkavík. (2) Á jörðinni er að finna allar helstu gerðir lífsfélaga á Reykjanesskaga.

Með auglýsingu þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi auglýsing um náttúruminjaskrá nr. 339 frá 2. júlí 1984.

Menntamálaráðuneytið, 5. júlí 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

12. júlí 1988

Nr. 357

AUGLÝSING

um flugvallagjald.

Með heimild í 15. gr. laga nr. 31, 27. mars 1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, og með vísan til auglýsingar nr. 72/1988 um þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árin 1988—1991 hefur ráðuneytið ákveðið að flugvallagjald, sem greinir í 8. og 9. gr. laganna, skuli, frá 1. ágúst 1988 að telja, vera vegna millilandaflugs 900,00 kr., en vegna flugs innanlands 120.00 kr.

Um innheimtu gjaldsins, skil þess og viðurlög ef út af er brugðið vísast til ákvæða framangreindra laga.

Samgönguráðuneytið, 12. júlí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Halldór S. Kristjánsson.

12. júlí 1988

Nr. 358

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 402/1986, um sérfræðileyfi tannlækna.

1. gr.

1. mgr. ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Þeir tannlæknar, sem fullnægt hafa ákvæðum 5. gr. lið I, II og III fyrir gildistöku reglna þessara skulu fram til 31. desember 1988 undanþegnir ákvæði 5. gr. lið IV og V.

2. gr.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. júlí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um endurgreiðsluhlutfall söluskatts fiskvinnslufyrirtækja.

Með vísan til ákvæða fjárlaga fyrir árið 1988 og 1. gr. laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, hefir sjávarútvegsráðuneytið ákveðið eftirfarandi hlutfall endurgreiðslu af aðföngum fiskvinnslu, sem miðað er við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu. Gildir það um útflutning frá og með júní 1988 til og með ágúst 1988.

1. Frysting	2,0%
2. Rækjuvinnsla	2,0%
3. Hörpudiskvinnsla	4,5%
4. Síldarsöltun	1,5%
5. Söltun	1,5%
6. Hersla	2,0%
7. Mjöl- og lýsisvinnsla	3,5%
8. Lifrarlýsi	2,5%

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

Nr. 360

19. júlí 1988

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 536, 4. desember 1987, með síðari breytingum.

1. málsgr. 3. greinar orðist svo:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli	kr. 2.04
fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli	kr. 17.20
fyrir hvern rúmmetra vatns.	

Framangreindir taxtar eru án niðurgreiðslu. Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði kr. 0,56 fyrir hverja kílóvattstund, sem kemur til frádráttar á viðkomandi reikningi.

Aðrar málsgreinar 3. greinar haldast óbreyttar.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 19. júlí 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

14. júlí 1988

835

Nr. 361

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 320/1981 um eftirlit og mat á saltverkaðri síld til útflutnings.

1. gr.

22. gr. reglugerðar nr. 320/1981 orðist svo:

Síldarsöltunarstöðvar skulu hafa nægjanlegt geymsluhúsnæði fyrir alla saltaða síld, þannig að unnt sé að geyma hverja síldartegund við réttar aðstæður. Tunnur skal geyma í geymsluhúsi á undirlögum þannig að þær nemi ekki við gólf. Geymsluhús skulu vera vel loftræst.

Í geymsluhúsnæði fyrir sérverkaða síld skal vera hægt að halda lofthitastigi $+8^{\circ}\text{C}$ til $+10^{\circ}\text{C}$ án tillits til verðáttu.

2. gr.

28. gr. reglugerðar nr. 320/1981 orðist svo:

Tunnur með sérverkaðri síld skal strax að loknum tilslætti flytja í geymsluhús þar sem lofthitastigi er haldið $+8^{\circ}\text{C}$ til $+10^{\circ}\text{C}$, sbr. 22. gr. og geyma þær þar, þar til síldin er verkuð eða í a. m. k. 4 vikur.

Tunnur með léttverkaðri síld skal strax að loknum tilstætti flytja í geymsluhús þar sem lofthitastigi skal haldið stöðugu milli -5° til $+4^{\circ}\text{C}$.

3. gr.

Ríkismati sjávarafurða er heimilt að veita vinnslustöðvum sem söltuðu síld á haustvertíðinni 1987, undanþágu frá ákvæði 2. mgr. 2. gr. fram til 1. september 1990, enda leggi stöðvarnar fram ítarlega áætlun um hvernig kælrými verður komið upp.

Ríkismati sjávarafurða er heimilt að ákveða að undanþága sem veitt er aðilum, frá ákvæðum reglugerðarinnar fram til 1. september 1990, nái ekki til sérverkaðrar síldar fyrir ákveðinn markað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 422/1986.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júlí 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

B 60

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Drangsness 1986–2006

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur félagsmálaráðuneytið hinn 11. júlí 1988 staðfest aðalskipulag Drangsness 1986–2006.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júlí 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Nr. 363

REGLUGERÐ

20. júlí 1988

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.

1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins, án greiðslu aðflutningsgjalda, fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 20 000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 10 000 kr., og andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 4 000 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja svo og íslenskir farmenn og flugliðar erlendra farartækja sem leigð eru til nota hérlendis af íslenskum aðilum mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málslíð 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 10 000 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð en 20 000 kr. fyrir lengri ferð. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 10 000 kr. Taki ferð skemur en einn sólarhring má fjárhæðin þó ekki vera hærri en 4 000 kr. Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti), samkvæmt þessari málsgrein má ekki nema hærri fjárhæð en 4 000 kr. en magn þess má að hámarki vera 10 kg að þyngd.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ.m.t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og edlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði ennfremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis. Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) sem hver ferðamaður flytur til landsins má ekki nema hærri fjárhæð en 4 000 kr. en magn þess má að hámarki vera 10 kg að þyngd. Magn eldsneytis má að hámarki vera 200 l. Innflutningur annars eldsneytis en er í innbyggðum eldsneytisgeymi bifreiðar er óheimill.

2. gr.

Áfengir drykkir og tóbaksvörur.

Auk varnings skv. 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengum drykkjum og tóbaksvörum:

	Áfengi, ekki yfir 47% styrkleika	Áfengi undir 21% styrkleika	Öt	Tóbak
1. Ferðamenn	1,0 l	1,0 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	1,0 l	Ekkert	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	1,0 l	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	2,0 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
2. Skipverjar á íslenskum skipum og er- lendum skipum í leigu íslenskra aðila og með íslenskum áhöfnum sem eru 15 daga eða lengur í ferð (skipstjóra, 1. stýri- manni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum á farþega- og vöruflytninga- skipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	1,5 l	3,0 l	Ekkert	400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki.
eða	1,5 l	Ekkert	24 l (erlent) eða 32 l (innlent)	400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki.
3. Skipverjar á erlendum skipum og skipum skv. 2. tl. þessarar greinar sem eru skemur en 15 daga í ferð (skipstjóra, 1. stýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum á farþega- og vöruflytninga- skipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	0,75 l	1,5 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	0,75 l	Ekkert	12 l (erlent) eða 16 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
4. Flugáhafnir (þ.m.t. aukaáhafnir)	0,375 l	Ekkert	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.
eða	0,375 l	0,75 l	Ekkert	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	0,75 l	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.
5. Flugáhafnir, aðrar (þ.m.t. aukaáhafnir), á íslenskum flugvélum sem hafa 15 daga samfellda útvist eða lengri	1,0 l	0,75 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	1,0 l	Ekkert	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	0,75 l	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 g og hver vindlingur 1,25 g. Smávindlar sem eru 1,5 g og léttari reiknast sem vindlingar.

Skipverjar á íslenskum skipum sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa ferð erlendis til viðgerðar eða breytinga skulu tollafgreiddir skv. 3. tl.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hér samfleytt í sjö daga er tolyfirvaldi heimilt að beiðni eiganda skips að veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 g af öðru tóbaki til hverra sjö daga. Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð. Ekki er þó heimilt að veita undan innsigli sama dag og skip leggur úr höfn. Eiganda skips er skylt að greiða kostnað fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 15 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun persónuskilríkja.

3. gr.

Tollvilknanir skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning sem viðkomandi far- eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta ekki tollvilkunar skv. 1. og 2. gr. oftast en einu sinni á sama sólarhring.

Undanþága samkvæmt reglugerð þessari nær ekki til hluta af verði munar sem er í heild dýrari en nemur hámarki tollvilkunar hvers ferðamanns skv. 1. mgr. 1. gr. Tollvilkun skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 2. mgr. 1. gr. getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti munarins sé innan við tvöfalda þá fjárhæð sem tilgreind er í 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Af vörum sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjald.

5. gr.

Innflutningsbann og -takmarkanir.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita ekki undanþágu frá innflutningsbanni sem kann að vera á ýmsum vörutegundum auk þess sem innflutningur á vörum, sem vegna sóttvarna eða af öðrum öryggisráðstöfunum eru háðar innflutningstakmörkunum, er óheimill skv. 1. gr. Geta því m.a. eftirtaldar vörur ekki notið tollfrelsis samkvæmt reglugerð þessari:

1. Ávana- og fíkniefni, svo sem ópíum, heróín, morfín, kókaín, kannabis, amfetamín (þ.m.t. benzedrine) og LSD (lysergamide).
2. Lyf umfram hæfilegt magn til persónulegra þarfa viðkomandi far- eða ferðamanns.
3. Skotvopn, skotfæri og sprengiefni.
4. Radíósendar, talstöðvar og viðtæki sem ekki eru ætluð til almennrar útvarpsviðtöku.
5. Lifandi dýr.
6. Ósoðið kjötmeti og kjötvörur ýmiss konar, t.d. þurrkað kjötmeti, ósoðin reykt svínslæri, beikon, svínahryggir, reyktar ósoðnar pylsur, ósoðnir fuglar og fuglainnyfli fersk eða fryst, innmatur, svið og blóð.
7. Smjör, ósoðin egg, eggjaduft og sykraðar eggjarauður.
8. Ósoðin mjólk.

6. gr.

Framvísunarskylda o.fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum skal við komu ótilkvaddur skýra tollgæslumanni frá og framvísa við hann tollskyldum varningi sem hann hefur meðferðis svo og þeim varningi sem háður er innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Öðrum varningi, sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða, ber einnig að framvísa við hann. Af tollskyldum varningi sem heimilaður er innflutningur á skal greiða aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram er tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Fyrirnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu áttýrdu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu ferhyrdu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA“. Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollyfirvaldi þykir ástæða til. Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu telst hann hafa svarað því hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt sá varningur kunni að vera háður innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Einnig skal hann gera tollgæslunni skriflega grein fyrir áður fengnum tollskyldum varningi, en ótollafgreiddum, sem notaður er um bord í fari. Framvísa ber við tollgæslumann þeim varningi sem kann að vera háður innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni svo og öðrum þeim varningi sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan skodast hann ólöglega innfluttur og er þá heimilt að gera hann upptækan til ríkissjóðs.

7. gr.

Um einkasölugjald o.fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem þar greinir, þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:

1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	kr./l 590
2. Portvín, sherry, madeira, vermút, líkjörar og aperítívar, þ.m.t. bitterar undir 22% styrkl.	790
3. Aperítívar, þ.m.t. bitterar með 22% styrkleika eða meira	1 080
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar ót. a., svo og aðrar sterkar tegundir, ót.a.	1 860

B. Tóbak:

1. Reyktóbak	1 520	kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	920	kr./200 stk.
3. Smávindlar	100	kr./10 stk.
Meðalstærð	430	kr./25 stk.
Vindlar, aðrir	550	kr./25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Þegar um er að ræða tækifæris- og gjafasendingar frá útlöndum á áfengi og tóbaki má hver sending ekki nema meira magni en tvöföldu því sem tilgreint er í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., þó ekki öl. Greiða skal einkasölugjald af slíkum sendingum eftir gjaldskránni í 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Sérhverja afgreiðslu skv. 7. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af, svo og gjöld þau sem innheimt eru, en innflytjandi á rétt á að fá greiðslukvittun. Ennfremur skal varningurinn auðkenndur með sérstökum merkimiðum sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur tollgæslunni í té og gerðir skulu í samráði við tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri getur ákveðið að framangreindur varningur verði auðkenndur með öðrum hætti.

9. gr.

Einkasölugjald sem innheimt er skv. 7. gr. skal sent viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðsla fór fram.

10. gr.

Nú er varningur sem tollafgreiddur er samkvæmt reglugerð þessari seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og varðar það þá refsingu samkvæmt XIV. kafla tollalaga nr. 55 30. mars 1987 með áorðnum breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987 með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 209/1987 og reglugerð nr. 246/1988, um breyting á henni.

Fjármálaráðuneytið, 20. júlí 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Hofsóshrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Hofsóshrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Hofsóshrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvári fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Hofsóshrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, síðasta mánudag hvers mánaðar. Beri þann dag upp á helgan dag færast fundurinn fram um viku.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl.16.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita eða sveitarstjóra og skyllt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þó eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsþúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfunda í samráði við oddvita.

Á dagskrá hreppsnefndarfunda skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda á vegum hreppsins, ef eða að svo miklu leyti sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 54. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar að tekin verði á dagskrá hreppsnefndarfunda skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Tveim sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund skulu hreppsnefndarmenn boðaðir af sveitarstjóra til fundarins, fundinn skal boða símleiðis og með boðsendu bréfi.

Í því skal koma fram: Dagskrá fundar, afrit fundargerða, tillögur og önnur þau gögn sem nauðsynleg teljast vegna boðaðrar dagskrár.

17. gr.

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis og með boðsendu bréfi til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til fjögurra ára á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu ef þörf krefur.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. eða 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á hverju sinni.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Skipun stjórnar gildir í fjögur ár í senn.

Að Sigríði látinni skal menntamálaráðuneytið tilnefna stjórn sjóðsins og skal þess gætt að hana skipi fulltrúar hinna ýmsu listagreina.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvenær úthluta skuli styrkjum úr sjóðnum til listamanna samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðurinn semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Stofnandi sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari eða ákveðið að leggja sjóðinn niður. Að honum látnum getur stjórnin gert það ef hún er einhuga um það. Nafni sjóðsins má þó aldrei breyta.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 25. júlí 1988.

Sigríður Ingvarsdóttir.

REGLUGERÐ

um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna.

1. gr.

Orðaskýringar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Fiskrækt: Hvers konar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 76/1970.

Fiskeldi: Geymsla, gæsla og fóðrun laxfiska, hafbeit, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.

Fiskeldisstöð: Staður þar sem fram fer eldi laxfiska í sjó, vötnum, eða á landi, þar með taldar hafbeitarstöðvar.

Kvíaeldi: Eldi laxfiska í netbúrum í söltu eða ósöltu vatni.

Strandeldi: Eldi laxfiska í tönkum eða kerjum á landi.

Hafbeitarstöð: Staður þar sem laxfiski er sleppt í hafbeit og hann veiddur í gildirur að sjávardvöl lokinni.

Hafbeit: Slepping gönguseiða til sjógöngu og veiði fiska að sjávardvöl lokinni er þeir ganga í fiskeldisstöð eða veiðivatn.

Laxastofn: Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og á tilteknum tíma, og hrygnir ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða á öðrum tíma.

Villtur laxastofn: Hópur laxfiska sem klekst út og elst upp í veiðivatni.

Eldisstofn: Hópur laxfiska alinn í eldisstöð undan fiski sem alið hefur allan sinn aldur í fiskeldisstöð.

Hafbeitarstofn: Hópur laxfiska sem klakinn hefur verið út undan fiski úr hafbeit.

Geldstofn: Laxfiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.

2. gr.

Flutningur og sleppingar á lifandi villtum laxfiskum og frjóvguðum hrognum þeirra.

2.1. Flutningur á lifandi villtum löxum er óheimill nema með samþykki fisksjúkdóma- nefndar og viðkomandi veiðifélags. Óheimill er einnig flutningur lifandi villtra laxa og hrogna milli ótengdra vatnasvæða til geymslu, klaks eða sleppinga í náttúruleg vatnakerfi. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu til flutnings á lifandi villtum klakfiskum til tímabundinnar geymslu á öðrum svæðum, að fenginni umsögn fisksjúkdómanefndar. Að lokinni hrognatöku skal slátra öllum klaklaxi og taka sýni til rannsókna í samræmi við ákvörðun fisksjúkdómanefndar hverju sinni.

2.2. Við fiskrækt í ám og vötnum skal sleppa seiðum af stofni viðkomandi veiðivatns. Formaður veiðifélags þess veiðivatns skal hafa forgöngu um að ekki sé lagt í slíka fiskrækt nema að fenginni umsögn veiðimálastjóra. Veiðimálastjóri getur heimilað flutning sótt-hreinsaðra hrogn og seiða úr þeim til fiskræktar í fisklítil eða fisklaus vötn og ár, enda séu þá notaðir stofnar úr nærliggjandi veiðivötnum með svipaða vistgerð. Við fiskrækt í vatnsfalli, sem rennur til sjávar á ósasvæði veiðivatns eða nærri ósi veiðivatns skal nota stofna úr sama eða nærliggjandi veiðivötnum.

2.3. Veiðimálastjóri getur heimilað flutning á villtum seiðum og fiski úr veiðivatni til eldis í fiskeldisstöðvum, enda falli frárennsli stöðvar ekki í önnur vatnakerfi en fiskur var veiddur í og eigi sé um eldi á öðrum laxfiskum að ræða og fyrir liggi jákvæð umsögn fisk-sjúkdómanefndar. Á sama hátt getur veiðimálastjóri heimilað flutning á villtum seiðum og öðrum fiski í strandeldisstöð eða kvíar.

3. gr.

Flutningur og sleppingar á eldis- og hafbeitarfiski.

3.1. Áður en hafin er hafbeita, skal leitað umsagnar veiðimálastjóra. Í hafbeitarstöð er heimilt að nota hafbeitarstofna frá öllum hafbeitarstöðvum sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 66. gr. 1. nr. 76/1970.

3.2. Í eldisstöð þar sem vatn getur borið inn tiltekna sýkla frá villtum fiskum, skal flutningur hrogn og alifiska úr stöðinni vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 403/1986. Að öðru leyti skal flutningur hrogn og eldisfiska vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

3.3. Flytja má innlend sótt-hreinsuð hrogn og seiði úr þeim á milli fiskeldisstöðva, svo og klakfiska af eldisstofni, enda brjóti flutningurinn ekki í bága við reglur um varnir gegn smitsjúkdómum skv. rg. nr. 403/1986.

3.4. Flutningur laxfiska af erlendum uppruna til fiskræktar og hafbeitar er óheimill. Landbúnaðarráðuneytið getur þó veitt undanþágu til flutnings á slíkum fiski milli fisk-eldisstöðva, enda liggi fyrir jákvæð umsögn veiðimálastjóra og fisksjúkdómanefndar.

4. gr.

Ýmis ákvæði.

4.1. Sækja skal skriflega um leyfi samkvæmt reglugerð þessari til landbúnaðarráðuneytis eða Veiðimálastofnunar eftir því sem við á.

4.2. Í hafbeita og fiskrækt skal sleppa seiðum úr villtum klakfiski af Norður- eða Austurlandi þar og seiðum úr villtum klakfiski af Suður- eða Vesturlandi skal sleppt á það svæði. Skal í því sambandi miða við eftirtalin svæðamörk:

4.2.1. Suður- og Vesturland. Afmarkast af Stokksnesi að sunnanverðu og Hornbjargi að norðanverðu.

4.2.2. Norður- og Austurland. Afmarkast af Bjargtöngum að vestanverðu og Ingólfs-höfða að sunnanverðu.

4.2.3. Veiðimálastjóri getur vikið frá ákvæðum þessarar málsgreinar vegna sam-
burðarrannsóknna á laxastofnum.

4.3. Við leyfisveitingar fyrir hafbeitar-, strandeldis- og sjókvíastöðvar skal miða við, að þær séu ekki nær laxveiðiám með yfir 100 laxa meðalveiði s.l. 10 ár en 5 km. Sé um að ræða ár með yfir 500 laxa meðalveiði skal fjarlægðin vera 15 km nema notaðir séu stofnar af nærliggjandi vatnasvæði eða geldstofnar, má þá stytta fjarlægðina niður í 5 km. Vegalengd milli sjókvía-, strandeldis- og hafbeitarstöðva innbyrðis skal ekki vera minni en 2 km. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli, en veiðimála-
stjóri getur vikið frá þessum lágmarksfjarlægðum komi fram ósk um það frá veiðiréttar-
eigendum eða eldisaðilum á viðkomandi svæði.

4.4. Aðilar sem hafbeitt stunda skulu láta örmerkja 10% af sleppingu vegna allt að 100 þúsund seiða sleppingu, en að lágmarki 10 þúsund seiði við stærri sleppingar. Aðilar með sjókvíarekstur skulu láta merkja a.m.k. 1000 laxa með örmerkjum eða útvortis merkjum. Niðurstöður úr heimtum viðkomandi laxa skulu lagðar til grundvallar við endurskoðun þessarar reglugerðar.

4.5. Óheimilt er að sleppa fiski í ár eða vötn til endurveiða nema notaður sé stofn af viðkomandi vatnasvæði. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá ákvæði þessu, að fengnu samþykki fisksjúkdómanefndar og viðkomandi veiðifélags.

5. gr.

Refsiákvæði og gildistaka.

5.1. Um brot á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt j-lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

5.2. Með mál út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála.

5.3. Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild 22., 66. og 81. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, öðlast þegar gildi og skal endurskoðuð fyrir 1. júlí 1990.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. júlí 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörð og Siglufjörð.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Hreppar Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörður og Siglufjörður eru eitt fjallskilaumdæmi.

Hver hreppur og kaupstaður innan fjallskilaumdæmisins, er sérstök fjallskiladeild. Sýslunefnd getur heimilað sameiningu tveggja eða fleiri fjallskiladeilda óski viðkomandi sveitarstjórnir eftir sameiningu að undangengnu fundarsamþykki meirihluta fjallskilaskyldra aðila í hverri eða hvorri fjallskiladeild enda hafi verið boðað til fundarins með dagskrá.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála í fjallskilaumdæminu en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild.

3. gr.

Að aflokum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal sveitarstjórn kjósa mann til þess að hafa á hendi framkvæmd fjallskilamála fjallskiladeildarinnar undir yfirstjórn sveitarstjórnar og nefnist hann fjallskilastjóri.

Þar sem fjallskiladeildir hafa verið sameinaðar, skulu sveitarstjórnirnar kjósa fjallskilastjórnann sameiginlega. Fáí tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fjallskilastjóri skal sjálfur vera við aðalrétt í hvert skipti, sem þar er réttað, stjórná sundurdrætti og ráða þar réttarrúmi öllu. Sé hann forfallaður, skal hann tilnefna mann í sinn stað.

Heimilt er sveitarstjórn að fela fjallskilastjóra bókhald allt fjallskilanna vegna og innheimtu á fjallskilagjöldum.

Fjallskilastjóra ber þóknun fyrir störf sín úr hrepps- eða bæjarsjóði.

II. KAFLI

Um bókhald og fjallskilasjóði.

4. gr.

Í hverri fjallskiladeild ber að halda fjallskilabók staðfesta af oddvita sýslunefndar. Í hana skal rita allt það sem máli skiptir um afrétta- og fjallskilamál í deildinni. Þar skal vera skrá yfir allar afréttir innan deildarinnar, lýst merkjum þeirra og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hverja afrétt svo og hverjir séu afréttaeigendur. Þá ber að skrá allar breytingar á afréttum og réttindum yfir þeim.

Eftirrit af skrá þessari ber að senda til oddvita sýslunefndar. Skal hún þar færð í sérstaka bók, sem afréttaskrá heitir og fylgir skjölum sýslunnar. Auk þessa getur sýslunefnd krafist eftirrits af fjallskilabókum að öðru leyti, eftir því sem hún telur þörf á.

5. gr.

Hver fjallskiladeild færir sérstakt bókhald og skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitarsjóðsreikningur.

Til þess að standa straum af þeim kostnaði, er af fjallskilum leiðir, getur sveitarstjórn stofnað sjóð, sem fjallskilasjóður nefnist. Úr honum skal greiða kostnað við byggingu og viðhald aðalréttta. Um aukaréttir fer eftir ákvörðun sveitarstjórna. Kostnað við smölun og leitir, sem og öll önnur gjöld, sem af fjallskilum leiða og ekki hefur verið jafnað niður á fjáreigendur sem dagsverkum, skal greiða úr fjallskilasjóði.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Niðurjafnað gjald á allt sauðfé og stóðhross í hreppum.
- b. Andvirði óskilafjár.
- c. Bætur fyrir gangnarof samkv. 44. gr. afréttalaga nr. 6/1986.
- d. Tillag úr sveitarsjóði eftir fyrirmælum sveitarstjórnar og 42. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður árlega ásamt sveitarsjóðsreikningum og færður inn í fjallskilabók.

III. KAFLI

Um afréttir og notkun þeirra.

6. gr.

Land, sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afréttir og heimalönd. Þar sem almenningur (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum um afréttamál og samþykkt þessari.

7. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum að gangast fyrir því, hverri í sinni fjallskiladeild, að gerð sé sveitarsamþykkt um, að nota megi heimalönd til upprekstrar enda sé það vilji eigenda. Skal í fjallskilabók skýrt tekið fram, hvar og hver þau lönd séu, og tala fjár þess er á þau má reka.

Enginn má nota, né leyfa öðrum, ógirt heimaland sitt til upprekstrar nema það sé heimilað með gildandi sveitarsamþykkt. Þar sem heimalönd hafa verið, eða verða gerð að upprekstrarlandi, og samgirðing aðskilur tún, engi og bithaga frá upprekstrarlandinu, er ábúendum skylt að hafa girðingar fjárheldar, hverjum á sínu landi. Sé það vanrækt fer eftir ákvæðum girðingalaga.

Liggi heimalönd fjallskiladeilda saman, og hagkvæmt þyki að nota þau til upprekstrar í sameiningu, geta hlutadeigandi sveitarstjórnir gert samþykkt um notkun þeirra á sama hátt og ef ein fjallskiladeild ætti í hlut. Upprekstrarheimalönd ber að skoða sem afréttir, að því er snertir löggöngur að hausti, aðrar en eftirleitir. Samþykktir um upprekstrarheimalönd öðlast því aðeins gildi, að sýslunefnd samþykki þær.

8. gr.

Hve margt afréttarpenings má reka á hverja afrétt fer eftir afréttalögum nr. 6/1986, III. kafla.

9. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði.

Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samningum.

Um afréttargjald til eiganda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun sveitarstjórnar, krafist mats dómkvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um afréttargjald, hvort heldur ákveðin er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

IV. KAFLI

Rekstur til afrétta.

10. gr.

Vorsmölun skal aðeins gerð ef almenn ósk bænda liggur fyrir og þá eftir nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

11. gr.

Sveitarstjórn ákveður að fengnum tillögum gróðurverndarnefndar sýslunnar, hvenær búfé má reka til afréttar. Frá 15. júní til 1. september eru smalanir eða annað það er ónæði veldur afréttarpeningi óheimilt, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Geti búfjáreigandi ekki fengið upprekstrarleyfi ber honum að leita aðstoðar sveitarstjórnar.

Eigendum og umráðamönnum afrétta og aðliggjandi heimalanda ber skylda til að sjá um að vörslugirðingum sé vel við haldið, svo að þær varni fullkomlega ágangi í tún og önnur nytjalönd heima fyrir. Verði sannanlegur ágangur búfjár geta þeir er fyrir honum verða leitað aðstoðar sveitarstjórnar.

12. gr.

Allt fé sem sleppt er hvort heldur er í heimaland eða afrétt skal vera markað glöggum eyrnamarki og litarmerkt samkvæmt ákvæðum í viðauka I við reglugerð um mörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 244, 28. apríl 1987.

13. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður upprekstrarlands skal tilkynna viðkomandi sveitarstjórn fyrir lok júlímánaðar ár hvert, hverjir noti það og fyrir hve margt fé og hross. Innansveitarmenn skulu sitja fyrir utansveitarmönnum um upprekstur og sýslubúar fyrir utansýslubúum. Aldrei má leyfa upprekstur á utansveitarfé, hrossum eða geldneytum í upprekstrarheimalandi.

V. KAFLI
Um fjallskil að hausti.

14. gr.

Eftir fyrri göngur er fjáreigendum óheimilt að sleppa fé á afrétt nema með leyfi sveitarstjórnar.

Haustgöngur skulu vera tvennar. Þær fyrri skulu gerðar laugardaginn í 22. viku sumars.

Heimilt er þó sveitarstjórn að flýta þeim, sbr. þó 11. gr., sé það vilji meirihluta fjárbænda í viðkomandi hreppi. Slíka breytingu skal sveitarstjórn tilkynna nágrannasveitarfélögum með eigi minna en viku fyrirvara.

Seinni göngur skulu gerðar laugardag í 23. viku sumars. Þeim gangnadegi verður ekki breytt nema óveður eða óviðráðanlegar ástæður hamli. Skal þá ganga fyrsta færan dag. Þá ber landeigendum afgirtra heimalanda að smala þau lönd og gera full skil á því fé sem þar er.

Í Öngulsstaðahreppi skulu vera sömu gangnadagar og í aðliggjandi hreppum í Suður-Pingeyjarsýslu.

Að göngum loknum ber að gera eftirleit á afréttum eftir því sem sveitarstjórn ákveður.

15. gr.

Eigi síðar en hálfum mánuði fyrir göngur, skal sveitarstjórn raða gangnadagsverkum og öðrum áætluðum fjallskilakostnaði niður á fjáreigendur í fjallskiladeildinni og aðra þá er nota þar upprekstrarland á því ári. Raða skal dagsverkunum niður eftir fjártölu. Leggja skal jafnmargar kindur í dagsverk hjá öllum fjáreigendum, hvort sem þeir eiga margt eða fátt. Sé um að ræða jarðir, þar sem ekki er sauðfjárhald, skal heimilt að leggja fjallskil á eigendur eftir landverði jarða. Þá skal og tilnefna réttarstjóra við aukaréttir, úrtíningmenn í réttir innan hrepps og utan og gangnaforingja fyrir gangnasvæði fjallskiladeildarinnar. Enginn getur skorast undan að vera gangnaforingi nema hann sé ófær til þess sakir elli eða heilsuleysis.

16. gr.

Noti fjáreigandi upprekstur á utansveitararétt eða innan fjallskilaumdæmisins, ber honum að gera þar fjallskil eftir þeim fjárfjölda, er hann hefur í afréttina rekið og samkvæmt þeim reglum er þar gilda. Þó hefur sveitarstjórn þess hrepps, sem hann býr í, rétt til að leggja á hann dagsverk í heimasveitinni, en þó aðeins það, sem á kann að vanta, og hann hafi hlutfallslega jafna fjallskilaskyldu og sveitungar hans aðrir. Noti fjáreigandi afrétt utan fjallskilaumdæmis síns og geri þar fjallskil, má leggja á hann fjallskiladagsverk í heimasveitinni eftir sömu reglu.

17. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að gera þau fjallskil, sem sveitarstjórn leggur á hann og eru í samræmi við fjallskil þau, sem öðrum sveitarbúum er gert að leysa af hendi. Bágstöddum einyrkjum má veita undanþágu frá fjallskilum, að einhverju eða öllu leyti, einnig þeim, sem hafa fé sitt í eyjum eða sauðheldum girðingum sumarlangt samkv. 12. gr.

18. gr.

Sveitarstjórnir skipa fjallskiladeildum í gangnasvæði og ákveða hvernig göngum skuli hagað, og hvað gangnamenn séu margir í hverjum göngum. Skal skrá það í fjallskilabók.

19. gr.

Gangnaforingjar skulu vera sjálfir í göngum, nema gild forföll hindri, ber þeim þá að setja fullgilda menn í staðinn. Gangnaforingi sker úr um það, hverjir séu fullgildir gangnamenn. Ber þeim að raða mönnum í göngur eftir getu þeirra og kunnugleika, en forðast að óvanir gangnamenn fari á þau svæði þar sem þeim getur verið hætta búin.

Gangnaforingjum ber skylda til að tilkynna fjallskilastjóra um gangnarof. Sá sem mætir ekki í göngum á þeim stað og tíma, þar sem hann hefur verið skipaður og tilkynnir gangnaforingja ekki forföll, svo unnt sé að fá mann í hans stað, skal greiða fyrir gangnarof sem svarar einu og hálfu gangnadagsverki eins og það er metið á hverjum tíma, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

20. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um að fjallsöfn séu rekin tafarlaust til rétta. Telst það gangnarof ef gangnamaður yfirgefur safnið fyrr en í rétt er rekið, þó að smölun sé lokið. Sveitarstjórn má leyfa að fjallsöfn séu rekin í heimaréttir til sundurdráttar í seinni göngum, ef gangnaforingj ábyrgist úrtíning til skilaréttar.

21. gr.

Ef grunur leikur á, að fé sé enn á afréttum eftir að eftirleit hefur verið gerð, skal fjallskilastjóri sjá um, að eftir því sé leitað svo fljótt sem kostur er. Smölunarkostnaður greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði.

22. gr.

Nú liggja öræfi, þar sem fjárvon kann að vera, að afréttum eða öðrum sumargöngulöndum, og skal þá sýslunefnd hlutast til um, að þau séu leituoð að minnsta kosti einu sinni á hausti. Fé sem finnst í öræfaleitum, má sveitarstjórn láta lóga.

23. gr.

Skyldur er hver bóndi að hirða kindur, sem finnast í heimalandi hans, eftir að fjallskilum er lokið. Sé það innansveitarfé, ber honum að tilkynna eigendum það. Annars skal tilkynna sveitarstjórn.

24. gr.

Nú verður fjár vart í ógöngum og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanns eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárens hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálf tveggjum hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar.

VI. KAFLI

Um réttir og réttahald.

25. gr.

Sveitarstjórn ber að sjá um, að til séu á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilkrými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið.

Réttir í fjallskiladeildum skulu vera:

Í Öngulsstaðahreppi:

Aðalrétt: Þverárrétt. Aukarétt: Munkaþverárrétt.

Í Saurbæjarhreppi:

Aðalrétt: Borgarrétt. Aukaréttir: Möðruvallarétt, Þormódsstaðarétt, Vatnsendarétt, Jórunnarstaðarétt, Ystagerðisrétt.

Í Hrafnagilshreppi:

Aðalrétt: Reykárétt. Aukarétt: Hraungerðisrétt.

Í Glæsibæjarhreppi:

Aðalrétt: Þórustaðarétt. Aukaréttir: Skógum, Bægisá.

Í Öxnadalshreppi:

Aðalrétt: Pverárrétt. Aukarétt: Gloppurétt.

Í Skriðuhreppi:

Aðalrétt: Melarétt. Aukaréttir: Þorvaldsdalsrétt, Saurbæjarrétt, Staðarbakkarétt.

Í Arnarneshreppi:

Aðalrétt: Reistarárrétt.

Í Árskógshreppi:

Aðalrétt: Árskógrétt.

Í Svarfaðardalshreppi:

Aðalrétt: Tungurétt. Aukaréttir: Grundarrétt, Skeiðsrétt.

Á Akureyri:

Aðalrétt: Miðhúsarétt. Aukarétt: Glerárrétt.

Á Dalvík:

Aðalrétt: Dalvíkurrétt.

Á Ólafsfirði:

Aðalrétt: Reykjarétt.

Á Siglufirði:

Aðalrétt: Siglufjarðarrétt. Aukaréttir: Héðinsfjarðarrétt, Siglunesrétt, Úlfsdalarétt.

Tilfærsla á rétt, bygging nýrrar, svo og niðurfelling réttar skal skráð í fjallskilabók.

26. gr.

Hver aukarétt heyrir undir aðalrétt sömu fjallskiladeildar. Réttað skal jafnan í aukarétt degi fyrir en sundurdráttur er að aðalrétt. Úrtíningsfé úr aukaréttum skal rekið eða flutt til aðalréttar af mönnum, sem sveitarstjórn hefur til þess kvatt. Þar skulu þeir starfa að sundurdrætti, og síðan reka eða flytja féð, sem upp hefur verið dregið, til aukaréttar, þar sem eigendur fjárens búa næst. Enginn má reka fé frá aðalrétt fyrir en úrtíningur hefur verið að fullu sundur dreginn, nema fjallskilastjóri leyfi.

27. gr.

Sundurdráttur að aðalrétt skal hafinn svo snemma dags, sem unnt er. Draga skal eftir markaskrá, eftir því, sem þörf krefur. Hreppstjóri tilnefni tvo markskoðunarmenn, sem skera úr um vafamörk. Verði markskoðunarmenn ósammála sker hreppstjóri úr. Með ómerkinga og annan óskilapening skal farið samkvæmt VIII. kafla afréttalaga.

VII. KAFLI

Um markaskrá.

28. gr.

Markaskrá skal vera í þremur köflum. 1. kafli: Eyrnamörk í töluröð eftir stafrófi. Brennimörk eyrnamarkseigenda séu prentuð aftan við eyrnamarkið. Þar afturundan í sömu línu komi nafn markeiganda, heimili, bæjarnúmer, sýslu- eða kaupstaðartákn og hreppsnúmer. Kaupstaðir skulu merktir með fyrsta staf í nafni. 2. kafli: Brennimörk eftir stafrófsröð, og nöfn markeigenda aftan við. 3. kafli: Mannanafnaskrá eftir stafrófsröð með heimilisfangi, hreppsnúmeri og marknúmeri hvers eins markeiganda við nafn hans.

VIII. KAFLI

Um stóðhross.

29. gr.

Upprekstri stóðhrossa í afrétt, skal haga í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar og samkvæmt ákvæðum 11. gr. þessarar samþykktar. Eigendur og umráðamenn afrétta þeirra,

þar sem stóðhross ganga, eru skyldir til að greiða allan kostnað við fyrirstöðu vegna hrossana. En bóndi sá, er næstur býr afrétt, hefur bæði rétt og skyldu til þess að hafa fyrirstöðuna á hendi. Náist ekki samkomulag um fyrirstöðugjaldið sker sveitarstjórn úr.

30. gr.

Gangi hross úr afrétt í heimalönd, geta þeir, sem fyrir áganginum verða, tekið þau í vörslu. Jafnframt skulu þeir samdægurs tilkynna fjallskilastjóra og eiganda, sé þess kostur, um töku þeirra. Fjallskilastjóra ber skylda til, að sjá um að hrossin séu rekin á ný til afréttar og viðkomandi bónda greiddar hæfilegar bætur fyrir átroðninginn, að dómi sveitarstjórnar. Eigendur hrossanna skulu bótaskyldir fyrir öllum kostnaði sem af áganginum hlýst.

31. gr.

Á vetrum ber eigendum og umráðamönnum hrossa skylda til að sjá um, að þau gangi ekki á lönd annarra manna, og eru þeir ábyrgir fyrir tjóni og kostnaði, er af því kann að leiða, eftir mati tveggja manna, er hreppstjóri tilnefnir.

32. gr.

Gangi stóðhross af utansýsluafréttum á afréttir eða heimalönd sýslunnar, getur hreppsnefnd sú, sem hlut á að máli, kært það til oddvita sýslunefndar. Ber honum þá að leita samninga við nágrannasýsluna um að áganginum verði aflétt. Náist ekki samningur þar um, eða sé hann brotinn, má taka ágangshrossin í hald hvenær sem er og fara með þau samkvæmt ákvæðum 59. gr. afréttalaga nr. 6/1986.

33. gr.

Hreppsnefndum ber að láta smala öllum stóðhrossum af afréttum og heimalöndum til rétta fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Skulu þau dregin þar í sundur. Óskilahross, sem þá koma fyrir, skal fara með samkvæmt ákvæðum VIII. kafla afréttalaga.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Um fjármörk og merkingar á búfé fer eftir ákvæðum í reglugerð um mörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 224/1987.

35. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi sveitarstjórna út af fjallskilamálum. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja þess háttar mál fyrir sýslunefnd og úrskurð hennar.

36. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt skv. I. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu nr. 310, 11. október 1973.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. ágúst 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. júní 1988 og meðan það verð sem Verðlagsráð ákvað, á hörpuskelfiski til vinnslu, gildir.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. júní 1988 og meðan það verð sem Verðlagsráð ákvað, á hörpuskelfiski til vinnslu, gildir:

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur:	SDR pr. lb. cif.
Færri en 60 stk. í lb.	2,77
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2,56
Hálfhreinsaður	1,26
Rauður og brotinn	1,55

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Þar sem þörf fyrir verðbætur á framleiðslu ársins 1987 er mun meiri en sem nemur eignum hörpuskelfjæðildar Verðjöfnunarsjóðs, mun ekki koma til útgreiðslu vegna ofangreinds framleiðslutímabils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. ágúst 1988.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

Nr. 404

9. ágúst 1988

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. júní 1988 og meðan það verð sem Verðlagsráð ákvað gildir.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. júní 1988 og meðan það verð sem Verðlagsráð ákvað gildir:

Vélskelflett rækja:	SDR pr. lb. cif.
Færri en 350 stk. í lb.:	
Blokkfryst	3,55
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3,55
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,71
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,12
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,33

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

	SDR pr. lb. cif.
Blokkfryst	3,38
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð	3,38
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,55
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,92
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,12

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1988.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

9. ágúst 1988

Nr. 405

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
fyrir skreið á Ítalíumarkað á framleiðslutímabilinu 1. júní
1988 og þar til annað verður ákveðið.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir skreið á Ítalíumarkað á framleiðslutímabilinu 1. júní 1988 og þar til annað verður ákveðið.

Viðmiðunarverð í SDR pr. tonn cif.

EDDA	30/40	5 823
	40/50	6 719
	50/60	9 183
	60/70	9 322
SAGA	I.P.	7 391
	I.M.	10 004
	I.G.	10 452
ASTRA		5 599

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1988.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir frystan humar á sumarvertíð 1988.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verð-
grundvöll fyrir frystan humar á sumarvertíð 1988:

6×5 lbs. og 5×5 lbs. í skel, garndreginn:	SDR pr. lb. cif.
7— 9 stk./lb.	9,68
9—12 stk./lb.	9,48
12—15 stk./lb.	9,27
15—18 stk./lb.	8,86
18—24 stk./lb.	7,83
6×5 lbs. og 5×6 lbs. í skel, með görn:	
7— 9 stk./lb.	9,07
9—12 stk./lb.	8,87
12—15 stk./lb.	8,66
15—18 stk./lb.	8,24
18—24 stk./lb.	7,38
5×5 lbs. í skel með görn:	
7—15 stk./lb.	10,69
15—18 stk./lb.	9,90
18—24 stk./lb.	9,00
5×6 lbs. í skel með görn:	
7—15 stk./lb.	6,60
15—30 stk./lb.	6,09
30—45 stk./lb.	5,12
45—60 stk./lb.	3,22
3×11 lbs.:	
Til skelfl.	3,22

Verðbil verður 10%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu
tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1988.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um skráningu sölu með sjóðvélum.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. reglugerðar nr. 486/1982, um söluskatt, með síðari breytingum, sbr. og 1. og 2. mgr. 22. gr. hennar, skulu þeir sem um ræðir í 2. mgr. þessarar greinar skrá sérhverja sölu eða afhendingu á vöru, verðmætum eða þjónustu til neytenda í sjóðvél jafnskjótt og salan eða afhendingin fer fram. Skiptir ekki máli í þessu sambandi hvort um er að ræða staðgreiðslusölu, afborgunar- eða lánsviðskipti.

Eftirtaldar verðslanir eða þjónustuaðilar skulu nota sjóðvélar:

- | | | | |
|---|---|---|--|
| a. Bakarí
Bensinstöðvar
Bóka- og ritfangaverslanir
Búsáhaldaverslanir
Byggingarvöruverslanir
Fiskbúðir
Frímerkjaverslanir
Gjafavöruverslanir
Hannyrðaverslanir
Heimilistækjaverslanir
Hljóðfæraverslanir
Hljómplötuverslanir
Húsgagnaverslanir
Leikfangaverslanir
Ljósmyndavöruverslanir
Lyfjaverslanir
Matvöruverslanir
Mínjagripaverslanir
Mjólkurvörubúðir
Raftækjaverslanir
Skóverslanir
Torgverslanir, sem slíka starfsemi stunda að staðaldri
Tóbaks- og sælgætisverslanir
Úra- og skartgripaverslanir
Vefnaðarvöruverslanir
Véla- og varahlutaverslanir | b. Efnalaugar
Fjölrítunar- og ljósritunarstofur
Gistihús
Hárgreiðslu- og rakarastofur
Kaffihús
Ljósmyndastofur
Pylsuvagnar
Skyndibitastaðir
Smurbrauðsstofur
Snyrtistofur Sundstaðir, heilsuræktar-,
gufubaðs- og nuddstofur
Veitingahús | c. Dún- og fiðurhreinun
Glerslípun, ásamt gler- og speglasölu
Hjólbarðaviðgerðir og hjólbarðasala
Leirsmíði og postulínssala
Skóviðgerðir
Viðgerðir á úrum, klukkum og skartgripum | d. Aðrir aðilar sem stunda hliðstæða eða samþarilega starfsemi og getið er um í a til c-lið hér að framan. |
|---|---|---|--|

2. gr.

Sjóðvél skal koma fyrir þar sem viðskiptamaður getur óhindrað fylgst með skráningu á hana og gengið úr skugga um að viðskiptin séu rétt skráð. Viðskiptamanni skal fá í hendur kassakvittun við hverja afgreiðslu.

Sjóðvélar skulu að lágmarki vera með eftirfarandi búnaði:

- a. Ytri strimli, þ.e. kassakvittun viðskiptamanns. Strimillinn skal sýna sundurgreiningu viðskiptanna og dagsetningu.
- b. Innri strimli sem á lesanlegan hátt sýni hverja innstimplun.
- c. Sérstökum dagsöluteljara sem sýni sölu hvers dags ásamt dagsetningu og hve oft hann hefur verið endurstilltur.
- d. Sérstökum uppsöfnunarteljara sem sýni þá heildarfjárhæð sem skráð hefur verið í vélina (grand total).

Óheimilt er að endurstilla uppsöfnunarteljara, sbr. d-lið 2. mgr., nema skráningarrými hans hafi verið nýtt að fullu eða vegna viðgerðar og viðhalds á vélinni. Við endurstillingu skal skrá stöðu teljarans ásamt dagsetningu. Upplýsingar þessar skulu staðfestar af verslunarstjóra eða öðrum ábyrgðarmanni og geymast eins og önnur bókhaldsgögn.

Séu sjóðvélar samtengdar eða tengdar tölvum sem liður í viðtækara skráningar- eða bókhaldskerfi skal ætíð liggja fyrir nákvæm lýsing á skipulagi kerfisins. Slíkt skráningarkerfi verður að veita þær upplýsingar um sölu hvers dags og heildarsölu er um ræðir í 2. mgr. þessarar greinar.

Notkun sjóðvéla, sem hægt er að nota sjálfstætt sem reiknivélar, án þess að skráning eigi sér stað um leið, er óheimil.

3. gr.

Sjóðtalningu og samanburð við sjóðreikning skal gera daglega.

Til sönnunar á færslu á daglegri sölu í sjóðbók skal nota dagsetta áritaða strimla úr sjóðvél, sbr. c-lið 2. mgr. 2. gr.

Innri strimil úr sjóðvél, sbr. b-lið 2. mgr. 2. gr., ber að varðveita sérstaklega á sama hátt og önnur bókhaldsgögn.

Fylgiskjöl fyrir sölu hvers dags skulu árituð af verslunarstjóra eða öðrum ábyrgum starfsmanni og geymd eins og önnur bókhaldsgögn.

4. gr.

Þeir sem fást við sölu sjóðvéla skulu mánaðarlega tilkynna ríkisskattstjóra um þær vélar sem seldar hafa verið í mánuðinum. Í tilkynningu skulu koma fram nöfn kaupenda, kennitölur og heimilisföng, auk upplýsinga um tegund og verksmiðjunúmer seldra sjóðvéla.

Innfluttar sjóðvélar til eigin nota eða eigendaskipti að notaðri sjóðvél skal innflytjandi eða seljandi þegar í stað tilkynna ríkisskattstjóra eða skattstjóra. Í tilkynningunni skulu koma fram sömu upplýsingar og um ræðir í 1. mgr.

Sé sjóðvél tekin úr notkun vegna þess að hún er ónýt skal tilkynna slíkt til ríkisskattstjóra eða skattstjóra.

5. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ríkisskattstjóri heimilað þeim sem um ræðir í 1. gr. að nota annað og jafnroguð söluskráningarkerfi en reglugerð þessi kveður á um. Slíkt skráningarkerfi verður ætíð að fullnægja skilyrðum þeim sem sett eru í 18—21. gr. reglugerðar nr. 486/1982, um söluskatt, með síðari breytingum.

6. gr.

Að öðru leyti en því sem sérstaklega er kveðið á um í reglugerð þessari skulu ákvæði reglugerðar nr. 486/1982, um söluskatt, með síðari breytingum, gilda um skráningu á sölu þeirra sem reglugerð þessi tekur til svo og um aðra framkvæmd, þar á meðal um heimild til að áætla aðila söluskatt, séu fyrirmæli um söluskráningu ekki virt.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. 1. gr. kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. október 1988. Frá þeim tíma verða allir þeir sem um ræðir í 2. mgr. 1. gr. að skrá sölu sína í sjóðvélar, sem fullnægja skilyrðum 2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. er heimilt að nota sjóðvélar, sem teknar hafa verið í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, þótt þær uppfylli ekki að öllu leyti skilyrði 2. gr. enda verði gerðar á þeim nauðsynlegar breytingar í því skyni að umrædd skilyrði verði uppfyllt fyrir 1. desember 1988.

II

Þeir sem um ræðir í 1. gr. skulu fyrir 1. nóvember 1988 senda skattstjóra tilkynningu um þær sjóðvélar sem þeir eru með í notkun og skulu í tilkynningunni koma fram sömu upplýsingar og um ræðir í 4. gr.

Fjármálaráðuneytið, 19. ágúst 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um merkingu neytendaumbúða fyrir matvæli og aðrar neysluvörur.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

- 1.1. Ákvæði reglugerðar þessarar taka til neytendaumbúða fyrir hvers konar matvæli og aðrar neysluvörur sem auglýstar eru, kynntar, boðnar til sölu, eða boðnar til neyslu á annan hátt, og ná jafnt yfir innlenda framleiðslu sem innfluttar vörur. Ákvæði reglugerðarinnar ná einnig til auglýsinga fyrir neysluvörur, sbr. ákvæði 6. greinar og til sölu óinnpakkaðra vörutegunda í smásölu, sbr. ákvæði XI. kafla.

2. gr.

- 2.1. Þegar ákvæði eru um merkingu í sérreglugerðum um ákveðin matvæli eða matvælaflokka, skal merking umbúða vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og þau ákvæði sem sett eru í sérreglugerðum.

II. KAFLI.

Skilgreiningar.

3. gr.

- 3.1. *Matvæli og aðrar neysluvörur* eru samkvæmt reglugerð þessari, hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu sem matur eða drykkur, þar með talið neysluvatn.
- 3.2. *Hráefni* eru öll efni, önnur en bætiefni og aukefni, sem notuð eru við tilbúning matvæla og annarra neysluvara (s.s. hveiti, salt, sykur og krydd).
- 3.3. *Bætiefni* eru vítamín, steinefni og nauðsynlegar fitu- og aminosýrur.
- 3.4. *Aukefni* eru efni sem notuð eru við framleiðslu matvæla eða annarra neysluvara sem tæknileg hjálparefni eða til að hafa áhrif á geymsluþol, lit, lykt, bragð eða aðra eiginleika vörunnar. Þegar varan er boðin til sölu eru aukefnin að einhverju eða öllu leyti til staðar í vörunni í breyttu eða óbreyttu formi. Til aukefna telst ekki matarsalt, sykur, etýlalkóhól, krydd, gelatín (matarlím), borðedik, mjöl (t.d. kartöflumjöl) og efni sem berast í matvæli við reykingu með trjáviði eða á annan hátt án notkunar reyksýru eða annarra hjálparefna. Ákveðin bætiefni eru notuð sem aukefni (s.s. litar- og þráavarnarefni), en bætiefni sem notuð eru til að hafa áhrif á næringargildi matvæla og annarra neysluvara teljast ekki til aukefna. Prótein s.s. vatnsrofin prótein og sojaprótein teljast til hráefna, en í vissum tilvikum eru prótein skilgreind sem aukefni (s.s. sætuefni).

Umbreytt sterkjusambönd með númer frá 1400 til 1403 teljast hráefni, þ.e.a.s. dextríneruð sterkja (1400), sterkja meðhöndluð með sýru (1401), með basa (1402) og bleikt sterkja (1403).

- 3.5. *Skammtur* er tilgreint magn fæðunnar, t.d. innihald í einum pakka eða áætlað magn sem ætla má að neytt sé í einni máltíð.
- 3.6. *Neikvæðar merkingar* eru umbúðamerkingar, þar sem tilgreint er, að ákveðin efni séu ekki í vörunni, eða hafi ekki verið notuð við framleiðslu hennar. Hugtök sem gefa til kynna skerðingu, s.s. „sykurskert“ eða „fituminna“, teljast ekki neikvæðar merkingar.

4. gr.

- 4.1. *Neytendaumbúðir* eru allar umbúðir sem umlykja vöruna að einhverju eða öllu leyti, þegar hún er boðin til sölu eða neyslu.

5. gr.

- 5.1. *Pökkunardagur* er sá dagur, þegar vörunni er pakkað í þær neytendaumbúðir sem hún er seld í.
- 5.2. *Síðasti sölundagur*, merkir að ekki er heimilt að selja vöruna eftir dagsetningu síðasta sölundags. Varan skal þó hafa hæfilegt geymsluþol hjá þeim aðila sem kaupir vöruna á síðasta söluþegi.
- 5.3. *Best fyrir*, gefur til kynna lágmarksgeymsluþol vörunnar við þau geymsluskilyrði sem við eiga, en varan getur haldið sínum eiginleikum og verið neysluhæf eftir tilgreint lágmarksgeymsluþol.
- Vörutegundir sem merktar eru „BEST FYRIR“ er heimilt að selja í verslunum til loka þess mánaðar eða þess árs (þar sem það á við) sem tilgreint er á umbúðum.

III. KAFLI.

Almennar umbúðamerkingar.

6. gr.

- 6.1. Umbúðamerkingar skulu vera greinilegar, vel læsilegar og þannig að þær séu ekki á nokkurn hátt blekkjandi fyrir kaupanda eða móttakanda varðandi uppruna, tegund, samsetningu, þyngd, eðli eða áhrif vörunnar. Ákvæði þetta á einnig við um myndskreytingar á umbúðum. Í auglýsingum fyrir neysluvörur og í meðfylgjandi leiðbeiningum, skal þess jafnframt gætt að þar komi ekki fram upplýsingar sem gætu verið blekkjandi, sbr. ofangreint ákvæði.

7. gr.

- 7.1. Merkja skal umbúðir á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku, og skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðunum sjálfum eða merkimiða sem er tryggilega festur á umbúðir:
1. Heiti vörunnar, sbr. ákvæði 8. gr.
 2. Nafn og heimilisfang framleiðanda, pökkunaraðila, dreifingaraðila, innflytjanda eða umboðsaðila, sbr. ákvæði 9. gr.
 3. Nettóþyngd /lagarmál vörunnar, sbr. ákvæði 10. gr.
 4. Geymsluskilyrði, sbr. ákvæði 11. gr.
 5. Geymsluþol, sbr. ákvæði 12. og 22. gr.
 6. Innihaldslýsing, sbr. ákvæði 13. gr.

8. gr.

- 8.1. *Heiti vörunnar* skal lýsa sem nákvæmast innihaldi hennar og eiginleikum. Sérstaklega skal þess gætt að heiti vörunnar sé ekki á nokkurn hátt blekkjandi sbr. ákvæði 6. greinar.
- 8.2. Ef heiti vörunnar gefur ekki nákvæma hugmynd um samsetningu hennar, skal nánari skýring gefin með undirheiti eða á annan sambærilegan hátt, ef nauðsynlegt er til að neytendur fái réttan skilning af samsetningu vörunnar.

9. gr.

- 9.1. *Nafn og heimilisfang* framleiðanda, pökkunaraðila, dreifingaraðila, innflytjanda eða umboðsaðila skal koma fram á umbúðum. Heimilisfang skal gefið upp sem bær, borg eða hérað, en auk þess er heimilt að skrá götuheiti, húsnúmer og/eða símanúmer á umbúðir.
- 9.2. Framleiðsluland skal koma fram á umbúðum, ef nauðsynlegt er til að gefa rétta hugmynd um uppruna vörunnar.

10. gr.

- 10.1. *Nettóþyngd eða lagarmál* skal tilgreint sem meðaltalsvigt samkvæmt einingum metrakerfis (kg, g, l, ml). Ef varan er í vökva, olíu, sósu eða öðru þess háttar, skal auk heildarþyngdar innihalds, tilgreina nettóþyngd vörunnar sjálftrar. Fyrir sælgætisvörur sem veга minna en 50 g og aðrar neysluvörur sem veга minna en 25 g, er ekki nauðsynlegt að gefa upp nettóþyngd.
- 10.2. Þyngd vörunnar má ekki vera minni en 95% af uppgefinni nettóþyngd fyrir vörutegundir sem veга allt að 500 g (ml) og ekki minni en 98% fyrir vörutegundir sem veга 500 g (ml) eða meira.

11. gr.

- 11.1. *Geymsluskilyrði* fyrir matvæli og aðrar neysluvörur skulu merkt á eftirfarandi hátt:
 1. Kælivörur skal geyma við +4°C eða kaldara og merkja sem „KÆLIVARA“. Ef hitastig er tilgreint skal það vera 0–4°C (t.d. „KÆLIVARA, 0–4°C“).
 2. Frystivörur á að geyma við –18°C eða kaldara og merkja „FRYSTIVARA“. Ef hitastig er tilgreint skal það vera 18°C (t.d. „FRYSTIVARA, –18°C“).
Hollustuvernd ríkisins getur gert kröfu um að á umbúðum komi fram ráðleggingar um hvernig afþiða skuli vöruna og með hana farið, þ.m.t. geymsluþol og geymsluskilyrði fyrir afþiðda vöru. Slíkar kröfur skulu birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.
 3. Ekki er skylt að gefa upp geymsluskilyrði fyrir vörur sem geymdar eru við stofuhita (20°C).

12. gr.

- 12.1. *Geymsluþol* skal gefa upp á eftirfarandi hátt:
 1. Fyrir kælivörur sem hafa *minna en 3 mánaða geymsluþol*, skal merkja umbúðir með „PÖKKUNARDAGUR“ og „SÍÐASTI SÖLUDAGUR“. Pökkunardag og síðasta söludag skal gefa upp sem dag og mánuð.
 2. Aðrar vörur sem hafa *minna en 3 mánaða geymsluþol*, skal merkja með „SÍÐASTI SÖLUDAGUR“ og skal þá tilgreina dag og mánuð.
 3. Fyrir vörutegundir sem hafa *frá 3 til 18 mánaða geymsluþol*, skal merkja umbúðir með „BEST FYRIR“ og skal þá tilgreina mánuð og ár.

4. Fyrir vörur sem hafa *meira en 18 mánaða geymsluþol* gildir eftirfarandi:
 - 4.1. Frystivörur skal merkja með „BEST FYRIR“ þannig að fram komi mánuður og ár.
 - 4.2. Vörur sem geyma má við stofuhita er ekki skylt að geymsluþolsmerkja, en sé það gert, skal merkja með „BEST FYRIR“ þannig að fram komi mánuður og ár. Sé geymsluþol vörunnar meira en 3 ár, nægir að tilgreina ár.
5. Eftirfarandi vörutegundir/vöruflokkar eru undanþegnir skyldu til geymsluþolsmerkingar:
 - 5.1. Ferskir garðávextir (grænmeti, ávextir, ber) sem ekki hafa verið skornir, flysjaðir eða meðhöndlaðir á annan sambærilegan hátt.
 - 5.2. Matbrauð og einnig kökur og aðrar bökunarvörur sem venjulega er neytt innan 24 tíma frá þökkun. Rotvarðar vörur skulu þó geymsluþolsmerktar.
 - 5.3. Tyggigúmmí og sykraðar sælgætisvörur aðrar en súkkulaði
 - 5.4. Ósýrt smjör (skal merkja með dulmerki/kóða).
 - 5.5. Brennd vín, óbrennd vín svo og aðrir drykkir sem innihalda meira en 10% alkóhól.
 - 5.6. Edik.
 - 5.7. Salt.
 - 5.8. Sykur.
6. Geymsluþolsmerking skal gefin upp með tölustöfum (t.d. 11. 12.88) eða þannig að mánuður er gefinn upp með skrifstöfum (t.d. 11.des.88). Þar sem því verður við komið skal dagsetning vera í beinu framhaldi af texta (t.d. „Síðasti söludagur 11.des.88“), en að öðrum kosti skal vísað til þess, hvar á umbúðum dagsetningu er að finna eða hvað hún merkir (t.d. „SÍÐASTI SÖLUDAGUR — sjá lok á umbúðum“ eða „Dagsetning fernunnar merkir BEST FYRIR“).
7. Framleiðandi vörunnar skal ákvarða og bera ábyrgð á geymsluþolsmerkingu hennar. Við ákvörðun geymsluþols skal tekið tillit til edlis vörunnar, flutnings-, dreifingar- og geymsluskilyrða. Leiði athuganir í ljós að gæði vörunnar eru ekki í samræmi við merkt geymsluþol, getur viðkomandi heilbrigðisnefnd ákvarðað það geymsluþol sem skal gilda fyrir vöruna. Skulu slíkar ákvarðanir tilkynntar Hollustuvernd ríkisins.
Ef ekki er bætt úr, getur hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd stöðvað vinnslu og sölu á vörunni.
8. Hollustuvernd ríkisins er heimilt að gefa út reglur um geymsluþol fyrir ákveðnar tegundir eða flokka matvæla. Skulu slíkar reglur birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Ef um verulega breyttar forsendur er að ræða varðandi geymsluþol vegna meðhöndlunar vörunnar (t.d. opnun umbúða), getur stofnunin gert kröfu um að þess sé getið á umbúðum.

13. gr.

- 13.1. *Innihaldslýsing* skal veita greinargóðar upplýsingar um samsetningu vörunnar. Skal hún aðgreind frá öðrum upplýsingum á umbúðum með orðinu „INNIHALD“ eða „INNIHALDSLÝSING“, en að öðru leyti gilda eftirfarandi ákvæði:
 1. Hráefni og aukefni skulu skráð eftir minnkandi magni.
 2. Efnisþætti í samsettum hráefnum skal tilgreina, ef hráefnið er 25% eða meira af nettóþyngd vörunnar, eða ef nauðsynlegt er til að neytandinn fái rétta hugmynd um samsetningu hennar, sbr. og ákvæði 8. tl. varðandi merkingu aukefna.
 3. Ef á umbúðum eru fullyrðingar um að varað innihaldi mikið eða lítið af tilteknum hráefnum, skal magn þeirra koma fram.

4. Þegar vatn er notað við framleiðslu vörunnar, skal þess getið í innihaldslýsingu eftir magni, ef viðbætt vatn er meira en 5% af nettóþyngd tilbúinnar vöru.
5. Aukefni skulu skráð með flokksheiti auk númers og/eda viðurkennds heitis. Skal nota þau flokksheiti, númer og viðurkennd heiti sem fram koma í þeim aukefnalista sem í gildi er hverju sinni. Flokksheiti skal ætíð nota með númerum, en sé viðurkennt heiti notað, er heimilt að sleppa flokksheiti fyrir eftirtalda flokka aukefna:
 - Froðueyða
 - Kekkjavarnarefni
 - Lyftiefni
 - Sýrur, basa og sölt
 - Yfirborðsefni
 - Hjálparefni
 Bragðefni er heimilt að auðkenna með flokksheiti eða viðurkenndu heiti efnanna. Aukefni sem ekki tilheyra ákveðnum aukefnaflokki, skulu tilgreind með viðurkenndu heiti.
6. Ekki er heimilt að geta um vöruheiti aukefna í innihaldslýsingu.
7. Þegar notuð eru fleiri en eitt aukefni sama aukefnaflokks, er ekki skylt að skrá þau í magnröð, heldur er heimilt að skrá þau samhliða (t.d. rotvarnarefni E 202, 211). Samanlagt magn efnanna ræður hvar í innihaldslýsingu þau eru skráð.
8. Aukefni sem berast úr hráefni í tilbúin samsett matvæli en hafa engin tæknileg eða önnur áhrif í hinni tilbúnu vöru, eru undanþegin ákvæðum um merkingar, nema annað sé tekið fram í reglugerð um aukefni í matvælum og öðrum neysluvörum.
9. Þegar vítamínum eða steinefnum er bætt í matvæli eða aðrar neysluvörur til að hafa áhrif á næringargildi þeirra, skal efnafræðilegt eða viðurkennt heiti efnanna koma fram í innihaldslýsingu. Heimilt er að geta vítamína og steinefna síðast í innihaldslýsingu (óháð magnröð).

IV. KAFLI.

Næringargildi

14. gr.

- 14.1. Næringargildi er aðeins skylt að merkja á umbúðir, þegar þess er krafist í sérreglugerðum, og þegar matvæli eða aðrar neysluvörur eru auglýstar eða kynntar vegna tiltekkirna næringarfræðilegra eiginleika. Þegar næringargildi er merkt á umbúðir, skal það gert samkvæmt eftirfarandi ákvæðum.

15. gr.

- 15.1. Næringargildi skal gefið upp miðað við 100 g/100 ml eða tiltekinn skammt af vörunni. Merkingin skal aðgreind frá öðrum upplýsingum á umbúðum með orðinu „NÆRINGARGILDI“, eða á annan sambærilegan hátt. Þegar blanda á vöruna, t.d. með vatni eða mjólk, er einnig heimilt að tilgreina næringargildi vörunnar tilbúinnar til neyslu. Í slíkum tilvikum skal taka skýrt fram að svo sé, og skal blöndunarhlutfall þá jafnframt koma fram á umbúðum. Þegar næringargildi er gefið upp í einum skammti, skal skammtastærð tilgreind í einingum metrakerfis og fjöldi skammta skal einnig koma fram, ef umbúðir innihalda meira en einn skammt.

16. gr.

- 16.1. Þegar orkugildi og orkuefni eru merkt á umbúðum, skal magn próteina, fitu og kolvetna koma fram auk orkugildis. Tilgreina skal magn orkuefna í g og orkugildi í kJ/kcal. Þá skal tilgreina magn natríum í mg. Þegar getið er um magn trefja og sykurs (ein- og tvísykrur) og magn fitusýra, skal það gert á eftirfarandi hátt:

NÆRINGARGILDI:

Orka	kJ, kcal
Prótein	g
Fita	g
þar af:	
fjölómettaðar fitusýrur	g
mettaðar fitusýrur	
Kolvetni	g
þar af:	
sykur	g
trefjar	g
Natríum	mg

- 16.2. Heimilt er að aðgreina viðbættan sykur (t.d. súkrósa, glúkósa) frá öðrum sykri (t.d. frúktósa, laktósa). Nánari útskýringar varðandi orkugildi, orkuefni, trefjar og natríum koma fram í fylgiskjali 1.

17. gr.

- 17.1. Fyrir vörutegundir sem eru merktar eða auglýstar sérstaklega vegna innihalds trefja, tiltekinn orkuefna eða bætiefna, skal merkja næringargildi vörunnar samkvæmt ákvæðum 16. og 18. greinar.
- 17.2. Ef magn kólesteróls í vörunni kemur fram sem hluti af upplýsingum um næringargildi, skal merkja næringargildi samkvæmt ákvæðum 16. gr. og þannig að magn mettaðrar og fjölómettaðrar fitu komi fram.

18. gr.

- 18.1. Þegar umbúðir eru merktar með innihaldi vítamína eða steinefna, skal magn natríum, orkuefna og orkugildi jafnframt koma fram samkvæmt ákvæðum 16. greinar. Magn vítamína og steinefna skal tilgreint í einingum metrakerfis (mg, µg) eða sem % af RDS (ráðlagður dagskammtur, samkvæmt ráðleggingum Manneldisráðs Íslands).

19. gr.

- 19.1. Á umbúðum neysluvara skal einungis tilgreina vítamín og steinefni sem í vörunni eru í magni sem telst þýðingarmikið út frá næringarfræðilegu sjónarmiði. Þó er heimilt að merkja vöru ítarlegar, ef eftirfarandi reglum er fylgt:
1. Þegar magn bætiefna í 100 g eða tilteknum skammti er aðeins 2–5% af ráðlögðum dagskammti, skal magn gefið upp sem % RDS.
 2. Þegar magn bætiefna í 100 g eða tilteknum skammti er undir tveimur prósentum af ráðlögðum dagskammti, skal það kom fram á greinilegan hátt, án þess að mengið sé tilgreint nánar.

20. gr.

- 20.1. Þegar umbúðir vöru eru merktar með innihaldi vítamína eða steinefna, sem ekki hefur verið gefið RDS-gildi, skal þess getið. Eftirfarandi vítamín og steinefni hafa fengið RDS-gildi, og skal miðað við þau gildi sem fram koma við hvert efni, ef magn er gefið upp á umbúðum sem % RDS:

Vítamín	Ráðlagður dagskammtur (RDS)
A-vítamín	1000 µg
D-vítamín	10 µg
E-vítamín	10 mg
Askorbínsýra	60 mg
Þíamín (B ₁)	1.4 mg
Ríbóflavín (B ₂)	1.6 mg
Níasín	18 mg
Pyridoxín (B ₆)	2 mg
Fólásín	400 µg
Cyanókoválamín (B ₁₂)	3 µg
Steinefni	
Kalk	1000 mg
Fosfór	1000 mg
Járn	14 mg
Magníum	350 mg
Zink	15 mg
Joð	150 µg

- 20.2. Fyrir innfluttar vörutegundir er heimilt að miða við RDS-gildi annarra þjóða eða alþjóðleg viðmiðunargildi, ef þau eru ekki verulega frábrugðin framangreindum RDS-gildum. Nánari skilgreiningar varðandi uppgefnar einingar fyrir vítamín koma fram í fylgiskjali 1.

21. gr.

- 21.1. Þegar ekki liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um næringargildi vörunnar, eða þau hráefni sem hún er unnin úr, skal ákvarða næringargildi vörunnar með efnarannsókn-um.

22. gr.

- 22.1. Fyrir vörur sem hafa 3 mánaða geymsluþol eða meira, gildir eftirfarandi ef umbúðir eru merktar með innihaldi bætiefna: Ef næringargildi vörunnar verður minna við geymslu, skal með „BEST FYRIR“ merkingu, gefa til kynna hve lengi varan inniheldur það magn bætiefna sem merkt er á umbúðum. Geymsluþolsmerking vörunnar skal vera í samræmi við ákvæði 12. greinar.

23. gr.

- 23.1. Þegar bætiefni eru notuð sem aukefni, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um aukefni í matvælum og öðrum neysluvörum, er ekki heimilt að geta um þau sem næringarefni á umbúðum, í auglýsingum eða á annan hátt (s.s. notkun askorbínsýru sem þráavarna-refni og Beta-karótín sem litarefni).

V. KAFLI.

Notkunarleiðbeiningar.

24. gr.

- 24.1. Notkunarleiðbeiningar skulu koma fram á umbúðum teljist það nauðsynlegt fyrir rétta meðhöndlun vörunnar.

VI. KAFLI.

Neikvæðar merkingar.

25. gr.

- 25.1. Neikvæðar merkingar varðandi hráefni má einungis nota sé gerð um það krafa, eða slíkt hafi verið heimilað með reglugerð þessari, eða af Hollustuvernd ríkisins. Ákvæði þetta á þó ekki við um merkingu umbúða fyrir sérfæði s.s. glúteínfríar vörur. Sem dæmi um neikvæðar merkingar má nefna „sykurlaust“, „engin gerviefni“, „fitu-snautt“, „kaffeínfrítt“ og „engu salti bætt í“.

26. gr.

- 26.1. Þegar veitt er heimild til neikvæðra merkinga varðandi hráefni, skal þess gætt að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
1. Merkingin skal ekki á neinn hátt vera blekkjandi sbr. ákvæði 6. gr.
 2. Notkun hráefnisins sé heimil í viðkomandi vörutegund og jafnframt að ekki sé gerð krafa í sérreglugerðum um að varan skuli innihalda hráefnið.
 3. Aðrar samskonar og/eða sambærilegar vörur innihaldi hráefnið.
 4. Merkingin skal hafa gildi fyrir neytendur og taka mið af hagsmunum þeirra.

27. gr.

- 27.1. Eftirfarandi neikvæðar merkingar eru heimilar fyrir hráefni:
1. „Engu salti bætt í“, „Ósaltað“, „Án viðbætts salts“, „Ekkert salt“ sbr. 32. gr.
 2. „Sykurlaus“ sbr. 33. gr.
 3. „Kaffeínfrítt“ eða „kaffeínlaust“ sbr. 37. gr.

28. gr.

- 28.1. Neikvæðar merkingar fyrir aukefni má einungis nota sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:
1. Notkun þeirra aukefna sem um er að ræða, skal vera heimil í viðkomandi vörutegund, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um aukefni í matvælum og öðrum neysluvöru, ásamt aukefnalista.
 2. Aðrar samskonar eða sambærilegar vörur innihaldi aukefnið.
 3. Aukefnið skal ekki finnast í vörunni. Skal þess sérstaklega gætt að hráefni eða aukefnablöndur sem varan er unnin úr, innihaldi ekki viðkomandi aukefni.
 4. Neikvæðar merkingar fyrir aukefni skulu einungis koma fram í tengslum við innihaldslýsingu vörunnar.
 5. Óheimilt er að auglýsa vöruna sérstaklega með tilliti til þess að hún innihaldi ekki tiltekin aukefni.

VII. KAFLI.

Sérákvæði vegna hráefna.

29. gr.

- 29.1. Hugtök sem gefa til kynna skerðingu hráefna í matvælum og öðrum neysluvörum má aðeins nota við umbúdamerkingar, sé gerð um það krafa, eða slíkt hafi verið heimilað með reglugerð þessari eða af Hollustuvernd ríkisins. Ákvæði þetta á við hugtök eins og „sykurskert“, „fituminna“ og einnig merkingu eins og „lítið salt“. Undantekning frá ákvæði þessu, er þegar heiti og samsetning neysluvöru er skilgreind í sérreglugerðum, sbr. 1. tl. í fylgiskjali 2.

30. gr.

- 30.1. Umbúðamerkingar samkvæmt 29. gr. skal aðeins leyfa í þeim tilvikum, þegar skilyrðum sem fram koma í 26. gr. er fullnægt.

31. gr.

- 31.1. Heimilt er að nota hugtakið „fituminna“ við merkingu á unnum kjötvörum og öðrum neysluvörum sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt, auk þeirra sem greinir í 26. gr.:
1. Fituinnihald skal vera innan við 50% af magni fitu í samskonar eða sambærilegri vöru.
 2. Umbúðamerkingar skulu vera í samræmi við ákvæði 17. gr.
- 31.2. Sérmerkingar eins og „aðeins x g fita“ eða „minna en x g fita“ eru óheimilar (x í dæmum hér að framan merkir tilgreint magn fitu), en fituminni vörur er einnig heimilt að merkja með orðunum „létt“ eða „diet“, samanber 2. tl. í fylgiskjali 2.

32. gr.

- 32.1. Fyrir vörutegundir sem innihalda viðbætt salt (NaCl) eða sem venjulega innihalda viðbætt salt, er heimilt að sérmerkja umbúðir. Þegar umbúðir eru merktar með tilliti til þessa, skal það gert á eftirfarandi hátt:
1. Magn salts skal gefið upp sem mg natríum í 100 g eða tilteknum skammti. Skal það koma fram sem hluti af upplýsingum um næringargildi, sbr. ákvæði 16. greinar.
 2. Heimilt er að merkja umbúðir „án viðbættis salts“, „ósaltað“ eða á annan sambærilegan hátt, ef skilyrðum samkvæmt 26. gr. er fullnægt.
 3. Heimilt er að merkja umbúðir „minna salt“, „saltskert“, ef innihald natríum er innan við 50% af magni þess í samskonar eða sambærilegri vöru. Skilyrðum samkvæmt 26. gr. skal vera fullnægt.
- 32.2. Þá gildir fyrir matvæli og aðrar neysluvörur, án tillits til þess hvort þær innihalda viðbætt salt eða ekki, að heimilt er að merkja umbúðir á eftirfarandi hátt:
1. Merkinguna „ekkert salt“, má nota fyrir vörutegundir sem innihalda innan við 5 mg natríum /100 g.
 2. Merkinguna „lítið salt“ má nota fyrir vörutegundir sem innihalda innan við 140 mg natríum /100 g.

VIII. KAFLI.

Sérákvæði vegna aukefna.

33. gr.

- 33.1. Matvæli og aðrar neysluvörur sem innihalda sætuefni, skulu auðkennd á umbúðum með eftirfarandi hugtökum:
1. „Sykurlaus“, þegar hlutfall sykurs í vörunni er innan við 0.5% (minna en 2 kcal/100 g úr sykri).
 2. „Sykurskert“, þegar hlutfall sykurs í vörunni er innan við 50% af venjulegu sykursmagni í samskonar eða sambærilegri vöru.
Ofangreindar vörutegundir er jafnframt heimilt að merkja með orðunum „diet“ eða „létt“, samanber 2. tl. í fylgiskjali 2.
- 33.2. Umbúðir vörutegunda sem merktar eru „sykurlaus“ eða „sykurskert“, skulu jafnframt merktar samkvæmt ákvæði 17. greinar, en Hollustuvernd ríkisins getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu ef um orkusnauða vöru er að ræða. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til borðsætufna (sætuefnatöflur, strásæta) sem merkja á samkvæmt ákvæðum 35. greinar.

34. gr.

- 34.1. Vörutegundir sem innihalda sykuralkóhóla, s.s. sorbitól, skal sérmerkja á eftirfarandi hátt, ef ætla má að dagleg neysla efnanna geti farið umfram 20 g við eðlilega notkun vörunnar: „Varan inniheldur sykuralkóhól (x g/100 g) sem getur haft hægðalosandi áhrif“. Í svigann skal skrá magn efnisins (g) í 100 g af vörunni. Hollustuvernd ríkisins skal að höfðu samráði við Manneldisráð Íslands meta hver dagleg neysla slíkra vörutegunda getur verið.

35. gr.

- 35.1. Aukefni sem boðin eru til sölu í verslunum (s.s. sætuefnatöflur, matarlitir, sýrur) og sem ætluð eru til heimilisnota, skulu merkt á íslensku með eftirfarandi upplýsingum:
1. Nafn og heimilisfang framleiðanda og innflytjanda ef um innflutta vöru er að ræða.
 2. Notkunarleiðbeiningar, s.s. leiðbeiningar um skammtastærðir og blöndun. Auk þess skulu vera nauðsynlegar skýringar s.s. „TIL MATARGERÐAR“, „TAKMÖRKUÐ NOTKUN“ og litarefni skulu auðkennd „MATARLITUR“.
 3. Magn aukefna í vörunni. Ef varan inniheldur fleiri en eitt aukefni skulu þau skráð eftir minnkandi magni.
 4. Aukefni skulu auðkennd samkvæmt ákvæðum 13. gr.
 5. Sætuefni, hvort sem þau eru seld sem töflur, strásæta eða lausn, skulu merkt með upplýsingum um sætustyrk samanborið við sykur, t.d. „1 tafla = 1 teskeið sykurs eða 1 teskeið strásætu = 1 teskeið sykurs“. Sætuefni sem innihalda sykuralkóhóla eða önnur efni sem gefa orku, skulu auk þess merkt þannig að fram komi orkugildi sem kcal og kJ í 100 g eða tilteknum skammti vörunnar.
- 35.2. Ekki er heimilt að bjóða til sölu aukefni til heimilisnota, nema Hollustuvernd ríkisins hafi samþykkt umbúðamerkingar vörunnar.

36. gr.

- 36.1. Þegar vörutegundir innihalda brennisteinssýrning eða sölt (súlfít, bisúlfít og tvísúlfít), getur Hollustuvernd ríkisins krafist sérmerkingar umbúða, þannig að þetta komi fram á greinilegan hátt.

IX. KAFLI.

Sérákvæði fyrir drykkjarvörur.

37. gr.

- 37.1. Heimilt er að merkja og auglýsa kaffi sem „kaffeinfrítt“ eða „kaffeinlaust“, ef varan inniheldur innan við 100 mg kaffein í 100 g.

38. gr.

- 38.1. Þrátt fyrir ákvæði 28. gr. varðandi neikvæðar merkingar fyrir aukefni, er heimilt að merkja gosdrykki sérstaklega og auglýsa þá með tilliti til þess að þeir innihaldi ekki kaffein. Ákvæði þetta á þó einungis við um þær tegundir gosdrykkja sem tíðkanlega innihalda kaffein.

39. gr.

- 39.1. Brennd vín og óbrennd vín eru undanskilin ákvæðum um merkingar samkvæmt gr. 11., 12. og 13. í III. kafla og 36. gr. VIII. kafla. Sama gildir um aðrar drykkjarvörur

sem innihalda meira en 10% alkóhól. Hins vegar skal í verðlista Áfengis- og tóbaksverslunarinnar skrá eftirfarandi:

1. Hvaða vörutegundir innihalda litarefni og skal koma fram bæði viðurkennt heiti og E-númer efnanna.
2. Hvaða vörutegundir innihalda brennisteinssýrting eða sölt (súlfít, bísúlfít og tvísúlfít).
Ekki er gerð krafa um merkingu á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli (öðru en finnsku) fyrir ofangreindar vörutegundir, sbr. ákvæði 7. greinar.

40. gr.

40.1. Fyrir gosdrykki, svaladrykki, saftir og safa gildir eftirfarandi:

1. Ekki er heimilt að nefna vöruna „ávaxtadrykkur/berjadrykkur“ (s.s. appelsínudrykkir) eða „ávaxtaþykkni/berjaþykkni“, nema hlutfall af hreinum safa í tilbúnum drykk sé 10% eða meira.
Í fylgiskjali 2 (3. tl.) koma fram vöruheiti fyrir gosdrykki sem þrátt fyrir ofangreint ákvæði verða samþykkt við gildistöku reglugerðarinnar.
2. Ekki er heimilt að myndskreyta umbúðir með ávöxtum eða berjum nema hlutfall af hreinum safa í tilbúnum drykk sé 10% eða meira.
3. Á umbúðum fyrir aldinsaftir (yfir 35% aldinsafa í tilbúnum drykk) og aldinsaftdrykki (10 til 35% aldinsafi í tilbúnum drykk), skal koma fram % hlutfall af hreinum safa í vörunni. Ef blanda á vöruna fyrir neyslu, skal gefa upp hlutfall af hreinum safa í tilbúnum drykk. Sama ákvæði gildir um gosdrykki og aðra svaladrykki sem innihalda allt að 10% aldinsafa í tilbúnum drykk.
4. Við auglýsingar á drykkjum sem innihalda aldinsafa, skal þess gætt að neytendur fái ekki rangar hugmyndir um samsetningu vörunnar, sbr. ákvæði þessarar greinar og ákvæði 6. gr. III. kafla.

X. KAFLI.

Geislun matvæla.

41. gr.

41.1. Umbúðir fyrir matvæli og aðrar neysluvörur, sem meðhöndlaðar hafa verið með röntgengeislum, gammageislum eða á annan hliðstæðan hátt, í þeim tilgangi að hafa áhrif á örverur og geymsluþol, skulu merktar á eftirfarandi hátt:

1. Þegar fæðutegund er meðhöndluð með jónandi geislun, skal það koma fram á umbúðum í tengslum við heiti vörunnar.
2. Þegar vara er aðeins unnin úr einu hráefni, skal þess getið á umbúðum ef hráefnið hefur verið meðhöndlað með geislun.

XI. KAFLI.

Smásala.

42. gr.

42.1. Seljandi sem selur óinnpakkaðar vörur í smásölu, skal geta veitt kaupanda upplýsingar um samsetningu vörunnar. Þær umbúðir sem vörunni er dreift í frá framleiðanda, innflytjanda eða öðrum aðila, skulu því vera merktar með innihaldslýsingu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

43. gr.

43.1. Seljanda sem selur vörur í smásölu, er ekki heimilt að rjúfa neytendaumbúðir fyrir neysluvörur og selja vöruna óinnpakkaða.

Ákvæði þetta á þó ekki við hafi framleiðandi, innflytjandi, umboðsaðili eða pökkunaraðili, heimilað seljanda að rjúfa neytendaumbúðir. Þegar slíkt er gert, er það á ábyrgð framleiðanda, innflytjanda, umboðsaðila eða pökkunaraðila, að óinnpökkuð vara haldi sínum eiginleikum og sé af sömu gæðum og sú vara sem seld er í neytendaumbúðum.

44. gr.

44.1. Óheimilt er að gera breytingu á merkingu geymsluskilyrða og geymslupóls á umbúðum vöru sem pökkuð er í neytendaumbúðir. Einnig er óheimilt að umpakka neysluvöru og breyta þannig merkingu geymslupóls og geymsluskilyrða, s.s. að merkja kælivöru sem frystivöru eftir dagsetningu síðasta sölundags.

XII. KAFLI.

Eftirlit og rannsóknir.

45. gr.

45.1. Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

46. gr.

46.1. Hollustuvernd ríkisins skal annast rannsóknir vegna opinbers eftirlits varðandi samsetningu matvæla og annarra neysluvara með tilliti til umbúðamerkinga.

47. gr.

47.1. Ef neysluvörur eru merktar með neikvæðum merkingum, eða á einhvern hátt þannig að gefin er til kynna skerðing á tilteknum efnum, getur heilbrigðisnefnd krafist þess að framleiðandi eða innflytjandi sýni niðurstöður rannsókna til staðfestingar á réttmæti umbúðamerkinga. Ef framleiðandi eða innflytjandi leggur ekki fram slíkar niðurstöður, getur Hollustuvernd ríkisins krafist þess, að hann greiði kostnað vegna rannsókna á vörunni.

48. gr.

48.1. Leiði athaganir eða rannsóknir í ljós að matvæli eða aðrar neysluvörur uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar, skal viðkomandi heilbrigðisnefnd, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, krefjast þess að sá er sekur gerist um brot greiði allan kostnað sem leitt hefur af útvegum sýna og rannsókna á þeim.

XIII. KAFLI.

Undanþágur.

49. gr.

49.1. Þegar stærsti flötur á umbúðum er undir 10 cm³, getur Hollustuvernd ríkisins veitt undanþágu frá ákvæðum um umbúðamerkingar samkvæmt III. kafla, hvað varðar geymslupól, geymsluskilyrði og innihaldslýsingu.

50. gr.

- 50.1. Heilbrigðiseftirlit á hverju eftirlitssvæði getur í vissum tilvikum veitt framleiðendum undanþágu frá merkingu innihalds á umbúðum fyrir neysluvörur, þegar unnið er að vöruþróun og markaðskönnunum á hlutaðeigandi svæði. Slíkar undanþágur skulu aðeins veittar tímabundið í allt að tvo mánuði og með því skilyrði, að veittar séu upplýsingar um innihald vörunnar.

XIV. KAFLI.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

51. gr.

- 51.1. Innlendir framleiðandi og innflytjandi eða umboðsaðili ef um innflutta vöru er að ræða, er ábyrgur fyrir því að vörutegundir sem hér eru á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Jafnframt er söluaðila óheimilt að selja vörur sem ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

52. gr.

- 52.1. Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nema þyngrri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

53. gr.

- 53.1. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

54. gr.

- 54.1. Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Með reglugerð þessari falla úr gildi ákvæði um merkingu umbúða samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 250/1976 (ásamt síðari breytingum) um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, svo og ákvæði eldri reglugerða sem settar eru með stoð í lögum nr. 24/1936 og sem kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Fyrir vörutegundir sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar, og sem ekki eru í samræmi við ákvæði hennar, er veittur frestur til 1. janúar 1989 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum, er sala vörunnar óheimil.
2. Þrátt fyrir ákvæði í 10. og 15. gr. varðandi merkingu skammtastærðar og nettóþyngdar/lagarmáls í einingum metrakerfis, er heimilt til 1. janúar 1990 að merkja umbúdir með öðrum einingum (t.d. oz) ef slíkt er venja í framleiðslulandinu.
3. Veittur er frestur til 1. janúar 1990 varðandi merkingu natríum samkvæmt ákvæðum 16. greinar.

4. Þrátt fyrir ákvæði í 18.gr. varðandi merkingu vítamína í einingum metrakerfis, er heimilt til 1. janúar 1990 að merkja magn A- og D-vítamíns í alþjóðlegum einingum.
5. Til loka árs 1989, er Hollustuvernd ríkisins heimilt að veita aðilum frest til að uppfylla tiltekin ákvæði þessarar reglugerðar. Slíka fresti skal einungis veita að fenginni rökstuddri umsókn og að fenginni umsögn viðkomandi heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal 1.

Skilgreiningar varðandi orkugildi, orkuefni, trefjar, natríum og vítamín.

1. Orka.

Orku skal reikna sem samanlagt gildi:

Kolvetna í g x 17 kJ/g
og próteina í g x 17 kJ/g
og fitu í g x 38 kJ/g

- Þegar varan inniheldur alkóhól, skal magnið gefið upp í g á eftir kolvetnum (trefjaefnum) í merkingu næringargildis, samkvæmt 16. grein.
- Orkugildi fyrir alkóhól skal reikna sem g x 30 kJ/g
- Þegar orkugildi í kJ og kcal eru umreiknuð, skal nota eftirfarandi hlutföll:

1 kJ = 0.239 kcal

1 kcal = 4.184 kJ

- Þegar orkuefni eru ekki til staðar í vörunni skal magn tilgreint sem 0 g (á ekki við um alkóhól, sbr. 16.gr.).
- Eftirfarandi frávik eru leyfileg fyrir uppgefið innihald orkuefna:

Magn í g/100 g **Mesta leyfilega frávik**

Mínna en 10 g +/- 1.5 g

10 til 20 g +/- 15%

Meira en 20 g +/- 3 g

2. Prótein.

Prótein skal reikna sem innihald köfnunarefnis (N) margfaldað með stuðlinum 6.25

3. Fita.

Með fitu er átt við samanlagt magn lípíða í vörunni.

4. Kolvetni.

Innihald kolvetna reiknast á eftirfarandi hátt:

Kolvetni = þurrefni — prótein — fita — aska

5. Sykur.

Með sykri er átt við innihald af ein- og tvísykrum, s.s. súkrósa (strásykur), glúkósa (þrúgusykur), frúktósa (ávaxtasýkur) og laktósa (mjólkursykur).

6. *Trefjar.*

Með trefjum er átt við ómeltanleg kolvetni, þ.e. fjölsykrur aðrar en sterkju.

7. *Alkóhól.*

Með alkóhól er átt við innihald etanóls.

8. *Natríum.*

Við merkingu natríum, samkvæmt 16. gr., skal magn gefið upp sem 0 mg ef varan inniheldur innan við 5 mg/100 g. Gefa skal upp bæði náttúrulegt innihald og viðbætt magn. Við umreikning natríum (Na) og matarsalts (NaCl) skal nota eftirfarandi hlutföll:

$$1 \text{ g Na} = 2,542 \text{ g NaCl}$$

$$1 \text{ g NaCl} = 0,393 \text{ g Na}$$

9. *Vítamín.*

Eftirfarandi einingar og skilgreiningar gilda fyrir magn tiltekinna vítamína í 20 gr:

— A-vítamín er gefið upp sem μg retinól eða retinól jafngildi (RJ).

1 RJ = 1 μg retinól eða 6 μg B-karótín.

— D-vítamín er gefið upp sem kólekalCIFeról.

10 μg kólekalCIFeról = 400 alþjóða einingar (AE).

— E-vítamín er gefið upp sem α -tókóferól jafngildi (TJ)

1 α -TJ = 1 mg d- α -tókóferól.

— Níasín er gefið upp sem níasín jafngildi (NJ).

1 mg NJ = 1 mg níasín eða 60 mg tryptofan.

— Fólasín miðast við heildarmagn efnisins í fæðunni, þar sem fólasín er mælt með **Lactobacillus casei** eftir meðhöndlun með hvata (konjugasa).

Fylgiskjal 2.**Vöruheiti og sérmerkingar sem heimilt er að nota við merkingu umbúða.**

1. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 35/1986, um mjólk og mjólkurvörur, er heimilt að nota tiltekin vöruheiti sem gefa til kynna skerðingu (s.s. léttmjólk og léttjógúrt).
2. Sem dæmi um notkun orðanna „diet“ og „létt“ við umbúðamerkingar (sbr. ákvæði 31. og 33. gr.), má nefna sykurlausa drykki eins og „diet“ pepsi og coca cola „light“, auk fituminni vörutegunda s.s. léttmajones.
3. Eftirfarandi vöruheiti er heimilt að nota fyrir gosdrykki, sbr. 1. tl. 40. greinar:
 - Appelsín / Appelsín límonaði
 - Grape / Grape fruit

REGLUGERÐ

um aukefni í matvælum og öðrum neysluvörum.

Efnisyfirlit:

1. Reglugerð um aukefni í matvælum og öðrum neysluvörum.
 - I. Kafli: Almenn ákvæði
 - II. Kafli: Skilgreiningar
 - III. Kafli: Aukefnalisti
 - IV. Kafli: Notkun og varðveisla aukefna
 - V. Kafli: Umsóknir um heimild til notkunar aukefna
 - VI. Kafli: Aukefnanefnd
 - VII. Kafli: Innflutningur, framleiðsla og dreifing aukefna
 - VIII. Kafli: Merking umbúða
 - IX. Kafli: Sérákvæði varðandi notkun aukefna
 - X. Kafli: Eftirlit og rannsóknir
 - XI. Kafli: Ýmis ákvæði og gildistaka
Ákvæði til bráðabirgða

2. Fylgiskjal.

Listi yfir aukefni sem heimilt er að nota í matvælum og öðrum neysluvörum (aukefnalisti).

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

- 1.1. Ákvæði reglugerðar þessarar taka til innflutnings, framleiðslu, sölu, dreifingar og notkunar aukefna í matvælum og öðrum neysluvörum. Ennfremur ná ákvæði reglugerðarinnar til auglýsinga um notkun aukefna sbr. grein 14.3. og merkingar aukefna sbr. 13. grein.

II. Kafli.

Skilgreiningar.

2. gr.

- 2.1. *Aukefni* eru efni sem notuð eru við framleiðslu matvæla eða annarra neysluvara, sem tæknileg hjálparefni eða til að hafa áhrif á geymsluþol, lit, lykt, bragð eða aðra eiginleika vörunnar. Þegar varan er boðin til sölu eru aukefnin að einhverju eða öllu leyti til staðar í henni, í breyttu eða óbreyttu formi.
- 2.2. Til aukefna telst ekki matarsalt, sykur, etýlalkóhól, krydd, gelatín (matarlím), borðedik, mjöl (t.d. kartöflumjöl) og efni sem berast í matvæli við reykingu með trjáviði eða á annan hátt, án notkunar reyksýru eða annarra hjálparefna. Það sama gildir um vítamín og steinefni sem notuð eru í þeim tilgangi að hafa áhrif á

næringargildi matvæla og annarra neysluvara. Prótein s.s. vatnsrofin prótein og sojaprótein teljast til hráefna, en í vissum tilvikum eru prótein skilgreind sem aukefni (s.s. sætuefni).

Umbreytt sterkjusambönd með númer frá 1400 til 1403 teljast hráefni, þ.e. dextríneruð sterkja (1400), sterkja meðhöndluð með sýru (1401), með basa (1402) og bleikt sterkja (1403).

- 2.3. Aukefni sem berast úr hráefni í tilbúin samsett matvæli, en hafa engin tæknileg eða önnur áhrif í hinni tilbúnu vöru, eru undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar, nema annað sé tekið fram. Ákvæði þetta er þó háð því skilyrði að hráefnið innihaldi ekki önnur aukefni en þau sem leyfð eru við framleiðslu þess og jafnframt að magn aukefna sé ekki yfir leyfilegu hámarki í hráefninu.

3. gr.

- 3.1. *Matvæli og aðrar neysluvörur* eru samkvæmt reglugerð þessari hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu sem matur eða drykkur, þar með talið neysluvatn.
- 3.2. Um næringarefni og önnur efni sem teljast lyf, gilda ákvæði lyfjalaga nr. 108/1984 og reglugerða settum samkvæmt þeim.

4. gr.

- 4.1. *Umbúðir* fyrir matvæli, aðrar neysluvörur og aukefni, eru allar umbúðir sem umlykja vöruna að einhverju eða öllu leyti, og gilda ákvæði reglugerðarinnar jafnt um ytri sem innri umbúðir.

III. KAFLI.

Aukefnalisti.

5. gr.

- 5.1. Annað hvert ár, skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefa út endurskoðaðan lista, samkvæmt tillögum Hollustuverndar ríkisins, yfir aukefni sem heimilt er að nota við framleiðslu matvæla og annarra neysluvara. Í aukefnalista skal koma fram hvaða aukefni heimilt er að nota í tiltekna matvælaflokka eða tiltekin matvæli, ásamt ákvæðum um hámarksmagn aukefna, þegar þess er talin þörf. Þá skulu í listanum koma fram númer aukefna og einnig skulu aukefni flokkuð í aukefnaflokka, eftir því í hvaða tilgangi efnin eru notuð við framleiðslu.
- 5.2. Aukefnalista skal birta með auglýsingu í Stjórnartíðindum og skal það gert eigi síðar en 31. janúar það ár, sem nýr listi tekur gildi. Skulu matvælaframleiðendur, dreifingaraðilar og innflytjendur, hafa sex mánaða aðlögunartíma frá birtingu listans, til að gera breytingar á sínum vörum til samræmis við þær breytingar sem hverju sinni eru gerðar á honum.

6. gr.

- 6.1. Meðan aukefnalisti er í gildi, getur Hollustuvernd ríkisins veitt bráðabirgðaleyfi til notkunar aukefna, hafi slík leyfi verið samþykkt af aukefnanefnd, sbr. ákvæði 11. greinar. Endanleg afstaða til bráðabirgðaleyfa, skal tekin þegar gefinn er út endurskoðaður aukefnalisti, sbr. ákvæði í gr. 5.1.
- 6.2. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, getur á gildistíma aukefnalista, fellt úr gildi leyfi til notkunar aukefna eða gert breytingar varðandi hámarksmagn eða önnur sérákvæði, sem sett hafa verið um notkun þeirra. Skal í slíkum tilvikum leitað álits aukefnanefndar.

IV. KAFLI.

Notkun og varðveisla aukefna.

7. gr.

- 7.1. Við framleiðslu matvæla og annarra neysluvara, er einungis heimilt að nota þau aukefni, sem tilgreind eru við hvern matvælaflokk eða hverja tegund matvæla eða annarra neysluvara í aukefnalista, sbr. grein 5.1. . Ákvæði þetta gildir einnig um innfluttar neysluvörur.
- 7.2. Í þeim tilvikum þar sem Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) hafa skilgreint eiginleika og hreinleika aukefna, skulu aukefni sem notuð eru, vera í samræmi við þær skilgreiningar. Hafi slíkar skilgreiningar ekki verið gerðar af FAO/WHO, getur Hollustuvernd ríkisins farið fram á, að aukefni séu í samræmi við skilgreiningar Evrópubandalagsins (EB) eða annarra sambærilegra aðila.
- 7.3. Þegar engin hámarksákvæði eru sett í aukefnalista, varðandi notkun aukefna, skal gæta góðra framleiðsluhátta við notkun þeirra. Með góðum framleiðsluháttum, er átt við að aukefni séu ekki notuð í meira magni en nauðsynlegt er, til að fá fram tilætluð áhrif í vörunni. Þar sem hámarksákvæði eru sett, gilda þau um það magn efnisins sem er í vörunni, þegar hún er boðin til sölu eða neyslu, nema annað sé tekið fram í aukefnalista.
- 7.4. Í tilbúnum samsettum matvælum, þar sem hin einstöku hráefni eru sýnileg, eða þar sem hægt er að skilja þau að, getur hvert hráefni innihaldið þau aukefni og í því magni sem í það eru leyfð samkvæmt aukefnalista. Samanlagt magn hvers aukefnis í samsettum matvælum má þó ekki vera meira en tilgreint hámarksmagn efnisins í matvælaflokki þeim, sem hin tilbúna vara tilheyrir í aukefnalista.

8. gr.

- 8.1. Aukefni skulu á framleiðslustað varðveitt í upprunalegum ílátum (umbúðum) framleiðanda eða innflytjanda og skulu þau vera vel lukt og greinilega merkt, sbr. grein 13.1.
- 8.2. Framleiðendum er óheimilt, að varðveita á framleiðslustað aukefni sem ekki eru leyfð til notkunar í þær neysluvörur sem þar eru unnar. Undantekning frá ákvæði þessu, er þegar framleiðandi hefur tilkynnt hlutadeigandi heilbrigðiseftirliti, að tiltekin aukefni séu notuð við vöruþróun, eða framleiðslu vörutegunda sem ætlaðar eru til útflutnings.

V. KAFLI.

Umsóknir um heimild til notkunar aukefna.

9. gr.

- 9.1. Umsóknir um heimild til notkunar aukefna í matvælum og öðrum neysluvörum, skal senda Hollustuvernd ríkisins á þar til gerðum eyðublöðum, sem stofnunin lætur í té. Umsækjandi skal vera sá sem hyggst framleiða eða flytja inn vöruna. Með umsókn skal farið sem trúnaðarmál.
- 9.2. Þegar sótt er um heimild til notkunar á aukefni sem áður hefur verið leyft til notkunar í aðrar neysluvörur, skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókninni:
 1. Nafn, heimilisfang og símanúmer umsækjanda.
 2. Nafn, heimilisfang og símanúmer framleiðanda, ef um innflutta vöru er að ræða.
 3. Heiti þess aukefnis sem sótt er um heimild fyrir. Einnig skal númer koma fram, hafi efninu verið gefið E-númer eða annað sambærilegt númer.
 4. Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem framleiða og flytja inn aukefnið.

5. Í hvaða vörutegund nota á efnið og í hvaða magni.
 6. Lýsing á aðferð til efnagreiningar á aukefninu í þeirri vörutegund sem sótt er um heimild fyrir.
 7. Hver tilgangurinn með notkun efnisins er og jafnframt hvaða ástæður gera það að verkum að umsóknaraðili telur notkun efnisins nauðsynlega vegna framleiðslu eða meðhöndlunar vörunnar.
 8. Mat umsækjanda á því hversu mikil neysla aukefnisins gæti orðið miðað við eðlilega notkun vörunnar.
 9. Sé umsækjanda kunnugt um niðurstöður rannsókna sem benda til þess að neysla aukefnisins geti hugsanlega skaðað heilbrigði, er honum skylt að geta þess.
 10. Aðrar upplýsingar.
- 9.3. Þegar sótt er um heimild til notkunar aukefna, sem ekki eru leyfð til notkunar í neysluvörum hér á landi, skulu auk þeirra upplýsinga sem getið er um í gr. 9.2., fylgja upplýsingar um eftirfarandi atriði:
1. Upplýsingar um eiginleika og hreinleika efnisins.
 2. Niðurstöður rannsókna varðandi eiginleika og hreinleika annarra efna, t.d. ef um aukefnablöndu er að ræða eða ef aukefni er blandað burðarefnum, bindiefnum, leysiefnum eða öðrum efnum.
 3. Athuganir sem sýna að notkun efnisins hafi tilætluð áhrif.
 4. Upplýsingar um önnur lönd sem leyft hafa notkun aukefnisins og jafnframt hvaða hámarksákvæði eða önnur ákvæði sett hafa verið varðandi notkun.
 5. Niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið í þeim tilgangi að kanna bráð og síðkomin eiturhrif efnanna.

10. gr.

- 10.1. Þeir aðilar sem sækja um heimild til notkunar aukefna, skulu greiða gjöld til Hollustuverndar ríkisins, samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur. Umsóknargjald er óafturkræft, þótt umsókn um heimild til notkunar aukefna sé sýnað.

VI. KAFLI.

Aukefnanefnd.

11.gr.

- 11.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, skal skipa aukefnanefnd til að fjalla um umsóknir um notkun aukefna. Í nefndinni skulu eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af eiturefnanefnd, annar af Manneldisráði Íslands, sá þriðji af Hollustuvernd ríkisins, sá fjórði af Félagi íslenskra iðnrekenda og sá fimmti af Félagi íslenskra stórkaupmanna. Skal fulltrúi Hollustuverndar vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Skal nefndin skipuð til fjögurra ára.
- 11.2. Starfsemi aukefnanefndar heyrir undir Hollustuvernd ríkisins og skal nefndinni sköpuð starfsaðstada innan stofnunarinnar. Skal nefndin koma saman eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti til að fjalla um umsóknir um notkun aukefna og taka ákvarðanir um bráðabirgðaleyfi til notkunar þeirra. Einnig skal nefndin gera tillögur um breytingar á aukefnalista, sbr. einnig gr. 6.1. og 6.2., og annast eftirlit með auglýsingum um aukefni, sbr. ákvæði í gr. 15.1.
- 11.3. Verði ágreiningur í aukefnanefnd um veitingu bráðabirgðaleyfa eða tillögur að breytingum á aukefnalista, skal einfaldur meirihluti athvæða ráða afgreiðslu mála.
- 11.4. Aukefnanefnd skal ekki afgreiða umsóknir um notkun aukefna, nema gögn þau sem getið er um í gr. 9.2. og 9.3. hafi verið lögð fram af hálfu umsækjanda. Formaður nefndarinnar skal sjá um endanlega afgreiðslu ákvarðana hennar, fyrir hönd Hollustuverndar ríkisins.
- 11.5. Aukefnanefnd setur sér starfsreglur sem ráðherra skal staðfesta.

VII. KAFLI.

Innflutningur, framleiðsla og dreifing aukefna.

12. gr.

- 12.1. Aðilar sem flytja inn eða framleiða aukefni eða aukefnablöndur, skulu tilkynna það Hollustuvernd ríkisins og skulu stofnuninni veittar eftirfarandi upplýsingar:
1. Nafn, heimilisfang og símanúmer framleiðanda og innflytjanda, ef um innflutt efni er að ræða.
 2. Viðurkennt heiti, efnafræðilegt heiti, númer og byggingarformúlu aukefna.
 3. Upplýsingar um eiginleika og hreinleika aukefna.
 4. Niðurstöður rannsókna varðandi eiginleika annarra efna sem varan gæti innihaldið (sbr. 2. lið gr. 9.3.).
 5. Lýsing á viðurkenndri efnagreiningaraðferð fyrir viðkomandi efni.
 6. Sýnishorn af merkingum fyrir þær umbúðir sem varan er seld í, sbr. gr. 13.1.
 7. Upplýsingar um vörugeymslu sem efnið er varðveitt í.
 8. Fyrir 31. janúar hvers árs, skal stofnunin fá upplýsingar um innflutning og heildarsölu vörunnar á síðastliðnu ári.
- 12.2. Ákvæði í gr. 12.1. eiga einnig við um innflutning á hráefnum, s.s. kryddi til matvælavinnslu, þegar þau innihalda aukefni, sem ætlað er að hafa áhrif í hinni tilbúnu framleiðsluvöru.
- 12.3. Hollustuvernd ríkisins getur krafist þess, að framleiðandi, innflytjandi, umboðsaðili eða dreifingaraðili, veiti nánari upplýsingar, en gerð er krafa um í gr. 12.1.
- 12.4. Framleiðandi, innflytjandi, umboðs- eða dreifingaraðili, sem hyggst hefja kynningu á aukefnum, sem ekki eru heimil til notkunar samkvæmt aukefnalista, ber að tilkynna Hollustuvernd ríkisins um fyrirhugaða kynningu vörunnar. Jafnframt ber áður nefndum aðilum að tilkynna matvælaframleiðendum, að notkun efnanna hafi ekki verið heimilud.
- 12.5. Þeir einir, sem greinir í 4. og 5. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, mega framleiða eða flytja inn nítrítsalt, enda hafi þeir tilkynnt það til Hollustuverndar ríkisins, sbr. gr. 12.1. Sömu lagaákvæði gilda um þá sem selja nítrítsalt og saltið má aðeins afgreiða til þeirra sem hafa eiturbeiðni (sbr. reglugerð nr. 39/1984 um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvareandi leyfa).
- 12.6. Framleiðendur og innflytjendur vörutegunda sem falla undir ákvæði 12. gr., skulu greiða skráningargjöld og árgjöld til Hollustuverndar ríkisins, samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur.

VIII. KAFLI.

Merking umbúða.

13. gr.

- 13.1. Ílát (umbúðir) fyrir aukefni, aukefnablöndur eða hráefni sem innihalda aukefni (sbr. gr. 12.2.), skulu merkt á íslensku. Á ílátunum skulu vera eftirfarandi upplýsingar:
1. Nafn og heimilisfang framleiðanda og/eða innflytjanda, ef um innflutta vöru er að ræða.
 2. Magn aukefna í vörunni. Ef varan inniheldur fleiri en eitt aukefni, skulu þau skráð eftir minnkandi magni.
 3. Vörunúmer, svo rekja megi uppruna vörunnar og framleiðsludag.
 4. Efnafræðilegt heiti, viðurkennt heiti og númer (þegar það á við) aukefna sem varan inniheldur.

5. Eftirfarandi áletranir skulu einnig koma fram á greinilegan hátt: „AUKEFNI TIL NOTKUNAR Í MATVÆLAIÐNAÐI“ og „EINUNGIS HEIMILT TIL NOTKUNAR SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM AUKEFNALISTA“.
- 13.2. Um merkingu aukefna á umbúðum fyrir matvæli og aðrar neysluvörur, skal farið samkvæmt ákvæðum reglugerðar um merkingu neytendaumbúða fyrir matvæli og aðrar neysluvörur, frá júlí 1988. Ákvæði framangreindrar reglugerðar gilda jafnframt um merkingu neytendaumbúða fyrir aukefni, sem boðin eru til sölu í verslunum (s.s. sætuefni, matarlit, rotvarnarefni og lyftiefni).
- 13.3. Hollustuvernd ríkisins hefur heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum í gr. 13.1, varðandi merkingu umbúða fyrir hráefni sem innihalda aukefni.

IX. KAFLI.

Sérákvæði varðandi notkun aukefna.

14. gr.

- 14.1. Litarefni og önnur aukefni, má ekki nota á þann hátt, að þau leyni því að varan sé skemmd, geti verið heilsuspillandi eða líti út fyrir að vera af betri gæðaflokki, en hún er í raun og veru.
- 14.2. Skilyrði fyrir notkun sætuefna í matvælum samkvæmt ákvæðum aukefnalista, er að um sykurlausa vöru sé að ræða, eða að skerðing sykurs í vörunni sé meiri en 50%, miðað við hlutfall sykurs í samskonar eða sambærilegri vöru.
- 14.3. Auglýsingar um aukefni og notkun þeirra í matvælum, eru óheimilar, nema aukefnanefnd hafi veitt sérstaka heimild til slíkra auglýsinga.
- 14.4. Brennisteinssýrting og sölt (súlfít, bísúlfít og tvísúlfít) er einungis heimilt að nota samkvæmt ákvæðum aukefnalista í vörur sem seldar eru í neytendaumbúðum. Þannig er óheimilt að nota súlfít í vörur, sem boðnar eru til neyslu á veitingastöðum eða í mótuneytum.

X. KAFLI.

Eftirlit og rannsóknir.

15. gr.

- 15.1. Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt. Aukefnanefnd skal jafnframt fylgjast með því, að ákvæði í gr. 14.3. sé framfylgt.
- 15.2. Hollustuvernd ríkisins, skal vegna opinbers eftirlits, annast rannsóknir varðandi eiginleika og hreinleika aukefna og innihald þeirra í matvælum og öðrum neysluvörum. Stofnunin getur þó í vissum tilvikum falið öðrum rannsóknarstofum að annast slíkar rannsóknir og skal þess þá gætt, að með niðurstöður rannsókna sé farið sem trúnaðarmál.
- 15.3. Leiði athuganir eða rannsóknir í ljós, að matvæli eða aðrar neysluvörur uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar varðandi innihald aukefna, skal Hollustuvernd ríkisins að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd, krefjast þess að sá sem sekur gerist um brot greiði allan kostnað, sem leitt hefur af útvegum sýna og rannsókna á þeim. Sama málsmeðferð skal viðhöfð við athuganir og rannsóknir á aukefnum, aukefnablöndum og hráefnum til matvælavinnslu sem innihalda aukefni.
- 15.4. Verði ágreiningur á milli eftirlitsaðila og framleiðanda eða innflytjanda, um flokkun vöruhegunda í matvælaflokka samkvæmt aukefnalista, skal skjóta málinu til úrskurðar aukefnanefndar.

XI. KAFLI.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

16. gr.

16.1. Innlendur framleiðandi og innflytjandi eða umboðsaðili, ef um innflutta vöru er að ræða, eru ábyrgir fyrir því að vörutegundir sem hér eru á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Jafnframt er söluaðila óheimilt, að selja vörur sem ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

17. gr.

17.1. Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, sbr. og lög nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

17.2. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

18.1. Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

18.2. Með reglugerð þessari falla úr gildi ákvæði um notkun aukefna samkvæmt reglugerð nr. 250/1976 (ásamt síðari breytingum) um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, ákvæði reglugerðar nr. 243/1974 um íblöndun nítrita og nítрата í kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir, svo og ákvæði annarra reglugerða sem kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Fyrir vörutegundir, sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar, og sem ekki eru í samræmi við aukefnalista, er heimilt að veita tímabundinn frest til að koma á nauðsynlegum breytingum, enda berist umsókn þar að lútandi til Hollustuverndar ríkisins fyrir 1. janúar 1989. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum, er sala vörunnar óheimil.
2. Innan eins árs frá gildistöku þessarar reglugerðar, skulu settar reglugerðir um eftirtalda málaflokka:
 - a) Notkun bætiefna (vítamín/steinefni) í þeim tilgangi að hafa áhrif á næringargildi matvæla og annarra neysluvara.
 - b) Bragðefni sem óheimilt er að nota í matvæli og aðrar neysluvörur og reyksýrur og önnur efni sem heimilt er að nota við reykingu á kjötvörum og fiskafurðum.
3. Þar til reglugerðir um ofangreinda málaflokka taka gildi, skal um notkun bætiefna og jafnframt bragðefna sem óheimil eru til notkunar í matvælum og öðrum neysluvörum, farið samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 250/1976, ásamt síðari breytingum.
4. Til loka árs 1989, er Hollustuvernd ríkisins heimilt að veita aðilum frest til að uppfylla tiltekin ákvæði þessarar reglugerðar. Slíka fresti skal einungis veita að fenginni rökstuddri umsókn og að fenginni umsögn viðkomandi heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal.**AUKEFNALISTI****Efnisyfirlit:**

A-hluti,	MATVÆLAFLOKKAR:	Aukefni sem leyfð eru í matvælaflokkum eða tilteknum matvælum
B-hluti,	AUKEFNAFLOKKAR:	Aukefni flokkuð í aukefnaflokka
C-hluti,	NÚMER:	Aukefni flokkuð eftir númerum
D-hluti,	YFIRLIT YFIR NOTKUN AUKEFNA:	Aukefni flokkuð í stafrófsröð og með tilvísun í matvælaflokka þar sem notkun er leyfð
E-hluti,	YFIRLIT YFIR FÆÐUTEGUNDIR:	Fæðutegundir flokkaðar í stafrófsröð og með tilvísun í matvælaflokka sem þær tilheyrar

Til skýringar: Aukefnalistinn er svokallaður „jákvæður listi. Í því felst, að matvæli og aðrar neysluvörur, mega einungis innihalda þau aukefni, sem tilgreind eru fyrir viðkomandi vörutegundir í A-hluta listans.

A-hluti, MATVÆLAFLOKKAR.**Efnisyfirlit:**

- Matvælaflokkur 1: Mjólk og flestar mjólkurvörur
- Matvælaflokkur 2: Ostar og mysuostar
- Matvælaflokkur 3: Matarís, ísvörur og íssósur
- Matvælaflokkur 4: Feitmeti
- Matvælaflokkur 5: Kjöt og kjötvörur
- Matvælaflokkur 6: Fiskur og skeldýr
- Matvælaflokkur 7: Egg og eggjavörur
- Matvælaflokkur 8: Korn, kornvörur og ger
- Matvælaflokkur 9: Garðávextir og skyldar vörur
- Matvælaflokkur 10: Súpur, grautar, sósur og sultur
- Matvælaflokkur 11: Drykkjarvörur
- Matvælaflokkur 12: Sykur, hunang, kakó og sælgæti
- Matvælaflokkur 13: Matarsalt, edik, krydd og kraftur
- Matvælaflokkur 14: Sérfæða
- Matvælaflokkur 15: Bætiefni og náttúruvörur
- Matvælaflokkur 16: Matvæli og aðrar neysluvörur sem ekki er að finna í flokkum 1 til 15
- Matvælaflokkur 17: Aukefni til heimilisnota sem bjóða má til sölu í verslunum

Skilgreiningar varðandi hámarksákvæði

Viðauki 1: Tafla til að umreikna fosföt

Viðauki 2: Tafla til að umreikna brennisteinssambönd

Viðauki 3: Dæmi um notkun 100%-reglu fyrir rotvarnarefni, þráavarnarefni og bragðaukandi efni

01. MJÓLK OG FLESTAR MJÓLKURVÖRUR.

Efnisyfirlit:

- 01.1. Nýmjólk, léttmjólk, undanrenna, rjómi, súrmjólk, ýmir, kefir, mysa, sýrð undanrenna, sýrð léttmjólk, sýrður rjómi, sýrðar áfir, leifturhituð mjólk.
- 01.2. Súrmjólkurréttir, jógúrt, jógúrtrettir, jógúrtdrykkir, leifturhitaður rjómi, sýrðir rjómaréttir, mysudrykkir, mjólkurvörur með kakóbragði og aðrir bragðbættir mjólkurdrykkir.
- 01.3. Skyr og skyrréttir, kvarg og kvargréttir.
- 01.4. Þurrkaðar mjólkurvörur, mjólkurduft og undanrennuduft.
- 01.5. Niðursoðin og niðurseydd mjólk.
- 01.6. Mjólkur- og rjómaeftirréttir, s.s. búðingar, þeytirjómi og mjólkurgrautar.

Aukefnaflokkur	Númer	Aukefni	Ákvæði um hámark og athugasemdir
01.1. Nýmjólk, léttmjólk, undanrenna, rjómi, súrmjólk, ýmir, kefir, mysa, sýrð undanrenna, sýrð léttmjólk, sýrður rjómi, sýrðar áfir, leifturhituð mjólk.			
Bindiefni	E 440	Pektín	Aðeins í sýrðan rjóma
Önnur efni (hvatar)		Pepsín (hleypir) Rennín (hleypir)	} Aðeins í sýrðar vörur
01.2. Súrmjólkurréttir, jógúrt, jógúrtrettir, jógúrtdrykkir, leifturhitaður rjómi, sýrðir rjómaréttir, mysudrykkir, mjólkurvörur með kakóbragði og aðrir bragðbættir mjólkurdrykkir, (búðingar — sjá 01.6).			
Bindiefni	E 406 E 400–405 E 471 E 412 E 410 E 407 E 466	Agar Algínsýra og sölt Ein- og tvíglýseríð Gúargúmmí Karóbgúmmí Karragenan Natríumkarboxí- metýlsellulósa	5 g/kg 1 g/kg 5 g/kg 1 g/kg
	E 440 1422 1411,1412	Pektín Tvísterkjuadipat Tvísterkjufosfat	} Samtals 10 g/kg
	E 415	Xantangúmmí	
Bragðefni		Bragðefni Etýlvanillín Vanillín	
Sýrur, basar og sölt	500 E 330–333	Natríumbikarbónat Sítrónusýra og sölt	1 g/kg
Sætuefni		Aspartam	0,35 g/kg
			Aðeins í léttjógúrt

01.3. Skyr og skyrréttir, kvarg og kvargréttir, (búðingar — sjá 01.6).

- Sýrur, basar og sölt E 270,325–327 Mjólkursýra og sölt
- Önnur efni Pepsín (hleypir)
(hvatar) Rennín (hleypir)

Aukefnaflokkur	Númer	Aukefni	Ákvæði um hámark og athugasemdir
01.4. Þurrkaðar mjólkurvörur, mjólkurduft og undanrennuft.			
Bindiefni	E 322	Lesítín	Aðeins í skyndimjólkurduft
Sýrur, basar og sölt	E 339,340,450	Fosföt (kalíum- og natriúmfosföt)	2,5 g/kg r.s. P ₂ O ₅
	500	Natriumbíkarbónat	2 g/kg
Práavarnarefni	E 300	Askorbínsýra	} Samtals 0,5 g/kg
	E 304	Askorbýlpalmitat	
	E 301	Natriúmaskorbat	
01.5. Niðursoðin og niðurseydd mjólk			
Bindiefni	E 339,340,450	Fosföt (kalíum- og natriúmfosföt)	2 g/kg r.s. P ₂ O ₅
01.6. Mjólkur- og rjómaeftirtíttir, s.s. búðingar, þeytirjómi og mjólkurgrautar, (mataris, fromage og hristingur — sjá matvælaflokk 03.1.).			
Bindiefni	E 472 a-e	Ein- og tvíglýseríðesterar Sjá auk þess 01.2.	Samanlagt hámark bindiefna er 25 g/kg
Bragðefni		Sjá 01.2.	
Litarefni	E 160 b	Annattólausnir	10 mg/kg, r.s. bixín
	E 163	Antósýanlausnir	50 mg/kg
	E 160 e	Beta-apó-karótenal	35 mg/kg
	E 160 f	Beta-apó-karótensýru- etýlester	35 mg/kg
	E 160 a	Beta-karótín	35 mg/kg
	E 132	Indigótín	50 mg/kg
	E 161 g	Kantaxantín	20 mg/kg
	E 150	Karamellubrúnt	8 g/kg
	E 150	Karamellubrúnt ammóníerað	4 g/kg
	E 140	Klórófyll	} Samtals 25 mg/kg
	E 141	Klórófyllín-koparkomplex (kalíum- og natriúmsalt)	
	E 100	Kúrkúmín	20 mg/kg
	E 162	Rauðrófulitur	50 mg/kg, r.s. betanín
	E 101	Ríboflavín	20 mg/kg
Rotvarnarefni*	E 210–213	Bensósýra og sölt	} Aðeins í búðinga
	E 200–203	Sorbínsýra og sölt	
Sýrur, basar og sölt	509	Kalsíumklóríð	} Samtals 2 g/kg r.s. P ₂ O ₅
	500	Natriumbíkarbónat	
	E 339 a	Natriumeinfosfat	
	E 450 a	Tetrakalíumtvífosfat	
	E 330–333	Sítrónusýra og sölt	

* 100%-regla gildir fyrir rotvarnarefni. Sjá „Skilgreiningar varðandi hámarksákvæði“ og „Viðauka 3“

02. OSTAR OG MYSUOSTAR.

Efnisyfirlit:

02.1. Ferskir ostar, t.d. kotasæla og rjómaostar.

02.2. Gerjaðir ostar og mysuostar.

02.3. Bræddir ostar.

Aukefnaflokkur	Númer	Aukefni	Ákvæði um hámark og athugasemdir
02.1. Ferskir ostar t.d. kotasæla og rjómaostar.			
Bindiefni	E 412	Gúargúmmí	5 g/kg
	E 440	Pektín	
Bragðefni		Bragðefni	
Rotvarnarefni**	E 210-213	Bensósýra og sölt	2 g/kg
	E 200-203	Sorbínsýra og sölt	1 g/kg
Sýrur, basar og sölt	E 338	Fosfórsýra	10 g/kg ostamjólkur
	E 339-341,450	Fosföt	0,2 g/kg ostamjólkur
	575	Glúkónó-delta-laktón	10 g/kg ostamjólkur
	509	Kalsíumklóríð	0,2 g/kg ostamjólkur
	E 270	Mjólkursýra	3 g/kg
E 330-333	Sítrónusýra og sölt		
Önnur efni		Pepsín (hleypir)	} r.s. P ₂ O ₅
	(hvatar)	Rennín (hleypir)	
02.2. Gerjaðir ostar og mysuostar.			
Litarefni*	E 160 b	Annattólausnir	20 mg/kg r.s. bixín
	E 160 a	Beta-karótín	35 mg/kg
	E 150	Karamellubrónt	4 g/kg, aðeins í mysing og mysuosta
	E 140	Klórófyll	} Samtals 0.1 g/kg
	E 141	Klórófyllín-koparkomplex (kalíum og natríumsalt)	
	E 100	Kúrkúmín	10 mg/kg
	E 160 c	Papríkuóleóresín	
E 101	Ríbóflavín	20 mg/kg	
Rotvarnarefni**	E 210-213	Bensósýra og sölt	2 g/kg
	E 252	Kalíumnítrat	} Samtals 0,15 g/kg ostamjólkur, r.s. KNO ₃
	E 251	Natríumnítrat	
	235	Natamýsín	2 g/kg í lausn til yfirborðs-meðhöndlunar
	E 200-203	Sorbínsýra og sölt	1 g/kg
Sýrur, basar og sölt	E 339-341	Einfosföt	0,2 g/kg ostamjólkur r.s. P ₂ O ₅
	509	Kalsíumklóríð	0,2 g/kg ostamjólkur
	E 270	Mjólkursýra	3 g/kg
Önnur efni		Pepsín (hleypir)	
	(hvatar)	Rennín (hleypir)	

* Öll litarefni í aukefnaflokk B 7 eru leyfð í ostavax.

** 100%-regla gildir fyrir rotvarnarefni. Sjá „Skilgreiningar varðandi hámarksákvæði“ og „Viðauka 3“

Aukefnaflokkur	Númer	Aukefni	Ákvæði um hámark og athugasemdir
02.3. Bræddir ostar.			
Bindiefni	E 400–405	Algínsýra og sölt	5 g/kg
Litarefni		Sjá 02.2.	
Rotvarnarefni*	E 210–213 E 200–203	Bensósýra og sölt Sorbínsýra og sölt	3 g/kg 1 g/kg
Sýrur, basar og sölt	E 338 E 339–341,450 E 170 E 270,325–327 500 E 330–333	Fosfórsýra Fosföt Kalsíumkarbónat Mjólkursýra og sölt Natríumbíkarbónat Sítrónusýra og sölt	} Samtals 20 g/kg, r.s. P ₂ O ₅
Önnur efni (hvatar)		Pepsín (hleypir) Rennín (hleypir)	

03. MATARÍS, ÍSVÖRUR OG ÍSSÓSUR.

Efnisyfirlit:

03.1. Rjómaís, mjólkurís, jurtaís, vatnsís, mjólkurhristingur, sherbet, ísblöndur, ísbúðingar (fromage, truffle) og íssósur.

Aukefnaflokkur	Númer	Aukefni	Ákvæði um hámark og athugasemdir
03.1. Rjómaís, mjólkurís, jurtaís, vatnsís, mjólkurhristingur, sherbet, ísblöndur, ísbúðingar (fromage, truffle) og íssósur.			
Bindiefni	E 471 E 472 a-d E 475 432-436 E 322 E 406 E 401–404 E 412 E 410 E 407 E 440 E 405 E 460 E 461,464–466	Ein- og tvíglýseríð Ein- og tvíglýseríðesterar Fjölglyserólesterar Fjölsorböt Lesítín Agar Algínöt Gúargúmmí Karábgúmmí Karragenan Pektín Própýlenglýkóalginat Sellulósa Sellulósueterar Polydextrósa	2 g/kg 5 g/kg 5 g/kg 5 g/kg 4 g/kg 3 g/kg 5 g/kg 150 g/kg, notist aðeins með aspartam
	E 422 E 420	Glyseról Sorbitól	} Samtals 30 g/kg
	E 413 E 415	Tragant Xantangúmmí	
Bragðefni		Bragðefni Etýlvanillín Vanillín	

* 100%–regla gildir fyrir rotvarnarefni. Sjá „Skilgreiningar varðandi hámarksákvæði“ og „Viðauka 3“

Aukefnaflokkur	Númer	Aukefni	Ákvæði um hámark og athugasemdir	
Litarefni	E 160 b	Annattólausnir	10 mg/kg, r.s. bixín	
	E 163	Antósýanlausnir	50 mg/kg	
	E 160 e	Beta-apó-karótenal	35 mg/kg	
	E 160 f	Beta-apó-karótensýru-etýlester	35 mg/kg	
	E 160 a	Beta-karótín	35 mg/kg	
	(Heimild fyrir E 127 er í endurskoðun)	E 127	Erýtrósín	30 mg/kg, aðeins í íssósúr
	E 132	Indigótín	50 mg/kg	
	E 161 g	Kantaxantín	20 mg/kg	
	E 150	Karamellubrúnt	8 g/kg	
	E 150	Karamellubrúnt, ammóníerað	4 g/kg	
	E 104	Kínólínugult	30 mg/kg	
	E 140	Klórófyll	} Samtals 25 mg/kg	
	E 140	Klórófyllín-koparkomplex (kalíum- og natríumsalt)		
	E 100	Kúrkúmín	20 mg/kg	
	E 162	Rauðrófulitur	50 mg/kg, r.s. betanín	
	E 101	Ríbóflavín	20 mg/kg	
Rotvarnarefni*	E 210–213	Bensósýra og sölt	} Aðeins í vatnsís og íssósúr	
	E 200–203	Sorbínsýra og sölt		
Sýrur, basar og sölt	296	Eplasýra	} Samtals 5 g/kg, nema 1 g/kg í ísbúðinga	
	E 270, 325–327	Mjólkursýra og sölt		
	E 330–333	Sítrónusýra og sölt		
Sætuefni		Aspartam	0,8 g/kg, aðeins í vatnsís (saftís). Magn tvíketópíperasíns má ekki fara yfir 0,2 g/kg	
		Sakkarín og sölt	0,2 g/kg	

04. FEITMETI

Efnisyfirlit:

- 04.1. Hrein fita.
- 04.2. Smjör og smjörvi.
- 04.3. Smjörlíki, mínarín, önnur fita til bökunar og steikingar og olíuúði.
- 04.4. Majones og olíusósúr með minnst 80% fitu.
- 04.5. Majones, kryddaðar olíusósúr og salatsósúr með minna en 80% fitu.

Aukefnaflokkur	Númer	Aukefni	Ákvæði um hámark og athugasemdir
04.1. Hrein fita.			
Froðueyðar	900	Tvímetýlfjölsíloxan	10 mg/kg
Þrávarnarefni*	E 300	Askorbínsýra	0,2 g/kg
	E 301	Natríumaskorbat	0,2 g/kg
	E 304	Askorbýlpalmitat	0,2 g/kg
	E 320,321	BHA, BHT	Samtals 0,1 g/kg
	E 310–312	Gallöt	50 mg/kg
	E 306,307	Tókóferólar	0,5 g/kg

* 100%-regla gildir fyrir rotvarnarefni og þrávarnarefni. Sjá „Skilgreiningar varðandi hámarksákvæði“ og „Viðauka 3“.

Aukefnaflokkur	Númer	Aukefni	Ákvæði um hámark og athugasemdir
04.2. Smjör og smjörvi.			
Litarefni	E 160 b	Annattólausnir	20 mg/kg, r.s. bixín
	E 160 a	Beta-karótín	30 mg/kg
Sýrur, basar og sölt	E 339-341	Einfosföt	2 g/kg, r.s. P ₂ O ₅
	500	Natríumkarbónöt	2 g/kg
04.3. Smjörlíki, mínarín, önnur fita til bökunar og steikingar og olíuúði.			
Bindiefni	E 339-341	Einfosföt	2 g/kg, r.s. P ₂ O ₅
	E 471	Ein- og tvíglýseríð	
	E 472 a-d	Ein- og tvíglýseríð- esterar	5 g/kg
	E 475	Fjölglyserólesterar	2 g/kg
Bragðefni		Bragðefni	
		Tvíasetýl	
Litarefni	E 160 b	Annattólausnir	20 mg/kg, r.s. bixín
	E 160 a	Beta-karótín	30 mg/kg
	E 100	Kúrkúmín	10 mg/kg
Rotvarnarefni*	E 210,211	Bensósýra og sölt	1 g/kg, aðeins í mínarín, þ.e. fituminna smjörlíki
	E 200-203	Sorbínsýra og sölt	1 g/kg
Sýrur, basar og sölt	E 270,327	Mjólkursýra og kalsíumlaktat	
	E 330-333	Sítrónusýra og sölt	
	E 334-337	Vínsýra og sölt	
Práavarnarefni		Sjá 04.1.	
04.4 Majones og olíusósar með minnst 80% fitu.			
Bindiefni	E 406	Agar	
	E 400-404	Algínsýra og sölt	
Natríumbísúlfít	E 222	B ₁₀	08.6, sjá einnig brennisteinssýrling og sölt
Natríumeinfosfat	E 339 a	B ₁₀	Sjá einnatríumeinfosfat
Natríumetýl-p-hydroxíbensóat	E 215	B ₉	Sjá parahydroxíbensósýruæstera og sölt
Natríumferrósýaníð	535	B ₆	10.1, 10.5, 13.1, 13.3, 13.4, 16
Natríumfjölfosfat	E 450 c	B ₁	12.8, sjá einnig fjölföföt
Natríumglúkónat	576	B ₁₀	12.8
Natríumhydroxíð	524	B ₁₀ , B ₁₂	08.9, 11.9, 11.10, 12.6, 12.7
Natríumkarboxí-metýlsellulósi	E 466	B ₁	01.2, 01.6, 05.10, 12.6, sjá einnig sellulósuætera

Aukefni	Númer	Aukefna- flokkur	Leyfð notkun í matvælaflokkum
Natríumkarbónat	500	B ₈ , B ₁₀	04.2, 04.4, 04.5, 08.6, 11.4, 11.7, 11.9, 11.10, 12.6, 12.7, 12.8, 15.1, 16
Natríumkarbónöt	500	B ₈ , B ₁₀	Sjá natríumkarbónat og natríumbíkarbónat
Natríumkalíumtartrat	E 337	B ₈ , B ₁₀	Sjá vínsýru og sölt
Natríumlaktat	E 325	B ₁₀	Sjá mjólkursýru og sölt
Natríummalat	350	B ₁₀	Sjá eplasýru og sölt
Natríumetyl-p- hydroxíbensóat	E 219	B ₉	Sjá parahydroxíbensósýruæstera og sölt
Natríumnítrat	E 251	B ₉	02.2, 17.6
Natríumnítrít	E 250	B ₉	05.4, 05.6, 05.7, 05.8
Natríumprópíónat	E 281	B ₉	Sjá própíónsýru og sölt
Natríumprópýl-p- hydroxíbensóat	E 217	B ₉	Sjá parahydroxíbensósýruæstera og sölt
Natríumsakkarínat		B ₁₁	Sjá sakkarín og sölt
Natríumsilikat	550	B ₆	10.1, 10.5, 11.4, 12.1, 12.2, 13.1, 13.3, 13.4, 15.1, 16
Natríumsítrat	E 331	B ₁₀	14.1, 14.2, 17.7, sjá einnig sítrónusýru og sölt
Natríumsorbat	E 201	B ₉	Sjá sorbínsýru og sölt
Natríumsterat	E 470	B ₁₂	Sjá sterínsýru og sölt
Natríumsteróýllaktýlát	E 481	B ₁	Sjá steróýllaktýlöt
Natríumsúlfat	514	B ₁₀	15.1, sjá einnig súlföt
Natríumsúlfít	E 221	B ₉ , B ₁₃	Sjá brennisteinssýrling og sölt
Natríumsýklamat		B ₁₁	Sjá sýklamat og sölt
Natríumtartrat	E 335	B ₈ , B ₁₀	Sjá vínsýru og sölt
Natríumtvífosföt	E 450 a	B ₈ , B ₁₀	08.6, 10.3, 10.4, sjá einnig tvífosföt
Natríumtvísúlfít	E 223	B ₁₀	08.6, sjá einnig brennisteinssýrling og sölt
Natríumþrífosfat	E 450 b	B ₁	12.8, sjá einnig fjölfosföt
Oktýlgallat	E 311	B ₁₃	Sjá gallöt
Papain		B ₁₄	08.2, 08.5, 08.6
Papríkuóleóresín	E 160 c	B ₇	02.2, 02.3, 04.4, 04.5, 06.7, 08.5, 08.6, 10.1, 10.2, 10.3, 10.5, 12.5, 12.8
Parafínolía	905	B ₁₂	12.8, 15.1
Parafínvax	905	B ₁₂	12.8, 15.1
Parahydroxíbensó- sýruæstera og sölt	E 214-219	B ₉	06.7, 08.6, 09.10, 09.11, 10.2, 10.3, 10.4, 11.4, 12.5, 12.8, 15.1, 16, 17.6
Pektín	E 440	B ₁	01.1, 01.2, 01.6, 02.1, 03.1, 04.4, 04.5, 05.5, 05.8, 06.5, 06.7, 06.10, 08.6, 09.11, 09.12, 10.1, 10.2, 10.3, 10.4, 10.5, 11.3, 11.4, 11.7, 11.8, 12.8, 14.3, 14.4, 15.1, 16, 17.1
Pektínasi		B ₁₄	11.1, 11.3, 11.8
Pepsín		B ₁₄	01.1, 01.3, 02.1, 02.2, 02.3,
Pólydextrósa	B ₁	03.1	
Ponceau 4 R	E 124	B ₇	09.11, 11.6, 11.7, 11.8

Aukefni	Númer	Aukefna- flokkur	Leyfð notkun í matvælaflokkum
Própýl-p- hydroxí- bensóat	E 216	B ₉	Sjá parahydroxíbensósýruestera og sölt
Própýlenglýkól		B ₁₄	08.4
Própýlenglýkóalginat	E 405	B ₁	03.1, 04.4, 04.5, 08.11, 08.12, 11.5, 11.6, sjá einnig algínsýru og sölt
Própýlenglýkólesterar	E 477	B ₁	04.4, 04.5, 08.6, 08.11, 08.12
Própýlgallat	E 310	B ₁₃	08.6, 12.8, sjá einnig gallöt
Própíónsýra og sölt	E 280-283	B ₉	04.4, 04.5, 08.5, 08.6, 09.10, 12.8, 16
Rauðrófulitur	E 162	B ₇	01.6, 03.1, 08.6, 08.8, 09.11, 09.12, 10.1, 10.2, 10.3, 10.5, 11.4, 11.6, 11.7, 11.8, 12.5, 12.8, 16, 17.4
Rennín		B ₁₄	01.1, 01.3, 02.1, 02.2, 02.3,
Ríbóflavín	E 101	B ₇	01.6, 02.2, 02.3, 03.1, 04.4, 04.5, 06.7, 08.4, 08.6, 08.9, 09.11, 09.12, 10.4, 12.8, 15.1, 16
Ríbóflavín-5- fosfat	101 a	B ₇	11.4
Sakkarín og sölt		B ₁₁	03.1, 10.2, 10.3, 11.4, 12.8, 14.5, 15.1, 16, 17.8
Sakkarósutvíasetat- hexaísóbútýrat (SAIB)		B ₁	11.4, 11.8
Saltsýra og sölt	507-510	B ₁₀	11.5, sjá einnig klóríð
Sellulósa	E 460	B ₁	03.1, 04.4, 04.5, 05.8, 06.5, 06.7, 06.10, 08.6, 08.12, 09.11, 09.12, 10.1, 10.2, 10.3, 10.4, 10.5, 11.4, 11.8, 12.8, 15.1, 16, 17.1
Sellulósueterar	E 461, 464-466	B ₁	03.1, 04.4, 04.5, 05.8, 06.5, 06.7, 06.10, 08.6, 08.12, 09.11, 09.12, 10.1, 10.2, 10.3, 10.4, 10.5, 11.3, 11.4, 11.5, 11.6, 11.8, 12.8, 15.1, 16, sjá einnig karboxí- metýl- og natríumkarboxímetýlsellulósu
Shellakk	904	B ₁₂	12.8, 15.1
Silfur	E 174	B ₇	08.6, 11.7
Sítrónusýra og sölt	E 330-333	B ₁₀ , B ₁₃	01.2, 01.6, 02.1, 02.3, 03.1, 04.3, 04.4, 04.5, 05.2, 05.4, 05.5, 05.6, 05.7, 05.9, 05.10, 06.4, 06.7, 06.9, 06.10, 08.4, 08.5, 08.6, 08.8, 08.9, 08.12, 09.2, 09.3, 09.5, 09.6, 09.10, 09.11, 09.12, 10.1, 10.2, 10.3, 10.4, 10.5, 11.2, 11.3, 11.4, 11.6, 11.7, 11.8, 11.9, 11.10, 12.2, 12.6, 12.7, 12.8, 13.4, 13.6, 14.1, 14.2, 14.3, 14.4, 15.1, 16, 17.7, sjá einnig kalsíum- og natríumsítrat
Sorbitaneinlaurat	493	B ₁	Sjá sorbitanestera
Sorbitaneinóleat	494	B ₁	Sjá sorbitanestera
Sorbitaneinpalmitat	495	B ₁	Sjá sorbitanestera
Sorbitaneinsterat	491	B ₁	11.4, 11.8, 13.4, sjá einnig sorbitanestera
Sorbitanestera	4491-495	B ₁	04.4, 04.5, 08.11, 08.12, 12.7, 12.8, 16
Sorbitanþrísterat	492	B ₁	Sjá sorbitanestera
Sorbitól	E 420	B ₁ , B ₁₁	03.1, 05.10, 08.6, 12.5, 12.8
Sorbínsýra og sölt	E 200-203	B ₉	01.6, 02.1, 02.2, 02.3, 03.1, 04.3, 04.4, 04.5, 05.6, 05.10, 06.3, 06.6, 06.7, 07.3, 08.5, 08.6, 09.4, 09.10, 09.11, 10.2, 10.3, 10.4, 11.1, 11.3, 11.4, 11.6, 11.8, 12.5, 12.8, 13.2, 13.5, 13.6, 15.1, 16, 17.6, sjá einnig kalíumsorbat

Aukefni	Númer	Aukefna- flokkur	Leyfð notkun í matvælaflokkum
Sterkja, oxuð	1404	B ₁	Sjá sterkjusambönd
Sterkjuasetat	1420-1421	B ₁	Sjá sterkjusambönd
Sterkjusambönd	1404-1442	B ₁	01.2, 01.6, 04.4, 04.5, 05.5, 05.6, 05.8, 06.5, 06.7, 06.10, 08.6, 09.6, 09.11, 09.12, 10.1, 10.2, 10.3, 10.4, 10.5, 12.8, 13.4, 13.6, 14.3, 16, sjá einnig asetýlerað tvísterkjufosfat, tvísterkjufosfat og tvísterkjuadipat
Sterínsýra og sölt	E 470, 570, 572	B ₁₂	12.8, 15.1, sjá einnig kalíum-, kalsíum- og magnesíumsterat
Steróyllaktýlöt	E 481-482	B ₁	04.4, 04.5, 08.5, 08.6, 09.5, 09.6
Sunset Yellow FCF	E 110	B ₇	09.11, 11.6, 11.7, 11.8
Súlföt	514-516, 518	B ₁₀	11.4, sjá einnig brennisteinssýru og sölt, kalíum-, kalsíum-, magnesíum- og natríumsúlfat
Sýklamat og sölt		B ₁₁	11.4, 14.5, 17.8
Talkúm	553 b	B ₅	15.1
Tannín		B ₁₄	11.6, 11.8
Tartrasín	E 102	B ₇	09.11, 11.6, 11.7, 11.8
Tetrakalíumtvífosfat	E 450 a	B ₁₀	01.6, sjá einnig tvífosföt
Tetranatríumtvífosfat	E 450 a	B ₁ , B ₈ , B ₁₀	Sjá tvífosföt og natríumtvífosföt
Títantvíoxíð	E 171	B ₇	08.6, 12.5, 12.8, 15.1, 16
Tókóferólar	E 306, 307	B ₁₃	04.1, 04.3, 04.4, 04.5, 08.6, 08.12, 09.4, 10.1, 10.2, 10.4, 10.5, 12.5, 12.8, 13.5, 13.6, 14.1, 14.2, 16,
Tragant	E 413	B ₁	03.1, 06.5, 06.7, 06.10, 08.6, 09.11, 09.12, 10.1, 10.2, 10.3, 10.4, 10.5, 11.4, 11.8, 12.8, 15.1, 16.1
Tvíammóníumeinfosfat		B ₁₀	12.8, sjá einnig ammóníumeinfosfat
Tvíasetýl		B ₃	04.3, 04.4, 04.5, 08.6, 10.1, 10.4, 10.5, 11.7, 16
Tvífosföt	E 450	B ₈ , B ₁₀	08.4, 08.5, 08.8, 08.9, 17.5, 17.7, sjá einnig fjölfosföt og natríumtvífosföt
Tvíkálíumeinfosfat	E 340 b	B ₁ , B ₈ , B ₁₀	Sjá einfosföt
Tvíkalsíumeinfosfat	E 341 b	B ₆	17.3, sjá einnig kalsíumeinfosföt
Tvímetýlfjölsíloxan	900	B ₄	04.1, 09.12, 10.1, 10.2, 10.3, 10.5, 11.2, 11.3, 11.4, 11.5, 12.8, 15.1, 16
Tvínatríumeinfosfat	E 339 b	B ₁ , B ₈ , B ₁₀	Sjá einfosföt
Tvínatríumgúanýlat	627	B ₂	05.5, 05.6, 05.7, 05.8, 05.9, 06.4, 06.5, 06.7, 06.10, 08.4, 10.1, 10.4, 10.5, 13.4, 13.5, 13.6, 16
Tvínatríumínósínat	631	B ₂	05.5, 05.6, 05.7, 05.8, 05.9, 06.4, 06.5, 06.7, 06.10, 08.4, 10.1, 10.4, 10.5, 13.4, 13.5, 13.6, 16
Tvínatríumtvífosfat	E 450 a	B ₁ , B ₈ , B ₁₀	Sjá tvífosföt og natríumtvífosföt
Tvísterkjuadipat	1422	B ₁	01.2, 01.6, sjá einnig sterkjusambönd
Tvísterkjufosfat	1411, 1412	B ₁	01.2, 01.6, 14.3, sjá einnig sterkjusambönd
Vanillín		B ₃	01.2, 03.1, 08.6, 11.4, 11.7, 12.2, 12.6, 12.7, 12.8, 14.2, 15.1, 16
Viðarkolsvart	E 153	B ₇	06.7, 12.5, 12.8, 15.1, 16

Aukefni	Númer	Aukefna- flokkur	Leyfð notkun í matvælaflokkum
Vínsýra og sölt	E 334-337, 354	B ₈ , B ₁₀	04.3, 08.6, 10.2, 10.3, 10.4, 10.5, 11.4, 11.8, 11.9, 11.10, 12.6, 12.7, 12.8, 13.4, 13.6, 15.1, 16, 17.5, 17.7
Xantangúmmí	E 415	B ₁	01.2, 01.6, 03.1, 04.5, 05.8, 06.5, 06.7, 06.10, 09.9, 09.11, 09.12, 10.1, 10.2, 10.3, 10.4, 10.5, 11.4, 11.6, 11.8, 12.8, 15.1, 16
Xylítól		B ₁₁	12.8, 15.1
Príkalíumeinfosfat	E 340 c	B ₁ , B ₈ , B ₁₀	Sjá einfosföt
Príkalsíumeinfosfat	E 341 c	B ₆	11.9, 11.10, 13.1, 13.3, 13.4, 17.3, sjá einnig kalsíumeinfosföt
Prínatríumeinfosfat	E 339 c	B ₁ , B ₈ , B ₁₀	Sjá einfosföt

E-hluti, YFIRLIT YFIR FÆÐUTEGUNDIR.

Fæðutegundir flokkaðar í stafrófsröð og með tilvísun í matvælaflokkum sem þær tilheyra.

Fæðutegund	Matvæla- flokkur.	Fæðutegund	Matvæla- flokkur.
A Aldinsafar	11.1	F Feitmeti	04
Aldinsaftdrykkir	11.3	Fersk skeldýr	06.8
Aldinsaftir	11.2	Ferskfryst kjöt	05.1
Aldinþykkni	11.1	Ferskfryst skeldýr	06.8
Alifuglakjöt	05.1	Ferskfrystir garðávextir	09.2
Aukefni til heimilisnota	17	Ferskfrystur fiskur	06.1
Ávaxtasósur	10.4	Ferskir garðávextir	09.1
Ávextir	09	Ferskir ostar	02.1
B Barnamatur	14	Ferskt blóð	05.2
Ber	09	Ferskt kjöt	05.1
Bjór	11.5	Ferskur fiskur	06.1
Bjúgu	05.7	Fiskafurðir	06
Blandaðar vörur	16	Fiskfars og farsvörur	06.5
Blóðmör	05.1	Fiskflök	06.1
Borðsætuefni	17.8	Fiskhakk	06.4
Bragðbættir mjólkurdrykkir	01.2	Fisksósur	10.5
Brauð	08.5	Fisksúpur	10.5
Brauðdeig	08.5	Fiskur	06
Brauðmysla (raspur)	08.5	Fljótandi eggjavörur	07.3
Brennd vín	11.7	Flórsykur	12.1
Brjóstsykur	12.8	Formkökur	8.6
Bræddir ostar	12.3	Fromage	03.1
Búðingar	01.6, 16	Fryst blóð	05.2
Bætiefnablöndur	15.1	Fryst soðin skeldýr	06.9
Bætiefni	15.1	Frystar eggjavörur	07.2
D Drykkjarvörur	11	Frúktósi	12.2
E Edik	13.2	Fyllingar fyrir vinarbrauð, kökur o.þ.h. vörur	08.6
Ediksýra	13.2	G Galaktósi	12.2
Egg, heil	07.1	Garðávextir	09
Eggjavörur	07	Garnir	05.10

	Matvæla- flokkur.	Fæðutegund	Matvæla- flokkur.
Ger	08	Kaviar	06.7
Gerbakstur	08.5	Kefir	01.1
Gerjaðir ostar	02.2	Kex	08.6
Gervihunang	12.2	Kjúklingar	05.1
Gervirjóni	08.6	Kjöt	05
Ginseng	15.1	Kjöt í sósu	05.5
Gosdrykkir	11.4	Kjötálegg	05.6
Grafið kjöt	05.4	Kjötþúðingar	05.7
Grafinn fiskur	06.6	Kjötfars	05.7
Grautar	10.1,10.2	Kjöthakk	05.1
Grjón	08.3,08.4	Kjötsósar	10.5
Grænmeti	09	Kjötsúpur	10.5
Grænmetismauk	09.10	Kjötvörur	05
Grænmetissósar	10.4	Kokkteilber	09.11
Gúllas	05.5	Kokkteillöndur	11.8
H Hafragrjón	08.3	Kokkteillaukar	09.11
Hangikjöt	05.4	Konfekt	12.8
Hangikjötsálegg	05.4	Korn	08.1
Heilmalað korn	08.1	Kornflögur, -hringir og -kúlur	08.8
Hertur fiskur	06.2	Kornvörur	08
Hjörtu	05.1	Kotasæla	02.1
Hlaup	10.3	Krem	08.6
Hnetur	09.7	Kringlur	08.5
Hnetusmjör	09.9	Kryddaðar olíusósar með minna en 80% fitu	04.5
Hrápýlsur	05.6	Kryddböndur	13.4
Hráskinka	05.4	Kryddbönduð grjón	08.4
Hrásykur	12.1	Kryddedik	13.2
Hrein fita	04.1	Kryddlegið kjöt	05.9
Hreindýrakjöt	05.1	Kryddsósar	04.5,13.5
Hrísgrjón	08.3	Kryddúrdráttur	13.5
Hrogn	06.1	Kvarg	01.3
Hrökkbrauð	08.7	Kvargréttir	01.3
Hunang	12.4	Kæfur	05.6
Hvalkjöt	05.1	Kæstur fiskur	06.6
Hveiti	08.2	Kökubotnar	08.6
I Innmatur	05.1	Kökudeig	08.6
Invert sykur	12.3	Kökuduft	08.6
Ísblöndur	03.1	Kökur	08.6
Ísbúðingar	03.1	Kökuskraut	16
Íssósar	03.1	L Lakkrisvörur	12.8
Ísvörur	03	Laktósi	12.2
J Jógurt	01.2	Leifturhitaður rjóni	01.2
Jógurtdrykkir	01.2	Leifturhituð mjólk	01.1
Jógúrtréttir	01.2	Léttjógurt	01.2
Jurtakrydd	13.3	Léttmjólk	01.1
Jurtaís	03.1	Lifrarkæfa	05.6
K Kaffi, kaffiduft	11.9	Lifrapýlsa	05.1
Kakó	12.6	Lifur	05.1,06.1
Kakóduft	12.6	Londonlamb	05.4
Kakómalt	12.6	Lyftiduft	17.5
Kakómjólki	01.2	M Majones með minna en 80% fitu	04.5
Kakóvörur	12.6	Majones með minnst 80% fitu	04.4
Kandís	12.2	Malakoff	05.6
Kanínukjöt	05.1	Maltdrykkir	11.5
Karamellur	12.8	Maltósi	12.2
Kartöflur	09		

Fæðutegund	Matvæla- flokkur.	Fæðutegund	Matvæla- flokkur.
Marmelaði	10.3	R Raspur	08.5
Marsipan	12.5	Reykt kjöt	05.4
Matarís	03	Reyktur fiskur	06.6
Matarlitir	17.4	Rjómaeftirréttir	01.6
Matarpýlsur	05.7	Rjómais	03.1
Matarsalt	13.1	Rjómaostar	02.1
Mauk	09.10,10.3	Rjómi (einnig sýrður)	01.1
Megrúnarfæði	14.5	S Salatsósur með minna en 80% fitu	04.5
Mínarín	04.3	Saltað kjöt	05.4
Mjólk	01	Saltfiskur	06.3
Mjólkurbúðingar	01.6	Saltkjöt	05.4
Mjólkurduft	01.4	Saltstengur	08.9
Mjólkureftirréttir	01.6	Samkvæmissnarl úr korni	08.9
Mjólkurgrautar	01.6	Saxbautar	05.5
Mjólkurhristingur	03.1	Sérfæða	14
Mjólkuris	03.1	Sherbet	03.1
Mjólkurvörur	01	Siginn fiskur	06.6
Mjöl	08.2	Sinnep	10.4
Molasykur	12.1	Síróp	12.2
Morgunkorn	08.8	Sjólax	06.7
Mysa	01.1	Skeldýr	06
Mysingur	02.2	Skinka	05.4
Mysudrykkir	01.2	Skyndimjólkurduft	01.4
Mysuostar	02.2	Skyr	01.3
Möndlumassi	12.5	Skyrréttir	01.3
Möndlur	09.7,09,8	Slóg	06.1
N Náttúruvörur	15.1	Smjör	04.2
Niðurlagðar kjötfarsvörur	05.8	Smjördeigsbrauð	08.6
Niðurlagðar súpur	10.2	Smjörlíki	04.3
Niðurlagðir garðávextir	09.11	Smjörvi	04.2
Niðurlagðir grautar	10.2	Sojasósa	13.5
Niðurlagður fiskur, fiskafurðir og skeldýr	06.7	Sósukraftur	13.6
Niðurlögð ungbarnafæða	14.3	Sósur	03.1,04.5,10.1,10.4,10.5,13.5
Niðurseydd mjólk	01.5	Spagetti	08.3
Niðursoðið korn	08.10,09.12	Spægipýlsa	05.6
Niðursoðin mjólk	01.5	Steiktir garðávextir	09.6
Niðursoðin ungbarnafæða	14.3	Steinefnatöflur	15.1
Niðursoðnar kjötfarsvörur	05.8	Strásykur	12.1
Niðursoðnir garðávextir	09.12	Strásæta	17.8
Nýmjólk	01.1	Sultur	05.1
Nýru	05.1	Sultur, kjötafurðir	10.3
O Oliúsósur með minnst 80% fitu	04.4	Súkkulaði	12.7
Oliuúði	04.3	Súkkulaði-duft	12.6
Ostar	02	Súkkulaðifyllingar	12.8
Ó Óáfeng vín	11.8	Súkkulíki	12.8
Óbrennd vín	11.6	Súpukraftur	13.6
Ómalað korn	08.1	Súpur	10.1,10.2,10.5
P Pastur	08.3	Súrmjólk	01.1
Paté	05.6	Súrmjólkurréttir	01.2
Pizzubotnar	08.5	Súrsaðir garðávextir	09.11
Pítubrauð	08.5	Svaladrykkir	11.4
Pressuger	08.11	Svið	05.1
Próteinduft	15.1	Svínasíða	05.4
Púðursykur	12.1	Sykur	12.1
Pýlsur	05.7	Sykurfyllingar	12.8
Pýlsuskæni	05.10	Sykursýkisfæði	14.5
		Sýrð léttmjólk	01.1

	Matvæla- flokkur.		Matvæla- flokkur.
Fæðutegund		Fæðutegund	
Sýrð undanrenna	01.1	V Vatnsís	03.1
Sýrðar áfir	01.1	Vín	11.6,11.7,11.8
Sýrðar kjötvörur	05.3	Vínarbrauð	08.6
Sýrðir rjómaréttir	01.2	Vítamíntöflur og -drykkir	15.1
Sælgæti	12.7,12.8	W Worchestersósa	13.5
Sælgætistöflur	12.8	Ý Ýmir	01.1
Sætuefnatöflur	17.8	P Peytirjómi	01.6
T Te, teduft	11.10	Purrger	08.12
Tilbúnir kjötréttir	05.5	Purrkaðar eggjavörur	07.4
Tómatmauk	09.10	Purrkaðar kartöflur	09.5
Tómatsósur	10.4	Purrkaðar mjólkurvörur	01.4
Triffle	03.1	Purrkaðir ávextir	09.4
Tungur	05.1	Purrkaður fiskur	06.2
Tvíbökur	08.5	Purrkuð ber	09.4
Tyggigúmmí	12.8	Purrkuð ber	09.5
U Undanrenna	01.1	Ö Öl	11.5
Undanrennuduft	01.4		
Ungbarnagrautar	14.2		
Ungbarnasafi og ungbarnasaft	14.4		
Ungbarnaþurrmjólk	14.1		

REGLUGERÐ

fyrir talnagetraunir Íslenskrar Getspár.

1. gr.

Íslensk Getspá er félag í eigu Íþróttasambands Íslands (ÍSí), Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) og Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ), sem stofnað er til að starfrækja talnagetraunir og/eða bókstafagetraunir í þeim tilgangi að afla fjár til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan ÍSí og UMFÍ og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum ÖBÍ eða til að standa undir annarri starfsemi þess í þágu öryrkja.

Heimili félagsins, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Íslensk Getspá starfrækir talnagetraunir (lottó) undir heitinu „Lottó 5/38“. Um þá starfsemi gilda eftirfarandi reglur:

Leikspjöld, útfylling þeirra og greiðsla.

1. Íslensk Getspá gefur út og dreifir leikspjöldum til þátttöku í talnagetrauninni. Á hverju leikspjaldi eru 10 leikir (raðir), sem merktir eru bókstöfunum A, B, C, D, E, F, G, H, I og J, og er hver leikur með tölunum 1—38. Getur hver þátttakandi tekið þátt í einum til tíu leikjum á hverju leikspjaldi. Á leikspjaldi skulu vera leiðbeiningar um þátttöku í talnagetrauninni. Þar skal og vera hvatning til þátttakanda að rita nafn sitt á þátttökukvittun í öryggisskyni.
2. Leikir í talnagetrauninni fara að jafnaði fram einu sinni í viku samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar Getspár.

3. Leikurinn felst í því að þátttakandi strikar lóðrétt með blýanti eða dökkum penna (ekki rauðum lit) í reiti fimm mismunandi talna, sem hann velur af þeim tölum, sem tilgreindar eru í hverri röð og skal byrjað á röð A. Geri þátttakandi villu skal hann ógilda þá röð með því að strika lóðrétt yfir þar til gerðan ógildingarreit viðkomandi raðar, og gildir þá ekki sú röð.
4. Að loknu vali á tölum samkvæmt 3. tölulið er leikspjaldið afhent söluaðila, sem rennir því í sölukassa sem tengdur er tölvukerfi Íslenskrar Getspár. Þátttakandi getur einnig tilkynnt þátttöku sína með því að skýra söluaðila munnlega frá vali sínu á tölum og sér þá söluaðili um skráningu þeirra talna í tölvukerfi Íslenskrar Getspár. Þá getur þátttakandi óskað eftir að tölur hans verði valdar af handahófi í sölukassa.
5. Söluaðili skal síðan afhenda þátttakanda þátttökukvittun ásamt viðkomandi leikspjaldi gegn greiðslu. Á kvittun skal koma fram bókstafur þeirrar eða þeirra raða, sem þátttaka er bundin við og þær tölur, er þátttakandi hefur valið í hverri röð. Þá skal koma fram heildartala þeirrar fjárhæðar, sem greidd hefur verið, dagsetning útdráttar eða gildistími, ef tekið er þátt í fleiri en einni leikviku, og öryggisnúmer, sem auðkennir viðkomandi afgreiðslu. Þátttakandi skal ganga úr skugga um að samræmi sé milli kvittunar og merkja á leikspjaldi, eða að hún sé í samræmi við munnleg fyrirmæli hans, hafi hann gefið tölur sínar upp munnlega. Þá ber þátttakanda að ganga úr skugga um að þátttökukvittun greini útdráttardag(a) eða gildistíma, sem þátttaka er bundin við.
6. Leikspjald gildir aldrei sem kvittun, en þátttakandi getur notað það aftur eða látið það gilda í 2, 5 eða 10 leikvikur, að eigin vali, ef hann óskar eftir óbreyttu talnavali, með því að strika lóðrétt yfir viðkomandi reit á leikspjaldi um fjölda leikvika.
7. Þátttaka í talnagetrauninni fer fram í samræmi við það er þátttökukvittun greinir. Telji þátttakandi að þátttökukvittun sé ekki í samræmi við leikspjald eða þær munnlegu upplýsingar, er hann gaf, skal hann bera fram kvörtun sína þegar í stað. Að öðrum kosti verður lítið svo á að hann hafi með móttöku þátttökukvittunar samþykkt þátttöku í samræmi við þær tölur, er kvittunin greinir. Þátttakandi ber einn ábyrgð á þátttökukvittun sinni og á enga kröfu til vinnings nema gegn framvísun hennar. Íslensk Getspá ber ekki ábyrgð á villu í prentun kvittunar og ábyrgð félagsins á rangri kvittun er takmörkuð við ógildingarverðmæti hennar samkvæmt 8. tölulið. Félagið ber ekki ábyrgð á stolnum eða glötuðum kvittunum.
8. Þátttökukvittun má ógilda með því að skila henni aftur til söluaðila, enda sé það gert samdægurs og sala fór fram og það tímanlega að unnt sé að ljúka ógildingu á innfærslu hennar í tölvukerfi Íslenskrar Getspár, áður en útdráttur fer fram. Sé þátttökukvittun ógilt á greiðandi rétt á endurgreiðslu á sömu fjárhæð og hann greiddi.
9. Verð fyrir hvern leik (röð) er kr. 30 og er aðeins unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar Getspár.
10. Öll vinnsla í tölvukerfi Íslenskrar Getspár skal falla niður frá því 15 mínútum áður en útdráttur á að fara fram og þar til útdrátti er að fullu lokið.

Kerfisleikspjöld.

11. Heimilt er að gera sérstök leikspjöld fyrir þá, sem óska að nota kerfi við talnagetraunir. Skulu leikspjöld þessi vera fyrir 6, 7, 8, 9 eða 10 talnamöguleika og samsvara tölur þessar, 6, 21, 56, 126 eða 252 mismunandi fimm stafa talnaröðum þeirra talna sem valdar eru. Kerfisleikspjald skal þátttakandi fylla út á þann veg að hann strikar lóðrétt í reiti þeirra talna, er hann velur úr tölunum 1—38 og staðfestir fjölda þeirra (6, 7, 8, 9 eða 10) með því að merkja aftan við viðkomandi tölur á spjaldinu. Verð fyrir þátttöku samkvæmt kerfi er kr. 180 fyrir 6 tölur, kr. 630 fyrir 7 tölur, kr. 1680 fyrir 8 tölur, kr. 3780 fyrir 9 tölur og kr. 7560 fyrir 10 tölur. Að öðru leyti gilda um útfyllingu kerfisleikspjalds og afgreiðslu þess reglur 1.—10. töluliðar.

Útdráttur vinninga.

12. Útdráttur vinninga fer fram opinberlega á laugardegi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar Getspár að viðstöddum fulltrúa hennar og undir eftirliti fulltrúa dómsmálaráðuneytisins.

Útdráttur fer þannig fram að í þar til gerðum stokki eru valdar fimm vinningstölur, aðaltölur, af tölunum 1—38. Því næst er valin aukatala, „bónustala“, af þeim tölum sem þá eru eftir.

Niðurstöður útdráttar og aðrar upplýsingar um framkvæmd hans skal færa í sérstaka gerðabók og undirrita af fulltrúum stjórnarinnar og dómsmálaráðuneytisins. Vinningstölur skulu birtar í fjölmiðlum.

13. Þeir sem hafa þátttökukvittun með tölum þeim, sem valdar hafa verið, annað hvort allar eða hluta þeirra í sama leik (röð), án tillits til röðunar þeirra, fá vinning í samræmi við ákvæði 14. og 15. tölulíðar.

14. Til vinninga skal verja 40% af heildarsöluverði hverrar leikviku og skiptist vinningsfjárhæðin þannig:

a) 46% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa allar 5 aðaltölur réttar.

b) 8% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta aukatölu, „bónustölu“.

c) 13,8% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.

d) 32,2% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar.

Þátttakendur hljóta eingöngu vinning í samræmi við hæsta fjölda talna í hverri röð, þ.e. sá sem hlýtur vinning samkvæmt a-lið hlýtur ekki vinning samkvæmt öðrum liðum, o.s.frv.

Vinningar skulu færðir niður í næstu heila krónu. Mismunur sem myndast með því skal yfirfærður til fyrsta vinningsflokks (fimm réttar tölur) næstu leikviku.

15. Komi í ljós við útdrátt, að enginn hafi allar fimm aðaltölur réttar, skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirfærast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá allar fimm aðaltölur réttar í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með allar aðaltölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv. Hafi enginn 4 aðaltölur réttar auk aukatölu skal vinningsfjárhæð þess flokks yfirfærast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá 4 aðaltölur réttar auk aukatölu í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með 4 aðaltölur réttar auk aukatölu í þeirri leikviku flyst vinningsupphæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv. Ef enginn þátttakandi fær 4 aðaltölur réttar yfirferist vinningur þess flokks til þeirra er fá vinning fyrir þrjár aðaltölur réttar.

Vinningslíkur.

16. Tölfræðilegar vinningslíkur í talnagetrauninni „Lottó 5/38“ er sem hér segir:

Fimm aðaltölur	1:501942
Fjórar aðaltölur og aukatala	1:100388
Fjórar aðaltölur	1:3042
Þrjár aðaltölur	1:95

Greiðsla vinninga.

17. Þátttökukvittunum með þremur eða fleiri vinningstölum ber að framvísa til söluaðila. Þar til nafnritun á sér stað aftan á þátttökukvittun er litið á handhafa hennar sem eiganda. Þegar nafnritun hefur átt sér stað skal litið á þann er ritað hefur nafn sitt sem réttan eiganda og réthafa til vinnings. Hafi fleiri en einn skráð nafn sitt sem eigandi á bakhlið þátttökukvittunar, þurfa þeir að kvitta fyrir vinningi eða gefa umboð til móttöku hans.

18. Vinningar, sem ekki nema kr. 12000 skulu greiddir hjá söluaðila frá fyrsta virkum degi eftir útdrátt.
- Vinningar, sem nema kr. 12000 eða meira, skulu greiddir frá aðalskrifstofu Íslenskrar Getspár innan tveggja vikna frá því þáttökukvittun er framvísað til söluaðila eða aðalskrifstofu. Heimilt er að draga greiðslu vinninga, sem nema kr. 50000 eða meira, til þess tíma að kærufrestur samkvæmt 21. tölulið er liðinn eða kærur hafa verið úrskurðaðar, hafi kæra borist. Þegar um vinning að fjárhæð kr. 12000 eða meira er að ræða, skal vinningshafi framvísa þáttökukvittun sinni ásamt útfylltu útborgunareyðublaði, sem söluaðili lætur honum í té, til einhvers söluaðila eða aðalskrifstofu. Skal hann fá í hendur kvittað eintak útborgunareyðublaðsins til staðfestingar á afhendingu þáttökukvittunarinnar. Sér aðalskrifstofa síðan um greiðslu vinningsins um leið og gengið hefur verið úr skugga um að leikreglum hafi verið fylgt. Vextir reiknast ekki á vinninga.
19. Vinnings skal vitja innan eins árs frá útdráttardegi, ella fellur niður réttur vinningshafa til hans.

Form þáttökukvittunar.

20. Þáttökukvittun er því aðeins gild, að notað sé þar til gert eyðublað, sem gefið er út af Íslenskri Getspá, og að hún hafi verið gefin út af söluaðila viðurkenndum af stjórn félagsins með áritun úr sölukassa tengdum tölvukerfi þess. Þáttökukvittun má ekki vera árituð á framhlið, brotin eða skemmd með einhverjum hætti, þannig að hætta sé á að hún verði ekki læsileg fyrir tölvukerfi félagsins, eða fullnægi ekki kröfum þess á annan hátt. Þegar þannig er ástatt getur félagið hafnað þáttökukvittuninni.

Kærur.

21. Rísi ágreiningur varðandi framkvæmd talnagetraunar þessarar, skal viðkomandi senda skriflega kæru, sem skal hafa borist aðalskrifstofu Íslenskrar Getspár fyrir kl. 17 á mánudegi að fjórum vikum liðnum frá útdrætti eða næsta virkum degi ef mánudag ber upp á helgidag eða almennan frídag. Eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytisins úrskurðar um kærana innan 15 daga frá því kærufrestur rann út.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið skipar eftirlitsmann með framkvæmd talnagetrauna Íslenskrar Getspár til eins árs í senn og skal hann gæta hagsmuna þátttakenda. Þá skipar ráðuneytið varamann eftirlitsmanns. Kostnaður við eftirlit þetta og eftirlit með útdrætti vinninga greiðist af Íslenskri Getspá samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast gildi 5. september 1988. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 466 18. nóvember 1986 ásamt síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. ágúst 1988.

Jón Sigurðsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

fyrir Tónlistarskólann á Akureyri

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskólinn á Akureyri. Skólinn er eign Akureyrarbæjar og fer bæjarstjórn Akureyrar með yfirstjórn hans.

2. gr.

Skólinn starfar eftir ákvæðum gildandi laga og reglugerða.

3. gr.

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs á Akureyri.

Þessum markmiðum hyggst skólinn ná meðal annars með því:

- að annast kennslu í hljóðfæraleik og söng ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námsskrám tónlistarskólanna.
- að búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu.
- að leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kór- og hljómsveitarstarfi.
- að búa nemendur undir áframhaldandi nám í tónlist.
- að gera fullorðnum kleift að auðga tómstundir sínar með tónlistariðkun.

4. gr.

Bæjarstjórn kýs 5 manna stjórn skólans og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn að loknum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum.

5. gr.

Skólastjórn fer með yfirstjórn skólans í umboði bæjarstjórnar eins og tilgreint er í „samþykkt um stjórn Akureyrarbæjar“.

Formaður stjórnar boðar til funda með dagskrá svo oft sem þurfa þykir og er skylt að boða til fundar ef tveir stjórnarmenn, skólastjóri eða kennarafundur æskir þess.

Skólastjóri eða staðgengill hans situr stjórnarfundi. Heimilt er kennarafundi að tilnefna 1 fulltrúa úr hópi fastra kennara til að sitja stjórnarfundi, með málfrelsi og tillögurétt og skal hann bundinn sömu trúnaðarskyldu og stjórnarmenn.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður skólastjóra, yfirkennara og aðra fasta starfsmenn að fengnum tillögum stjórnar skólans. Stundakennara og aðra starfsmenn sem ráðnir eru til skemmri tíma, ræður skólastjóri í samráði við stjórn skólans.

7. gr.

Skólastjóri fer með daglega stjórnun í samráði við stjórn og kennara skólans. Hann ber ábyrgð á að skólastarfið sé í samræmi við reglugerð þessa. Hann skal framfylgja samþykktum stjórnar. Skólastjóri ráðstafar húsnaði og hefur yfirumsjón með eignum skólans.

Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans gagnvart starfsmönnum, nemendum og foreldrum þeirra svo og aðilum utan skólans.

Skólastjóri skal skila vinnuskýrslum starfsmanna til launadeildar og árita reikninga til greiðslu. Skólastjóri stendur skil á innheimtu skólagjalda.

8. gr.

Yfirkennari er skólastjóra til aðstoðar og starfar að stjórn skólans í umboði hans. Hann skal vera staðgengill skólastjóra í fjarveru hans.

Yfirkennari annast m. a. skipulagningu nemendatónleika, umsjón kennslugagna og framkvæmd prófa.

9. gr.

Kennarafundur er skólastjóra til ráðuneytis um starf skólans. Almennan kennarafundur skal halda í upphafi skólaárs þar sem drög að starfsáætlun eru kynnt.

Skólastjóri eða staðgengill hans boðar til kennarafunda með dagskrá og stjórnar þeim eða skipar fundarstjóra. Haldin skal gjörðabók kennarafunda.

Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði sem skóli starfar. Skylt er stundakennurum að sækja kennarafund ef skólastjóri æskir þess, enda sé boðað til fundarins með a. m. k. þriggja daga fyrirvara.

Skylt er að halda kennarafund ef minnst $\frac{1}{4}$ hluti fastra kennara æskir þess.

Heimilt er kennurum skólans að kjósa á almennum kennarafundi þriggja manna kennararáð úr hópi fastra kennara er fari með umboð kennarafundar.

10. gr.

Heimilt er að stofna til foreldraráðs (ráða) og skulu starfsreglur þess hljóta samþykki stjórnar skólans að fenginni umsögn kennarafundar.

Með sama hætti er heimilt að stofna til nemendaráðs (ráða) að fengnu samþykki stjórnar skólans og umsögn kennarafundar.

Heimilt er kennarafundi að kveðja til fulltrúa foreldra og/eða nemenda við umfjöllun um innri málefni skólans.

11. gr.

Rekstur skólans skal kosta með fjárveitingum á fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar, skólagjöldum nemenda og úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Skrifstofa Akureyrarbæjar annast greiðslu launa og rekstrarreikninga svo og bókhald Tónlistarskólans á Akureyri.

12. gr.

Skólafulltrúi Akureyrarbæjar og skólastjóri semja drög að fjárhagsáætlun næsta árs og leggja fyrir stjórn skólans.

Stjórn tónlistarskólans leggur tillögur að fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

13. gr.

Skólastjóri skal fyrir 1. maí ár hvert gera kennsluáætlun næsta skólaárs í samráði við skólafulltrúa Akureyrarbæjar. Skal áætlun þessi lögð fyrir stjórn skólans og send menntamálaráðuneytinu í samræmi við gildandi lög.

14. gr.

Rétt til skólavistar hefur hver sá er áhuga hefur á tónlistarnámi því sem skólinn býður upp á.

Áætlun um kennsluskipan og námsframboð skal liggja fyrir í upphafi skólaárs og skal auglýsa það við innritun.

Purfi að takmarka fjölda nemenda í einstökum námssviðum er skólanum m. a. heimilt að beita tímabundnum hæfnisprófum og breyta auglýstu kennslufyrirkomulagi.

Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið skipast við áminningu.

Rísi ágreiningur um skólavist nemanda skal stjórn skólans úrskurða í málinu.

15. gr.

Starfstími skólans er 9 mánuðir árlega og skulu leyfis dagar fara eftir skóladagatali fyrir grunnskóla.

Viðverutími kennara og vinnuskylda fer eftir gildandi kjarasamningi, en heimilt er skólastjóra að skipuleggja vinnu kennara utan starfstíma skólans að fengnu samþykki þeirra.

16. gr.

Stjórn tónlistarskólans boðar árlega til samráðsfundar með fulltrúum starfandi tónlistarfélaga á Akureyri.

17. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar hinn 1. desember 1987 og staðfestist hér með sbr. heimild í lögum nr. 75/1985.

Menntamálaráðuneytið, 13. júlí 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

REGLUR

um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985, sbr. nr. 171/1987 og nr. 80/1988.

1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, 11.7 sem orðist svo:

Í öllum skipum 24 m að lengd eða lengri og öllum tvíþilja fiskiskipum skal vera kaðalstigi af viðurkenndri gerð.

2. gr.

Við reglurnar bætist ný grein, sem verði 19. gr. jafnframt því sem núverandi 19. gr. verði 20. gr.:

Öryggislitur á stýrishúsum fiskiskipa.

Öll skip allt að 15 m að lengd skulu máluð öryggislit á stýrishúsi, sem hér segir:

Við þakbrún stýrishúss skal vera rönd með öryggislit. Röndin skal ná í kringum stýrishúsið og vera að minnsta kosti 15 cm breið. Öryggisliturinn skal uppfylla eftirfarandi gildi skv. sænska staðlinum SS 019102:

Litartónn	Y60R – Y70R
Litarstyrkur	C ≥ 90
Sverta	S = 00–05

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 51, 30. mars 1987 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Gömul fiskiskip skulu fullnægja ákvæðum 2. gr. reglna þessara 1. janúar 1990.

Samgönguráðuneytið, 22. júlí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUR

um vinnuöryggi á fiskiskipum stærri en 15 m að lengd.

1. gr.

Öryggi á opnu þilfari.

- 1.1.0. Gangar, stigar, landgangar og handrið.
- 1.1.1. Gangar utan vistarvera skulu vera hæfilega breiðir fyrir þá notkun, sem þeim er ætluð. Þeir skulu búnir handriðum, þar sem þess er talin þörf. Gólf í göngum skulu vera þannig, að hreingerning þeirra sé auðveld og að ekki gæti hálfu í bleytu.
- 1.1.2. Stigar og stigaprep skulu gerð úr óbrennanlegu efni, og þrepin þannig, að ekki verði hált í bleytu t.d. úr upplyftu stáli eða áli.
- 1.1.3. Tvíþilja fiskiskip skulu hafa uppi þegar þau eru í höfn landgang eða annan viðurkenndan búnað, sem auðveldar mönnum að komast slysalaust um borð og frá borði. Öryggisnet skal setja undir landgang við erfiðar aðstæður. Bjarghring með líflínu skal staðsetja við landgang.
- 1.1.4. Stigar og landgangar skulu hafa örugga festingu, svo umferð sé örugg.
- 1.1.5. Þar, sem efri endi landgangs eða stiga endar við borðstokk, verður að hafa tröppur með handriði frá borðstokk að þilfari.
- 1.1.6. Gangar, stigar og landgangar skulu vera hreinir og í góðu ásítkomulagi, svo að öll notkun sé örugg.
- 1.1.7. Gera skal ráðstafanir til þess að draga úr hálfu á þilfari t.d. með stállistum eða á annan viðurkenndan hátt að mati Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 1.2.0. **Skuttogarar.**
- 1.2.1. Á skuttogurum skal vera eftirgreindur búnaður og skal hann notaður undir yfirumsjón skipstjórnarmanna.
- 1.2.2. Skuttogarar skulu búnir grandaravindum eða öðrum búnaði jafngildum.
- 1.2.3. Í seilingarhæð beggja vegna skutrennu skal strekktur vír, sem líflína öryggisbelti leikur auðveldlega á.
- 1.2.4. Að minnsta kosti 5 öryggisbelti ásamt líflínu af viðurkenndri gerð skulu vera um borð í skuttogurum til notkunar við vinnu á opnu þilfari. Líflínur séu hæfilega langar, þannig að þær torveldi ekki vinnu við og í skutrennu.
- 1.2.5. Líflínur skulu þannig gerðar, að slaki dragist sjálfkrafa af þeim og þær séu búnar öryggiskrökum í báða enda, sem auðvelt er að krækja í festingar, svo sem öryggisvír og öryggisbelti.
- 1.2.6. Öryggishjálmar af viðurkenndri gerð með áföstum kraga. Hver maður, sem vinnur á opnu þilfari, skal hafa sinn hjálm.
- 1.2.7. Tveir bjarghringir, vel aðgengilegir, skulu staðsettir sitt hvoru megin við skutrennu, búnir ljósi.
- 1.2.8. Skuttogarar skulu búnir vökva eða rafknúnum skutrennuloka. Hann skal vera stálþil, sem fellur í stokk neðan þilfars, eða annar búnaður jafngildur að mati Siglingamálastofnunar, enda skal fyrirkomulag vera háð samþykki hennar hverju sinni.
- 1.2.9. Eigi má sami maður samtímis stjórna skipi og þilfarsvindum.
- 1.2.10. Allar vindur skal vera hægt að stöðva úr brú með einu handtaki (neyðarstöðvun). Hjálparvindur á þilfari skal einnig vera hægt að stöðva beggja megin á afturþilfari.
- 1.2.11. Kallkerfi úr brú skal vera það sterkt að fyrirskipanir heyrast örugglega á vinnustöðum, hvort sem er á opnu þilfari eða milli þilfari og vera þannig útbúið að hægt sé að svara frá þeim stað sem kallað er á.

1.3.0. Skip er stunda hringnótaveiðar.

- 1.3.1. Þeir, sem vinna á þilfari, þegar nótin er dregin, skulu hafa hlífðarhjálms á höfði.
- 1.3.2. Vörn skal vera til að hindra að menn geti runnið fyrir borð úr nótakassa eða gryfju.
- 1.3.3. Tryggja skal eftir því sem mögulegt er, að nótin geti runnið eðlilega út, þegar henni er kastað.
- 1.3.4. Þegar poki nótarinnar með afla í er bundinn upp, þarf frágangur að vera þannig að sleppa megi öllu lausu, ef nauðsyn krefur.
- 1.3.5. Æskilegt er að góður og beittur hnífur sé hafður til taks á nótapalli.

1.4.0. Skip er stunda línu og netaveiðar.

- 1.4.1. Á fiskiskipum sem búin eru línuvindu til netaveiða, skal vera sérstakur öryggisbúnaður, þannig gerður, að vinda stöðvist samstundis, ef maður dregst inn að vindunni með veiðarfærunum.
- 1.4.2. Skipstjóra þessara skipa ber skylda til að sjá um, að þessi búnaður sé ávallt um borð og virkur, þegar skipið er á netaveiðum.
- 1.4.3. Búnaður þessi skal háður viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins á hverju einstöku skipi.

2. gr.

Öryggi á millipilfari og í lestum.

- 2.1. Allar stytur skulu traustar og tryggilega festar. Einnig skulu öll lestarborð í góðu lagi og þola þann þunga, sem þeim er ætlað að bera.
- 2.2. Göngum, stígum og handriðum skal haldið eins öruggum til umferðar eins og framast er unnt. Stigar og handrið skulu traust og tryggilega fest og vel við haldið.
- 2.3. Hafa skal hlífar við eða á vélum og færíböndum, til þess að tryggja öryggi við vinnu, eftir því sem aðstæður krefjast hverju sinni.
- 2.4. Ekki má nota vélar né færíbönd, ef hlíf er fjarlægð vegna viðgerðar á vél.
- 2.5. Koma skal fyrir öryggisbúnaði við vélar og færíbönd, sem tryggja, að þessi tæki verði ekki ræst af vangá.
- 2.6. Við færíbönd skal vera hæfilegur fjöldi neyðarrofa, svo stöðva megi þau með skjóttum hætti.

3. gr.

Skip sem vinna afla um borð.**3.1.0. Tækjabúnaður.**

Tækjum og búnaði í vinnslurými skipa sem vinna afla um borð skal þannig fyrir komið að greiðfært sé um rýmið að öllum útgönguleiðum, þ.m.t. neyðarútgöngum.

3.1.1. Gönguleiðir.

Aðalgönguleiðir í fiskivinnslurými skulu vera tvær, ein í hvorri síðu skips. Verði því ekki við komið er heimilt að hafa eina aðalútgönguleið eftir miðju þilfarinu.

Lágmarksbreidd aðalgönguleiða skal eigi vera minni en 500 mm, en breidd gönguleiða að aðalgönguleiðum skal eigi vera minni en 450 mm.

Þar sem gönguleiðir eru yfir færíbönd og skal hæðin ekki vera meiri en 1000 mm yfir þilfari. Loftklæðning yfir upphækkun skal vera slétt og án hvassra brúna. Tröppur skulu vera beggja vegna við upphækkun og hlíf yfir færíbandi þar sem yfir það er gengið. Þar sem gönguleiðir liggja undir færíbönd skal hæð eigi vera minni en 1500 mm.

Hlífar skulu vera neðan á færíböndum, þar sem undir þau er gengið. Við gönguleiðir skal setja hlífar á alla hreyfanlega hluti véla og færíbanda.

3.1.2. Neyðarstöðvun.

Neyðarstöðvun á færíböndum skal vera á þeim stöðum við færíbönd, þar sem vel sést yfir. Skal hver neyðarrofi stöðva öll færíbönd í vinnslurýminu. Neyðarstöðvun skal vera á hausunarvélum, flökunarvélum, roðflettivélum o.s.frv.

3.1.3. Neyðarlýsing.

Neyðarlýsing í fiskvinnslurými skal vera það mikil að hvar sem menn eru við störf, þá sé ratljóst að öllum útgönguleiðum svo og neyðarútgöngum. Lýsing skal vera nægjanleg til að sjá á snerla o.þ.h. við útganga.

Neyðarlýsing skal vera í frystilestum við útgönguleiðir.

3.1.4. Hávaði.

Hávaði í fiskvinnslurými skal ekki vera meiri en 80 dB (A) sbr. reglur um hávaðamörk í skipum. Skal framkvæma mælingar á hávaða þegar vinnsla er í fullum gangi. Reynist hávaði ofar þeim mörkum skal gera sérstakar ráðstafanir til þess að draga úr hávaða svo þessum mörkum verði náð.

Sé það ekki unnt, skal fyrirskipa að menn noti eyrnahlífar.

3.1.5. Loftræsting.

Fullnægjandi loftræsting skal vera úr fiskvinnslurými. Lágmarksloftþörf er 5—6 loftskipti/klst.

3.1.6. Lyftur.

Þar sem vörulyftur eru í fiskvinnslurýmum skulu þær vera í lokuðum rýmum, með lokunarbúnaði þannig að ekki verði komist í lyftuna nema frá því þilfari, þar sem lyftan er stödd hverju sinni. Ekki skal vera hægt að setja lyftu á hreyfingu nema lyftan sé lokuð.

Karmhæð skal eigi vera minni en 380 mm á þilfari vinnslurýmis.

Stjórnrofar á lyftum skulu vera utan við lyftuopið, bæði á vinnsluþilfari og í lest. Þar verði einnig fyrirkomid neyðarstöðvun og bjöllum. Sé lyfta einnig notuð til fólksflutninga, skal vera inni í lyftunni samskonar stjórnþúnaður og er utan á lyftuhúsinu. Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að samþykkja í sérstökum tilvikum að lyftur séu ekki í lokuðu rými. Sé lyftugólfid lokað á þilfari skal það vera einangrað og pakkningar með hitapræði. Þá skal karmhæð ekki vera minni en 380 mm. Handrið verði milli þilfara þannig fyrirkomid að ekki verði komist inn á lyftusvæðið nema lyftan sé uppi. Samsvarandi þúnaður skal og vera í lest.

3.1.7. Teikningar.

Senda skal inn til samþykktar teikningar af fyrirhuguðu fiskvinnslurými. Teikningar skulu sýna á greinilegan hátt hvaða tækjabúnaði skal koma þar fyrir. Sýna skal fyrirkomulag tækja, með þilfarsplönun, langskipsskurðum og þverskurðum þannig að auðvelt sé að meta vinnuástöðu svo og gönguleiðir. Ennfremur ber að sýna rörakerfi háþrýstilagna að færíböndum og þ.h. Þar verði einnig sýndar fyrirhugaðar staðsetningar á stjórnrofum og neyðarstöðvun.

Stjórn á þvottakerfi fyrir vinnsluna, frárennsli fyrir borð og austurkerfi, staðsetning á austurbrunnnum og stærð dæla skal sýna á teikningu. Teikningar skulu sýna staðsetningu og stærð ljósa ásamt neyðarlýsingu, einnig staðsetningu á loftræstipinu bæði fyrir loft inn í rýmið og út úr því, svo og loftmagn.

3.1.8. Leiðbeiningar.

Leiðbeiningar verði á íslensku um notkun á vélum og tækjum, stjórnun, neyðarstöðvun og annað það sem varast ber (t.d. hausskurðarvélar, flökunarvélar, flatningsvélar, roðflettivélar, marningsvélar o.s.frv.)

4. gr.

Vinnuljós.

- 4.1. Lýsing skal vera nægileg í göngum og á þeim stöðum, þar sem áhöfn þarf að vinna eða fara um.
- 4.2. Í stigagöngum skal lýsing vera 150 lux og á vinnustöðum 300 lux miðað við eins metra hæð.

5. gr.

Öryggi í vélarrúmi.

- 5.1. Gólf í vélarrúmi skal gert úr traustu óbrennanlegu efni og þannig, að ekki sé hált.
- 5.2. Varnarhlífar, á eða við vélbúnað, má ekki fjarlægja meðan vélin er í notkun. Sé hlíf fjarlægð, má ekki gangsetja án þess að koma hlífinni á sinn stað.
- 5.3. Þegar vél er í viðgerð, skal þess gætt, að ekki sé unnt að ræsa hana óvart eða hreyfa af vangá. Gera skal ræsibúnað óvirkan, þegar ástæða er til.
- 5.4. Þegar unnið er við lok eða loka, sem er undir þrýstingi, skal þess gætt að fella þrýstinginn áður en verk er hafið. Aldrei má fjarlægja festibolta fyrr en lokið er laust.
- 5.5. Gæta skal þess, að allir þungir vélarhlutir séu vel festir og lausir hlutir geti ekki skaðað menn við vinnu í vélarrúmi.
- 5.6. Vélargólfi, stigaprepum og handriðum í vélarrúmi skal haldið vel hreinum.

6. gr.

Bilfarsvindur, lyfti- og losunarbúnaður.

- 6.1. Allar vindur skulu þannig útbúnar að hlaupari sé fastur á tromlu. Skal við meðhöndlun veiðarfæra ekki dregið að með öðrum hætti.
- 6.2. Allur vindu-, lyfti- og losunarbúnaður skal búinn hemli sem stöðvar samstundis við aflrof, það er við straumrof eða ef vökvaprýstingur fellur. Á sama hátt skal búnaður bómu og gálga þannig gerður að þau falli ekki niður við aflrof.
- 6.3. Búnaður við lúgur, þ.e. fiski- og veiðafæralúgur, skal þannig gerður, að lúgan falli ekki við aflrof.
- 6.4. Verja skal með hlíf, eins og við verður komið, alla hreyfanlega hluti vindu. Sama skal gilda um allar rúllur.
- 6.5. Skrá skal greinilega og varanlega leyfilegan hámarksþunga á bómur og krana.
- 6.6. Stjórnlokar skulu þannig gerðir að stjórnarmur falli í miðstöðu og vinda eða lyfti- og losunarbúnaður stöðvist samstundis sé stjórnarmi sleppt. Þó er heimilt, þegar um er að ræða vindur sem að jafnaði eru í notkun í lengri tíma í einu, t.d. línu- og netaspil, að nota stjórnventla sem unnt er að festa í ákveðinni stöðu, að því tilskildu að við búnaðinn sé viðurkenndur búnaður til neyðarstöðvunar, sbr. gr. 1.4.1.

7. gr.

Kælivélar.

- 7.1. Ekki má hafa opinn eld eða heita hluti í klefum, þar sem kælivélakerfið er. Gæta skal fyllstu varúðar með allan kælimiðil.

8. gr.

Hylki fyrir þjappaðar lofttegundir.

- 8.1. Hylki, er geyma þjappaðar lofttegundir, skulu uppfylla viðurkennd öryggisákvæði, svo og geymslustaðir.
- 8.2. Vel skal verja lagnir, þrýstijafnara og ventla.
- 8.3. Þegar hylkin eru ekki í notkun, skal þess gætt, að þau séu örugglega lokuð.
- 8.4. Við leit að leka á hættulegum lofttegundum, skal ætíð nota viðeigandi tæki.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 51, 30. mars 1987 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi að öðru leyti en að neðan greinir, og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Ákvæði 3. gr. skulu þó öðlast gildi 1. júlí 1989 fyrir skip sem þegar hafa verið útbúin til að vinna afla um borð. Ákvæði 6.1. gr. skulu öðlast strax gildi fyrir ný fiskiskip, 1. júlí 1989 fyrir aðra skuttogara og 1. júlí 1990 fyrir önnur fiskiskip.

Siglingamálastofnun ríkisins getur veitt undanþágu frá gr. 3.1.1. hvað varðar gönguleiðir í skipum sem þegar hafa verið útbúin til að vinna afla um borð.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 154/1980 sbr. nr. 326/1985.

Samgöngumálaráðueytið, 26. júlí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUR**um breytingu á reglum um smíði og búnað íslenskra skipa
nr. 553/1975 sbr. nr. 124/1988.****Hluti H.****Um stöðugleika og öryggi fiskiskipa.**

1. gr.

Við 1. málsgrein 11. gr., 1101, bætist nýr stafliður, g, sem orðist svo:

g) Fyrir skip er stunda nótaveiðar, ástand við skip með veiðarfæri, 30% eftir af olíu, vatni, birgðum og vistum og með ísingu skv. 12. grein.

2. gr.

Við 18. gr. bætist ný málsgrein 1821 sem orðist svo:

1821. Í skipum sem frysta afla um borð skulu lestarhólf ekki vera breiðari en 4,0 m, lengd milli þverskilrúma ekki meiri en 9,0 m og uppstilling skal ná upp í loft. Við útreikning á lestarborðum og stöðum telst eðlisþyngd farms γ vera jafnt og 0,5 t/m³. Sé eðlisþyngd meiri skal taka tillit til þess. Lestarborð úr furu eða greni skulu vera án bresta, órifin og kvistalítill.

Við ákvörðun á útsveigju er $E = 10^4 \text{ N/mm}$ og öryggisstuðull $N = 2$. Þá skal gert ráð fyrir einföldum undirstuðningi á bjálka og að bjálkinn sé með jafndeildum þunga. Fyrir langskipsskilrúm skal reikna álagið við 90° halla skipsins og fyrir þverskilrúm við 25° stafnhalla.

Lestarstöðir skulu reiknaðar fyrir það álag sem þær geta orðið fyrir þ.e. hliðarálag og langskipssálag.

Dýptir spora skulu eigi vera minni en 80 mm og breidd spora mest 10 mm breiðari en plankaþykktin.

Álag á eitt langskipssborð ákvarðast samkvæmt eftirfarandi líkingu:

$$Q = 9.81 \times 10 \times B \times l \times b \times \quad (\text{N})$$

$$M = Q \times l \quad (\text{Nm})$$

$$f = \frac{5}{48 \times 10 \times M \times EXJ} \quad (\text{m})$$

$$\sigma = \frac{M}{W} \quad (\text{N/mm})$$

Skilgreiningar:

L = Lengd hólfis (m)

B = Breidd hólfis (m)

γ = Eðlisþyngd farms í lestarúmi, 0,5 t/m

Q = Álag á lestarborð (N)

M = Vægi á lestarborð (Nm)

Lestarborð:

l = lengd borðs (m)

b = breidd borðs (m)

E = brotþol lestarborðs áætlað 10 (N/mm)

J = tregðuvægi (cm)

W = móttöðuvægi (cm)

σ = leyfileg hámarksspenna (22 N/mm)

f_m = 1/90, leyfileg hámarksbeygja (m)

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 51/1987 um eftirlit með skipum staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. júlí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um styrktarsjóð til öflunar atvinnuréttinda á skipum.

1. gr.

Nafn sjóðsins.

Sjóðurinn heitir styrktarsjóður til öflunar atvinnuréttinda á skipum. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnun sjóðsins.

Sjóðurinn er stofnaður með tilvísun til 21. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og 8. gr. laga nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavaraða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim mönnum fjárstyrk sem stunda nám til öflunar atvinnuréttinda.

Rétt til styrks skv. 1. mgr. eiga þeir einir, sem stunda nám 1. stigs skipstjórnar eða 1. eða 2. stigs vélstjórnar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Undanþágugjöld er viðkomandi undanþáguhafar greiða til sjóðsins.
- b. Vaxtatekjur og verðbætur.
- c. Aðrar tekjur eða framlög er sjóðnum kunna að áskotnast.

5. gr.

Innheimta undanþágugjalds.

Fyrir hverja veitta undanþágu skal undanþáguhafi greiða ákveðið gjald, nú kr. 2 000,00 fyrir hvern byrjaðan mánuð þess tíma sem undanþágan gildir. Þann 1. janúar 1989 skal gjaldið hækka í kr. 3 000,00.

Greiðsla undanþágugjalds skal fylgja umsókn um undanþágu. Synji undanþágunefnd umsókn um undanþágu eða veiti undanþágu til styttri tíma en umsóknin gerir ráð fyrir, skal greiðslan öll eða sá hluti hennar sem umfram er endursendur.

Þeir nemendur stýrimannaskóla og vélaskóla sem starfa á undanþágu milli námsára eiga rétt á endurgreiðslu undanþágugjalds haldi þeir áfram námi á næsta námsári gegn framvísun vottorðs frá viðkomandi skóla þar um.

Eigi skal innheimta undanþágugjald af þeim er lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs, sé þeim veitt undanþága til starfs.

6. gr.

Stjórn sjóðsins.

Undanþágunefnd, eins og hún er á hverjum tíma skal skipa stjórn sjóðsins, sbr. 21. gr. laganna um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og 8. gr. laganna um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavaraða.

Stjórnin skal annast úthlutun styrkja úr sjóðnum, svo og vörslu hans og ávöxtun. Skal stjórnin á hverjum tíma kappkosta að ávaxta fé hans á sem hagkvæmastan hátt.

7. gr.

Umsóknir um styrki.

Allar umsóknir skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð, sem sjóðstjórn lætur í té og skal þeim fylgja staðfesting viðkomandi skólayfirvalda um að umsækjandi sé við nám.

8. gr.

Úthlutunarreglur.

Fjárhæðir styrkja skulu hverju sinni ákveðnar af stjórn sjóðsins í samræmi við tekjur hans og eignir og miðast við námslengd og búsetu umsækjenda.

9. gr.

Afgreiðsla styrkja.

Afgreiðsla styrkja fer fram samkvæmt ákvörðun stjórnar á hverjum tíma.

Við móttöku styrkja úr sjóðnum skal styrkhafi sýna fram á framvindu náms með vottorði frá viðkomandi skóla.

Afgreiðsla sjóðsins skal vera hjá Siglingamálastofnun ríkisins, en heimilt er stjórn sjóðsins að fela viðurkenndri bankastofnun vörslu hans.

10. gr.

Reikningsskil.

Dextrometh- orphanum	Mixtúrur; mest 3 mg/ml (0,3%); mest 200 ml handa einstaklingi.	DEXOMET, mixtúra.	Lyf við ertandi hósta án uppgangs. <i>Skammtastærðir:</i> <i>Fullorðnir:</i> 10 ml 3—4 sinnum á dag. <i>Börn 12—14 ára:</i> 7,5 ml 3—4 sinnum á dag. <i>Börn 6—11 ára:</i> 5 ml 3—4 sinnum á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. <i>Varúð:</i> Lyfið skal ekki notað lengur en eina viku í senn. Konur með börn á brjósti mega ekki taka lyfið. Lyfið veldur stöku sinnum þreytu, ógleði og uppköstum, einnig svima og ofskynjunum og skal töku lyfsins þá hætt. Leitið lækni ef einkenni eru svæsin.
Difluni- salum	Lyf í afmældum skömmtum; ein- stakur skammtur mest 250 mg. Mest 20 stk. handa einstaklingi.	DIFLONID, töflur. DONOBID, töflur.	Lyfið er verkjastillandi og bólgueyðandi; einkum notað við höfuðverk, tannþínu, gigt sjúkdómum og tíðaverk. Venjulegur skammtur handa fullorðnum er 1—2 töflur á 12 klst. fresti. Við tíðaverkjum 2—4 töflur í upphafi, síðan 2 töflur á 12 klst. fresti. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. <i>Varúð:</i> Lyfið á ekki að nota við verkjum eftir tanndrátt. Notist ekki samtímis blóðþynnningarlyfjum. — Astmi getur versnað við notkun lyfsins. Barnshafandi konur, konur með börn á brjósti og sjúklingar með maga- og/eda skeifugarnarsár eiga ekki að taka lyfið.
Dimenhydry- natum	Lyf í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 100 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.		
	<i>Endaþarmsstílar</i>	Supp. dimenhydrinatum 25 mg.	Til varnar sjóveiki, bílveiki og flugveiki. <i>Skammtar handa börnum:</i> <i>Börn 5—12 ára:</i> 2 stílar í endaðarm 1 klst. áður en ferð er hafin; mest 4 stílar á sólarhring. <i>Börn 3—5 ára:</i> 1 stíll í endaðarm 1 klst. áður en ferð er hafin; mest 2 stílar á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 3 ára. <i>Varúð:</i> Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið og það því merkt rauðum aðvörunarþríhyrningi. — Lyfið má hvorki nota samtímis áfengi og/eda róandi lyfjum, né að staðaldri.
		Supp. dimenhydrinatum 100 mg.	Til varnar sjóveiki, bílveiki og flugveiki. 1 stíll í endaðarm klst. áður en ferð er hafin. Mest 2 endaðarmsstílar á sólarhring handa fullorðnum. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. <i>Varúð:</i> Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið og það því merkt rauðum aðvörunarþríhyrningi. — Lyfið má hvorki nota samtímis áfengi og/eda róandi lyfjum, né að staðaldri.
	<i>Töflur</i>	Tablettae anautini 100 mg DD 63.	Til varnar sjóveiki, bílveiki og flugveiki. 1 tafla 1 klst. áður en ferð er hafin. Mest 2 töflur á sólarhring handa fullorðnum. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. <i>Varúð:</i> Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið og það því merkt rauðum aðvörunarþríhyrningi. — Lyfið má hvorki nota samtímis áfengi og/eda róandi lyfjum, né að staðaldri.

Efni	Hámarks­magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Diphenhydr­aminum	Lyf í afmældum skömmtum; einstakur skammtur mest 50 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.	KOFFÍNÁTÍN, töflur. Tablettae diphenhydr­amini 50 mg NORD 63.	Til varnar sjóveiki, bílveiki og flugveiki. <i>Skammtar:</i> Fullorðnir: 1 tafla ½—1 klst. fyrir brottför, síðan 1 tafla á 4—6 klst. fresti, ef þörf krefur. <i>Börn 8—12 ára:</i> 1 tafla ½—1 klst. fyrir brottför, síðan 1 tafla á 6—8 klst. fresti, ef þörf krefur. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 4 ára. <i>Varúð:</i> Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið og það því merkt rauðum aðvörunarþríhyrningi. Lyfið má hvorki nota samtímis áfengi og/eða róandi lyfjum, né að staðaldri.
	Mixtúrur ekki yfir 3 mg/ml (0,3%). Mest 150 ml handa einstaklingi.	BENYLIN EXPECTORANT, mixtúra. Elixír diphenhydr­amini USP XIX. PEKTÓLÍN, mixtúra.	Hóstastillandi og slímlosandi mixtúra. 1—2 teskeiðar (5—10 ml) í senn, mest 5 sinnum á sólarhring handa fullorðnum. 1 teskeið (5 ml) í senn, mest 4 sinnum á sólarhring handa börnum 6—12 ára. ½ teskeið (2,5 ml) í senn, mest 4 sinnum á sólarhring handa börnum 1—5 ára. <i>Varúð:</i> Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið og það því merkt rauðum aðvörunarþríhyrningi. Lyfið má hvorki nota samtímis áfengi og/eða róandi lyfjum, né að staðaldri.
DL-Lýsín acetýl­salicýlat	Lyf í afmældum skömmtum; einstakur skammtur mest samsvarandi 1 g af Acidum acetýl­salicylicum.	ASPÉGIC, skammtar.	<i>Skammtar 500 mg:</i> Verkjastillandi við gigtarverk, höfuðverk, tannverk og tíðaverk; lækkar sóthhita. Gefið ekki börnum yngri en 8 ára. Mesti skammtur handa börnum 8—12 ára er 1 skammtur á sólarhring. Venjulegur skammtur handa fullorðnum er 1—2 skammtar í senn, mest þrisvar sinnum á sólarhring. Leysið hvern skammt upp í ½—1 glasi af vatni og drekkið síðan. <i>Varúð:</i> Notist ekki samtímis blóðþynningarlyfjum. — Astmi getur versnað við notkun lyfsins. Sjúklingar með maga- og/eða skeifugarnarsár eiga ekki að taka lyfið. Lyfið má ekki gefa börnum með hita án samráðs við lækni. <i>Skammtar 1 g:</i> Verkjastillandi við gigtarverk, höfuðverk, tannverk og tíðaverk; lækkar sóthhita. Gefið ekki börnum yngri en 12 ára. Venjulegur skammtur handa börnum eldri en 12 ára er 1 skammtur í senn, mest þrisvar sinnum á sólarhring. Leysið hvern skammt upp í ½—1 glasi af vatni og drekkið síðan. <i>Varúð:</i> Notist ekki samtímis blóðþynningarlyfjum. — Astmi getur vernað við notkun lyfsins. Sjúklingar með maga- og/eða skeifugarnarsár eiga ekki að taka lyfið. Lyfið má ekki gefa börnum með hita án samráðs við lækni.
D-vítamín, sjá Ergocalciferolum			
Econazolum	Lyfjaform til útvortis notkunar. Ekki yfir 10 mg/g (1%).	PEVARYL, krem. PEVARYL, úðaduft.	Notist við sveppasýkingar í húð, svo sem á fótisveppi. <i>Notkun:</i> Berist á sýkt húðsvæði tvisvar sinnum á dag. <i>Varúð:</i> Varist að lyfið berist í augu eða á slímhúðir. — Getur valdið staðbundinni ertingu. Notist við sveppasýkingar í húð, svo sem á fótisveppi. <i>Notkun:</i> Úðist á sýkt húðsvæði tvisvar sinnum á dag. <i>Varúð:</i> Varist að lyfið berist í augu eða á slímhúðir. — Getur valdið staðbundinni ertingu.

Efni	Hámarks magn og/eda takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eda upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Ephedrini chloridum	Mixtúrur, mest 2 mg/ml (0,2%). Mest 300 ml handa einstaklingi.	PARADRYL MED EFEDRIN, mixtúra.	Hóstastillandi mixtúra við þurrum hósta án slímmyndunar. <i>Skammtar:</i> Fullorðnir: 1—2 teskeiðar (5—10 ml) þrisvar sinnum á dag. Börn 2 ára og eldri: ½—1 teskeið (2,5—5 ml) þrisvar sinnum á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. <i>Varúð:</i> Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið og það því merkt rauðum aðvörunarþríhyrningi.
Ergo-calciferolum (D ₂ -vítamín)	Samsettar lausnir, er innihalda ekki meira en 175 mikróg (7.000 a.e.) af ergókalsiferóli (D ₂ -vítamíni) í grammí.	ACD-VÍTAMÍN, dropar. AD-VÍTAMÍN, dropar.	Til að koma í veg fyrir A-, C- og D-vítamínskort hjá börnum. Mesti skammtur handa börnum er 10 dropar á dag. Notist ekki, ef lýsi er tekið. Hver dropi inniheldur 36 mikróg (120 a.e.) A-vítamín, 5 mg C-vítamín og 1,5 mikróg (60 a.e.) D-vítamín. Til að koma í veg fyrir A- og D-vítamínskort hjá börnum. Mesti skammtur handa börnum er 4 dropar á dag. Notist ekki, ef lýsi er gefið. Hver dropi inniheldur 90 mikróg (300 a.e.) A-vítamín og 3,8 mikróg (150 a.e.) D-vítamín. Til að koma í veg fyrir D-vítamínskort. Notist ekki, ef lýsi er tekið. Ráðlagður dagsskammtur (RDS 1986): Karlur, konur og börn á öllum aldri: 10 mikróg.
	Lyf í afmældum skömmtum, er innihalda ekki meira en 25 mikróg (1.000 a.e.) af ergókalsiferóli (D ₂ -vítamíni) í skammti.	Hylki eða töflur, sem innihalda D-vítamín.	
	Lyf í afmældum skömmtum í blöndu með A-vítamíni (sjá A-vítamín); einstakur skammtur mest 25 mikróg (1.000 a.e.) af ergókalsiferóli (D ₂ -vítamíni) og mest 3.600 mikróg (12.000 a.e.) af retínóli (A-vítamíni).	Hylki eða töflur, sem innihalda D-vítamín og A-vítamín.	Til að koma í veg fyrir A- og D-vítamínskort. Notist ekki, ef lýsi er tekið. Ráðlagðir dagsskammtar (RDS 1986): <i>A-vítamín:</i> Karlur, 11 ára og eldri: 1.000 mikróg. Konur, 11 ára og eldri: 800 mikróg. Konur á meðgöngutíma: 1.000 mikróg. Konur með barn á brjósti: 1.200 mikróg. <i>Börn:</i> 0—6 mánaða: 420 mikróg. 6 mánaða — 3 ára: 400 mikróg. 4—6 ára: 500 mikróg. 7—10 ára: 700 mikróg. <i>D-vítamín:</i> Karlur, konur og börn á öllum aldri: 10 mikróg.
Fenbendazolium Dýralyf		PANACUR, VET . . . mixtúra 100 mg/ml, pasta 187,5 mg/g.	<i>DÝRALYF.</i> Ormalyf fyrir búfé. <i>Varúð:</i> Mjólk úr skepnum, sem fengið hafa lyfið, má ekki nýta fyrr en 4 sólarhringum eftir lyfjagjöf. Kjöt og sláturafurðir má ekki nýta fyrr en 30 sólarhringum eftir lyfjagjöf. — Ennfremur skulu hverri pakkningu lyfsins fylgja seðlar með nákvæmum leiðbeiningum um notkun lyfsins, skömmtun þess og gecyslu, skv. ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.

Efni	Hámarksmafn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfja- form, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgi- seðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Framycetinum	Í lyfjaformum við gylliniæð í blöndu með Hydrocortisonum. Einstakur skammtur mest 10 mg eða 10 mg/g.	PROCTOSEDYL, endaþarmssmyrsl. PROCTOSEDYL, endaþarmsstílar.	sjá Hydrocortisonum.
Glyceryli nitrás	Tungurótartöflur. Einstakur skammtur mest 0,5 mg. Mest 100 tungu- rótartöflur handa einstaklingi.	NITROMEX, tungurótartöflur 0,25 mg. NITROMEX, tungurótartöflur 0,5 mg.	Við hjartaöng. 1 tafla í senn undir tungu. Mest 20 töflur á sólarhring. Takmarkað geymsluþol. Óráðlegt er að skipta um umbúðir eða setja aðskotahluti í ílátið. Lyfið er ekki ætlað börnum. Við hjartaöng. 1 tafla í senn undir tungu. Mest 10 töflur á sólarhring. Takmarkað geymsluþol. Óráðlegt er að skipta um umbúðir eða setja aðskotahluti í ílátið. Lyfið er ekki ætlað börnum.
Hepari- noidum	Lyfjaform til útvortis notkunar.	HIRUDOID, hlaup, smyrsl.	Við æðabólgu. <i>Notkun:</i> Við æðabólgu á litlu svæði eru 3—5 cm kreistir úr túpunni og nuddað varlega á viðkomandi svæði einu sinni til tvisvar á dag. Við æðabólgu á stóru svæði eru 10—25 cm kreistir úr túpunni og nuddað varlega á viðkomandi svæði einu sinni til tvisvar á dag í 3—4 daga. Skammtar eru síðan minnkaðir. Lyfið má einnig bera í sáralín, sem síðan er lagt yfir viðkomandi svæði.
Hexicidum sjá Lindanum			
Hydrargyri oxidum	Lyfjaform til útvortis notkunar; ætlud dýrum. Mest 20 mg/g (2%).		<i>DÝRALYF</i> Berist á hrúður og skurfur einu sinni á dag, mest í 3—4 daga í senn. <i>Varið:</i> Lyfið má ekki bera í augu.
Hydro- cortisonum (gildir eingöngu fyrir alkóhólinn)	Lyfjaform til út- vortis notkunar; mest 10 mg/g eða 10 mg/ml (1%). Mest 20 g handa einstaklingi.	HÝDRÓKORTISÓN, krem, smyrsl. HÝDRÓKORTISÓN AKVÓSUM, krem. UNIDERM, áburður krem, smyrsl.	Við ofnæmisútbrotum, kláða eða ertingu vegna gróðurs, skordýrabit, snyrtivara eða skartgripa. <i>Notkun:</i> Berist á í þunnu lagi tvisvar sinnum á dag, mest þrisvar sinnum á dag. Notið ekki á börn nema samkvæmt læknisráði. <i>Varið:</i> Langtímanotkun veldur þynningu húðar. Leitið því lækni, ef einkenni batna ekki innan viku. Lyfið má ekki bera í augu. Við gylliniæð, rifum og kláða í emdaþarmi. <i>Notkun:</i> Eftir hægðir á að þvo emdaþarmssvæðið með vatni án sápu og þerra vandlega. Notið ekki grófan pappír. Berið smyrslid á tvisvar sinnum á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum. <i>Varið:</i> Gylliniæð stafar oft af hægðatregðu og getur verið fyrsta einkenni um sjúkdóma í kviðarholi. Fordíst því langtímanotkun lyfsins án samráðs við lækni.
	Endaþarmssmyrsl 5 mg/g. Mest 30 g handa einstaklingi.	PROCTOSEDYL, endaþarmssmyrsl.	

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Hydrocortisonum (gildir eingöngu fyrir alkóhólinn) frh.	Endaþarmsstílar. Einstakur skammtur mest 5 mg. Mest 12 stk. handa einstaklingi.	PROCTOSEDYL, endaðarmsstílar.	Við gylliniæð, rifum og kláða í endaðarmi. <i>Notkun:</i> Eftir hægðir á að þvo endaðarmsvæðið með vatni án sápu og þerra vandlega. Notið ekki grófan pappír. Notið 1—2 endaðarmsstíla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum. <i>Varúð:</i> Gylliniæð stafar oft af hægðatregðu og getur verið fyrsta einkenni um sjúkdóma í kvíðarholi. Fordist því langtímanotkun lyfsins án samráðs við lækni.
Ibuprofenum	Lyf í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 200 mg. Mest 20 stk. handa einstaklingi.	BRUFEN, töflur. IBUMETIN, töflur. ÍBÚFEN, töflur.	Lyfið er verkjastillandi, bólgueyðandi og lækkar sótthita. Einkum ætlað til notkunar við gigt sjúkdómum. Venjulegur skammtur handa fullorðnum er 1—2 töflur í senn, mest þrisvar sinnum á dag. Gefið ekki börnum yngri en 12 ára. <i>Varúð:</i> Má ekki nota lengur en 3 daga við hita og 1 viku við verkjum án samráðs við lækni. Leita skal læknis, ef bólgja og roði fylgir verk, þar sem slíkt getur verið einkenni sýkingar. — Notist ekki samtímis öðrum verkjalyfjum. Barnshafandi konur og sjúklingar með maga- og/eða skeifugarnarsár eiga ekki að taka lyfið. Astmi getur versnað við notkun lyfsins.
Iodum	Lyfjaform til útvortis notkunar.	IODOSORB, stráduft. Spritus jodi 2% NORD 63.	Samkvæmt ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins (notkunarleiðbeiningar). Jóðaburður. Til að þvo og sótthreinsa sár. <i>Varúð:</i> Getur valdið ofnæmi. <i>Athugið:</i> Hellist lyfið í fatnað eða á gólf, skal þvo það strax með vatni og fixersalti (natríumtíósúlfati). Litar gúmmí og plast brúnt.
Kreosotum	Mixtúrur, mest 3 mg/ml (0,3%).	Syrupus lactokreosoti.	Slímlosandi hóstamixtúra. <i>Skammtar:</i> Fullorðnir: 1 matskeið (15 ml) tvisvar til þrisvar sinnum á dag. Börn 6 ára og eldri: 1 teskeið (5 ml) tvisvar til þrisvar sinnum á dag. Gefið ekki börnum yngri en 6 ára.
Levamisolum	Dýralyf	LEVAMISOLE, VET., mixtúra 32 mg/ml.	<i>DÝRALYF.</i> Ormalyf fyrir sauðfé. <i>Varúð:</i> Eigi má nýta sláturafurðir fyrr en 5 sólarhringum eftir síðustu lyfjagjöf. — Ennfremur skal hver pakkning lyfsins merkt sérstaklega með upplýsingum um notkun lyfsins og varnaðarorð, skv. ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.
Lidocainum	Í endaðarmsstílum, endaðarmsmyrslum og lyfjaformum til útvortis notkunar.	LÍDÓKOMP, endaðarmsstílar.	Við gylliniæð, endaðarmsfleiðri, kláða og bólgum í endaðarmi. <i>Notkun:</i> 1—3 endaðarmsstílar á dag. Stingist í endaðarm. Lyfið er ekki ætlað börnum. Leita ber læknis, ef ekki dregur úr einkennum innan 2—3 daga. <i>Athugið:</i> Endaðarmsvæðið skal þvo með volgu vatni án sápu og þerrað vandlega áður en lyfið er notað. Notið ekki grófan pappír. Mikilvægt er að stuðla að reglubundnum hægðum og hreinlæti til að koma í veg fyrir útbreiðslu sýkinga og bólgur. Getur valdið ofnæmi og skal þá hætta notkun lyfsins.

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Lidocainum frh.		SULGAN 99, endaparmssmyrslí.	Við gylliniæð, endaparmsexemi, endaparmsfleiðri, sári, bólgu og kláða við og í endaparmsopinu. <i>Notkun:</i> 1—2 cm af endaparmssmyrslínu er borið á sýkt svæði og fleiður tvisvar til þrisvar sinnum á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum.
		SULGAN 99, endaparmsstíflar.	Athugið: Endaparmssvæðið skal þvo með volgu vatni án sápu og þerrað vandlega áður en lyfið er notað. Notið ekki grófan pappír. Mikilvægt er að stuðla að reglubundnum hægðum og hreinlæti til að koma í veg fyrir útbreiðslu sýkinga og bólgur. Getur valdið ofnæmi og skal þá hætta notkun lyfsins. Við gylliniæð, endaparmsfleiðri og bólgu í endaparmi. <i>Notkun:</i> 1 stíll í endaparm að kvöldi. Rúmliggjandi sjúklingar geta sett 1 stíl í endaparm tvisvar til þrisvar sinnum á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum.
		Unguentum lidocaini DAK 63.	Athugið: Endaparmssvæðið skal þvo með volgu vatni án sápu og þerrað vandlega áður en lyfið er notað. Notið ekki grófan pappír. Mikilvægt er að stuðla að reglubundnum hægðum og hreinlæti til að koma í veg fyrir útbreiðslu sýkinga og bólgur. Getur valdið ofnæmi og skal þá hætta notkun lyfsins. Til staðdeyfingar á húð og slímhúð, t.d. á húðfleiður, skordýrabít og sem verkjastillandi á endaparm vegna gylliniæðar. <i>Notkun:</i> Berist á þrisvar til fjórum sinnum á dag. <i>Varúð:</i> Lyfið getur valdið ofnæmi. Má ekki berast í augu.
Lindanum (Hexicidum)	Lyfjaform til útvortis notkunar; mest 10 mg/g eða 10 mg/ml (1%).	QUELLADA, hársápa.	<i>Lyf ætluð mönnum:</i> Gegn lús í höfuðhári. Má ekki nota gegn óþrifum á svínunum, alifuglum eða mjólkandi dýrum. <i>Notkun:</i> Gegnvætið hárið með volgu vatni. Hellið 2 matskeiðum af hársápu í hárið og látið freyða. Nuddið allan hársvörðinn vel í a.m.k. 4 mínútur. Skolið vandlega og þurrkið með þurru handklæði. Kemið hárið vandlega til þess að fjarlægja nit. Endurtakið meðferðina eftir sólarhring, ef nauðsyn krefur. <i>Varúð:</i> Gætið þess, að lyfið komist ekki í augu, nef, munn eða aðra viðkvæma slímhúð. Ef það kemst í augu, skal skola þau strax með vatni. Notið lyfið ekki oftar en tvisvar við hverja smitun og aðeins tvisvar í sömu viku. Notið ekki lyfið til venjulegra hárfvotta, né heldur, ef sár eru á hársverði.
		QUELLADA, áburður.	<i>Lyf ætluð mönnum:</i> Gegn kláðamaur. Má ekki nota gegn óþrifum á svínunum, alifuglum eða mjólkandi dýrum. <i>Notkun:</i> Þvoið yður og þurrkið vandlega. Berið þunnt lag af áburði (kreminni) á allan líkamann, nema andlit og hársvörð. Gætið þess vandlega að þekja alla húðina. Látið áburðinn (kreminni) vera á í sólarhring, en þvoið yður þá vel. Endurtakið eftir viku, ef nauðsyn krefur.

Efni	Hámarks magn og/eda takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eda upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Lindanum (Hexicidum) frh.		QUELLADA, VET., lyfjasápa.	<i>Varúð:</i> Gætið þess, að lyfið komist ekki í augu, nef, munn eða á aðra viðkvæma slímhúð. Ef það kemst í augu, skal skola þau strax með vatni. <i>DÝRALYF:</i> Lyfjasápa, ætluð til notkunar gegn grafmaurum, kláðamaurum, lúsum og flóm. <i>Athugið:</i> Lyfið er ekki ætlað til venjulegra þvotta. Má ekki nota gegn óprifum á svinum, alifuglum eða mjólkandi dýrum. <i>Varúð:</i> Varast ber, að lyfið komist í augu, sár eða á slímhúðir. Ef svo tekst til, skal skola rækilega með vatni. — Lyfinu má ekki hella í vötn eða læki. <i>Notkun:</i> Gegnvæta skal feld dýrsins með volgu vatni, svo dýrið verði bjórvott. Nuddið lyfjasápunni síðan inn í votan feldinn og látið biða í 5 mínútur. Skolið alla sápu burtu, uns skolvatnið er orðið tært. Sérstaklega þarf að gæta þessa, þegar lyfið er notað á ketti. <i>Dýralyf til útvortis notkunar.</i>
Loperamidum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 2 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.	IMODIUM, hylki.	Við bráðum niðurgangi; skammtímameðferð. <i>Skammtar:</i> Fullorðnir: 1—6 hylki á dag. Börn 8 ára og eldri: 1—3 hylki á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára. <i>Varúð:</i> Við háan hita eða ef blóð er í hægðum, má ekki nota lyfið. Kallið í lækni.
Malathion	Lyfjaform til útvortis notkunar; mest 10 mg/g (1%).	PRIODERM, áburður, hársápa.	Samkvæmt ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.
Mebendazolium	Dýralyf	OVITELMIN, VET., mixtúra 50 mg/ml. TELMIN, VET., pasta 200 mg/g.	<i>DÝRALYF.</i> Ormalyf fyrir sauðfé. <i>Varúð:</i> Eigi má nýta sláturafurðir fyrr en 7 sólarhringum eftir síðustu lyfjagjöf. — Ennfremur skal hver pakkning lyfsins merkt sérstaklega með upplýsingum um notkun lyfsins og skammtastærðir, skv. ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins. <i>DÝRALYF.</i> Ormalyf fyrir hross. <i>Varúð:</i> Eigi má nýta sláturafurðir fyrr en 7 sólarhringum eftir lyfjagjöf. — Ennfremur skal hver pakkning lyfsins merkt sérstaklega með upplýsingum um notkun lyfsins og skammtastærðir, skv. ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.
Meclozini chloridum	Lyf í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 25 mg; mest einstaklingi. Einstakur skammtur mest 50 mg; mest 6 stk. handa einstaklingi.	NEVÓMÍN, endaparmsstílar 25 mg.	Lyf við bilveiki, sjóveiki og flugveiki. <i>Skammtastærðir:</i> <i>Börn 1—5 ára:</i> Einn endaparmsstíll 1—2 klst. fyrir brottför og síðan einn endaparmsstíll á 12 klst. fresti, ef þörf krefur. <i>Börn 6—12 ára:</i> 1—2 endaparmsstílar 1—2 klst. fyrir brottför og síðan 1—2 endaparmsstílar á 12 klst. fresti, ef þörf krefur. <i>Varúð:</i> Getur valdið syfju og munnþurrki. Varasamt er fyrir stjórndendur ökutækja að nota lyfið og það því merkt rauðum aðvörunarþríhyrningi.

Efni	Hámarks magn og/eda takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eda upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Meclozini chloridum frh.		NEVÓMÍN, endaparmsstílar 50 mg. POSTAFEN, endaparmsstílar 50 mg. NEVÓMÍN, töflur 25 mg. POSTAFEN, töflur 25 mg.	Lyf við bílveiki, sjóveiki og flugveiki. <i>Skammtastærðir:</i> <i>Fullorðnir og börn 6—12 ára:</i> Einn endaparmsstíll 1—2 klst. fyrir brottför og síðan á 12 klst. fresti, ef þörf krefur. <i>Varúð:</i> Getur valdið syfju og munþurrki. Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið og það því merkt rauðum advörunarþríhyrningi. Lyf við bílveiki, sjóveiki og flugveiki. <i>Skammtastærðir:</i> <i>Fullorðnir:</i> Ein tafla 1—2 klst. fyrir brottför og síðan ein tafla á 12 klst. fresti, ef þörf krefur. <i>Börn 1—5 ára:</i> ½ tafla 1—2 klst. fyrir brottför og síðan ½ tafla á 12 klst. fresti, ef þörf krefur. <i>Börn 6—12 ára:</i> ½ — 1 tafla 1—2 klst. fyrir brottför og síðan ½ — 1 tafla á 12 klst. fresti, ef þörf krefur. <i>Varúð:</i> Getur valdið syfju og munþurrki. Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið og það því merkt rauðum advörunarþríhyrningi.
Mepyraminum	Lyfjaform til útvortis notkunar.	Cremor mepyramini DD 63.	Notist á kláða, sólbruna og skordýrabít. Berist á í þunnu lagi tvisvar til þrisvar sinnum á dag. Getur valdið ofnæmi og skal þá hætta notkun lyfsins.
Miconazolom	Lyfjaform til útvortis notkunar. Ekki yfir 10 mg/g (1%).	DAKTAR, krem. DERMONISTAT, krem. DAKTAR, stráduft. DAKTAR, úðaáburður.	Notist við sveppasýkingar í húð, svo sem á fótisveppi. <i>Notkun:</i> Berist á sýkt húðsvæði tvisvar sinnum á dag. <i>Varúð:</i> Varist að lyfið berist í augu eða á slímhúðir. Getur valdið staðbundinni ertingu. Notist við sveppasýkingar í húð, svo sem á fótisveppi. <i>Notkun:</i> Stráist á sýkt húðsvæði tvisvar sinnum á dag. <i>Varúð:</i> Varist að lyfið berist í augu eða á slímhúðir. — Getur valdið staðbundinni ertingu. Notist við sveppasýkingar í húð, svo sem á fótisveppi. <i>Notkun:</i> Úðist á sýkt húðsvæði tvisvar sinnum á dag. <i>Varúð:</i> Varist að lyfið berist í augu eða á slímhúðir. — Getur valdið staðbundinni ertingu.
Natrii fluoridum	Lausn til munnskólunar, mest 0,5 mg/ml (=0,23 mg flúor/ml). Lyf í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 0,55 mg (=0,25 mg flúor).	FLÚOR, lausn til munnskólunar 0,5 mg/ml. FLÚOR, töflur 0,55 mg.	Til varnar tannskemmdum. <i>Notkun:</i> Tvær teskeiðar (10 ml) til munnskólunar aðeins einu sinni daglega, helst að kvöldi eftir rækilega tannburstun. Velkja skal lausninni um tennur í 1—2 mínútur og spýta síðan. Hvorki má borða né drekka í ½ klst. eftir skolonina. Lausnina má nota jafnframt flúortannkremi. <i>Varúð:</i> Má ekki kyngja. Notist aðeins handa börnum eldri en 6 ára. <i>Við ofskömmun:</i> Drekkjið mjólk og kallið í lækni. Til varnar tannskemmdum. Hámarksdagsskammtur: Börn 0—3 ára: 1 tafla. Börn 3—6 ára: 2 töflur. Börn 6—12 ára: 3 töflur. Mælt er með því að tyggja eða sjúga töflurnar. Töflurnar má nota jafnframt flúortannkremi. Lyfið er ekki ætlað fullorðnum. <i>Við ofskömmun:</i> Drekkjið mjólk og kallið í lækni.

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Natrii fluoridum frh.		FLÚORTABS, munnsog-/tuggutöflur 0,55 mg.	Til varnar tannskemmdum. Hámarksdagsskammtur: Börn 0—3 ára: 1 tafla. Börn 3—6 ára: 2 töflur. Börn 6—12 ára: 3 töflur. Töflurnar á að tyggja eða sjúga. Töflurnar má nota jafnframt flúortannkremi. Lyfið er ekki ætlað fullorðnum. <i>Við ofskömmun:</i> Drekkið mjólk og kallið í lækni.
Noscapinum	Mixtúrur; mest 1 mg/ml (0,1%); mest 200 ml handa einstaklingi.	Syrupus noscapini DAK 63.	Hóstastillandi mixtúra við þurrum hósta. <i>Skammtar:</i> Fullorðnir og börn eldri en 10 ára: 1—2 matskeiðar (15—30 ml) þrisvar sinnum á dag. Börn 6—10 ára: 1 barnaskeið — 1 matskeið (10—15 ml) tvisvar til þrisvar sinnum á dag. Gefið ekki börnum yngri en 6 ára án samráðs við lækni. <i>Varúð:</i> Lyfið skal ekki notað lengur en eina viku í senn án samráðs við lækni.
Oximetazolinum, klóríð	Nefdropar í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 45 mikróg. Mest 20 skammtar handa einstaklingi.	NEZERIL, nefdropar 0,1 mg/ml; nefdropar 0,25 mg/ml; nefdropar 0,5 mg/ml.	Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins við skráningu lyfsins.
Paracetamolum	Lyf í afmældum skömmtum; einstakur skammtur mest 500 mg. <i>Endaþarmsstílar:</i> Mest 20 stk. handa einstaklingi.	PANODIL, endaðarmsstílar. PARASETAMÓL, endaðarmsstílar.	<i>Endaðarmsstílar 60 mg:</i> Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Endaðarmsstílar eru hentugir handa börnum með uppköst eða ef þau eiga erfitt með að gleypa töflur. <i>Skammtastærðir handa börnum, hafi læknir ekki ráðlagt annað:</i> 0—1 árs: 1 endaðarmsstíll mest í tvö skipti. 1—4 ára: 2 endaðarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring. Frekari lyfjagjöf aðeins í samráði við lækni. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdöma er að ræða. <i>Endaðarmsstílar 125 mg:</i> Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Endaðarmsstílar eru hentugir handa börnum með uppköst eða ef þau eiga erfitt með að gleypa töflur. <i>Skammtastærðir handa börnum hafi læknir ekki ráðlagt annað:</i> Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 1 árs. 1—4 ára: 1 endaðarmsstíll mest þrisvar sinnum á sólarhring.

Efni	Hámarks- takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfja- form, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgi- seðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Paraceta- molum frh.			<p>4—8 ára: 1—2 endaðarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring.</p> <p>8—12 ára: 2 endaðarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring.</p> <p>Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.</p> <p><i>Endaðarmsstílar 250 mg:</i> Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. Endaðarmsstílar eru hentugir handa börnum með upp- köst eða ef þau eiga erfitt með að gleypa töflur. <i>Skammtastærðir handa börnum hafi lækni ekki ráðlagt annað:</i> Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára. 8—12 ára: 1 endaðarmsstíll mest þrisvar sinnum á sólarhring. 12—16 ára: 1—2 endaðarmsstílar mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.</p> <p><i>Endaðarmsstílar 500 mg:</i> Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið er ekki ætlað til langvarandi notkunar án samráðs við lækni. <i>Skammtastærðir, hafi lækni ekki ráðlagt annað:</i> Fullorðnir: 1—2 endaðarmsstílar þrisvar sinnum á sólarhring. Börn 12—16 ára: 1 endaðarmsstíll mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.</p> <p><i>Freyðitöflur.</i> Venjulegur skammtur er 1—2 freyðitöflur í senn, mest 6 freyðitöflur á sólarhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðaverk og sótthita af völdum influensu eða kvefs. Freyðitöflurnar eru leystar upp í hálfu glasi af vatni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára nema í samráði við lækni. Börn 8—12 ára: ½ freyðitafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Börn 12—16 ára: 1 freyðitafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða. Lyfið inniheldur natríum og er því ekki ætlað fólki, sem er á saltsnaudu fæði.</p> <p><i>Töflur.</i> Venjulegur skammtur er 1—2 töflur í senn, mest 6 töflur á sólarhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðaverk og sótthita af völdum influensu eða kvefs. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára nema í samráði við lækni. Börn 8—12 ára: ½ tafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Börn 12—16 ára: 1 tafla mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.</p>
	<i>Freyðitöflur</i> Mest 20 stk. handa einstaklingi.	PANODIL, freyðitöflur.	
	<i>Töflur:</i> Mest 20 stk. handa einstaklingi.	PANODIL, töflur. PARASETAMÓL, töflur.	

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Paracetamolum frh.	Lyf í fljótandi formi til inn-töku, ekki yfir 24 mg/ml (2,4%). Mest 60 ml handa einstaklingi.	PANODIL, mixtúra. PARASEAMÓL, mixtúra.	<i>Mixtúra 24 mg/ml.</i> Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni. <i>Skammtasterðir handa börnum, hafi læknir ekki ráðlagt annað:</i> 0—1 árs: 2,5 ml mest í tvö skipti. Frekari lyfjagjöf aðeins í samráði við lækni. 1—4 ára: 2,5—5 ml mest þrisvar sinnum á sólarhring. 4—8 ára: 5—10 ml mest þrisvar sinnum á sólarhring. 8—12 ára: 10 ml mest þrisvar sinnum á sólarhring. Lyfið má ekki nota, ef um lifrarsjúkdóma er að ræða.
Phenazoni salicylas	Lyf í afmældum skömmtum; einstakur skammtur mest 1 g.	Tablettae coffisali DAK 50. Tablettae phenazoni salicylatis 500 mg DD 63.	Verkjastillandi, einkum við höfuðverk. Hitalækkandi. 1—2 töflur í senn mest þrisvar sinnum á dag. Gefið ekki börnum yngri en 12 ára. Getur valdið ofnæmi og skal þá hætta notkun lyfsins. <i>Varúð:</i> Notist ekki samtímis blöðþynningarlyfjum. — Astmi getur versnað við notkun lyfsins. Sjúklingar með maga- og/eða skeifugarnarsár eiga ekki að nota lyfið.
Phenazonum	Lyf í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 1 g. Mixtúrur, mest 66 mg/ml (6,6%) (≈1 g/15 ml). Lyfjaform til útvortis notkunar.	Dosipulveres phenazoni 1 g DD 63. KOFFAZÓN, töflur.	Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. 1 skammtur í senn mest þrisvar sinnum á dag. Gefið ekki börnum yngri en 12 ára. Getur valdið ofnæmi og skal þá hætta notkun lyfsins. Lyf við verkjum, t.d. höfuðverk, tannpínu og tíðaverkjum. Hæfilegir skammtar handa fullorðnum eru 1—2 töflur í senn, allt að þrisvar sinnum á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Barnshafandi konur og sjúklingar með maga- og/eða skeifugarnarsár eiga ekki að taka lyfið.
Promethazinum	Lyf í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 10 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.	PHENERGAN, töflur.	Við svefnleysi. <i>Notkun:</i> 1 tafla að kvöldi fyrir svefn. Lyfið er ekki ætlað börnum. <i>Varúð:</i> Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að nota lyfið og það því merkt rauðum aðvörunarþríhyrningi. — Lyfið má hvorki nota samtímis áfengi og/eða róandi lyfjum, né að staðaldri.

Efni	Hámarks­magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.																														
Pyrvinium	Mixtúrus; mest 10 mg/ml (1%).	VANQUIN, mixtúra.	<p>Lyf gegn njálg.</p> <p><i>Notkun:</i> Lyfið skal tekið inn í einum skammti. Meðhöndla skal alla fjölskyldumeðlimi. Nauðsynlegt er að endurtaka meðferð eftir 14 daga, þar sem lyfið drepur ekki egg njálgsins.</p> <p>Venjulegur skammtur er 1 mæliskeið (= 5 ml = 50 mg) á hver 10 kg líkamsþyngdar; sjá eftirfarandi skammtatöflu fyrir lyfið:</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Aldur</th> <th>Líkamsþyngd í kg</th> <th>Fjöldi mæliskeiða</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>3 mán.</td> <td>5</td> <td>½</td> </tr> <tr> <td>1 ár</td> <td>10</td> <td>1</td> </tr> <tr> <td>6 ár</td> <td>20</td> <td>2</td> </tr> <tr> <td>10 ár</td> <td>30</td> <td>3</td> </tr> <tr> <td>13 ár</td> <td>40</td> <td>4</td> </tr> <tr> <td>Eldri börn og fullorðnir:</td> <td>50</td> <td>5</td> </tr> <tr> <td></td> <td>60</td> <td>6</td> </tr> <tr> <td></td> <td>70</td> <td>7</td> </tr> <tr> <td></td> <td>80</td> <td>8</td> </tr> </tbody> </table> <p>Hámarksskammtur fyrir fullorðna eru 8 mæliskeiðar (= 4) ml af mixtúru.</p> <p><i>Athugið:</i> Lyfið litar saur og fatnað rauðan.</p>	Aldur	Líkamsþyngd í kg	Fjöldi mæliskeiða	3 mán.	5	½	1 ár	10	1	6 ár	20	2	10 ár	30	3	13 ár	40	4	Eldri börn og fullorðnir:	50	5		60	6		70	7		80	8
Aldur	Líkamsþyngd í kg	Fjöldi mæliskeiða																															
3 mán.	5	½																															
1 ár	10	1																															
6 ár	20	2																															
10 ár	30	3																															
13 ár	40	4																															
Eldri börn og fullorðnir:	50	5																															
	60	6																															
	70	7																															
	80	8																															
	Lyf í afmældum skömmtum; einstakur skammtur mest 50 mg.	VANQUIN, töflur.	<p>Lyf gegn njálg.</p> <p><i>Notkun:</i> Lyfið skal tekið inn í einum skammti. Meðhöndla skal alla fjölskyldumeðlimi. Nauðsynlegt er að endurtaka meðferð eftir 14 daga, þar sem lyfið drepur ekki egg njálgsins.</p> <p>Venjulegur skammtur er 1 tafla (= 50 mg) á hver 10 kg líkamsþyngdar; sjá eftirfarandi skammtatöflu fyrir lyfið:</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Aldur</th> <th>Líkamsþyngd í kg</th> <th>Fjöldi taflna</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>3 mán.</td> <td>5</td> <td>½</td> </tr> <tr> <td>1 ár</td> <td>10</td> <td>1</td> </tr> <tr> <td>6 ár</td> <td>20</td> <td>2</td> </tr> <tr> <td>10 ár</td> <td>30</td> <td>3</td> </tr> <tr> <td>13 ár</td> <td>40</td> <td>4</td> </tr> <tr> <td>Eldri börn og fullorðnir:</td> <td>50</td> <td>5</td> </tr> <tr> <td></td> <td>60</td> <td>6</td> </tr> <tr> <td></td> <td>70</td> <td>7</td> </tr> <tr> <td></td> <td>80</td> <td>8</td> </tr> </tbody> </table> <p>Hámarksskammtur fyrir fullorðna eru 8 töflur.</p> <p><i>Athugið:</i> Lyfið litar saur og fatnað rauðan.</p>	Aldur	Líkamsþyngd í kg	Fjöldi taflna	3 mán.	5	½	1 ár	10	1	6 ár	20	2	10 ár	30	3	13 ár	40	4	Eldri börn og fullorðnir:	50	5		60	6		70	7		80	8
Aldur	Líkamsþyngd í kg	Fjöldi taflna																															
3 mán.	5	½																															
1 ár	10	1																															
6 ár	20	2																															
10 ár	30	3																															
13 ár	40	4																															
Eldri börn og fullorðnir:	50	5																															
	60	6																															
	70	7																															
	80	8																															
Retinolum (sjá A-vítamín)																																	
Rotenonum	Lyfjaform ætluð dýrum til útvortis notkunar.	Acetonum rotenoni 5%, vet. NORD 63.	<p><i>DÝRALYF.</i></p> <p>Gegn lús, flóm og annari óværu á húsdýrum.</p> <p><i>Notkun:</i> 10 ml er blandað í 1 lítra af vatni og hrært vel í. <i>Kettir og hundar:</i> Berið lausnina þannig á dýrið að það verði bjórvott. Ketti skal skola vandlega með voglu vatni eftir u.þ.b. 20 mínútur. Hunda á ekki að skola.</p> <p><i>Hestar:</i> Gegnvætið tagl og fax með lausninni.</p> <p><i>Varúð:</i> Lyfið má ekki nota á kettlinga og hvolpa (hunda og minka). — Varast ber að lyfið berist í augu og vit dýrsins.</p>																														

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Súlfónamíðar	Lyfjaform ætluð dýrum til útvortis notkunar.	SOCATYL, VET., pasta (inniheldur sulfathiazoli formaldehydatum 500 mg/g).	<i>DÝRALYF.</i> Við afrifum og smásárum á húð. Berist á í þunnu lagi einu sinni til tvisvar á dag.
Tetracainum (Tetracainii chloridum Ph. Eur.)	Lyfjaform til útvortis notkunar.	Solutio tetracaini 2% NORD 63.	Til staðdeyfingar t.d. á húðfleiður, skordýrabít og sem verkjastillandi á endaparm vegna gylliniæðar. <i>Notkun:</i> Berist á þrisvar til fjórum sinnum á dag. <i>Varúð:</i> Lyfið getur valdið ofnæmi. Má ekki berast í augu.
Tetramisolum	Dýralyf	ORMASÓL, VET., töflur 300 mg.	<i>DÝRALYF.</i> Ormalyf fyrir sauðfé. <i>Varúð:</i> Eigi má nýta mjólk til manneldis fyrr en 2 sólarhringum eftir síðustu lyfjagjöf. Eigi má nýta sláturafurðir fyrr en 7 sólarhringum eftir síðustu lyfjagjöf. — Ennfremur skal hver pakkning lyfsins merkt sérstaklega með upplýsingum um notkun lyfsins og varnaðarorð, skv. ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.
Tiabendazolum	Dýralyf	THIBENZOLE, VET., kökur (boli) 2 g, mixtúra 134 mg/ml.	<i>DÝRALYF.</i> Ormalyf fyrir búfé. <i>Varúð:</i> Eigi má nýta mjólk til manneldis fyrr en 3 sólarhringum eftir síðustu lyfjagjöf. Eigi má nýta sláturafurðir fyrr en 15 sólarhringum eftir síðustu lyfjagjöf. — Ennfremur skal hver pakkning lyfsins merkt sérstaklega með upplýsingum um notkun lyfsins og skammtastærðir, skv. ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.
Tripelenaminum	Lyfjaform til útvortis notkunar.		Notist á kláða, sólbruna og skordýrabít. Berist á í þunnu lagi tvisvar til þrisvar sinnum á dag. Getur valdið ofnæmi og skal þá hætta notkun lyfsins.
Xylometazolinum, klóríð	Nefúðalyf í afmældum úðaskammti. Einstakur skammtur mest 140 míkrog. Mest 10 ml handa einstaklingi.	OTRIVIN, nefúðalyf með skammtaúðara 1 mg/ml.	Samkvæmt ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.

VIÐAUKI 5:

Leiðbeiningar um merkingu lyfja; sbr. C. hluta þessarar reglugerðar.

Um XVI. kafla (54.— 56. gr.)**Almenn ákvæði.**

Aðalmarkmið Aðalmarkmið merkingar lyfs eru:

- merkingar** Sannkenni lyfsins
 Rétt notkun lyfsins

Við merkingu lyfs er mikilvægt að huga að þessum atriðum og gera þau sem greinilegust og mest áberandi. Æskilegt er, að textar viðkomandi þessum tveimur atriðum séu hvor fyrir sig aðgreindir, bæði á innri og ytri umbúðum lyfsins.

Sannkenni Með sannkenni lyfsins er átt við:

- Heiti lyfsins
 Lyfjaform
 Styrkleika
 Pakkningastærð

Þessi atriði skulu áletruð þannig, að þau sjáist öll í einu. Heiti lyfs og styrkleiki skulu að öllu jöfnu prentuð með sömu leturgerð og stærð. Auk framantalinna atriða er norrænt vörunúmer notað til sannkennis lyfsins. Sérstakar leiðbeiningar gilda um staðsetningu norræns vörunúmers á merkimiða.

Hætta á rangri afhendingu

Leitast skal við að merkja lyf þannig, að ekki sé hætt á, að þau verði afgreidd rangt. Er hér m.a. átt við umbúdir um lyf, sem bera svipuð nöfn, svipuð lyfjaform (t.d. krem og smyrsl) og mismunandi styrkleika sama lyfs. Ennfremur mismunandi lyf frá sama framleiðanda, þegar umbúdir og merkimiðar eru með svipuðu útliti. Vekja má athygli á framangreindum atriðum með því að nota mismunandi leturstærð á merkimiða, liti, útlit umbúða eða annað þess háttar.

Leturgerð

Velja skal leturgerð þannig, að áletrun á merkimiða sé eins skýr og unnt er. Forðast skal að setja letur þétt og nota svera stafagerð. Auðveldara er að lesa texta, ef autt svæði er í kringum hann. Skal því leitast við að aðgreina mismunandi textaeiningar, sem eiga að vera á merkimiðanum. Þá skal litamunur á texta og grunni merkimiða vera sem skýrastur.

Rétt notkun

Merkja þarf lyf ákveðnum upplýsingum til að tryggja rétta notkun þeirra. Neytendaupplýsingar ná til:

- notkunarleiðbeininga
 tæknilegra upplýsinga
 varnaðarorða
 fyrningardagsetningar og notkunartíma.

Notkunarleiðbeiningar skulu vera auðlesnar og eins skýrar og unnt er. Æskilegt er, að mikilvægustu leiðbeiningarnar séu sérstaklega áberandi, t.d. með því að prenta þær með breyttri eða stærri leturgerð en annan texta. Neytendaupplýsingar skulu allar vera á einum stað á merkimiðanum, og skal leitast við að láta þær snúa eins og aðrar áletranir.

Fyrningardagsetningu lyfs getur af tæknilegum ástæðum þó þurft að prenta á merkimiða á öðrum stað en aðrar neytendaupplýsingar.

Annað

- Skilgreining á lyfjaformi: Nota má smátt letur.
- Framleiðandi: Nafn og/eða merki framleiðanda má ekki taka rými frá öðrum mikilvægari merkingum. Á hið sama við um nafn umboðsmanns, ef um slíkt er að ræða.
- Myndir, sem notaðar eru sem hluti af leiðbeiningum, mega ekki vera þannig, að verri sé að lesa texta á merkimiða en ella.

Merkimiði apóteks

Gera verður ráð fyrir nægu rými fyrir merkimiða apóteks á innri umbúðum lyfs. Minnsta rými er áætlað 14x34 mm, en skal að öllu jöfnu vera stærra.

Staðsetning merkingar

Merking á bæði að vera á innri umbúðum og þeim ytri umbúðum, sem ekki eru gegnsæjar (á þó ekki við um svo nefndar flutningaumbúðir). Þegar rými er ekki nægjanlegt, má þó takmarka texta á innri eða ytri umbúðum þannig, að merking sé læsileg. Heildarmerking skal þó vera á umbúðum (innri + ytri umbúðum). Nauðsynleg merking, til að tryggja rétta notkun lyfs, skal vera á innri umbúðum. Að öðru leyti vísast til XVIII. kafla um önnur ákvæði um merkingu lyfja og XIX. kafla um fylgiseðla og athugasemda við þessar greinar.

Um XVII. kafla (57. gr.) Sérstök ákvæði.

a. Lyfjaform.

Í viðauka 6 við þessa reglugerð er skilgreining á viðurkenndum íslenskum heitum lyfjaforma.

Bóluefni skulu merkt: „Bóluefni gegn . . .“.

b. Styrkleiki.

Þegar lyf inniheldur tvö virk efni og nöfn beggja efnanna eru í heiti lyfsins, má styrkleiki beggja hinna virku efna vera hluti af lyfjaheiti (t.d. Tíamín 20 mg Pýridoxín 20 mg, töflur). Á lykjum (ampullae) og einnota dælum skal styrkleiki gefinn upp sem magn/ml. Þá má að auki greina heildarmagn virks efnis/lykju eða/einnnota dælu. Sömu ákvæði gilda um styrkleika fullbúinna stungulyfja, sem framleidd eru úr stungulyfsþykni og -stofni með ákveðnu rúmmáli leysis. Leyft er að greina styrkleika í hundradshlutum í þeim augn-, eyrna- og nefdropum, sem þegar eru skráðir sem slíkir, svo og í samsvarandi nýjum lyfjum í þessum lyfjaformum (t.d. Atrópín 1%). Mismunandi styrkleiki sama lyfs skal helst greindur með sömu einingu, t.d. töflur 250 mg, 500 mg, 1000 mg (eða 0,25 g, 0,5 g, 1 g). Einnig skal leitast við að greina styrkleika hvers lyfs í einu efnasambandi, enda þótt t.d. mismunandi sölt séu notuð í mismunandi lyfjaform (t.d. ampicillínatríum, samsvarandi **ampicillinum** — ampicillíntríhýdrat, samsvarandi **ampicillinum**).

c. **Pakkningastærð.**

Greina skal stærð pakkningar nálægt heiti lyfsins.

d. **Innihaldsefni.**

Þær kröfur, sem fram koma í leiðbeiningunum, eru lágmarkskröfur um merkingu. Hins vegar má skilgreining á innihaldsefnum vera nákvæmari, ef rými á merkimiða leyfir eða sérstök þörf er á.

Skilgreiningu á innihaldsefnum í lyfjaformi má byrja t.d. á eftirfarandi hátt: 1 tafla., 1 ml., 1 g eða enda t.d.: ad 1 ml, ad 1 g. Venjulega þarf ekki sérstaka skýringu með skilgreiningu á skömmtuðu lyfjaformi, sem inniheldur aðeins eitt virkt efni, nema ákvæði í reglugerðinni kveði svo á.

1. **Virkt innihaldsefni.**

Latneskt nafn má nota yfir nafn virkra innihaldsefna og þá jafnvel styt. Tilgreina skal það efnasamband, sem styrkleikinn á við.

Nafn hins virka efnis skal greint á merkimiða þar, sem það veldur ekki ruglingi á sannkenni lyfsins, þ.e. það má ekki standa á milli heitis lyfsins og styrkleika. Á stungulyfjum í lykjum (ampullae) eða í litlum hettuglösnum skal nafn hins virka efnis vera a.m.k. á ytri umbúðum.

2. **Óvirkt innihaldsefni (hjálparefni).**

Séu litarefni og rotvarnarefni tilgreind, má nota E-númer þeirra (Evrópukóðanúmer).

Hjálparefni má tilgreina undir einu heiti t.d. sem constit.

Vatn, sem notað er í stungulyf — innrennslislyf, skal greint **Aqua ad iniectabilia** (sæft vatn, vatn í stungulyf).

Vatn, sem notað er í önnur sæfð lyf, skal greint **Aqua sterilisata** (sæft vatn).

Vatn í önnur lyf (ekki sæfð) skal greint **Aqua purificata** (hreinsað vatn).

3. **Nafngiftir og upplýsingar um magn.**

Skilgreining á innihaldi innrennslislyfja er oftast per 1000 ml eða per 1 lítra, en í mixtúrum per ml.

Í skilgreiningu á innrennslislyfjum, innrennslisþykknum og innrennslisstofnum skal bætt við upplýsingum um innihald elektrólýta í mmól/l.

Styrkleiki bóluefna (vaccina) er venjulega skilgreindur sem magn í hverjum skammti.

e. **Framleiðandi:**

Með framleiðanda er átt við þann aðila, sem er ábyrgur fyrir lyfinu (skráningaraðili).

f. **Númer framleiðslulotu og fyrning.**

Fyrningardagsetning skal greind t.d. samkvæmt ISO-staðli (International-Standardization Organization), „Notist fyrir: 05-93“. Mánuður skal ekki greindur með rómverskum tölustöfum. Ætíð skal greina mánuð á undan ártali. Hámarks notkunartími lyfs hjá sjúklingi skal greindur á umbúðum, þegar það á við. Er hér átt við breytingu á geymsluþoli lyfja, t.d. lyf, sem hafa minna geymsluþol eftir að þau eru fullbúin til notkunar (t.d. mixtúrum framleiddar úr þurrefni) og lyf, sem hafa minna geymsluþol eftir að umbúðir eru rofnar (t.d. augndropar og nefdropar). Þessar upplýsingar má t.d. greina á eftirfarandi hátt: „Notist fyrir 05-93, þó eigi síðar en xx dögum/vikum/mánuðum eftir blöndun lyfsins/efnissins að umbúðir hafa verið rofnar/efnissins lyfsins úr apóteki“. Fyrningardagsetningu og hámarks notkunartíma lyfsins má þó

greina sitt í hvoru lagi. Vegna hættu á mengun (kontamination) skal hámarksnotkunartími augndropa takmarkast við 4 vikur, sé annað ekki tekið fram. Notkunartíma má greina t.d. á eftirfarandi hátt: „Notist fyrir 05—93, þó eigi síðar en 1 viku/1 mánuði eftir að umbúðir hafa verið rofnar“. Fyrningardagsetningu og notkunartíma má greina sitt í hvoru lagi, t.d. má greina notkunartíma svo: „Notist eigi síðar en 4 vikum eftir að umbúðir hafa verið rofnar“.

g. Geymsluákvæði.

Mælt er með notkun eftirtalinna fyrirmæla:

Geymist á köldum stað (+2 — +8°C).

Geymist á köldum stað (+2 — +8°C). Lyfið má ekki frjósa.

Geymist við stofuhita.

Geymist við lægra hitastig en +15°C.

Geymist við lægra hitastig en +15°C. Lyfið má ekki frjósa (t.d. dýralyf).

Lokið ílátinu vandlega.

Ljósnaemt — geymið í öskjunni./Geymist varið ljósi.

Fæstir neytendur (sjúklingar) hafa aðstæður til að geyma lyf á svölum stað (+8 — +15°C) og skulu þau fyrirmæli um geymslu lyfja því aðeins notuð í undantekningartilvikum. Ætla má, að aðstæður til að geyma stórar pakkningar ýmist á köldum eða svölum stað, séu ávallt fyrir hendi, og er hér einkum átt við dýralyf og sjúkrahússpakkningar lyfja. Fyrir slíkar pakkningar henta merkingarfyrirmælin „Geymist við lægra hitastig en +15°C“ eða „Geymist við lægra hitastig en +15°C, en má ekki frjósa“. Fyrirmæli um geymslu lyfs skulu byggð á niðurstöðum geymsluþolsathugana lyfsins, sem geymt hefur verið við þau skilyrði.

h. Varnaðarorð.

Börn Sjúkrahússpakkningar lyfja eru undanþegnar ákvæðum um áletrunina „Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til“. Framleiðandi skal, þegar hann sendir tillögur að merkimiða lyfs, taka fram, að framangreindri áletrun sé sleppt vegna þess að pakkningastærðin sé einungis ætluð til afgreiðslu til sjúkrahúsa.

Varúðar-
þríhyrn-
ingur Öll lyf, sem talin eru á skrá yfir lyf, sem skert geta hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar annarra véla, skulu merkt varúðarþríhyrningi. Þríhyrningurinn skal vera jafnhliða, rauður rammi, venjulega á hvítum grunni, og skulu hliðar eigi vera styttri en 10 mm á lengd og 2 mm á breidd. Varúðarþríhyrningurinn skal vera á áberandi stað á merki-
miða. — Sjá viðauka 7.

Önnur
varnaðarorð

Nokkur dæmi um önnur varnaðarorð:

Eldfimt.
Forðist eld og óbyrgt ljós.

Lyf, sem eru eldfim.

Cytostaticum.

Frumdrepani lyf (cytostatica) í formi stungulyfs eða innrennslislyfs.

Einungis til þynningar / Þynnist fyrir notkun.

Þykkni, svo sem innrennslisþykkni og stungulyfsþykkni.

Má ekki gleypa.

Duft í hylkjum til innöndunar.

Takið ekki stærri skammt af lyfinu en læknir hefur ráðlagt. Varasamt er að neyta áfengis meðan lyfið er notað.

Lyf, sem innihalda detrópróxyfen.

Vegna mikils natríuminnihalds lyfsins hentar það ekki þeim, sem hafa háan blóðþrýsting, hjartabilun eða skerta nýrnastarfsemi.

Lausasölylyf, sem innihalda meira en 1,2 g Na⁺ í dagsskammti.

Við hægðatregðu.

Hægðalyf, sem auka þarmahreyfingar.

Lyfið örvar þarmahreyfingar og er varasamt að nota það að staðaldri, þar sem það getur hindrað eðlilega þarmastarfsemi. Notið hvorki lyfið lengur en eina viku í senn, né gefið það börnum yngri en 12 ára, án samráðs við lækni.

Varúð. Ekki má nota stærri skammta af lyfinu en læknir hefur sagt fyrir um. Of stór skammtur lyfsins eykur ekki verkun þess, en getur verið skaðlegur.

Innúðalyf, sem innihalda sýmpatómímétískar amínur.

Sömu reglur um merkingu og gilda um eitrefni og hættuleg efni og til útrýmingar meindýra.

Dýralyf, sem innihalda útrýmingarefni og önnur eitur- og hættuleg efni.

Lyfið má ekki snerta slímhúðir í augum eða munni. Ef það gerist, verður að skola vel af með vatni. Föt geta upplitast af lyfinu. Meðan lyfið er notað skal varast háfjallasól og sólböð.

Lyf, sem innihalda benzólýlperoxíð.

Forðist alla aðra meðferð á húðinni og varist sólböð og „háfjallasól“. Þetta gildir einkum fyrstu vikurnar meðan lyfið er notað daglega. Varist að lyfið berist í augu, nasir og á varir. Lyfið er mjög ertandi fyrir slímhúðir.

Lyf, sem innihalda tretínóín.

Varist að lyfið berist í augu.

Lyf, sem innihalda barkstera og afbrigði þeirra, og ætluð eru til útvortis notkunar.

Varúð — Hættulegt.

Lyf, sem innihalda flúor.

Ekki til innspýtingar.
Notist eingöngu í innúdatæki eða í öndunarvél.

Innúðalyf, sem eru í glerumbúðum líkum lykjum (ampúllum).

Eigi má nýta mjólk til manneldis meðan á lyfjameðferð stendur og eigi fyrir en þremur sólarhringum eftir síðustu lyfjagjöf. (Bláir bókstafir á hvítum grunni).

Sýklalyf til notkunar í júgur á kúm og ám, þegar heilbrigðisyfirvöld fyrirskipa ekki aðra áletrun.

Gætið þess að lyfið berist ekki um vit. Skolið vandlega af með vatni eftir notkun.

Lyf í fljótandi formi, er innihalda hexaklórófen, ef magn fer fram úr 1 mg/ml (0,1%).

Verkun lyfsins minnkar, ef sjúkl-ingur drekkur mjólk eða súrmjólk eða tekur járn-, kalk-, eða sýrubindandi lyf, þremur klukkustundum fyrir eða eftir töku lyfsins.

Hvers konar tetracyklínsambönd, sem ætluð eru til inntöku, nema doxýcýklín.

Umsóknir um endurgreiðslu skulu skráðar á sérstök eyðublöð sem Tryggingastofnun ríkisins lætur í té. Með umsókn skulu fylgja kvittanir tryggingarfélags fyrir greiðslu ábyrgðartryggingar.

Greiðsludeild Tryggingastofnunar ríkisins annast endurgreiðslu með póstsendum ávísunum, þegar stofnunin eða umboðsmenn hennar hafa metið hvort skilyrði séu fyrir hendi.

5. gr.

Ríkisféhirðir endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins útlagt fé svo og annan kostnað sem stofnunin hefur af framkvæmdinni. Uppgjör skal fara fram mánaðarlega fyrir 10. dag næsta mánaðar.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1988, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið varðandi greiðsluhlutverk Tryggingastofnunar ríkisins, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 25. ágúst 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

1. gr.

Utanríkisráðuneytið gefur út tvenns konar vegabréf, diplómísk vegabréf og sérstök vegabréf.

2. gr.

Í vegabréfum utanríkisráðuneytisins skal greina fullt nafn vegabréfshafa, stöðu, fæðingardag og -ár, fæðingarstað, heimilisfang, hæð, háralit og augnalit.

Í vegabréf skal enn fremur festa nýlega ljósmynd af vegabréfshafa, og skal setja á hana embættisinsigli ráðuneytisins þannig að nokkur hluti innsiglisins komi fram á myndinni, en nokkur hluti utan hennar.

Taka skal fram í vegabréfi til hve langs tíma það skuli gilda.

Vegabréfshafi skal rita nafn sitt í vegabréfið með eigin hendi undir ljósmynd. Rita skal útgáfudag vegabréfs, undirrita það og stimpla með embættisstimpli ráðuneytisins.

3. gr.

Ráðuneytið skal halda sérstakar skrár yfir öll vegabréf, sem það gefur út, aðra yfir diplómísk vegabréf, hina yfir sérstök vegabréf. Skal þar skrá allar hinar sömu upplýsingar um vegabréfshafa og settar hafa verið í vegabréfið og auk þess festa þar ljósmynd af vegabréfshafa.

4. gr.

Þessir aðilar einir fá diplómísk vegabréf, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrirverandi forsetar Íslands.
3. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, þegar þeir eru í fylgd með forseta.
4. Ráðherrar
5. Forsetar Alþingis.
6. Hæstaréttardómarar.
7. Ríkissaksóknari.
8. Umboðsmaður Alþingis.
9. Embættismenn utanríkisþjónustunnar skv. 1.–5. flokki 8. gr. laga nr. 39/1971 og þeir aðrir starfsmenn hennar sem reglur ráðuneytisins kveða á um.
10. Ráðuneytisstjórar.
11. Ríkisendurskoðandi.
12. Ríkissáttasemjari.
13. Biskupinn yfir Íslandi.
14. Aðalbankastjórar Seðlabankans.
15. Þeir sem gegna meiriháttar trúnaðarstörfum fyrir Ísland í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
16. Fyrirverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
17. Fyrirverandi starfsmenn utanríkisþjónustunnar úr 1. og 2. flokki sbr. 8. gr. laga nr. 39/1971, sem látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir.
18. Makar og börn þeirra sem taldir eru í 1.–17. tölulið; börnin þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

5. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið hin sérstöku vegabréf utanríkisráðuneytisins, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Alþingismenn.
2. Skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands.
3. Forstjórar helstu ríkisstofnana.
4. Skrifstofustjóri Alþingis.
5. Hæstaréttarritari.
6. Aðstoðarmenn ráðherra.
7. Starfsfólk utanríkisþjónustunnar, sem ekki er talið upp í 9. tölulið 4. gr.
8. Kjöræðismenn Íslands erlendis.
9. Borgarstjórnin í Reykjavík.
10. Forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.
11. Þeir sem ferðast í opinberum erindum ríkisstjórnarinnar, þegar sérstaklega stendur á og að því tilskildu, að hlutaðeigandi ráðuneyti óski þess skriflega að vegabréf sé gefið út.
12. Fulltrúar Íslands í stjórn, á þingum eða í starfslíði fjölþjóðlegra ríkjasamtaka.
13. Þeir sem ferðast í erindum meiriháttar viðskiptasamtaka þegar sérstaklega stendur á.
14. Fyrirverandi ráðherrar.
15. Fyrirverandi hæstaréttardómarar.
16. Fyrirverandi ráðuneytisstjórar.
17. Fyrirverandi aðalbankastjórar Seðlabanka Íslands.
18. Þeir sem gegnt hafa meiriháttar trúnaðarstörfum í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
19. Makar og börn þeirra, sem taldir eru upp í 1.–18. tölulið; börnin þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

Ennfremur er heimilt að gefa út sérstök vegabréf til handa fyrirverandi starfsmönnum utanríkisþjónustunnar, sem ekki falla undir 17. tölulið 4. gr., svo og þeim sem greinir í 2.–5. tölulið, sbr. 19. tölulið þessarar greinar þegar þessir starfsmenn hafa látið af starfi fyrir aldurs sakir.

6. gr.

Þegar diplómátísk eða sérstök vegabréf eru gefin út til ákveðinnar ferðar, skulu þau eingöngu látin gilda fyrir þann tíma, er ætla má, að ferðin muni standa; ella má láta vegabréf þessi gilda allt að fimm árum.

7. gr.

Nú hættir maður að gegna starfi, er heimildin til að fá diplómátískt eða sérstakt vegabréf samkvæmt 1. gr. fylgir, og er þá vegabréfshafa skylt að afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta íslenska sendiráði vegabréf sitt.

Á sama hátt er skylt að afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf maka vegabréfshafa og barna hans, sem hafa fengið vegabréf samkvæmt 4. gr. 18. tölulið og 5. gr. 19. tölulið samtímis því, sem vegabréfshafi, samkvæmt því er segir hér að framan afhendir vegabréf sitt.

Ráðuneytið getur gert undanþágu frá aldursákvæðum 18. töluliðs 4. gr. og 19. töluliðs 5. gr. þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

8. gr.

Sendiráðum og fastanefndum Íslands heimilast að framlengja gildi vegabréfa utanríkisráðuneytisins fyrir þá starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem nefndir eru í 4. gr. 9. tölulið og

5. gr. 7. tölulið, sem og vegabréf fyrir maka þeirra og börn. Vegabréf þessi skal þó eigi framlengja til lengri tíma en svo, að vegabréfshafa gefist tími til að afla sér nýs vegabréfs frá utanríkisráðuneytinu, og aldrei lengur en til 6 mánaða í senn.

Gildi annarra vegabréfa má eigi framlengja nema að fengnu leyfi ráðuneytisins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í lögum nr. 18/1953 um íslensk vegabréf og lögum nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 126/1979 um vegabréf utanríkisráðuneytisins og reglugerð nr. 574/1981 um breytingu á þeirri reglugerð.

Utanríkisráðuneytið, 25. ágúst 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

REGLUGERÐ

um greiðslur vegna fastráðins fiskvinnslufólks.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til fyrirtækja sem starfrækja vinnslu á ferskum sjávarafli í frystingu, söltun eða skreið og gert hafa fastráðningarsamninga við fiskvinnslufólk sbr. það, er nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Fyrirtæki sem falla undir ákvæði reglugerðar þessarar og sem hafa skuldbundið sig til þess að greiða fastráðnu fiskvinnslufólki föst laun fyrir dagvinnu þótt hráefnis kortur valdi vinnslustöðvun, skulu eiga rétt til greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem hér segir:

Fyrir hvern heilan vinnudag umfram tvo sem fyrirtækið heldur fastráðnum starfsmönnum á launaskrá fær fyrirtækið greidda hámarksdagpeninga eins og þeir eru hverju sinni fyrir hvern starfsmann í fullu starfi en fyrir starfsmann í föstu hlutastarfi greiðist í samræmi við starfshlutfall hans samkvæmt fastráðningarsamningi.

Með vinnslustöðvun er átt við að sökum hráfnisleysis verði eðlilegri vinnslu ekki haldið áfram í fiskvinnslufyrirtæki eða einhverri deild eða vinnslulínu þess, enda taki stöðvun til meirihluta starfsmanna í hlutaðeigandi deild eða vinnslulínu.

Fyrirtækið á rétt á greiðslum samkvæmt þessari grein meðan vinnslustöðvun varir þó ekki lengur en fjórar vikur (20 greiðsludaga) í senn fyrir hvern starfsmann sem gert hefur fastráðningarsamning og aldrei lengur en í sex vikur (30 greiðsludaga) á hverju almanaksári fyrir hvern starfsmann sem gert hefur fastráðningarsamning.

3. gr.

Séu líkur á vinnslustöðvun vegna fyrirjáanlegs hráfnisleysis skal fyrirtækið sem hyggst njóta greiðslu skv. 2. gr. með a.m.k. 5 sólarhringa fyrirvara tilkynna fyrirhugaða vinnslustöðvun og tilgreina orsakir hennar til vinnumiðlunar á staðnum eða þess sem lögum skv. ber að annast atvinnuleysiskráningu.

Tilkynningunni skal fylgja skrá yfir alla starfsmenn fyrirtækisins sem gert hafa fastráðningarsamning. Á skránni skulu tilgreind nöfn fastráðinna starfsmanna, nafnúmer, kennitala, hvenær fastráðningarsamningur var gerður, gildistími og samningsbundið starfshlutfall.

Framangreindir aðilar kanna skilyrði til greiðslu og tilkynna þeir fyrirtækinu niðurstöðu sína innan 5 daga frestsins.

Komi ekki til vinnslustöðvunar innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar, er hún úr gildi fallin, sbr. og ákv. 4. gr.

Ef til vinnslustöðvunar kemur innan ofangreinds 30 daga frests, skal vikulega á mánudegi, afhenda skrá yfir þá starfsmenn, sem vinnslustöðvun tók til, í næstliðinni viku, til vinnumiðlunar. Greiðsla Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna þeirra, berist fyrirtækinu eigi síðar en á fimmtudegi í sömu viku.

Skráin skal bera glöggð með sér, hvenær vinnslustöðvun hófst og hve marga daga hún hefur staðið. Þá skal fyrsta skráin greina hvernig atvikum hagaði, fyrstu 2 daga vinnslustöðvunar.

Nú tekur vinnslustöðvun ekki til alls starfsfólks fyrirtækisins og skal þá jafnframt tilkynna um þá sem áfram starfa, en hafnað hafa gerð fastráðningarsamningsins. Fjárhæð sú, sem fyrirtækið ætti annars rétt á, lækkar sem fjölda þeirra og starfshlutfalli nemur.

Vinnumiðlun eða þeir, sem lögum samkvæmt annast atvinnuleysisskráningu, svo og Atvinnuleysistryggingasjóður eða umboðsmaður hans skulu hafa aðgang að launa- og framleiðslubókhalda fyrirtækis, sem vill njóta greiðslna samkvæmt reglugerð þessari, í því skyni að ganga úr skugga um réttmæti framlagðrar launaskrár.

4. gr.

Nú hefur fyrirtæki tilkynnt vinnslustöðvun með tilskildum fyrirvara en býðst hráefni til vinnslu í skamman tíma eftir að vinnslustöðvun er hafin og er því þá heimilt að boða starfsfólk til vinnu, þó aldrei skemur en heilan dag í senn.

Eftir að samfelld vinnsla er hafin á ný gilda ákvæði 3. gr. um tilkynningarfrest sbr. og 2. mgr. 2. gr.

Með samfelldri vinnslu er átt við að unnið sé lengur en fimm daga samfelld.

Fyrirtæki sem vill gera hlé á boðaðri vinnslustöðvun skal tilkynna það hlutaðeigandi vinnumiðlun áður en hlé er gert.

5. gr.

Þegar Atvinnuleysistryggingasjóður eða umboðsmaður hans hefur fengið í hendur launaskrá staðfesta af vinnumiðlun eða þeim sem annast ber atvinnuleysisskráningu, greiðist sú fjárhæð er nemur dagpeningum atvinnuleysisbóta í samræmi við umsamið starfshlutfall hvers og eins starfsmanns samkvæmt fastráðningarsamningi þegar vinnslustöðvun kemur til framkvæmda sbr. 5. mgr. 3. gr. Skyld er fyrirtæki að tilkynna vinnumiðlun ef því berst vitneskja um að fastráðinn starfsmaður tekur annað launað starf meðan á vinnslustöðvun stendur.

Greiðslur samkvæmt þessari grein innir Atvinnuleysistryggingasjóður eða umboðsmaður hans af hendi vikulega meðan á vinnslustöðvun stendur.

6. gr.

Fyrirtækjum í fiskvinnslu, sem fullnægja skilyrðum 1. gr., skal skylt að gefa þeim starfsmönnum sínum er unnið hafa hjá fyrirtæki í 3 mánuði kost á fastráðningarsamningi. Telja skal eldri starfstíma, sem reiknast til réttinda vegna fyrri ráðningar hjá sama fyrirtæki. Fastráðningarsamningur getur verið tímabundinn eða til ótiltekins tíma og skal hann gerður í því formi sem Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna

annars vegar og Verkamannasamband Íslands hins vegar samþykkja. Uppsagnarfræstur á fastráðningarsamningi er 4 vikur af beggja hálfu.

Framangreint ákvæði tekur aðeins til þeirra starfsmanna, er vinna störf, sem beinlínis eru háð því að hráefni sé fyrir hendi, svo sem móttöku á vinnslustað, vinnslu, frágang og flutning hráefnis innan fyrirtækis, svo og þeirra, sem annast ræstingu á vinnslustað. Hins vegar tekur ákvæðið ekki til þeirra starfsmanna sem eingöngu starfa við löndun afla og flutning til vinnslustöðva.

7. gr.

Fyrirtækjum, sem nýta rétt sinn til greiðslu skv. 1. gr., er skylt að hlutast til um að starfsfræðslunámskeið fyrir fiskvinnslufólk verði fyrst og fremst haldin á þeim tíma sem vinnslustöðvun varir. Verði því með engu móti við komið á fyrirtæki rétt á greiðslu fyrir þær vinnslustundir hvers starfsmanns sem tapast vegna setu á námskeiðum sem haldin eru að opinberri tilhlutan, þó ekki meira en 40 stundir vegna hvers einstaklings. Þegar svo stendur á fer um tilkynningu og ákvörðun greiðslu eftir ákvæðum 2. gr. eftir því sem við á. Auk þess er þar greinir skal leggja fram staðfestingu þess aðila, er stendur fyrir námskeiði, um námskeiðahaldið, tíma og efni. Greiðslur þessar teljast hluti þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. gr.

8. gr.

Rísi ágreiningur um rétt fyrirtækis til greiðslu sker stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs úr.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34. 18. maí 1988 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 47 20. janúar 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. ágúst 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUR

um endurgreiðslu söluskatts til erlendra ferðamanna.

1. gr.

Heimilt er að endurgreiða söluskatt til erlendra ferðamanna af varningi sem þeir hafa fest kaup á hér á landi að uppfylltum skilyrðum reglna þessara. Endurgreiða skal 60–75% greidds söluskatts eftir verði varnings samkvæmt töflu þeirri sem er að finna á fylgiskjali með reglum þessum.

2. gr.

Samkvæmt reglum þessum er einungis heimilt að endurgreiða söluskatt til ferðamanna með erlent ríkisfang og erlenda heimilisfesti. Til sönnunar ríkisfangi skal leggja fram vegabréf. Útlendingar með fasta búsetu hérlendis eiga ekki rétt á endurgreiðslum samkvæmt reglum þessum.

3. gr.

Það er skilyrði endurgreiðslu að kaupandi vörunnar hafi hana með sér af landi brott innan 30 daga frá því að kaup gerðust og framvísi henni ásamt tilskildum endurgreiðslugögnum, sbr. 4. gr., við endurgreiðslufyrirtæki eða eftir atvikum töllyfirvöld við brottför.

Til þess að endurgreiðsla samkvæmt reglum þessum fáiast verður að uppfylla öll eftirtalinna skilyrða:

- Kaupandi hafi vöruna á brott með sér úr landi innan mánaðar frá því að kaupin voru gerð.
- Kaupverð vörunnar nemi minnst 3 000 kr. með söluskatti.
- Vörunni sé framvísað ásamt tilskildum gögnum við brottför, sbr. 4. og 6. gr.

Heimilt er að endurgreiða söluskatt af vörum á einum og sama vörureikningi sé kaupverð þeirra samtals 3 000 kr. eða meira ásamt söluskatti, þó einn eða fleiri munir nái ekki tilskilinni lágmarksfjárhæð.

4. gr.

Við sölu skal fylla út endurgreiðsluávísun þar sem fram komi eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn og heimilisfang seljanda.
- Dagsetning er kaup gerast.
- Vörutegund og magn.
- Verð vörunnar með söluskatti.
- Fjárhæð sem óskast endurgreidd.
- Nafn, heimilisfang og vegabréfsnúmer kaupanda.

Seljandi skal fylla út liði a–e en kaupandi lið f. Frumrit ávísunarinnar þannig útfylltrar skal afhenda kaupanda. Búa skal um vöruna í lokuðum og innsigliðum umbúðum.

5. gr.

Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli annast endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum.

Við brottför úr landi um alþjóðaflugvöllinn í Keflavík skal kaupandi framvísa varningi í innsigliðum umbúðum og endurgreiðsluávísun í Fríhöfninni er leysir hana til sín í íslenskum peningum enda séu skilyrði reglna þessara að öðru leyti uppfyllt.

Við brottför annars staðar frá landinu skal varningi í innsigliðum umbúðum framvísað við tollgæsluna sem ganga skal úr skugga um hvort skilyrði endurgreiðslu séu fyrir hendi. Séu öll skilyrði uppfyllt skal tollgæslan staðfesta það með áritun sinni á ávísunina. Kaupandi skal innan þriggja mánaða frá staðfestingu tollyfirvalda senda Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli ávísunina, sem þá mun senda kaupanda endurgreiðsluna í erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 22. tl. 7. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. október 1988.

Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Lárus Ögmundsson.

Fylgiskjal:

Tafla vegna endurgreiðslu söluskatts 1. október 1988.

Sölu- upphæð	Endur- greiðsla	Sölu- upphæð	Endur- greiðsla	Sölu- upphæð	Endur- greiðsla
3000- 3500	450	15501-16000	2250	28001-28500	3900
3501- 4000	550	16001-16500	2300	28501-29000	4000
4001- 4500	600	16501-17000	2400	29001-29500	4100
4501- 5000	700	17001-17500	2450	29501-30000	4200
5001- 5500	750	17501-18000	2500	30001-30500	4300
5501- 6000	800	18001-18500	2550	30501-31000	4400
6001- 6500	900	18501-19000	2600	31001-31500	4500
6501- 7000	950	19001-19500	2700	31501-32000	4600
7001- 7500	1000	19501-20000	2800	32001-32500	4700
7501- 8000	1050	20001-20500	2900	32501-33000	4750
8001- 8500	1100	20501-21000	3000	33001-33500	4800
8501- 9000	1200	21001-21500	3050	33501-34000	4850
9001- 9500	1300	21501-22000	3100	34001-34500	4900
9501-10000	1400	22001-22500	3150	34501-35000	5000
10001-10500	1500	22501-23000	3200	35001-35500	5100
10501-11000	1550	23001-23500	3250	35501-36000	5200
11001-11500	1600	23501-24000	3300	36001-36500	5300
11501-12000	1650	24001-24500	3350	36501-37000	5400
12001-12500	1750	24501-25000	3400	37001-37500	5500
12501-13000	1850	25001-25500	3450	37501-38000	5600
13001-13500	1900	25501-26000	3500	38001-38500	5700
13501-14000	1950	26001-26500	3550	38501-39000	5800
14001-14500	2000	26501-27000	3600	39001-39500	5900
14501-15000	2100	27001-27500	3700	39501-40000	6000
15001-15500	2200	27501-28000	3800		

Söluupphæð yfir 40 000: Endurgreiðsla 15% af söluupphæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í heilum hundruðum króna.

Endurprentað blað.

REGLUGERÐ

um orlof grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla samkvæmt lögum nr. 63/1974.

1. gr.

Um orlofsumsókn.

Umsókn um orlof skal vera á eyðublaði sem menntamálaráðuneytið lætur gera. Umsókn um orlof á næsta skólaári sendist ráðuneytinu fyrir 1. október. Í umsókn skal taka fram eftirfarandi:

- a) Tilgreina skal menntastofnun og námsgrein eða námsgreinar þegar um er að ræða reglulegt nám. Sé um að ræða námsferð, skal taka fram á hvers vegum ferðin er farin, hvert fara skuli og í hvaða tilgangi.
- b) Hvort umsækjandi hefur sótt um eða fengið styrk til fararinnar frá öðrum en menntamálaráðuneytinu.
- c) Hvort umsækjandi hefur áður fengið orlof eða styrk frá menntamálaráðuneytinu eða fyrir milligöngu þess.
- d) Hvort umsækjandi hefur áður sótt um orlof en ekki fengið.
- e) Aðrar upplýsingar sem beðið er um á eyðublaðinu eða umsækjandi telur skipta máli.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu orlofs.

Umsækjandi sem æskir orlofs skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum:

- a) Hafa gegnt kennslustarfi í 10 ár samtals, þá eigi minna en hálfu starfi, settur eða skipaður til að fá orlof allt að einu ári með föstum launum.
- b) Hafa gegnt kennslustarfi í 5 ár samtals, þá eigi minna en hálfu starfi, settur eða skipaður til að fá 2–4 mánaða orlof með föstum launum. Heimilt er að nýta slíkt orlof sem afslátt af kennsluskyldu.
- c) Launin á orlofstímanum skulu miðuð við meðalstöðuhlutfall umsækjanda, þau ár sem hann hefur verið settur eða skipaður.
- d) Umsækjandi skuldbindur sig til að starfa að skólamálum eða kennslu á vegum ríkisins a.m.k. þrjú ár að orlofi loknu.
- e) Orlofsþegi skal senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum innan 4ra mánaða frá því að orlofi lauk. Skýrslan skal miðuð við að unnt sé að birta hana síðar og áskilur ráðuneytið sér rétt til þess.

Enginn getur fengið hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára föstum launum á starfsævi sinni.

3. gr.

Afgreiðsla umsókna.

Stefnt skal að því að afgreiðsla orlofsumsókna vegna næsta skólaárs fari fram fyrir lok desembermánaðar ár hvert.

4. gr.

Orlof í sérstöku skyni.

Menntamálaráðuneytið getur auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig sérstakt tiltekið nám gegn veitingu orlofs og/eða styrkja.

Umsækjendur um slíkt orlof og/eða styrki skulu fullnægja þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 2.gr., liðum b-e.

5. gr.

Um styrki veitta af orlofsfé.

- a) Af fé því sem veitt er í fjárlögum hverju sinni til orlofs grunnskólakennnara og stjórnenda grunnskóla er ráðuneytinu heimilt að veita styrki þeim sem orlof hafa fengið sbr. 40. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla 3. mgr. Einnig er ráðuneytinu heimilt að veita grunnskólakennurum og stjórnendum grunnskóla styrki vegna viðbótar- eða endurmenntunar þó þeir hafi ekki fengið orlof, enda fullnægi þeir a.m.k. þeim skilyrðum sem greind eru í 2. gr., lið b. Umsóknir um slíka styrki skulu hafa borist ráðuneytinu fyrir 1. mars og skal þar greina ástæður fyrir umsókninni t.d. kostnað vegna ferðalaga, skólagjöld, húsnæðiskostnað o. fl. Menntamálaráðuneytið lýkur afgreiðslu þeirra styrkumsókna fyrir 1. apríl.
- b) Menntamálaráðuneytinu er heimilt að veita af orlofsfé því sem veitt er í fjárlögum hverju sinni afslátt af kennsluskyldu. Miða skal kennsluafsláttinn við stöðuhlutfall og umfang þess náms sem umsækjandi hyggst stunda, enda fullnægi hann þeim skilyrðum sem greind eru í 2. gr., lið b.
- c) Menntamálaráðuneytið getur eitt sér eða í samráði við aðra aðila efnt til allt að 3ja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma sem skólar starfa ekki og veitt til þess styrk af orlofsfjárveitingu sem nemur allt að $\frac{2}{3}$ af áætluðum ferða- og dvalar-kostnaði þeirra kennara sem þátt taka í slíkum ferðum, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum sem greind eru í 2. gr., lið b.

6. gr.

Um missi orlofsfjár eða endurgreiðslu.

- a) Vanræki orlofsþegi að skila skýrslu um nám sitt og starf á orlofstímanum sbr. 2. gr., e-lið og/eða að orlofi hafi ekki verið varið varið eins og lög og reglugerð mæla fyrir um, getur það varðað launamissi fyrir orlofstímabilið svo og endurgreiðslu styrkja. Ef menntamálaráðuneytið ákveður að endurheimta laun og/eða styrk orlofsþega skal krafa um það gerð innan eins árs frá lokum orlofstímabils.
- b) Hætti orlofsþegi störfum að kennslu eða öðrum skólamálum áður en 3 ár eru liðin frá lokum orlofs og án þess að knýjandi ástæður séu fyrir hendi, getur menntamálaráðuneytið krafist endurgreiðslu á orlofslaunum og/eða styrkjum í hlutfalli við, hve lengi orlofsþeginn hefur starfað að orlofi loknu. Áður en ákvæði þessu er beitt, leitar ráðuneytið eftir rökstuddri greinargerð orlofsþega um ástæður fyrir því að hann hætti störfum og einnig skal leita umsagnar nefndar þeirrar er starfar samkvæmt 8. gr. þessarar reglugerðar. Réttur ráðuneytisins til endurheimtu fyrrist á einu ári frá því að ráðuneytinu var tilkynnt um brottför úr starfi.

7. gr.

Um skiptingu orlofs.

- a) Þegar sá sem fengið hefur tveggja til fjögurra mánaða orlof samkvæmt 2. gr., b-lið hefur náð 10 ára starfsaldri, getur hann aftur sótt um orlof í allt að eitt ár.
- b) Sá sem starfað hefur í 10 ár og fengið orlof samkvæmt 2. gr., a-lið getur skipt því.

8. gr.

Um úthlutun orlofs, styrkja og kennsluafsláttar.

Fimm manna nefnd sem menntamálaráðuneytið skipar gerir tillögur til ráðuneytisins um úthlutun orlofs, styrkja og kennsluafsláttar. Nefndin skal þannig skipuð: Tveir skipaðir af ráðuneytinu án tilnefningar og skal annar jafnframt vera formaður nefndarinnar, þrír

skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Bandalags kennarafélaga. Skipunartímabil nefndarinnar er 4 ár. Nefndin skal m.a. taka tillit til eftirfarandi atriða:

- a) Hvers konar nám umsækjandi hyggst stunda og hversu það muni nýtast viðkomandi stofnun eða skólakerfinu í heild.
- b) Hvort umsækjandi hafi áður lagt fram fullgilda orlofsumsókn en ekki fengið eða getað notað sér orlofið. Að öðru jöfnu skal sá ganga fyrir sem áður hefur sótt.
- c) Nefndin metur í hverju einstöku tilfalli, hvort starfsaldur skuli ráða röð annars jafngildra umsókna.
- d) Að jafnaði skal ekki veita orlof samtímis tveim eða fleiri starfsmönnum sömu stofnunar.
- e) Sæki hjón sem bæði fullnægja orlofsskilyrðum um orlof samtímis samkvæmt 2. gr., a, b og c-liðum, má veita báðum orlof, enda meti ráðuneytið gild rökinn fyrir því að bæði hljóti orlof samtímis. Ákvæði d-liðar hér á undan skulu ekki taka til hjóna.

9. gr.

Yfirlitsskýrsla um orlofsveitingar.

Að lokinni úthlutun orlofa gerir menntamálaráðuneytið skýrslu um orlofsveitingar og skulu þar m.a. koma fram eftirfarandi upplýsingar um orlofsþega.

- a) Nafn, kennitala, kennsluferill og vinnustaður.
- b) Lengd orlofs.
- c) Áður fengið orlof.
- d) Hvar og hvernig áætlað er að verja orlofinu.
- e) Tölulegar upplýsingar um heildarfjárveitingu til orlofs, styrkja og kennsluafsláttar svo og fjöldi orlofsumsókna á orlofsárinu.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, sbr. einnig 87. gr. sömu laga, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 62/1975 um orlof kennara og skólastjóra.

Menntamálaráðuneytið, 23. ágúst 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Sólrún Jensdóttir.

5. september 1988

Nr. 428

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. 2. mgr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur verið ákveðið:

Einstefna verður á Baldursgötu frá Óðinsgötu að Freyjugötu og að skábílastæði verði á sama kafla að suðaustanverðu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 3. október 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. september 1988.

Böðvar Bragason.

S A M Þ Y K K T**um breytingu á samþykkt nr. 561 frá 18. júlí 1983 um gatnagerðargjöld í Súðavíkurbreppi.**

12. gr. orðist þannig:

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi skal innheimta bæði A-gjald og B-gjald af viðkomandi byggingu.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign færist í hærri gjaldflokk, þá skal innheimta gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun af gjaldi reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

Þegar svo hagar til að gatnagerðargjald er eingöngu ætlað til lagningar gangstétta skal gjaldstuðull vegna gangstéttanna ver 1/3 af gjaldstuðli fyrir viðkomandi fasteign skv. 4. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurbrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. september 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

R E G L U G E R ð**um breytingu á reglugerð fyrir Rafmagnsveitur ríkisins
nr. 112, 6. apríl 1968.**

1. gr.

3. mgr. 2. gr. breytist og orðist svo:

Ráðherra ákveður staðartakmörk orkuveitusvæðis Rafmagnsveitna ríkisins.

2. gr.

4. gr. breytist og orðist svo:

Svæðagreining Rafmagnsveitna ríkisins.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins er skipt í 5 rekstrarsvæði. Þau eru þessi: Vesturlandsveita, sem afmarkast af Vesturlandskjördæmi; Norðurlandsveita vestri, sem afmarkast af Norðurlandskjördæmi vestra; Norðurlandsveita eystri, sem afmarkast af Norðurlandskjördæmi eystra; Austurlandsveita, sem afmarkast af Austurlandskjördæmi og Suðurlandsveita, sem afmarkast af Suðurlandskjördæmi.

Annast sérstakur rafveitustjóri daglegan rekstur veitukerfis eins eða fleiri þessara svæða, undir yfirstjórn rafmagnsveitustjóra ríkisins.

Þeim þáttum, sem hagkvæmt þykir að sameina í rekstri hinna einstöku rekstrarsvæða, er stjórnad og þeir framkvæmdir frá aðalskrifstofu rafmagnsveitnanna.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1988.

Friðrik Sophusson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

**um niðurfellingu á reglugerð um vistun fanga að Bitru í Hraungerðis-
hreppi nr. 584 6. október 1981.**

1. gr.

Reglugerð um vistun fanga að Bitru í Hraungerðishreppi nr. 584 6. október 1981 er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. gr. sbr. 16. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38 24. apríl 1973 og öðlast gildi 1. janúar 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. september 1988.

Jón Sigurðsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Selfoss 1987 – 2007.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 29. ágúst 1988 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Selfoss 1987 – 2007.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Selfoss hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Jafnframt er felldur úr gildi aðalskipulagsuppdráttur sá af Selfossi sem staðfestur var af ráðuneytinu 6. apríl 1979 sbr. auglýsingu nr. 203/1979, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 1. september 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um skipun og verkefni rannsóknarnefndar, er hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn.

1. Skipun nefndarinnar og skipulag.

- 1.1 Stjórnarfrarslega heyrir nefndin undir rannsóknarlögreglu ríkisins.
- 1.2 Nefndina skipa fjórir menn, einn rannsóknarlögreglumaður, sem jafnframt er formaður, einn rannsóknarlögreglumaður úr tæknideild, einn réttarlæknir og einn tannlæknir.
- 1.3 Fyrir hvern nefndarmann skulu vera a.m.k. tveir varamenn. Við skipun varamanna fyrir réttarlækni og tannlækni skal taka tillit til landfræðilegrar staðsetningar þeirra, eftir því sem tök eru á.
- 1.4 Að fenginni tillögu frá rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, réttarlæknisdeild Lækna-ráðs og tannlæknadeildar Háskóla Íslands, skipar dómsmálaráðherra nefndarmenn og varamenn til þriggja ára.

2. Verkefni nefndarinnar.

- 2.1 Nefndin skal leitast við að bera kennsl á menn, er margir hafa týnt lífi í flugslysi, skriðuföllum, snjóflóðum, flóði eða skipstapa eða öðrum náttúruhamförum, eða þegar óþekkt lík eða líkamsleifar finnast.
- 2.2 Við störf sín skal nefndin tryggja að gögn, sem finnast og geta haft þýðingu við að varpa ljósi á orsakir óhapps eða ábyrgð á óhappi, verði varðveitt.
- 2.3 Nefndin skal halda gerðabók um rannsóknir sínar. Í hana skal færa nákvæmlega allar niðurstöður.
- 2.4 Nefndinni ber að semja skýrslu um niðurstöður sínar. Þegar þær lúta að því að kennsl séu borin á einhvern, skal tilgreint á hvaða atriðum niðurstöðurnar séu byggðar.
- 2.5 Ríkissaksóknari getur gefið nánari fyrirmæli um það, hvenær einstök lögreglustjóra-embætti skuli gera rannsóknarlögreglu ríkisins viðvart um mál, sem greinir í lið 2.1 og um samvinnu nefndarinnar og hlutaðeigandi lögreglustjóraembættis.

3. Skipun nefndarinnar í einstöku máli.

- 3.1 Rannsóknarlögreglustjóri ákveður í samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra og formann nefndarinnar, hvort nefndin fullskipuð eða einstakir nefndarmenn taki þátt í rannsókn tiltekins máls.
- 3.2 Á sama hátt skal ákveða hvort kveðja skuli aðra sérfræðinga til.
- 3.3 Þegar ákvörðun er tekin samkvæmt lið 3.1 eða 3.2 skal leitast við, eftir því, sem tök eru á, að kveðja til nefndarmenn frá þeim landshluta sem rannsókn fer fram í.

4. Staður sem rannsókn fer fram á.

- 4.1 Rannsóknarlögreglustjóri ákveður að höfðu samráði við hlutaðeigandi lögreglustjóra og formann nefndarinnar hvort störf nefndarinnar skuli fara fram að nokkru eða öllu leyti á vettvangi eða annars staðar.
- 4.2 Ef rannsókn þarf að fara fram erlendis, að nokkru eða öllu leyti, þarf að leita ferðaheimildar hjá dómsmálaráðuneytinu með venjulegum hætti.

5. Fundir nefndarmanna.

- 5.1 Nefndarmenn og staðgenglar þeirra skulu hið minnsta koma saman til fundar einu sinni á ári, þar sem þeir beri saman bækur sínar um helstu nýjungar í tækjabúnaði og

starfsaðferðum á þessu sviði. Á fundunum skal einnig ræða annað, er máli skiptir varðandi störf nefndarinnar.

- 5.2 Formaður skal sjá til þess að fundargerð verði rituð og rannsóknarlögreglu ríkisins sent eintak hennar.
- 5.3 Við lok hvers árs skal formaður taka saman greinargerð um störf nefndarinnar, er verði hluti af ársskýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins.

6. **Kostnaður af störfum nefndarinnar.**

- 6.1 Ekki skal greiða lögreglumönnum, sem skipaðir eru í nefndina, sérstaklega fyrir störf þeirra.
- 6.2 Fyrir störf annarra nefndarmanna skal greiða þóknun samkvæmt gildandi töxtum fyrir sérfræðistörf. Þóknunin greiðist úr ríkissjóði samkvæmt venjulegum greiðsluskilmálum.
- 6.3 Ferðakostnaður vegna funda samkvæmt lið 5.1 og norrænna funda skal greiðast af rekstrarfé rannsóknarlögreglu ríkisins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 108 28. desember 1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. september 1988.

Jón Sigurðsson.

Porsteinn Geirsson.

15. september 1988

Nr. 434

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um slátrun, mat og meðferð sláturafurða nr. 188 6. apríl 1988.

1. gr.

20. gr. orðist svo:

Svínakjöt.

Fitustig ákvarðast með tveimur mælingum, þ.e. minnsta fituþykkt á miðjum hrygg, mælt frá háþorni (F1) og mesta fituþykkt á herðum (F2).

Við kjötmat ber að greina svín í þrjá aðalflokka: grísi, gyltur og gelti, og merkja kjöt í hverjum þeirra sem hér segir:

1. Grísir.

Ung svín, geltir, sem vanaðir hafa verið innan 3ja mánaða aldurs, og gyltur sem ekki hafa gotið. Grísaskrokkar vegi að hámarki 85 kg og skiptast í fjóra flokka eftir þyngd og fitustigi. Fitustig ákvarðast með tveimur mælingum, þ.e. minnstu fituþykkt á miðjum hrygg (F1) og mestu fituþykkt á herðum (F2). Flokkarnir eru eftirfarandi:

GRÍS I*: Skrokkar sem vega yfir 55 kg, hafa vel vöðvafyllt læri, F1 sé minna en 20 mm og F2 minna en 35 mm. Spiklag skal vera jafnt, þétt, fingert og hvítt. Útlit skrokksins og verkun óaðfínanleg.

GRÍS I: Skrokkar sem vega yfir 36 kg, F1 sé minna en 20 mm og F2 minna en 38 mm. Spiklag skal vera jafnt, þétt, fingert og hvítt. Útlit skrokksins og verkun góð. Krafa um vöðvafyllingu minni en í GRÍS I*.

- UNGRÍS: Ungir grísir sem veга allt að 36 kg, aldur allt að 3ja mánaða. Útlit og verkun óaðfínnanleg, fitudreifing jöfn og F1 minna en 18 mm.
- GRÍS II: Skrokkar með F1 frá 20 til 23 mm og fita annars staðar á skrokknum mikil og ójöfn. Í þennan flokk skal einnig setja skrokka með minni háttar útlitsgalla.
- GRÍS III: Óhóflega feitir skrokkar, F1 yfir 23 mm, eða mjög rýrir skrokkar. Einnig skal meta í þennan flokk grísi með meiriháttar útlitsgalla, svo sem mikil einkenni kláðasýkingar, bitsár, vansköpun og aðra þá útlitsgalla sem rýra verulega verðgildi þeirra.

2. Gyltur.

Gyltur sem ganga með fósturi eða hafa gotið eða leggja sig á yfir 85 kg fallþunga. Gyltur aðgreinast í tvo flokka:

GYLTA I: Skrokkar af ungunum, vöðvafylltum og vel útlítandi gyltum, sem ekki teljast óhóflega feitar. F1 ekki yfir 35 mm.

GYLTA II: Skrokkar af öðrum gyltum.

3. Geltir.

Geltir á öllum aldri, sem ekki hafa verið vanaðir innan þriggja mánaða aldurs, svo og geltir sem leggja sig á yfir 85 kg.

GÖLTUR I: Skrokkar af ungunum, vel útlítandi göltum, sem ekki veга yfir 100 kg.

GÖLTUR II: Skrokkar af öðrum göltum.

4. Svínakjöt í heilbrigðisflokk 2:

Kjöt af svínum sem kjötskoðunarlæknir dæmir í heilbrigðisflokk 2 (sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 168/1970), skal merkt þannig:

a. Kjöt af grísum, GRÍS IV.

b. Kjöt af öðrum svínum, SVÍN IV.

2. gr.

5. mgr. 33. gr. falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 30, 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. september 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um umferð í Tálknafjarðarkauptúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps og samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 30. mars 1987, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Tálknafjarðarkauptúni:

- 1) Strandgata njóti forgangs gagnvart götum, sem að henni liggja:
 - a) Biðskylda verði á Lækjargötu gagnvart Strandgötu.
 - b) Biðskylda verði á Hafnargötu gagnvart Strandgötu.
 - c) Biðskylda verði á Hrafnadalsvegi gagnvart Strandgötu.

- 2) Lækjargata njóti forgangs gagnvart hliðargötum:
 - a) Biðskylda verði á Miðtúni gagnvart Lækjargötu.
 - b) Biðskylda verði á Túngötu gagnvart Lækjargötu beggja vegna.
 - c) Biðskylda verði á Móatúni gagnvart Lækjargötu beggja vegna.
- 3) Hrafnadalsvegur njóti forgangs gagnvart Bugatúni:
 - a) Biðskylda verði á Bugatúni gagnvart Hrafnadalsvegi.
- 4) a) Settar verði gangbrautir á Lækjargötu við Móatún, Túngötu og við Strandgötu.
 - b) Sett verði gangbraut á Túngötu við Lækjargötu.
 - c) Sett verði gangbraut á Miðtún við Lækjargötu.
 - d) Sett verði gangbraut á Strandgötu utan til við Tunguá.
- 5) Bannað að leggja ökutækjum við efri kant götu í Móatúni, Túngötu, Miðtúni og Strandgötu. Bannað að leggja ökutækjum í Lækjargötu.
- 6) Umferð vörubifreiða bönnuð í Lækjargötu, Móatúni, Túngötu og Miðtúni nema til losunar eða lestunar.
- 7) Umferðarmerkið „BÖRN“ verði sett upp við afleggjara að leikskóla og við Strandgötu móts við netaverkstæði (Nýja-Bæ) og verði síðartalda merkið með undirmerkinu „SKÓLI“.

Reglur þessar taka gildi 1. október 1988 og eru þá numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Tálknafirði, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn í Barðastrandarsýslu, 14. september 1988.

Stefán Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 443 25. september 1987 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1988-1989.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Nýti framleiðandi ekki allan fullvirðisrétt sinn skv. 3. og 4. gr. með innleggi kindakjöts í afurðastöð fyrir 15. nóvember 1988, með ráðstöfun skv. 1. mgr. 7. gr. eða með því að gera staðfest samkomulag við afurðastöð um að nýta hann með innleggi síðar á verðlagsárinu 1988/1989, greiðir ríkissjóður fyrir hinn ónýtta fullvirðisrétt. Greiðsla fyrir ónýttan fullvirðisrétt skal svara til hlutfalls launa- og fjármagnskostnaðar vextir af fjárfestingu í haustgrundvallarverði sauðfjárafurða 1988. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur þessar skv. nánari reglum, er landbúnaðarráðherra setur. Ekki verður greitt fyrir ónotaðan rétt, ef framleiðsla á árinu nær ekki 50% af fullvirðisrétti viðkomandi býlis. Heimilt er þó að greiða þeim framleiðendum fyrir ónýttan fullvirðisrétt sem skáru niður vegna riðu og hófu fjárbúskap á ný árin 1985-1987, þó að framleiðsla þeirra sé innan við 50%. Greiðsla til þeirra verður þó að hámarki 50% af fullvirðisrétti viðkomandi býlis.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Framleiðanda er heimilt að ráðstafa fullvirðisrétti og tilsvareandi búmarki milli lögbýla, enda sé ekki um skammtímaráðstöfun að ræða og fyrir liggja samþykki viðkomandi búnaðar-

sambands. Tilkynning um ráðstöfun þessa, studd skriflegu samþykki búnaðarsambands og eigenda viðkomandi lögbýla, skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. nóvember 1988.

3. gr.

Á eftir 8. gr. komi ný grein, 8. gr. a. svohljóðandi:

Skerða skal fullvirðisrétt, sem reiknast skv. ákvæðum þessa kafla, taki framleiðandi út ófryst kjöt og slátur úr afurðastöð umfram eftirfarandi mörk:

1. Framleiðandi á lögbýli getur tekið allt að 60 kg af ófrystu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu fyrir hvern heimilismann sem hafði þar lögheimili 1. desember 1987 skv. þjóðskrá.
2. Framleiðandi utan lögbýlis getur tekið allt að 60 kg af ófrystu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu.

Taki framleiðandi meira út en getur í 1. og 2. tl. 1. mgr., skerðist fullvirðisréttur hans um það magn. Jafnframt skerðist heildarfullvirðisréttur til framleiðslu á kindskjöti sbr. 2. gr. um sama magn. Óheimilt er að taka kjöt úr afurðastöð eftir að það hefur verið fryst. Heimild til að taka út kjöt eftir ákvæðum þessarar greinar án þess að það skerði fullvirðisrétt viðkomandi framleiðanda, fellur niður hjá þeim aðilum sem slátra utan afurðastöðvar.

Afurðastöðvum er skylt að halda sérstaka skrá yfir allt heimtekið kjöt, þar sem fram koma allar sömu upplýsingar og um innlagt kindakjöt. Skrár þessara skal senda Framleiðsluráði landbúnaðarins með sláturskýrslum. Skal ráðið annast útreikninga er sýna breytingu fullvirðisréttar skv. reglum þessum og tilkynna það viðkomandi afurðastöð áður en fullnaðaruppgjör fer fram skv. 12. gr.

Sláturleyfishafa er skylt að merkja allt kjöt sem tekið er út úr afurðastöð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, með stimpli sem á stendur „Heimtekið - ekki verslunarvara“. Stimpla skal skrokka á sex stöðum alls. Hvorn helming skal stimpla á þremur stöðum, á bóg, hrygg og læri.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 46, 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 306 14. júní 1988.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. september 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Andakíls, Andakílshreppi.

1. gr.

Vatnsveitan er eign Andakílsshrepps. Heimili hennar og varnarþing er í Andakílshreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd Andakílsshrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar, sér um fjárreiður hennar og bókhald. Reikningsár veitunnar er almanaksárið, skulu reikningar hennar

endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

Heimilt er hreppsnefnd að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með henni, annist viðhald hennar og endurbætur að því marki sem hreppsnefnd ákveður.

3. gr.

Vatnsveitunni er ætlað að sjá íbúum hreppsins milli Andakílsár og Grímsár fyrir vatni til heimilisþarfa og atvinnustarfsemi eftir ákvörðun hreppsnefndar.

4. gr.

Innheimta skal heimaugagjald hjá nýjum notendum.

Heimaugagjald af hverri íbúð skal vera kr. 50 000 og kr. 70 000 af hverju lögbýli, og felast þar í ein íbúð og öll útihús.

Heimaugagjald breytist í hlutfalli við breytingar á byggingavísitölu frá 1. janúar 1988.

5. gr.

Skylt er þeim sem vill nota vatn frá vatnsveitunni að fara eftir fyrirmælum ráðamanna veitunnar um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annað það er lýtur að vatnslögnum í og við hús, og að eyða ekki vatni að óþörfu.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu veitunnar sem hann telur nauðsynlegar. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum veitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrirfram ef þess er kostur.

6. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum hjá þeim sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt eða tengigjald á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma sem vatnsæðar eru lokaðar af fyrrgreindum ástæðum.

7. gr.

Af öllu íbúðarhúsnæði á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetið er til fasteignamats og vatni er veitt í, skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,3% af fasteignamatsverði árlega, þó eigi lægra en kr. 3 000 sem breytist í hlutfalli við breytingar á byggingavísitölu 1. janúar 1988.

Af öllum gripahúsum skal greiða vatnsskatt í hlutfalli við ærgildafjölda samkvæmt ásetningsskýrslum næstliðið haust. Búfé skal umreiknað til ærgilda samkvæmt mati Búnaðarfélags Íslands.

Af hverju ærgildi skal greiða sem nemur 0,5% af meðal vatnsskatti íbúða á veitusvæðinu.

8. gr.

Við alla þá sem ekki falla innan ákvæða 4. og 7. greina skal gera sérstakan samning um vatnsafnot og gjöld, svo og gjalddaga. Að öðru leyti gilda hin ýmsu ákvæði reglugerðarinnar gagnvart slíkum notendum.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

10. gr.

Hreppsnefnd getur krafist þess að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendurgreiði vatnsskatt eftir mæli. Skal þá vatnsveitan leggja til mæli og sjá um uppsetningu og rekstur hans. Vatnsnotandi greiði uppsetningarkostnað, mælaleigu og vatnsskattinn sjálfan samkvæmt gjaldskrá.

11. gr.

Vatnsskattur innheimtist með fasteignagjöldum og fylgi gjalddögum þeirra eftir ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni.

Greiðist skatturinn ekki á gjalddaga falla á hann dráttarvextir. Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hverskonar samningsveði eða aðfararveði.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða. Af íbúðarhúsnæði sem áður var tengt vatnsveitu Bændaskólans á Hvanneyri og ekki er í eigu hans eða áður hefur verið tekið heimtaugagjald af, skal greitt stofngjald kr. 7 500 af hverri íbúð. Um vatnsgjöld af húseignum skólans skal fara eftir ákvæðum samnings hreppsnefndar Andakílhrepps og bændaskólans um yfirtöku á vatnsveituskólans.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Andakílhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. september 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

fyrir Akraneshöfn.

I. KAFLI

Mörk hafnarsvæðis.

1. gr.

- 1.1. Hafnarsvæði Akraneshafnar er fyrir strandlengju lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar frá Sólmundarhöfða í suðaustri til Vestriflasartáar.
- 1.2. Takmörk hafnarinnar á sjó eru: Vestriflasartá í Suðurflasarenda og þaðan í Þjótarsker, en að sunnan og austan markast höfnin af beinni línu sem dregin er úr Þjótarskeri í vestanverðan Sólmundarhöfða.
- 1.3. Takmörk hafnarinnar á landi eru fyrir strandlengju Akraneskaupstaðar frá Sólmundarhöfða í suðaustri með ströndinni um Langasand og Faxabraut, um göngustíg upp að Ferjubryggju meðfram Halakotsbakka um Akursbraut yfir Steinsvör fyrir Syðriflös og um Lambhúsasund með Bakkatúni en þaðan um Krókatún að Krókalóni, vestur Grenjar og þaðan í Vestriflasartá.
- 1.4. Ytri og innri höfn: Höfninni er skipt í tvennt, annars vegar Lambhúsasund að vestan, en hins vegar Krossvík að austan. Mörk ytri og innri hafnar eru dregin með línu úr enda

Norðurgarðs í Lambhúsasundi með stefnu hans og línu úr enda ytri hafnargarðs í Krossvík með stefnu hans í vestanverðan Sólmundarhöfða.

- 1.5. Landssvæði hafnarinnar skiptist í:
- bryggjur;
 - götur;
 - farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði;
 - lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

- 2.1. Akraneskaupstaður er eigandi hafnarinnar og bæjarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.
- 2.2. Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er bæjarstjórn kýs og jafnmörgum til vara. Bæjarstjórn kýs formann hafnarstjórnar.
- 2.3. Auk hinna kjörnu fulltrúa á hafnarstjóri og yfirhafnarvörður sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.
- 2.4. Skrifstofa Akraneskaupstaðar skal annast alla útsendingu reikninga, innheimtu og bókhald fyrir hafnarsjóð.

3. gr.

Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.

- 3.1. Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlunina fyrir bæjarstjórn til staðfestingar. Hafnarstjórn skal leita staðfestingar bæjarstjórnar á lántökum og öðrum fjárhagsskuldbindingum.
- 3.2. Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
 - Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar. Lóðaleigusamningar skulu þó staðfestir af bæjarstjórn;
 - leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæði og vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelða eðlilega hafnarstarfsemi.
- 3.3. Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn. Hafnarstjórn fer með eftirlitshlutverk á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvörðun byggingalaga nr. 54/1978.
- 3.4. Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar um ráðningu fastra starfsmanna hafnarinnar.

4. gr.

Hlutverk hafnarstjóra.

- 4.1. Bæjarstjórnin á Akranesi er jafnframt hafnarstjóri, nema bæjarstjórn ákveði annað.
- 4.2. Hafnarstjóri fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr fundi hafnarstjórnar og veitir viðtöku erindum, sem leggja skal fyrir fundi stjórnarinnar. Hafnarstjóri sér um undirbúning að gerð fjárhagsáætlunar og hefur eftirlit með því að fjárhagsáætlun hvers árs sé fylgt. Hann er yfirmaður starfsmanna Akraneshafnar.

- 4.3. Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga, hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.
- 4.4. Hafnarstjóri eða sá er hann felur slíkt, skal sjá um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar og er öllum skylt að hlíta fyrirmælum hans þar að lútandi.

5. gr.

Aðrir starfsmenn hafnarinnar.

- 5.1. Fastir starfsmenn hafnarinnar eru skv. samþykktu skipulagi fyrir Akraneshöfn: Yfirhafnarvörður, hafnarverðir og vigtarmenn. Þeir starfa samkvæmt samþykktum starfslýsingum sem eru hluti af ráðningarsamningi þeirra.
- 5.2. Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning, samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.
- 5.3. Fyrirmælum starfsmanna hafnarinnar skal hlýða þegar í stað. Verði ágreiningur um ákvörðun er heimilt, að óska eftir úrskurði hafnarstjórnar.

III. KAFLI

Umferð skipa.

6. gr.

Skilgreining á skipi.

- 6.1. Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningstæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað þar með taldir kafbátar.

7. gr.

Almennar reglur við komu og brottför.

- 7.1. Við komu og brottför skulu skip önnur en fiskiskip hafa þjóðfána við hún.
- 7.2. Þjónusta við skip er unnin af hafnarvörðum og/eða undir stjórn þeirra í umboði hafnarstjórnar. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarvæði hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Akraneshafnar (RÁS 14. VHF).
- 7.3. Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmenn með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip sem koma til hafnar oftast en vikulega í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Farskip skulu tilkynna brottför með minnst 3 klst. fyrirvara og allar breytingar á fyrri tilkynningum strax og ákveðnar eru. Skip, sem lætur úr höfn án hafnsögumans, skal tilkynna brottför til hafnarvarða.
- 7.4. Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa hafnarvörðum eftirfarandi upplýsingar:
 - skipsnafn, heimahöfn, stærð samkvæmt mælibréfi, djúprista og síðasti viðkomustaður;
 - nafn skipstjóra;
 - stærð áhafnar og fjöldi farþega;
 - tegund og magn farms;
 - um hættulegan flutning, tegund og magn;
 - um hugsanlega sjúkdóma um borð;
 - nafn umboðsmanns og útgerðar.
 Reglur þessar eiga ekki við um ferðir Akraborgar.
- 7.5. Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykpta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest, sérreglur Siglingamálastofnunar ríkisins, svo og reglur samgönguráðuneytisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

- 8.1. Sérhvert skip, sem ætlar til Akraness og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnarvarða með minnst 3 klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið, allt að 1/2 sjómílu út fyrir ystu mörk hafnarinnar ef skipstjóri æskir þess og mögulegt er. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagst við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber að sjá honum fyrir fæði.

Um réttarstöðu hafnsögumanna vísast til laga um leiðsögu skipa nr. 48/1933.

- 8.2. Hafnarverðir sjá um bindingu skipa, vatnsafgreiðslu og tengingu rafmagns. Hafnarstjóri eða yfirhafnarvörður getur í vissum tilfellum veitt undanþágu frá slíku.
- 8.3. Ekkert erlent skip má fara í innri höfnina eða út úr henni, án hafnsögumanns. Íslensk skip, sem flytja mikið magn af hættulegum varningi, skulu taka hafnsögumann við siglingu inn í, út úr, eða um innri höfnina, svo og önnur íslensk flutningaskip og fiskiskip lengri en 60 metrar (mesta lengd). Heimilt er hafnsögumanni að veita undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

9. gr.

Umferð um höfnina.

- 9.1. Skipstjóri, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, skal með talstöðvarsambandi við hafnarverði fá upplýsingar um hvar hann getur bundið skip sitt, áður en hann kemur að bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.
- 9.2. Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því.
- 9.3. Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.
- 9.4. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.
- 9.5. Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.
- 9.6. Á innri-höfninni má ekki sigla skipum hraðar en svarar 4 sjómílum á klst., en þó aldrei hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfa. Sérstök aðgát skal sýnd þegar siglt er nálægt smábátum og farið er um svæði, þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar, enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.
- 9.7. Bannað er að blása í flautur eða lúðra á innri-höfninni nema umferð eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.
- 9.8. Ekkert skip má liggja við akkeri nema með leyfi yfirhafnarvarðar.

10. gr.

Skip í viðlegu.

- 10.1. Skip telst í viðlegu, er það liggur við bryggju, utan á öðru skipi eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.
- 10.2. Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undanskilin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot bryggja svo og skemmtiferðaskip.
- 10.3. Ekki má festa skip við bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð um bryggjurnar og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki yfirhafnarverði þessa ekki

- nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa hlífur milli skips og bryggju ef yfirhafnarvörður krefst þess.
- 10.4. Þegar búíð er að leggja skipi við bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis yfirhafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef yfirhafnarvörður skipar svo fyrir.
- 10.5. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um flutning þeirra.
Færast hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er yfirhafnarvörður hefur fyrirskipað er yfirhafnarverði heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.
- 10.6. Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarvörðum. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

11. gr.

Skip í lægi.

- 11.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.
- 11.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er yfirhafnarvörður leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá yfirhafnarvarðar og legufæri ákveðin í samráði við hann. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseigenda. Meðan skip liggur mannlaut í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.
Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilkynna hafnarstjóra um aðila, búsettan á Akranesi, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

IV. KAFLI

Afnot hafnarmannvirkja og landssvæða.

12. gr.

Lestun og losun.

- 12.1. Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá.
- 12.2. Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarvæðinu.
- 12.3. Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir bryggju, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.
- 12.4. Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.
- 12.5. Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarvæðinu án leyfis hafnaryfirvalda.
- 12.6. Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggjum eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, semætlaðir eru til geymslu,

- nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.
- 12.7. Við lestun og losun á sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og bryggju, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.
- 12.8. Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

13. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

- 13.1. Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- og sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju fyrir en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt IMDG (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina nafn á varningi, magn, þökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamít, geomit, hlaðnar patrónur, bensín steinolíu acetón, terpentínu, toluól, ýmsar gastegundir, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natriumklorat og geislavirk efni.
- 13.2. Losun á vörum, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni. Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru, getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.
- 13.3. Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstakar bryggjur, sem tryggast er talið. Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri eða viðkomandi eftirlitsstofnun samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar (sbr. IMO - Recommendation on safe transport handling storage of dangerous substances in port areas). Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsigli, en á nóttunni rautt ljósker. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

V. KAFLI

Um mannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

14. gr.

Um gerð og breytingu mannvirkja.

- 14.1. Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru og ekki fylla upp né dýpka út frá landi nema bæjarstjórn hafi áður veitt samþykki sitt til þess. Sá sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvíriti og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu eftir. Hafnarstjórnin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð samgönguráðuneytis.
- 14.2. Sá sem hefur fengið leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur til að halda því svo við,

að enginn hætta stafi af því. Vegna brota á þessari grein, getur hafnarstjórn látið nema burt mannvirkni á kostnað eiganda. Nú hefur bryggja eða mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarstjórn heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eigandans. Ákvæði þetta tekur til allra mannvirkja, sem ekki eru tullgerð, er reglugerð þessi öðlast gildi.

15. gr.

Umsjónarmenn mannvirkja í eigu einstaklinga og félaga.

- 15.1. Á hverri bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skulu vera umsjónarmenn, sem hafa á hendi svo víðtæka dagvörslu og næturvörslu mannvirkja þessara, sem hafnarstjórn telur nauðsyn á og skulu umsjónarmenn þessir samþykktir af stjórninni. Umsjónarmenn þessir skulu ákveða legustað og umbúnað landfesta allra þeirra skipa, sem að mannvirkjunum leggjast og ber hlutadeigendum að hlýða fyrirskipunum þeirra, eins og öðrum starfsmönnum hafnarinnar, enda ber þeim að sýna þeim, er þeir skipta við, fulla kurteisi. Reynist umsjónarmaður slíkra mannvirkja óhæfur til starfsins, svo að ætla megi að dómi hafnarstjórnarinnar að af ráðstöfunum hans eða vanrækslu geti stafað hætta í höfninni, getur hafnarstjórn svipt hann starfinu og heimitað nýjan umsjónarmann.

16. gr.

Lýsing og þrifnaður.

- 16.1. Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunartæki o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum hafnarstjórnar, er hún setur á hverjum tíma, og sem gilda jafnt fyrir allar bryggjur og mannvirki innan hafnarinnar.

VI. KAFLI

Um hafnargjöld á Akranesi.

17. gr.

Um hafnargjöld til Akraneshafnar.

- 17.1. Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt:
- a) samkvæmt gjaldskrá er samgönguráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. 13. gr. hafnalaga;
 - b) samkvæmt þjónustugjaldskrá sem hafnarstjórn setur og bæjarstjórn samþykkir.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

- 18.1. Lögreglan á Akranesi hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.
- 18.2. Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er það á eigin áhættu og ábyrgð.
- 18.3. Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

- 18.5. Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.
- 18.6. Bannað er að stunda köfun, vera á seglbrettum, iðka sund eða þess háttar í innri höfninni á leyfis.
- 18.7. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slíkt veiðarfæri bóotalaust.

19. gr.

Skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

- 19.1. Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.
- 19.2. Ef skip, bátar, flutningstæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, skal fjarlægja viðkomandi hluti á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

20. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

- 20.1. Ekki má kasta í höfnina hvers kyns sorpi, kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarvörður vísar til.
- 20.2. Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.
- 20.3. Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur. Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

21. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

- 21.1. Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

22. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

- 22.1. Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 10.5. ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

23. gr.

Um skaðabótaskyldu.

- 23.1. Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

- Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þeimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.
- 23.2. Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.
- 24.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Akraness. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum er kyrrsetning heimil sbr. 39. gr. hafnalaga.
- 24.2. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69 frá 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Akraneshöfn nr. 24 frá 4. febrúar 1963, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 5. september 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur S. Vaidimarsson.

REGLUGERÐ

fyrir Hvammstangahöfn.

I. KAFLI

Höfnin og stjórn hennar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar.

- 1.1 Takmörk hafnarinnar á sjó eru: Að norðan af línu er hugsast dregin beint í vestur á mörkum Hvammstangahrepps og Kirkjuhvammshrepps við Lindarberg, vestur á miðjan Miðfjörð. Að vestan takmarkast höfnin af línu er hugsast dregin í norður suður takmarkalínur hafnarinnar á miðjum Miðfirði. Að austan af strandlengjunni fyrir landi Hvammstangahrepps.
- 1.2 Takmörk hafnarinnar á landi eru: Að norðan lóð Kaupfélags Vestur-Húnavetninga að Strandgötu 1. Að austan, Brekkugata og Höfðabraut og brekkan vestan Höfðabrautar. Að sunnan, þar sem Hafnarbraut sveigir til austurs, 250 m. sunnan Kúskeljakletts. Að vestan stórstraumsfjöruborð.
- 1.3 Hafnarsvæði er telst innri höfn í reglugerð þessari er:
Allt sjávarsvæði innan beinnar línu er hugsast dregin úr enda Norðurgarðs í Kúskeljaklett.
- 1.4 Landsvæði hafnarinnar skipstist í:
- Hafnarbakka og bryggjur.
 - Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
 - Götur.
 - Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

- 2.1 Hvammstangahreppur er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytis.
- 2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skal skipuð 3 fulltrúum, er sveitarstjórn kýs og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og sveitarstjórnar.
- 2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga sveitarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarnefnd með málfrelsi og tillögurétt.
- 2.4 Hafnarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnamanna. Stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.

Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.

- 3.1 Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýframkvæmdum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs, svo og lántökum og öðrum fjárskuldbindingum.
- 3.2 Hafnarstjórn gerir tillögu um:
 - Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 4. og 5. gr.
 - Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ. m. t. leiga á húsnæði og landi hennar sem leigt er til skamms tíma.
 - Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelða eðlilega hafnarstarfsemi.
- 3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingarmál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.
 Innan hafnar má heldur ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/ eða sveitarstjórnar komi til.
 Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingum mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.

Hlutverk hafnarstjóra.

- 4.1 Hafnarstjóri er skipaður af sveitarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar. Sveitarstjóri gegnir störfum hafnarstjóra sé ekki til þess ráðinn sérstakur starfsmaður. Hafnarstjóri fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar.
 Hann sér um framkvæmd samþykktu hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs.
- 4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnarlaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.
- 4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

Aðrir starfsmenn hafnarinnar.

- 5.1 Hafnarstjórn gerir tillögu um ráðningu hafnarvarðar og annarra fastra starfsmanna hafnarinnar (sbr. 4. gr.) svo margra sem þurfa þykir. Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.

- 5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.
- 5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerður af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmanns bera að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI

Umferð skipa.

6. gr.

Skilgreining á skipi.

- 6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

Almennar reglur við komu og brottför.

- 7.1 Við komu og brottför að degi skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.
- 7.2 Þjónusta við skip er unnin áf hafnarverði í umboði hafnarstjóra.
- 7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarðar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.
- 7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa hafnarverði eftirfarandi upplýsingar:
 - Skipsnafn, heimahöfn, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.
 - Nafn skipstjóra.
 - Stærð áhafnar og fjölda farþega.
 - Tegund og magn farms.
 - Um hættulegan flutning, tegund og magn.
 - Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
 - Nafn umboðsmanns.
- 7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykktar, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest, reglur samgönguráðuneytis og sérreglur Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnamenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

Umferð um höfnina.

- 8.1 Á innri höfninni má ekki sigla skipum hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfa. Sérstaka aðgát skalsýna þegar farið er um svæði, þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.
- 8.2 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni um hvar binda megi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.
- 8.3 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.
- 8.4 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni.
- 8.5 Sérhvert skip sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa fyrirskipuð ljós og dagmerki.
- 8.6 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu, er skip njóta aðstoðar dráttarbáta eða eru að leggja að og frá viðlegu.
- 8.7 Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni nema með leyfi hafnarvarðar.

9. gr.

Skip í viðlegu.

- 9.1 Skip er í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu og þjónustu.
- 9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undanskilin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.
- 9.3 Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa hlífir milli skips og hafnarbakka eða bryggju ef hafnarvörður krefst þess.
- 9.4 Þegar búíð er að leggja skipi við hafnarbakka, má ekki flytja það innan hafnarinnar án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða ekki eru í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarvarðar um flutninga þeirra. Liggi skip á innri höfninni án þess að nokkuð sé unnið við það getur hafnarvörður krafist þess að það sé tekið burtu. Færst hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa tölulíðs eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur fyrirskipað, er hafnarverði heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.
- 9.5 Í sérhverju skipi skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi ábyrgð á öllu því tjóni, er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarverði að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarverði nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 9.6 Hafnarvörður ákveður legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarverði. Skip þessi eru á ábyrgð eiganda, sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarvarðar samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

Skip í lægi.

- 10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.
- 10.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarvörður leyfir. Skipum skal lagt undir umsjón hafnarvarðar og legufæri ákveðin í samráði við hann. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda. Meðan skip liggur mannlaut í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er. Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarverði siglingafróðan mann, búsettan á Hvammstanga sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarvörður til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

III. KAFLI.

Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.

11. gr.

Lestun og losun, almennt.

- 11.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands eru öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.
- 11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.
- 11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.
- 11.4 Hafnarvörður getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er hafnarverði þó heimilt að veita undanþágu frá slíku.
- 11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu án sérstaks leyfis hafnaryfirvalda.
- 11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarvörður getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.
- 11.7 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

12. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

- 12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarverði og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningaskylda nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, acetón, natriumklorat.
- 12.2 Losun á vörum, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni. Álíti hafnarvörður að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.
- 12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarvörður getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið. Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarvörður samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar (sbr. IMO - Recommendation on safe transport handling storage of dangerous substances in-port areas).
Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsigli, en á nóttunni rautt ljósker. Tóbaksreykningar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI.

Um hafnargjöld til Hvammstangahafnar.

- 13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt:
- a) samkvæmt gjaldskrá er samgönguráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. 13. gr. hafnalaga.
 - b) samkvæmt þjónustugjaldskrá sem hafnarstjórn setur og bæjarstjórn samþykkir.
- 13.2 Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

V. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

- 14.1 Lögreglan í Húnavatnssýslu hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.
- 14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun og önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónaðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin áhættu og ábyrgð.
- 14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.
- 14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.
- 14.5 Hafnarverði skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er úr höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

- 15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að álitni hafnarvarðar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burtu á kostnað eigandans og er honum þá heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.
- 15.2 Ef skip, bátar, bryggjur, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifandi eða hættu þá skal hafnarvörður fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hluti á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

- 16.1 Engum úrgangi eða sorpi má kasta í höfnina.
- 16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt í höfnina hvali, skipsflök, eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni, nema leyfi hafnarvarðar komi til.
- 16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmíðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað, sem mengun veldur. Um varnir gegn mengun sjávar og víðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

- 17.1. Allir þeir, sem sækja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarverði að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

Hverjum skal gefa fyrirmæli.

- 18.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipsstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkv. gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipsjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

Um skaðabótaskyldu.

- 19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats, ef það gengur um ekki í vil.
- 19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá heimilt að banna för skipsins úr höfninni nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra. Hvers konar bótakröfum fylgir lögtaksréttur. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur skv. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

- 20.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Hvammstangahafnar. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.
- 20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 311, 11. október 1973.

Samgönguráðuneytið, 5. september 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1989-1990.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum búvöruframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga reiknuð í ærgildum, sem ákveðin er fyrir lögbýli eða framleiðendur búvöru utan lögbýla skv. reglugerð nr. 305/1988.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 18,2 kg af kindakjöti og tilsvarendi magn af slátri og gærum.

Lögbýli eða jörð er í reglugerð þessari skilgreint skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976 með síðari breytingum.

Félagsbú er sameiginlegur búrekstur tveggja eða fleiri einstaklinga á einu eða fleiri lögbýlum með samningi, sem hlotið hefur samþykki landbúnaðarráðuneytis, sbr. jarðalög nr. 65/1976 með síðari breytingum.

Fullvirðisréttur er það magn sauðfjárafurða, sem búmarkssvæði og/eða framleiðendum er ábyrgt fullt verð fyrir á grundvelli samnings skv. a-lið 30. gr. l. nr. 46/1985.

Fullvirðismark er samanlagður fullvirðisréttur allra framleiðenda á búmarkssvæði til framleiðslu sauðfjárafurða, reiknaður sem hlutfall af samanlögðu búmarki svæðisins í sauðfé.

II. KAFLI

Um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða.

2. gr.

Búmarkssvæði vegna framleiðslu sauðfjárafurða skulu vera hin sömu og ákveðin voru með reglugerð nr. 305/1988. Landbúnaðarráðherra er heimilt að sameina búmarkssvæði innan búnaðarsambands svæðis, ef hlutaðeigandi búnaðarsamband óskar þess fyrir 1. október 1988.

3. gr.

Fullvirðisréttur einstakra framleiðenda til framleiðslu sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1989/1990 skal vera hinn sami og þeim var ákveðinn með reglugerð nr. 443/1987 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1988/1989 með eftirfarandi frávikum:

a) Með sérstökum rökstuðningi getur búnaðarsamband óskað leyfis landbúnaðarráðherra til endurúthlutunar á þeim fullvirðisrétti sem ákveðinn var samkv. 4. gr. rg. 443/1987, að hluta eða öllu leyti.

Umsókn ásamt rökstuðningi skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. október 1988.

b) Niður fellur fullvirðisréttur til framleiðslu sauðfjárafurða, sem seldur hefur verið Framleiðnisjóði landbúnaðarins, sbr. reglugerð nr. 406/1986.

c) Hafi framleiðandi gert samning við Framleiðnisjóð landbúnaðarins um leigu fullvirðisréttar, er ekki heimilt að nýta réttinn með innleggi sauðfjárafurða á verðlagsárinu.

d) Breytingum sem verða kunna á fullvirðisrétti til framleiðslu sauðfjárafurða skv. 1. mgr. 13. gr. rg. nr. 305/1988.

4. gr.

Fullvirðisrétti samkvæmt a. lið 3. gr. er viðkomandi búnaðarsambandi heimilt að ráðstafa til framleiðenda sem um það sækja og uppfylla einhver eftirtalinnu skilyrða:

1. Framleiðendur sem orðið hafa fyrir einstaklingsbundnum áföllum í sauðfjárrækt, svo sem vegna sauðfjársjúkdóma og annarra orsaka, þannig að innlegg þeirra á verðlagsárunum 1984/1985 og 1985/1986 eftir ásettan fjárstofn telst vera óeðlilega lítið miðað við afurðir næstu tvö verðlagsár á undan.
2. Framleiðendur sem framleiddu minna en 400 ærgildisafurðir mjólkur og sauðfjárafurða verðlagsárið 1985/1986 og höfðu meirihluta tekna sinna af mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt skv. síðasta skattframtali.
3. Framleiðendur sem tekið hafa í notkun ný fjárhús og/eða hlöður, stækkað fjárhús eða endurnýjað að meirihluta eftir 1. september 1983 eða hafa stofnað til félagsbús eftir 1. janúar 1983.
4. Framleiðendur sem teljast frumbýlingar, þ.e. hafa hafið búskap eftir 1. janúar 1983.

Umsókn stuðul í öðfestum upplýsingum um búskaparastöðu, skal senda viðkomandi búnaðarsambandi fyrir 1. október 1988. Búnaðarsamband tilkynnir umsækjendum og Framleiðsluráði landbúnaðarins afgreiðslu umsókna fyrir 15. október 1988. Óheimilt er að rýmka fullvirðisrétt skv. þessari grein umfram búmark hlutaðeigandi býlis til framleiðslu sauðfjárafurða.

Búnaðarsambandi er heimilt að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast fyrir sína hönd framangreinda ráðstöfun á grundvelli tillagna, sem sambandið gerir til ráðsins.

5. gr.

Nú eru líflömb seld af búmarkssvæði vegna fjárskipta með samningum við sauðfjársjúkdómanefnd. Er þá Framleiðsluráði landbúnaðarins skylt að meta hin seldu líflömb til jafngildis fullvirðisréttar og fara með samkvæmt eftirfarandi reglum:

Jafngildi fullvirðisréttar er fundið sem þungi seldra líflamba $\times 0,4$. Frá fullvirðisrétti framleiðanda, sbr. 3. og 4. gr., sem selt hefur líflömb, skal draga fullvirðisrétt er jafngildir reiknuðum fallþunga hinna seldu líflamba.

Sá fullvirðisréttur sem einstökum svæðum skapast sameiginlega vegna þessa skal nýtast þannig:

Viðkomandi svæði fær til ráðstöfunar sem nemur allt að 3% af fullvirðisrétti svæðisins og skal því ráðstafað samkvæmt 1.–4. tl. 4. gr. enda leiði sú ráðstöfun ekki til þess að framleiðendur fái greitt fyrir ónotaðan fullvirðisrétt. Eftirstöðvar sem verða kunna, komi til að mæta fullvirðisrétti skv. 4. mgr. 2. gr. rg. nr. 157/1987.

Sauðfjársjúkdómanefnd skal tilkynna framleiðsluráði og hlutaðeigandi búnaðarsambandi um sölu líflamba á búmarkssvæðinu vegna fjárskipta fyrir 1. nóvember 1989. Framleiðsluráð reiknar út og tilkynnir búnaðarsambandi og framleiðendum jafngildi hinna seldu líflamba í fullvirðisrétti fyrir 10. nóvember 1989.

6. gr.

Framleiðanda er heimilt með samkomulagi við hlutaðeigandi afurðastöð að nýta allt að 5% af fullvirðisrétti sínum verðlagsárið 1990/1991 með innleggi á verðlagsárinu 1989/1990. Í samkomulagi þessu skal m.a. taka fram um greiðslu þessara afurða, sbr. 2. mgr. 29. gr. l. nr. 46/1985.

Nýti framleiðandi ekki allan fullvirðisrétt sinn skv. 3. og 4. gr., greiðir ríkissjóður fyrir hinn ónýtta fullvirðisrétt allt að 10% fullvirðisréttar hans. Greiðslan skal svara til hlutfalls launa og fjármagnskostnaðar í grundvallarverði sauðfjárafurða 1. september 1989. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslu þessa skv. nánari reglum, er landbúnaðarráðherra setur. Með sama hætti getur framleiðandi óskað eftir slíkri greiðslu fyrir herra hlutfall ónýttis fullvirðisréttar enda berist Framleiðsluráði landbúnaðarins umsókn hans um það fyrir 1. júní 1989. Þó verður ekki greitt fyrir ónotaðan rétt, ef framleiðsla á árinu nær ekki 50% af

fullvirðisrétti viðkomandi býlis. Heimilt er að greiða þeim framleiðendum, sem förguðu fé vegna fjárskipta að opinberum fyrirætlum og hófu fjárbúskap á ný árin 1986-1988, fyrir ónotaðan fullvirðisrétt þó að framleiðsla þeirra sé innan við 50% af fullvirðisrétti. Greiðsla til þeirra verði þó að hámarki fyrir 50% af fullvirðisrétti viðkomandi býlis.

Í stað greiðslu fyrir ónotaðan fullvirðisrétt er framleiðanda heimilt að geyma fullvirðisrétt vegna innleggs á tímabilinu frá 1. desember 1989 til 1. júní 1990, enda hafi hann tilkynnt það Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 15. nóvember 1988 og gert staðfest samkomulag við afurðastöð um slátrun.

Nýti framleiðandi ekki fullvirðisrétt sinn samkvæmt reglum 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal hinum ónýttu fullvirðisrétti ráðstafað þannig á meðan endist:

- a) til þeirra framleiðenda á búmarkssvæðinu er fengu fullvirðisrétt, sem er hlutfallslega minni en fullvirðismark svæðisins, skipt hlutfallslega á milli þeirra upp að fullvirðismarki.
- b) síðan skv. ákvæðum, 1.-4. töluliðar 4. gr.
- c) til framleiðenda á búmarkssvæðinu, er lögðu inn sauðfjárafurðir umfram fullvirðisrétt sinn, þó aldrei meira en að búmarki þeirra.
- d) afgangi sem verða kann, skal varið til þess að fullvirðisréttur sem ráðstafað var skv. 9. gr. rg. nr. 445/1986 nemi 3% af samanlögðum fullvirðisrétti búmarkssvæðisins, svo og til að mæta fullvirðisrétti skv. 4. mgr. 2. gr. rg. nr. 157/1987.

7. gr.

Framleiðanda er heimilt að ráðstafa fullvirðisrétti jarðar og tilsvareandi búmarki til annars lögbýlis með samþykki viðkomandi búnaðarsambands, sbr. 6. gr. rg. nr. 291/1987. Tilkynning um ráðstöfun þessa studd samþykki búnaðarsambands og eigenda viðkomandi lögbýla skal hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. júní 1989.

Þeim aðilum sem veittur var aukinn fullvirðisréttur samkv. 4. mgr. 2. gr. rg. nr. 157/1987 er óheimilt að ráðstafa honum á annan hátt en með eigin innleggi kindakjöts í afurðastöð. Nú nýtir framleiðandi ekki þennan fullvirðisrétt allan eða hluta hans, skal hinn ónýtti hluti fullvirðisréttarins þá falla niður á því ári.

8. gr.

Skerða skal fullvirðisrétt sem reiknast skv. ákvæðum þessa kafla, taki framleiðandi út ófrost kjöt og slátr úr afurðastöð umfram eftirfarandi mörk:

1. Framleiðandi á lögbýli getur tekið allt að 60 kg af ófrostu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu fyrir hvern heimilismann sem hafði þar lögheimili 1. desember 1988 skv. þjóðskrá.
2. Framleiðandi utan lögbýlis getur tekið allt að 60 kg af ófrostu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu.

Taki framleiðandi meira út en um getur í 1. og 2. tl. 1. mgr., skerðist fullvirðisréttur hans um það magn. Jafnframt skerðist heildarfullvirðisréttur til framleiðslu á kindakjöti sbr. 3. og 4. gr. um sama magn. Óheimilt er framleiðanda að taka kjöt úr afurðastöð eftir að það hefur verið fryst. Heimild til að taka út kjöt eftir ákvæðum þessarar greinar án þess að það skerði fullvirðisrétt viðkomandi framleiðanda, fellur niður hjá þeim aðilum sem slátra utan afurðastöðvar.

Afurðastöðvum er skylt að halda sérstaka skrá yfir allt heimtekið kjöt, þar sem fram koma allar sömu upplýsingar um innlagt kindakjöt. Skrár þessar skal senda Framleiðsluráði landbúnaðarins með sláturskýrslum. Skal það annast útreikninga er sýna breytingu fullvirðisréttar skv. reglum þessum og tilkynna það viðkomandi afurðastöð áður en fullnaðaruppgjör fer fram skv. 12. gr. Sláturleyfishafa er skylt að merkja allt kjöt sem tekið er út úr afurðastöð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, með stimpli sem á stendur HEIMTEKIÐ – EKKI-VERSLUNARVARA. Stimpla skal skrokka á sex stöðum alls. Hvorn helming skal stimpla á þremur stöðum, á bóg, hrygg og læri.

9. gr.

Við ábúendaskipti á lögbylum skal samanlögð framleiðsla fráfarandi bónda og þess er við tekur teljast framleiðsla býlisins á viðkomandi verðlagsári.

Komi í ljós að framleiðsla býlisins skv. 1. mgr. þessarar greinar er umfram fullvirðisrétt býlisins, hefur fráfarandi bóndi rétt til að ráðstafa fullvirðisréttinum óskertum fram til ábúendaskipta nema öðru vísi sé um samið milli aðila.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins heldur skrá um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða og breytir skrá um fullvirðisrétt og búmark í samræmi við samninga um sölu og/eða leigu á fullvirðisrétti sem staðfestir eru á grundvelli samnings, sbr. 7. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og annast eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur.

Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

11. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnir hlutaðeigandi sláturleyfishöfum fullvirðisrétt framleiðenda eigi síðar en 10. desember 1989.

Frumgreiðsla fyrir sauðfjárafurðir skv. 1. tl. 29. gr. 1. nr. 46/1985 skal miðuð við fullvirðisrétt hlutaðeigandi framleiðanda skv. 3. gr., sbr. þó 1. mgr. 6. gr.

Fullnaðargreiðsla og viðbótargreiðsla skv. 2. og 3. tl. 29. gr. áðurnefndra laga skulu miðast við endanlegan fullvirðisrétt framleiðanda til framleiðslu sauðfjárafurða skv. þessari reglugerð.

12. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum fullvirðisrétt þeirra. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við hann og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 30 daga frá birtingu tilkynningar um endanlegan fullvirðisrétt, ella gildir hann fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hún fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kærui til nefndar, sem skipuð er skv. 31. gr. 1. nr. 46/1985. Skal nefndin fella úrskurð sinn innan 30 daga frá því erindi berst henni.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. september 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um rafverktakaleyfi.

Skilyrði og skilmálar til að öðlast rafverktakaleyfi á orkuveitusvæði rafveitu.

1. gr.

Skilgreining.

Rafverktakaleyfi veitir heimild til rafverktakastarfsemi á orkuveitusvæði rafveitu, og tekur það til alls þess, er snertir setningu tækja og búnaðar til dreifingar orkunnar, innan húss eða utan, og til hagnýtingar hennar, svo og til hvers konar breytinga eða viðgerða á veitum, tækjum þeirra og búnaði. Sá, sem hefur á hendi forstöðu fyrir verkum á þessu sviði, nefnist rafverktaki. Þeir, sem rafverktakaleyfið veita, verða hér eftir nefndir leyfisveitendur.

2. gr.

Gildistími.

Rafverktakaleyfi er veitt til takmarkaðs tíma, eða þar til ártalið stendur á heilum tug og getur þannig í hæsta lagi gilt til 10 ára í senn, en þá skal sækja um endurnýjun þess eigi síðar en hinn 1. september það ár, en framlenging þess miðast við 1. desember sama ár. Hafi rafverktakaleyfið t.d. verið veitt á árinu 1980, skal sótt um endurnýjun þess hinn 1. september 1990 til 1. desember 2000. Sæki maður um rafverktakaleyfi t.d. á árinu 1988, skal einnig sótt um framlengingu þess í fyrsta skipti hinn 1. september 1990, en framlenging þess gildir frá 1. desember 1990 til næstu 10 ára o.s.frv. Þó skal við gildistöku þessara skilyrða og skilmála sækja um endurnýjun allra rafverktakaleyfa, sem veitt voru samkvæmt fyrri skilyrðum.

3. gr.

Umsókn um rafverktakaleyfi.

Umsókn um rafverktakaleyfi skal send rafveitu eða sérstakri leyfisnefnd, sbr. eftirfarandi:

Þar sem orkuveitusvæði þriggja eða fleiri rafveitna er gert að einu rafverktakasvæði skal skipa sérstaka rafverktakaleyfisnefnd. Skal hún skipuð rafveitustjórum eða formönnum rafveitunefnda á orkuveitusvæðunum, einum manni frá hverri rafveitu. Að jafnaði tilnefnir stærsta rafveitan formann. Fari svo, að fjöldi nefndarmanna í leyfisnefnd sé jöfn tala skal formaður nefndarinnar hafa tvö atkvæði.

Þar sem orkuveitusvæði tveggja rafveitna er gert að einu rafverktakasvæði geta þær gert með sér sérstakt samkomulag um fyrirkomulag mála.

Umsækjandi skal vera fjár síns ráðandi og með umsókninni skal fylgja:

1. Hlutadeigandi leyfisbréf til rafvirkjunarstarfa, útgefið af Rafmagnseftirliti ríkisins.
2. Sakavottorð.
3. Umsögn rafverktakafélags á leyfissvæðinu eða LÍR.
4. Vottorð um þá þekkingu á verslun, sem leyfisveitandi tekur gilda.

Leyfisbréf skal undirritað af rafveitustjóra. Verði sérstök leyfisnefnd skipuð, skal leyfisbréfið þó vera undirritað af formanni og ritara nefndarinnar.

Greiða skal gjald kr. 25 000,00 við útgáfu leyfisbréfs. Við endurnýjun rafverktakaleyfis, sbr. 2. gr., skal rafverktaki greiða kr. 2 500,00 ef sótt er um endurnýjun innan tilskilins tíma, ella greiðast kr. 25 000,00. Gjöld þessi breytast í samræmi við 4. gr. og nemi það fyrra 10% en það síðara 1% af því gjaldi, sem nefnt er í henni, eins og það er á hverjum tíma.

4. gr.

Skilyrði til þess að öðlast almennt verktakaleyfi til starfa við lágspennuvirki, B-rafverktakaleyfi.

Til þess að öðlast rafverktakaleyfi til rafverktakastarfemi við lágspennuvirki, skv. 1. grein, skal umsækjandi:

1. Hafa hlotið B-löggildingu Rafmangseftirlits ríkisins.
2. Hafa fyrirtæki sitt staðsett og skrásett á verktakasvæðinu. Vinnustofa hans skal hafa síma, sem rafverktaki eða fullgildur fulltrúi hans svarar daglega á tilteknum auglýstum tíma, og vera búinn nauðsynlegum mæli- og prófunartækjum svo og þeim verkfærum, að hann geti starfrækt fyrirtæki sitt á viðunandi hátt, skv. nánari fyrirmælum, er leyfisveitandi setur.
3. Leggja fram tryggingarfé í óbundinni bankabók, er nemi kr. 250 000,00. Framangreind fjárhæð miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir 1. janúar 1988. Tryggingarfjárhæðin hækkar síðan eða lækkar í hlutfalli við byggingarvísitölu á 2ja ára fresti.

Í stað tryggingar skv. framanskraðu getur rafverktaki innt af hendi tryggingu í gegnum Tryggingarsjóð Landssambands ísl. rafverktaka (TLÍR) sem stofnaður hefur verið fyrir allt landið með samningi milli Sambands íslenskra rafveitna (SÍR) og Landssambands íslenskra rafverktaka (LÍR).

5. gr.

Skilyrði til þess að öðlast almennt rafverktakaleyfi við háspennuvirki, A-rafverktakaleyfi.

Rafverktakaleyfi til verktakastarfsemi við lágspennu- og háspennuvirki geta þeir einir hlotið, sem:

1. Hafa hlotið A-löggildingu Rafmagnseftirlits ríkisins.
2. Leggja fram tryggingarfé er nemi kr. 500 000,00 er breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sbr. 3. tölul. 4. greinar.
3. Uppfylla önnur skilyrði í 4. grein.

6. gr.

Skilyrði til þess að öðlast önnur takmörkuð rafverktakaleyfi.

Um þessi leyfi gilda sömu tryggingarákvæði og í 4. og 5. gr. eftir því sem við á.

C-rafverktakaleyfi til að starfa við raforkuvirki í nafni fyrirtækis eða stofnunar, sem rafverktakinn ber þá tæknilega ábyrgð á, enda uppfylli hann þau skilyrði, sem fram eru sett í 1. tölul 4. gr. eða 1. tölul. 5. gr. hér að framan. Fyrirtækið eða stofnunin, sem rafverktaki ber ábyrgð á, sér um allar aðrar skuldbindingar, þar með taldar fjárhagslegar, í sambandi við störfin. Rafverktaki sannar, með skriflegri yfirlýsingu frá ráðamönnum fyrirtækisins, fullt athafnafrelsi sitt innan fyrirtækisins til að standa við skuldbindingar gagnvart rafveitu.

D-rafverktakaleyfi til starfa við sérstæð raforkuvirki, sem skilgreina skal í hverju tilviki fyrir sig, hver eru t.d. við neonljósvirki, uppsetningu á lyftum og lyftubúnaði, við röntgentæki eða þess háttar, sbr. gr.1.5.7. í reglugerð um raforkuvirki nr. 264 frá 31.des. 1971, sbr. breytingu í reglugerð nr. 185/1984.

E-rafverktakaleyfi til starfa við raforkuvirki innan vébanda einstakra fyrirtækja eða stofnana, þó að þessir aðilar stundi ekki rafvirkjun, en þá skal rafverktakaleyfið aðeins ná til starfa á athafnasvæði og/eða í húsnæði aðila.

F-rafverktakaleyfi. Rafverktaki, sem hefur hlotið eitthvert framanritaðra leyfa, A, B eða C, á einu rafverktakasvæði getur gegn vottorði þar um og með sérstakri umsókn til viðkomandi rafveitu fengið leyfi til að setja á stofn útibú á öðru orkuveitusvæði. Þarf hann þar að uppfylla hin almennu skilyrði um verkstæði og mælitækjabúnað og tryggingu eins og þau eru sett fram í 4. gr. Skal fullgildur staðgengill hans vera í útibúinu.

G-rafverktakaleyfi. Rafverktaki, sem hefur hlotið eitthvert framangreindra leyfa, A, B eða C, á einu rafverktakasvæði, getur gegn vottorði þar um og skráningu hjá viðkomandi rafveitu tekið að sér einstök opin útboðsverk á öðru rafverktakasvæði. Þarf hann að koma sér upp á því svæði nægjanlegri aðstöðu að mati viðkomandi rafveitu til að sinna verkinu svo fullnægjandi sé.

H-rafverktakaleyfi. Leyfisveitanda er heimilt að veita leyfi til einstakra verka, ef aðstæður gera slíkt nauðsynlegt. Má hér nefna:

1. Sérþekkingar er þörf.
2. Rafverktakar á orkuveitusvæðinu geta ekki sinnt fyrirleggjandi verkefnum að mati leyfisveitanda.
3. Flutningur einingahúsa milli rafverktakasvæða og tenging þeirra við dreifikerfi leyfisveitanda.

Leyfisveitandi skal þó áður leita umsagnar Landssambands ísl. rafverktaka.

Með tryggingar fyrir slíkum leyfum skal fara þannig, að fyrir hvert einstakt verk sé lögð fram full trygging í óbundinni bankabók eins og hin almenna trygging er hæst á þeim tíma.

Tryggingarféð ásamt áunnum vöxtum endurgreiðist, þegar fullnaðartenging hefur farið fram og gallar, sem kunna að koma fram við úttekt, hafa verið lagfærðir.

Í stað áður nefndrar tryggingar getur komið tryggingaryfirlýsing frá Tryggingarsjóði LÍR.

7. gr.

Starfsemi rafverktaka.

Eitt og sama fyrirtæki getur aðeins haft einn rafverktaka í sinni þjónustu, og skal hann hafa að aðalstarfi forstöðu fyrirtækisins og/eða starf við það.

Deildarskipt fyrirtæki með 30 starfsmenn eða fleiri getur þó fengið heimild fyrir tveim rafverktökum, enda sé um ótvíræða verkefnaskiptingu milli þeirra að ræða, t.d. nýbyggingardeild og viðhaldsdeild.

8. gr.

Reglur og fyrirmæli.

Rafverktaka ber í störfum sínum að fylgja reglugerð um raforkuvirki og hlíta fyrirmælum hlutaðeigandi rafveitu.

9. gr.

Tryggingarfé.

Sé rafverktaki tryggður gagnvart rafveitu með aðild að TLÍR fer með tryggingarfé og endurgreiðslu þess eins og fyrir er mælt í samþykktum TLÍR, samnings milli SÍR og TLÍR um það efni og ákvæðum þessarar greinar.

Um meðferð og endurgreiðslu tryggingarfjár þeirra sem utan TLÍR standa gildir eftirfarandi:

Meðferð.

- a. Tryggingarfé skal lagt á sparisjóðsbók á nafni leyfishafa. Bókin geymist í vörslu leyfisveitanda. Vextir leggjast við höfuðstól og eru úttektarkræfir við endurnýjun rafverktakaleyfis sbr. 2. gr.
- b. Leyfisveitanda er heimilt að ráðstafa tryggingarfénu til að bæta úr ágöllum á veitu, er rafverktakinn hefur tilkynnt til úttektar, hafi hann ekki bætt úr þeim innan tilskilins tíma, og tjóni, sem hann kann að valda rafveitunni.

- c. Grípi leyfisveitandi til slíkra aðgerða, ber rafverktaka að endurgreiða þann hluta tryggingarfjárins sem ráðstafað hefur verið, og skal það gert innan mánaðar frá tilkynningu þar um, ella fellur rafverktakaleyfi hans úr gildi sbr. 11. grein.

Endurgreiðsla.

Tryggingarfé endurgreiðist:

- a. Ef rafverktaki hættir störfum að eigin ósk, og ber honum þá að tilkynna það leyfisveitanda skriflega.
- b. Ef rafverktakaleyfi hans fellur niður sbr. 10. gr.
- c. Ef hann er sviptur rafverktakaleyfi sbr. 11. gr.
- d. Við fráfall hans.

Tryggingarféð endurgreiðist 12 mánuðum síðar ásamt vöxtum að frádreginni þeirri fjárhæð sem kynni að hafa verið ráðstafað.

10. gr.

Niðurfelling rafverktakaleyfis.

Rafverktakaleyfi ber að fella úr gildi:

- a. Ef Rafmagnseftirlit ríkisins sviptir rafverktakann löggildingu sinni.
- b. Ef hann hættir störfum að eigin ósk, sbr. 9. gr.
- c. Ef hann hættir að hafa að aðalstarfi rafverktakastörf á eigin ábyrgð sbr. 7. gr og/eða hefur störf hjá öðrum, eða ef hann hættir störfum hjá þeim, sem rafverktakaleyfi hans er bundið við, sbr. 6. gr.
- d. Ef hann sækir ekki um endurnýjun rafverktakaleyfis sbr. 2. gr.
- e. Ef hann greiðir ekki viðbót við tryggingaraféð, sbr. 9. gr.
- f. Ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta.
- g. Við fráfall hans.

Leyfisveitanda er skylt að kanna, hvort beita skuli framannefndum ákvæðum þessarar greinar, ef hann fær um það skriflega tilkynningu frá stjórn rafverktakafélags svæðisins, að rafverktaki uppfylli ekki lengur sett skilyrði.

11. gr.

Svipting rafverktakaleyfis.

Leyfisveitandi getur svipt rafverktaka rafverktakaleyfi:

- a. Ef hann hlítir ekki fyrir mælum rafveitu og/eða brýtur reglugerð hennar.
- b. Ef hann sýnir ítrekað óvandvirkni í starfi sínu.
- c. Ef hann vanrækir starf sitt og skyldur gagnvart viðskiptavinum rafveitunnar.

Leyfisveitanda er þó skylt að veita honum áminningu áður og gefum honum kost á að bæta ráð sitt.

Vilji rafverktaki ekki hlíta ákvörðun leyfisveitanda, er honum heimilt að áfrýja henni til fulltrúa stjórnna SÍR og LÍR, er komi sér saman um oddamann.

12. gr.

Breytingar.

Breyti leyfisveitandi skilyrðum þessum, er rafverktaki skyldur að hlíta þeim breytingum.

13. gr.

Undirskrift rafverktaka.

Rafverktaki skal með undirskrift sinni á sérstakt eyðublað skuldbinda sig til að hlíta í einu og öllu skilyrðum þessum svo og fyrirmælum og reglugerð rafveitunnar.

Reglur þessar um löggildingu rafverktaka hafa eftirtaldar rafveitur samið og samþykkt sem sjálfstæðan viðauka við reglugerðir þeirra um þetta efni:

Hitaveita Suðurnesja, gr. 1, reglug. nr. 365/1985.

Rafmagnsveita Reykjavíkur, gr. 7, reglug. nr. 451/1977, sbr. br. nr. 476/1983.

Rafmagnsveitur ríkisins, gr. 8, reglug. nr. 112/1968 með síðari breytingum.

Rafveita Akraness, gr. 7, reglug. nr. 40/1948.

Rafveita Akureyrar, gr. 7, reglug. nr. 458/1979, sbr. br. nr. 96/1968.

Rafveita Borgarness, gr. 7, reglug. nr. 39/1948.

Rafveita Húsavíkur, gr. 7, reglug. nr. 470/1979, sbr. br. nr. 117/1985.

Rafveita Hveragerðis, gr. 7, reglug. nr. 125/1947.

Rafveita Reyðarfjarðar, gr. 7, reglug. nr. 15/1979.

Rafveita Sauðárkróks, gr. 7, reglug. nr. 8/1950.

Rafveita Selfoss, gr. 10, reglug. nr. 448/1985.

Rafveita Siglufjarðar, gr. 7, reglug. nr. 62/1949.

Rafveita Stokkseyrar og Eyrarbakka, gr. 6, reglug. nr. 8/1925 og gr. 3, reglug. nr. 11/1940.

Rafveita Vestmannaeyja, gr. 7, reglug. nr. 117/1949.

Orkubú Vestfjarðar, gr. 19, reglug. nr. 192/1979.

Rafveita Hafnarfjarðar, gr. 7, reglug. nr. 177/1939, sbr. br. nr. 268/1969.

Reglugerðarviðauki þessi, um skilyrði og skilmála til að öðlast rafverktakaleyfi á orkuveitsvæðum þessara rafveitna, staðfestist hér með, samkv. 24. gr. laga nr. 58/1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 9. september 1988.

Friðrik Sophusson.

Páll Flygenring.

13. júlí 1988

Nr. 442

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Vestfjörðum.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, er sveitarstjórn-um heimilt, samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 6 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkvæmt gr. 36.1 heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal innheimta leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 1 300
2. flokkur	kr. 2 600
3. flokkur	kr. 3 250
4. flokkur	kr. 3 900
5. flokkur	kr. 4 050
6. flokkur	kr. 5 200

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf t gjald. Ef heilbrigðisfulltrúi metur breytingar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 er heimilt að innheimta eftirlitsgjöld, svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 7 800
2. flokkur	kr. 15 600
3. flokkur	kr. 22 100
4. flokkur	kr. 29 900
5. flokkur	kr. 40 300
6. flokkur	kr. 50 700

5. gr.

Heilbrigðisfulltrúar semji fyrir hönd heilbrigðisnefnda lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á starfssvæðum sínum. Listinn skal afhentur skrifstofum þeirra sveitarfélaga, sem fara með fjármál heilbrigðiseftirlitsins. Þær sjái um álagningu og innheimtu gjaldanna í samráði við sveitarstjórnir á svæðinu. Gjöld samkv. gjaldskrá þessari renna beint til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

6. gr.

Gjald dagi eftirlitsgjalda samkvæmt 4. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. gr.

Gjald skv. 4. gr. má innheimta með lögtaki.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum og samþykkt af hlutadeigandi sveitarfélögum, staðfestist hér með skv. 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 66/1986 með sama heiti og nr. 368/1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Með skírskotun til sérstaks samkomulags og þar til annað verður ákveðið gildir gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandi fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júlí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal með gjaldskrá fyrir heilbrigðisefirlit á Vestfjarðsvæði.
Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð:

I	II	III	IV	V	VI
Bensinstöðvar	Fangageymslur	Félagsheimili	Veitingastaðir	Mötuneyti	Stórmarkaðir
Leiktækjasalur	Félagsheimili	m/veitingum	(>50 manns)	(>100 manns)	Stærri kjörbúðir
Ljósastofur	sem eru ekki	Sumarhótel	Dvalarheimili	Veitingastaðir	Stór hótel
Rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur	með samfelldan rekstur	Skynðibita- staðir	Ísbúð/ísgerð	(stærri)	Stórar matvinnslustöðvar
Gufubaðsstofur	Gistiheimili án veitinga	Mötuneyti (100 manns)	Kjörbúð/nýlenduvöruslun	Annar rekstur sambærilegur	Stór brauðgerðarhús
Selgætisversl. (minni)	Selgætisversl. (fs, samlokur, pylsur)	Fiskverslanir	Brauðgerðarhús		Mjólkurstöðvar
Málingarversl.	Sumargisting m/morgunverði	Annar rekstur sambærilegur	Minni hótel (<15 herb.)		Vinnuheimili
Tannlæknastofur	Sumarbúðir (orlofsheimili)		Brauðstofur		Tækifærisveitingar v/stórsýninga
Torgsala	Skólar		Pizzugerð		Annar rekstur sambærilegur
Tjaldsvæði	Heilsuræktarstöðvar		Leiktækjasalur m/veitingum		
Sumargisting	Brauðgerð, brauðsala		Sælgætisgerðir (smærri)		
Annar rekstur sambærilegur	Kvikmyndahús		Vinnslustöðvar (minni)		
	Læknastöðvar		Annar rekstur sambærilegur		
	Matsöluvagnar				
	Neysluvörugeymslur				
	Nýlenduvöruverslanir				
	Tækifærisveitingar				
	Annar rekstur sambærilegur				

AUGLÝSING

um endurgreiðsluhlutfall söluskatts fiskvinnslufyrirtækja.

Með vísan til ákvæða fjárlaga fyrir árið 1988 og 1. gr. laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, hefir sjávarútvegsráðuneytið ákveðið eftirfarandi hlutfall endurgreiðslu af aðföngum fiskvinnslu, sem miðað er við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu. Gildir það um útflutning frá og með ágúst 1988 til og með nóvember 1988.

1. Frysting	3.0%
2. Rækjuvinnsla	3.5%
3. Hörpudiskvinnsla	5.5%
4. Síldarsöltun	1.5%
5. Söltun	1.5%
6. Hersla	2.0%
7. Mjöl- og lýsisvinnsla	2.5%
8. Lifrarlýsi	2.5%

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. september 1988.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 23. október 1988 til og með 29. október 1988, eru allar fiskveiðar bannaðar á bátum minni en 10 brl., sem ekki hafa sérstök botnveiðileyfi skv. 5. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990. Veiðibann þetta tekur ekki til báta, minni en 10 brl., sem fengið hafa veiðileyfi með aflahámarki skv. 2. mgr. B. liðar C. lið og D. lið 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. september 1988.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umgerðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

vegna uppsetningar umferðarljósá á mótum Barónsstígs og Eiríksgötu, komi biðskylda í stað stöðvunarskyldu á Eiríksgötu gagnvart Barónsstíg.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar kveikt verður á umferðarljósunum.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 23. september 1988.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld á Kópaskeri í Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu nr. 275 24. maí 1988.

2. gr. orðist svo:

„Gatnagerðargjald vegna varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald, skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss, samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.“

Samþykkt þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Presthólahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi í Moldahrauni í Garðabæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. september 1988 staðfest deiliskipulagsupprátt af iðnaðar- og þjónustusvæði í Moldahrauni í Garðabæ.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Garðabæjar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Frá 1. október n.k. skulu eftirtaldar bætur skv. 19. gr. laga um almannatryggingar hækka um 3% frá því sem þær voru í septembermánuði 1988:

Tekjutrygging
Heimilisuppbót
Sérstök heimilisuppbót

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. september 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um rannsóknarstofnun í siðfræði.

1. gr.

Á vegum Háskóla Íslands og Þjóðkirkjunnar starfar rannsóknarstofnun í siðfræði. Er hún vísindaleg rannsóknar- og fræðslustofnun skv. 1. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að vera vettvangur rannsókna í siðfræði.

3. gr.

Hlutverki sínu gegnir stofnunin einkum með því að:

1. Veita starfsmönnum stofnunarinnar og gestum fyrirgreiðslu við rannsóknir.
2. Útbúa fræðsluefni um siðfræði sem nota megi í skólum landsins.
3. Gangast fyrir námskeiðum, umræðufundum og fyrirlestrum um siðfræði handa almenningi og starfshópum.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum. Heimspekistofnun tilnefnir einn, Guðfræðistofnun annan, en kirkjuráð þjóðkirkjunnar hinn þriðja. Skal stjórnin kosin til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin ræður forstöðumann og annað starfslíð.

5. gr.

Á vegum stofnunarinnar skal starfa nefnd til ráðgjafar fyrir stjórnina. Háskólaráð tilnefnir fimm manns í nefndina og kirkjuráð aðra þrjá.

6. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Aðrar tekjur eru:

- a) Styrkir til einstakra verkefna.
- b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- c) Tekjur af útgáfu, námskeiðum, ráðstefnum eða annarri starfsemi.
- d) Gjafir og aðrar tekjur er stofnuninni kunna að berast.

Reikningshald skal vera hluti af heildarreikningum háskólans.

7. gr.

Þjóðkirkjan leggur stofnuninni til húsnæði til ráðstefnu- og fundarhalda og aðra aðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 9. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 77/1979 með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytið 23. september 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 596/1987, um uppgjör á innheimtu staðgreiðslufé, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Áætlun fyrir hvert sveitarfélag skal margfölduð með umsömdu hlutfalli og fundin bráðabirgðainnborgun ríkissjóðs fyrir hvern mánuð. Hlutföll þessi ákveðast sem hér segir: Í september 1988 sem samsvarar 11,01% af áætlun samkvæmt þessari grein. Í október 1988 sem samsvarar 8,01% af áætlun samkvæmt þessari grein. Hlutfall hvers mánaðar er hið sama fyrir öll sveitarfélög.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 31. október 1988.

Fjármálaráðuneytið, 23. september 1988.

F. h.r.

Lárus Ögmundsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

I. KAFLI

1. gr.

Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum starfar samkvæmt ákvæðum laga um framhaldsskóla nr. 57/1988. Markmið skólans og skipulag skal miðast við að hann veiti þá fræðslu, er þarf til að standast skipstjórnarpróf 1. og 2. stigs samkvæmt ákvæðum prófreglugerðar fyrir skipstjórnarnám nr. 481/1986.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda.

2. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að hafa lokið grunnskólaprófi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun. Nemandi, sem orðinn er 18 ára gamall, getur þó hafið nám í skólanum án þess að fullnægja ofangreindum skilyrðum, ef öðrum er fullnægt. Þeim nemenda er þó skylt að sækja hjálparkennslu, sem skólinn býður upp á eða útvegar.
2. Að leggja fram vottorð um 24 mánaða siglingatíma, skv. 6. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, þar af skuli a.m.k. 18 mánuðir vera eftir 15 ára aldur á skipi yfir 12 rúmlestir.
3. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri sem yfirmannsstaða krefst, eins og tilskilið er í reglugerð um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.
4. Að vera syndur.
5. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
6. Að leggja fram sakavottorð.

Heimilt er að hafa könnunarpróf upp í 1. bekk að haustinu, áður en kennsla hefst, í stærðfræði, eðlisfræði, íslensku, ensku og dönsku eða sérstök inntökupróf.

III. KAFLI

Um kennslu og próf og námstíma.

3. gr.

Í skólanum skal kenna samkvæmt námsvísi um skipstjórnarnám sem menntamálaráðuneytið samþykkir.

4. gr.

Um próf fer eftir prófreglugerð um skipstjórnarnám nr. 481/1986.

5. gr.

Skólinn skal starfa í 9 mánuði og hefst skólaárið 1. ágúst og lýkur 31. júlí.

6. gr.

Um leyfi fer eftir reglugerð um leyfi í skólum.

IV. KAFLI

Um starfslið og stjórn skólans.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Við skólann skal starfa skólanefnd. Í skólanefnd skulu sitja 5 menn. Skulu 4 tilnefndir af bæjarstjórn Vestmannaeyja og skal fulltrúi viðkomandi starfsgreinar eiga sæti í skólanefnd. Skipunartími skólanefndar skal vera fjögur ár og miðast við kjörtímabil sveitarstjórnar. Menntamálaráðherra skipar formann skólanefndar án tilnefningar. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar. Skólanefndin skal fylgjast með kennslutilhögun og námsefni og vera skólastjóra til aðstoðar í málefnum skólans almennt, fylgjast með þróun skipstjórnarmenntunar og stuðla að sem nánustum tengslum skólans við atvinnulífið.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólameistara og fasta kennara við skólann að fengnum tillögum skólanefndar. Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. Laun skólameistara og kennara fara eftir kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

9. gr.

Um embættisgengi skólastjóra og kennara fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra nr. 48/1986.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 1. greinar laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið 22. september 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Knútur Hallsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 160/1986, um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarskerta með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir nauðsynleg heyrnartæki sem hér segir:

- | | |
|---|------|
| 1. Fyrir börn og unglinga til loka skólaskyldu | 100% |
| 2. Fyrir 18 ára og eldri | 60% |
| 3. Fyrir þá sem nota þurfa tvö tæki samtímis og eru 18 ára og eldri | 70% |

Stjórn Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands er heimilt að fenginni rökstuddri umsókn að auka þátttöku ríkisins samkv. 2. og 3. gr. í 80%, sé um að ræða verulega skerta heyrn að mati yfirlæknis stöðvarinnar.

2. gr.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi frá og með 1. október 1988, eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, að fengnum tillögum stjórnar stöðvarinnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. september 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

SAMPYKKT

um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Pá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar er:

1. að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar,
2. að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur,
3. að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar og
4. að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal gera fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að gera fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Heimilt er að endurskoða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og gera á henni nauðsynlegar breytingar ef í ljós koma breytingar á forsendum fjárhagsáætlunarinnar. Bæjarstjórn afgreiðir slíkar breytingar við eina umræðu, enda séu breytingartillögur sendar öllum bæjarfulltrúum a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Ársreikningur bæjarsjóðs og fyrirtækja hans skal fullgerður fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga eigi síðar en í júnímánuði ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, fyrsta eða annan mánudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef 3 bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum og semur dagskrá hans, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með skemmri fyrirvara, enda samþykki bæjarstjórn slíkt, eins og um afbrigði frá fundarsköpum væri að ræða.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þeir eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseti á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Heimilt er að taka myndir og hljóðrita umræður, að undangengnu samþykki bæjarstjórnar.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef $\frac{2}{3}$ viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundum ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum.

26. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala.

27. gr.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftast til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður mega þó tala oftast en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

28. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum eða víki verulega frá umræduefninu, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskráartillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

31. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handaupprettingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef tveir bæjarfulltrúar óska þess hið minnsta. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Skylt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef tveir bæjarfulltrúar óska þess hið minnsta.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

33. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar.

34. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða og dagsetningu fundargerða.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

35. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. – Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

42. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

44. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

45. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundum.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

46. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

47. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn skal heimila flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa og varafulltrúa hans til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

48. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á hverjum mánudegi kl. 16.00. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri eða a.m.k. einn bæjarráðsmaður óskar þess.

49. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað þegar um aukafundi er að ræða. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

50. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

51. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Seyðisfjarðarkaupstaðar að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin.

Í þeim tilfellum að sérstökum nefndum bæjarstjórnar er falið að hafa sérstaka málaflokka með höndum, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

52. gr.

Bæjarráð hefur eftirtalin mál með höndum:

- a. Fjármál. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóds og bæjarfyrirtækja að fengnum

tillögum hlutadeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þó fer hafnarstjórn með málefni Seyðisfjarðarhafnar í beinu umboði bæjarstjórnar. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Bæjarráð ákveður, hvernig varið skuli fé því sem ætlað er til verklegra framkvæmda, að því leyti sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

- b. Vegamál. Bæjarráð hefur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, götum, holræsum og götulýsingu, allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.
- c. Fasteignamál. Til þeirra teljast umsjón með fasteignum bæjarins, svo sem húseignum, jörðum, grjótnámi, slægjum, sandnámi o.fl. að því leyti, sem ekki er öðruvísi fyrirskipað um þessi mál í lögum og reglugerðum.
- d. Brunamál. Til þeirra teljast framkvæmdir á öllum brunamálum bæjarins samkvæmt lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið. Slökkvistjóri eða varamaður hans skulu sitja fundi, ef rædd eru brunamál, en eigi hafa atkvæðisrétt.
- e. Framfærslumál. Bæjarráð fer með framfærslumál Seyðisfjarðarkaupstaðar.
- f. Önnur mál. Öll önnur mál sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykktum um stjórn bæjarmála, eða með sérstakri samþykkt bæjarstjórnar, skulu heyra undir bæjarráð. Auk þess getur bæjarstjórn vísað þeim málum sem henni sýnist til bæjaráðs, þó þau heyri ekki sérstaklega undir það, þegar þurfa þykir.

53. gr.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað. Nefndarmenn geta ákveðið að skipta með sér störfum ritara.

Að jafnaði boðar formaður nefndar, eða lætur boða, fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli.

Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni.

Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarráðs og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Hafnarstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
3. *Skodunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
4. *Skrifrarar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
5. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis.
6. *Stjórn veitustofnana*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Veitustofnun fer með málefni hitaveitu og vatnsveitu. Veitustofnun er ætlað að sjá um rafveitu og virkjanir ef bærinn hefur slíkan rekstur.
7. *SSA*. Fulltrúa og varafulltrúa á fundi, samkvæmt lögum SSA.
8. *Flugfélag Austurlands*. Einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi á aðalfund, samanber lög félagsins.
9. *Iðnþróunarfélag Austurlands*. Einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi á aðalfund samanber lög félagsins.
10. *Atvinnuþróunarsjóður Austurlands*. Einn fulltrúi og einn varafulltrúi á aðalfund samanber lög sjóðsins.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

3. *Byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
Byggingarnefnd fer og með verkefni skipulagsnefndar skv. skipulagslögum.
4. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur á hendi eftirlit með atvinnumálum og gerir tillögur um úrbætur í þeim. Fer einnig með þau verkefni sem stjórnarnefnd vinnumiðlunar er með.
5. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð fer með æskulýðs- og öldrunarmál. Félagsmálaráð stýrir félagsheimilinu Herðubreið fyrir hönd bæjarstjórnar. Fulltrúar í Félagsmálaráði eru einnig fulltrúar bæjarins á aðalfundi félagsheimilisins Herðubreiðar. Félagsmálaráð annast störf þau, sem áfengisvararnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 82/1969.
6. *Heilbrigðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir varamenn skv. ákvæðum 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
7. *Dagvistarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Er stjórn leikvalla og dagvistarstofnana fyrir börn á vegum bæjarins. Hefur eftirlit með dagmæðrum.
8. *Íþróttarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með rekstri íþróttamannvirkja á vegum bæjarins.
9. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. – 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
10. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
11. *Safnanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Safnnefnd skal stuðla að söfnun gamalla muna og vera stjórn Tækniminjasafns til aðstoðar. Einnig fer safnanefnd með stjórn skjalasafns Seyðisfjarðar þegar það verður sett á fót.
12. *Umhverfismálaráð*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Er fegrunarnefnd fyrir Seyðisfjörð. Fer auk þess með málefni þau sem gróðurverndarnefnd og náttúruverndarnefnd er ætlað samkvæmt lögum nr. 17/1965 og 47/1971.
13. *Stjórn sjúkrasamlags*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.
14. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
15. *Stjórn sjúkrahúss*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Fer auk þess með þau verkefni sem ætluð eru stjórn heilsugæslustöðvar samkvæmt lögum.
16. *Stjórn verkamannabústaða*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
17. *Framtalsnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Framtalsnefnd skal yfirfara álagningu bæjargjalda frá skattstjóra og gera athugasemdir ef þurfa þykir.
18. *Umferðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. mgr. 116 gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Umferðarnefnd hefur forgöngu um skipulag umferðarmála í samráði og samvinnu við byggingar-/skipulagsnefnd.
19. *Kjörstjórn til sveitarstjórnarkosninga*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
20. *Fordagæslumaður*. Einn og annar til vara sbr. heimild í 2. mgr. 54. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
21. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
22. *Heilbrigðismálaráð Austurlands*. Einn fulltrúi og einn varafulltrúi skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.
23. *Samband íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn varafulltrúi á landsþing.
24. *Stjórn Tækniminjasafns*. Einn aðalmaður og annar til vara. Samkvæmt skipulagsskrá safnsins.

63. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

64. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóds. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er ædsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

67. gr.

Forstöðumenn stofnana ráða starfsmenn í umboði bæjarráðs.

68. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er fallin úr gildi samþykkt um stjórn bæjarmálefna Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 106 frá 26. janúar 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 23. september 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línadal.

SAMPYKKT

um stjórn Höfðahrepps og fundarsköp hreppsnefndar.

I. KAFLI

Um skipun hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps er skipuð 5 fulltrúum, kjörnum samkvæmt III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefndinni ber að gæta hagsmuna hreppsins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum svo og málefni sem henni eru falin í samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

4. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Höfðahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita, varaoddvita og nefndir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

5. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

6. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana hans fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunarinnar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

7. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 6. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

8. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

9. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs og stofnana hans eigi síðar en í júnílok ár hvert, skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert.

III. KAFLI

Fundarskóp hreppsnefndar.

10. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi, ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Á fyrsta fundi hreppsnefndar skal hún ákveða fundardag(a) og fundartíma. Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og/eða sveitarstjóra. Skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Ef þess er krafist, ber að halda slíkan fund innan tveggja sólahringa frá því að krafan um fundinn var sett fram. Heimilt er að boða slíkan fund símleiddis með sólarhrings fyrirvara. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi, enda liggi fyrir, hverju sinni, samþykkt hreppsnefndar þar að lútandi.

11. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

12. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum kýs hún sér oddvita og varaoddvita úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa um þá tvo sem flest fengu atkvæðin.

Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir störfum fundarstjóra uns kosinn hefur verið oddviti.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

13. gr.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra. Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar umræðum á fundum hennar og sér um að allt fari fram í reglu og eftir fundarsköpum. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Fundarmönnum er skylt að hlíta úrskurði hans, þó skal skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, ef vafi leikur á um skilning á fundarsköpum. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi hreppsnefndar þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

15. gr.

Sveitarstjóri boðar hreppsnefndarfundu í samráði við oddvita og ákveður fundarstað. Hreppsþúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

16. gr.

Sveitarstjóri ákveður dagskrá fundar í samráði við oddvita.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, s.s. kosningar oddvita og nefnda.
2. Fundargerðir nefnda á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 44. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar, að tekin verði á dagskrá. Oddvita er heimilt að taka mál á dagskrá, þótt þess sé ekki getið í fundarboði, sé meirihluti hreppsnefndarmanna samþykktur því.

Sveitarstjóri skal senda öllum hreppsnefndarmönnum dagskrá hreppsnefndarfundar tveimur sólarhringum fyrir fund. Dagskrá hreppsnefndarfunda skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem nauðsynleg þykja. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

17. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði, sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er, vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarmenn skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara skv. lögum, eðli máls eða samkvæmt sérstakri ákvörðun, sem samþykkt er með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða í hreppsnefnd.

19. gr.

Hverjum hreppsnefndarmanni er heimilt að krefjast þess, að ákveðið mál verði tekið fyrir á dagskrá fundar, en skylt er honum að gera það skriflega og með þeim fyrirvara að hægt sé að greina frá því í fundarboði.

Hreppsnefnd er heimilt að taka mál á dagskrá, sem hún hefur áður ályktað um, enda liggja fyrir nýjar upplýsingar í málinu og beiðni um endurupptöku þess.

20. gr.

Hver hreppsnefndarmaður, sem vill taka til máls, skal óska heimildar oddvita.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumann, svo og hreppsnefndarmann, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveða sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.

21. gr.

Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum sé hætt.

Þá getur oddviti, hvenær sem er, lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma.

Hreppsnefnd afgreiðir tillögur oddvita skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust. Hver hreppsnefndarmaður getur borið fram slíkar tillögur og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

22. gr.

Skylt er hreppsnefndarmönnum að lúta valdi oddvita er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef hreppsnefndarmaður ber aðra menn brigsjum eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal oddviti víta hann og nefna þau ummæli er hann vítir. Ef hreppsnefndarmaður er víttur tvisvar á sama fundi, getur oddviti lagt það til við hreppsnefnd að hann verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef hreppsnefndarmaður hlýðnast ekki úrskurði hreppsnefndar eða almennt agaleysi kemur upp á fundi, skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða, ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

23. gr.

Hreppsnefnd getur enga ályktun gert nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna sé viðstaddur á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Sveitarstjóri og hver hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögur, viðauka-tillögur eða frávísunartillögur við hvert mál, sem til umræðu er, og hreppsnefnd á ákvörðunarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal oddviti fundarmönnum ráðrúm til að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur.

Dagskrártillögur hafa forgang fram yfir aðrar tillögur og skulu þær afgreiddar umræðulaust strax og þær berast. Breytingartillögur teljast eingöngu þær tillögur, sem fela í sér minniháttar breytingu á stefnu eða orðalagi aðaltillögu, og skal sú sem lengst gengur, að mati oddvita, berast upp fyrst.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa frá með rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu sveitarstjóra eða nefnda, eða með því að fresta því.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og stofnana hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra, sem boðar þá varamann á fund skv. ósk aðalmanns og ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem er vanhæfur við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

28. gr.

Atkvæðagreiðsla fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður hreppsnefndarmenn, sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótaskvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Ef oddviti, sveitarstjóri eða hreppsnefndarmaður óskar þess, skal viðhafa nafnakall. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef meirihluti nefndarmanna situr hjá við atkvæðagreiðslu með handauppréttingu, skal oddviti viðhafa nafnakall og endurtaka atkvæðagreiðslu og telst mál þá afgreitt þótt meirihluti segist ekki greiða atkvæði.

Kosningar oddvita og varaoddvita skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar, og við nefndarkjör, sé þess óskað.

29. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita sbr. 12. gr. þessarar samþykktar.

30. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafi skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 17. gr. samþykktar þessarar, skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

31. gr.

Hverjum hreppsnefndarmanni er skylt að sækja fundi hreppsnefndar og sitja þá, nema lögmæt forföll hamli, sbr. 25. gr. samþykktar þessarar.

Honum er skylt að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, t.d. oddvitastarf, setu í nefndum o.s.frv.

Sá sem verið hefur oddviti í eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Hreppsnefndarmönnum er skylt að koma þrúðmannlega fram á hreppsnefndarfundum og gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem hreppsnefndarfulltrúar.

Þá er þeim skylt að gæta hagsmuna og velferðar hreppsins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli hreppsnefndarmanna og hafa í huga, að heill sveitarfélagsins er ofar þrasi og togstreitu stjórnámálanna.

32. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

33. gr.

Hreppsnefndarmenn hafa aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og óhindraðan aðgang að stofnunum þess og starfsemi á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

34. gr.

Hver hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega tiltekna þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Þóknun skal ákveðin í desember ár hvert.

35. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn hreppsins.

36. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra og gerir við hann ráðningarsamning. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

Heimilt er þó að ráða sveitarstjóra til óákveðins tíma og skal taka fram í ráðningarsamningi hvort ráðningin miðast við kjörtíma hreppsnefndar eða gildi um óákveðinn tíma. Gildi ráðningarsamningurinn um óákveðinn tíma, skal uppsagnarfrestur hans vera þrjú mánuðir.

37. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 15. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er ædsti yfirmaður starfslíðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður, hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

VI. KAFLI

Nefndir.

38. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir skv. ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana, sem þeir starfa hjá.

39. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar*. Tveir aðalmenn (hreppestjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Barnaverndarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og unglinga nr. 53/1966.
3. *Byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Byggingarnefnd fer einnig með skipulagsmál.
4. *Hafnarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
5. *Heilbrigðisnefnd Blönduóssvæðis*. Einn fulltrúi í nefndina og annar til vara skv. 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Skólanefnd grunnskóla*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
8. *Stjórn verkamannabústaða*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
9. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun og samkomulagi hreppsnefnda Skagahrepps, Höfðahrepps og Vindhælishrepps.
10. *Forðagæslumaður*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
11. *Úttektarmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
12. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er hreppsnefnd til ráðgjafar um atvinnumál.
13. *Bókasafnsnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
14. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð fer með stjórn og rekstur leikvalla, dagvista og öldrunarmála skv. erindisbréfi.
15. *Rekstrarnefnd Fellsborgar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Rekstrarnefndin fer með stjórn og rekstur Félagsheimilisins Fellsborgar skv. reglum um störf þess.
16. *Sjóminja- og munasafnsnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn og rekstur Sjóminja- og munasafns Skagstrendinga.
17. *Æskulýðs- og íþróttarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. erindisbréfi.
18. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og annar til vara skv. 4. gr. laga sambandsins.
19. *Fjórðungsping Norðlendinga*. Einn fulltrúi og annar til vara skv. grein 3.1. í lögum sambandsins.

C. **Ár hvert**, í tæka tíð fyrir aðalfund hvers fyrirtækis:

1. *Stjórn Skagstrendings hf.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
2. *Stjórn Mánavarar hf.* Einn aðalmaður og annar til vara.

D. **Aðrar nefndir** til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum.

40. gr.

Oddviti boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

41. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst brott úr hreppnum, fellur frá eða forfallast varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

42. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

43. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið sem og fundarsköp, fer eftir því sem ákveðið er í lögum eða samþykktum hreppsnefndar.

Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur hreppsnefnd sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem hreppsnefnd er fengið að lögum.

Kjörtímabil nefnda og umboð nefndarmanna fellur niður þegar kjörtími hreppsnefndar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem hefur fengið til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt eða hreppsnefnd leggi nefndina niður. Kjörtímabil nefnda og umboð nefndarmanna getur þó aldrei orðið lengra en 4 ár.

44. gr.

Allar nefndir hreppsnefndar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem hreppsnefnd setur í einstök mál, lagðar fyrir hreppsnefnd til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

45. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín samkvæmt reglum, sem hreppsnefnd setur, nema annað sé tekið fram í lögum, reglugerðum eða samningum.

Samþykkt þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Höfðahrepps og fundarsköp hreppsnefndar nr. 484 15. júní 1983 svo og samþykkt um sveitarstjóra í Höfðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu nr. 144 20. júní 1966.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, nr. 372 25. október 1976.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmíða er kr. 4 800,00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki er kr. 400,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. september 1988.

F. h. r.

Jón Thors.

Pórunn Erhardsdóttir.

Nr. 456

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1987.

Rekstrareikningur fyrir árið 1987.

Tekjur	
Vextir af bankainnstæðu	kr. 5 280,64
	<hr/> 5 280,64
Gjöld	
Tekjur umfram gjöld	kr. 5 280,64
	<hr/> 5 280,64

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1987.

Eignir	
Bankainnstæður	kr. 24 657,44
	<hr/> 24 657,44
Skuldir	
Höfuðstólsreikningur:	
Hrein eign pr. 1. janúar 1987	kr. 19 376,80
Hreinar tekjur árið 1987	kr. 5 280,64
	<hr/> kr. 24 657,44
	<hr/> 24 657,44

Samgönguráðuneytið, 26. september 1988.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348
8. október 1976.

1. gr.

1. og 2. másl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er 400 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 4 800 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1989.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 301 29. júní 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. ágúst 1988.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 458

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1987.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1987.

Tekjur

Vextir af bankainnstæðu	kr.	12 625,17
		<u>12 625,17</u>

Gjöld

Tekjur umfram gjöld	kr.	12 625,17
		<u>12.625,17</u>

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1987.

Eignir

Bankainnstæður	kr.	48 997,22
		<u>48 997,22</u>

Skuldir

Hrein eign pr. 1. janúar 1987	kr.	36 372,05	
Hreinar tekjur árið 1987	kr.	12 625,17	kr. 48 997,22
			<u>48 997,22</u>

Samgönguráðuneytið, 26. september 1988.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 660/1981 um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla o.fl.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Valnefnd skal skipuð fimm mönnum: Lögreglustjóranum í Reykjavík, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, skólastjóra Lögreglustjóra ríkisins og þremur mönnum, sem skipaðir eru eftir tilnefningu dómsmálaráðuneytisins, Landssambandi lögreglumanna og Sýslumannafélagi Íslands. Nú er sótt um starf við tiltekið embætti og tekur þá viðkomandi lögreglustjóri sæti í nefndinni. Heimilt er honum að senda skriflega álitserð um umsækjanda í stað þess að taka sæti í nefndinni.

2. gr.

6. gr. orðist þannig:

Starfræktur skal sérstakur skóli, Lögregluskóli ríkisins, er veiti lögreglumönnum almenna menntun í lögreglufræðum sbr. 7. og 10. gr., svo og sérmenntun í hinum ýmsu greinum löggæslunnar.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn skólans og skipar skólastjóra, er veitir skólanum forstöðu. Hann ákveður tölu fastra kennara og ræður þá, svo og annað starfslíð að fenginni umsögn skólastjóra og skólanefndar. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Ráðning lögreglumanna, sem ráðast til kennarastarfa að skólanum í fast starf, skal að jafnaði vera til þriggja ára. Að þeim tíma liðnum hverfa þeir aftur til fyrra starfs, sem þeir hafa verið í leyfi frá.

Kennarafundir skulu jafnan haldnir mánaðarlega. Haldnar skulu fundargerðir um þá fundi.

Skólanefnd, skipuð lögreglustjóranum í Reykjavík, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, ríkissaksóknara, fulltrúa Landssambands lögreglumanna og starfsmanni dómsmálaráðuneytisins, tilnefndum af dómsmálaráðherra, skal hafa yfirumsjón með starfsemi skólans. Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins er formaður skólanefndar. Skólastjóri situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt, nema þegar fjallað er um mál er varða hann persónulega.

Skólanefnd skal gera tillögur um námsefni. Nefndinni er heimilt að fella niður eða bæta við námsgreinum eftir því sem þörf þykir.

Færðar skulu fundargerðir um fundi skólanefndar.

3. gr.

Við bætist ný grein, er verði 7. gr. svohljóðandi:

Lögregumenn, er sækja fyrri önn og síðari önn grunnnáms, skulu lúta húsbóndavaldi skólans á meðan dvöl þeirra stendur. Skólastjóri getur sett almennar reglur, að fengnu samþykki skólanefndar, um hegðan, mætingar, klæðaburð, o.fl., og hvernig taka skuli á málum, ef út af er brugðið.

Lögregluskólanemar á fyrri og síðari önn mega ekki á dvalartímanum vinna að lögreglustörfum utan námsins nema að fengnu skriflegu samþykki skólans. Skólinn getur skipulagt launuð störf fyrir lögregluskólanema, annars vegar sem verkefni í starfsþjálfun, og þá í samráði við hlutadeigandi lögreglustjóra, og hins vegar störf vegna stórverkefna, þegar þörf er viðbótarlögreglulíðs. Skólastjóri og kennarar lögregluskólans geta annast stjórnun lögreglunema á vettvangi eða staðbundnir yfirmenn lögreglu, eftir því sem um semst við viðkomandi lögreglustjóra.

Nú kemur í ljós í grunnnámi að nemi fullnægir ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til lögreglumanna hvað snertir námshæfileika, ástundun, reglusemi, framkomu og heilsufar og skal skólinn þá senda hlutaðeigandi lögreglustjóra rökstudda greinagerð um það sem áfátt þykir. Skal lögreglunemanum skýrt frá efni greinargerðarinnar.

Skólastjóri hefur á námstímanum sama agavald gagnvart kennurum og nemendum í skólanum og lögreglustjórar viðkomandi manna endranær.

4. gr.

Breytingar á greinum verða sem hér segir:
Greinar 7. - 16. verði greinar 8. - 17.

5. gr.

17. gr. falli brott.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. málsg. 9. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn, öðlast gildi 10. október 1988.

Dómsmálaráðuneytið, 3. október 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 272/1988, um tollmeðferð á heimilismunum manna, sem flytja búferlum hingað til lands.

1. gr.

c. liður 1. mgr. 1. gr. reglnanna orðist svo:

Viðkomandi hafi muni þessa með sér er hann flytur búferlum eða flytji þá innan sex mánaða frá því hann tók sér bólfestu hér á landi eða öðlast hér lögheimili. Tollstjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem ef dvöl manns hér hefur upphaflega verið ákveðin einungis til skemmri tíma en framlengist síðan til varanlegrar búsetu.

2. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 7. tl. 5. gr. laga nr. 55/1987, tollalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 96/1987, um breytingu á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. september 1988.

F. h. r.

Sigurgeir Jónsson.

Rúna S. Geirsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við U-beygju á Kalkofnsvegi frá norðri til norðurs á mótis við Seðlabanka Íslands.

Ákvörðun þessi tekur gildi 19. október 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. september 1988.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um innritunar-, kennslu- og prófgjald vegna námskeiðs og prófs til að öðlast löggildingu til fasteinga- og skipasölu.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu nr. 519/1987 eru gjöld vegna námskeiðs sem halda á síðari árs helming 1988 ákveðin þessi:

Innritunargjald	kr.	5 000,00
Kennslugjald II. námskeiðshluta . .	kr.	55 000,00
Prófgjald II. námskeiðshluta	kr.	10 000,00

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. október 1988.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina.

1. gr.

Hlutverk Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina er að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá fyrirtækjum er framleiða til útflutnings. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgrein-um í föst lán til langs tíma.

Heimili og varnarþing Atvinnutryggingarsjóðs er í Reykjavík.

2. gr.

Fyrirtæki koma því aðeins til álita við lánveitingu eða skuldbreytingu, samkvæmt reglugerð þessari, að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra að loknum skipulagsbreyting-um á fjárhag þeirra og rekstri.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar stjórn Atvinnutryggingarsjóðs og veitir henni lausn. Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra tilnefna hver um sig einn stjórnarmann en einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar.

Forsætisráðherra skipar varamenn í stjórn Atvinnutryggingarsjóðs. Skulu þeir tilnefndir á sama hátt og aðalmenn.

Forsætisráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnar.

4. gr.

Byggðastofnun hefur á hendi rekstur og reikningshald Atvinnutryggingarsjóðs í umboði og undir eftirliti sjóðsstjórnar.

Endurgreiða skal Byggðastofnun kostnað af rekstrinum eftir nánara samkomulagi milli Byggðastofnunar og stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs.

5. gr.

Ríkisendurskoðun skal fylgjast með starfsemi Atvinnutryggingarsjóðs og gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sjóðsins.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Atvinnutryggingarsjóðs. Skulu reikningar sjóðsins, ásamt yfirliti yfir afgreidd lán og ábyrgðir, birtir árlega.

6. gr.

Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs ákveður lánveitingar úr sjóðnum og geta einstakir stjórnarmenn haft frumkvæði um einstök mál eins og tilefni er til.

Sérstök samstarfsnefnd lánastofnana atvinnuveganna og Byggðastofnunar gerir tillögur um lánveitingar til stjórnar Atvinnutryggingarsjóðs og er henni til ráðuneytis eins og nánar er

mælt fyrir í reglugerð þessari. Skal samstarfsnefndin skipuð einum starfsmanni tilnefndum af Sambandi viðskiptabanka, einum tilnefndum af Fiskveiðasjóði Íslands, einum tilnefndum af Iðnlánasjóði, einum tilnefndum af Stofnlánadeild landbúnaðarins og einum tilnefndum af Bygðastofnun og skal hann kalla nefndina saman. Auk þess má kveðja til fulltrúa viðskiptabanka þess fyrirtækis sem um er fjallað hverju sinni.

Stjórn Atvinnutryggingarsjóðs getur einnig haft samráð við Vinnuálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis og viðkomandi atvinnuálanefnd áður en ákvörðun er tekin.

Stjórn sjóðsins getur leitað eftir sérfræðiastod við tillögugerð og mat á skipulagsbreytingum og aðgerðum til hagræðingar.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þáttöku stjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem er honum svo persónulega tengdur að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á mál.

7. gr.

Lánveitingum sjóðsins skal skipt í tvo flokka. Annars vegar almenn lán er fylgja skuldbreytingu, sbr. 9. gr., og hins vegar lán er tengjast sérstökum aðgerðum til endurskipulagningar, sbr. 10. gr. Skal við það miðað að almenn lán er fylgja skuldbreytingum fari ekki fram úr 1 200 millj. kr.

8. gr.

Atvinnutryggingarsjóður hefur milligöngu um skuldbreytingu hjá fyrirtækjum þannig að viðkomandi fyrirtæki gefur út skuldabréf til Atvinnutryggingarsjóðs með samanlagðri fjárhæð þeirra skulda fyrirtækisins sem lánardrottinn hafa samþykkt að skuldbreyta og Atvinnutryggingarsjóður fallist á að taka við.

Lánstími skuldabréfanna skal vera allt að 10 ár, fyrsta afborgun sem næst tveimur árum eftir útgáfu þeirra og bréfin skulu síðan greiddast upp með jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti. Skuldabréfin skulu miðast við lánsklaravísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eftir nánara samkomulagi aðila. Þau skuldabréf er miðast við lánsklaravísitölu skulu bera 6% vexti en þó skulu vextir af þeim aldrei vera hærri en vegið meðaltal almennra skuldabréfavaxta á hverjum tíma, samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Sjóðsstjórn skal ákveða vexti af bréfum með gengisviðmiðun er miðist við erlenda markaðsvexti á hverjum tíma að viðbættu álagi.

Atvinnutryggingarsjóður gefur út skuldabréf til einstakra lánardrottna sem samþykkt hafa skuldbreytingu. Lánstími þessara bréfa skal vera allt að 6 ár, fyrsta afborgun sem næst tveimur árum eftir útgáfu þeirra og ber síðan að endurgreiða bréfin með jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti. Skuldabréfin skulu miðast við lánsklaravísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla og bera 1% lægri vexti en skuldabréf samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Sjóðurinn ábyrgðist greiðslu skuldabréfa skv. þessari mgr. með eignum sínum.

Sjóðnum er óheimilt að gefa út skuldabréf skv. þessari grein fyrir hærri fjárhæð en nemur 2,5-faldri fjárhæð almennra lána er tengjast skuldbreytingu skv. 9. gr., án bakábyrgða banka eða annarra fjármálastofnana.

9. gr.

Almenn lán úr Atvinnutryggingarsjóði sem fylgja skuldbreytingu, skulu vera til allt að 12 ára, afborgunarlaus allt að fyrstu þrjú árin að ákvörðun sjóðsstjórnar en síðan með jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti. Skuldabréfin skulu bundin gengisviðmiðun eftir nánara samkomulagi aðila og er heimilt að áskilja að gengisviðmiðun geti komið til endurskoðunar á lánstíma. Stjórn sjóðsins ákveður vexti er miðist við erlenda markaðsvexti á hverjum tíma að viðbættu álagi. Sjóðsstjórn setur almennar reglur um lán skv. þessari grein.

Sjóðsstjórn er heimilt til ársloka 1988, að fengnum tillögum samstarfsnefndar, sbr. 6. gr., að veita bráðabirgðalán til þeirra fyrirtækja sem eiga við bráðan rekstrarfjárvanda að etja enda fullnægi þau ákvæðum reglugerðar þessarar um láns hæfi og jafnframt verði samið um skuldbreytingu.

10. gr.

Lán er tengjast sérstökum aðgerðum til endurskipulagningar skulu miða að því að auka tekjuhæfi fyrirtækja, s.s. með sameiningu þeirra eða samstarfi, með samhæfingu hráefnisöflunar og framleiðslu, breyttu vinnuskipulagi sem leiðir til betri nýtingar á fjárfestingu, sérhæfingu, vöruþróun eða nýjungum í gæðastjórnun eða markaðsmálum.

Heimilt er að veita lán til kaupa á hlutabréfum í fyrirtækjum sem falla undir 1. gr. reglugerðar þessarar. Í sérstökum tilvikum er sjóðsstjórn heimilt að lána til nýrra fyrirtækja sem komið er á fót í stað fyrirtækja sem hætta starfsemi. Þá er sjóðsstjórn og heimilt, ef sérstaklega stendur á, að leysa til sín húseignir og búnað fyrirtækja sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra.

Lán má því aðeins veita að umsóknum fylgi ítarlegt arðsemismat, kostnaðar- og tekjuáætlun og önnur nauðsynleg gögn er sýni hagkvæmni endurskipulagningar.

Lánstími samkvæmt þessari grein skal vera allt að 12 ár og skulu lán miðast við gengi erlendra gjaldmiðla og bera vexti með sama hætti og lán þau er um ræðir í 9. gr.

11. gr.

Lántakendur hjá Atvinnuþryggingarsjóði skulu setja sjóðnum tryggingar fyrir lánnum. Við mat á tryggingum skal stjórn sjóðsins styðjast við eftirfarandi atriði og matsgerðir:

- Áætlaðar tekjur fyrirtækis á móti hreinum skuldum, þannig að ætla megi, miðað við eðlilega rekstrarafkomu, að fyrirtæki geti greitt skuldir sínar á eðlilegum tíma.
- Sjálfskuldarábyrgð banka, sjóða og traustra fyrirtækja eða einstaklinga.
- Sérstakt mat á eignum unnið af atvinnuvegasjóðum, þar sem það liggur fyrir.
- Fasteignamat og endurskoðað brunabótamat fasteigna, váttryggingarverðmæti véla, áhaldna, tækja og húftryggingarmat skipa.

Samhliða útgáfu skuldabréfa til Atvinnuþryggingarsjóðs er heimilt að gera sérstakan samning um tryggingu á greiðslu, t.d. þannig að viðskiptabanki lántakanda haldi eftir ákveðnu hlutfalli af fjárhæð við gjaldeyrisskil til viðkomandi fyrirtækis og greiði það beint til Atvinnuþryggingarsjóðs. Viðskiptabanki áriti greiðsluþryggingarsamninga þess.

12. gr.

Við ákvörðun á gengisviðmiðun skv. 8., 9. og 10. gr. reglugerðar þessarar skal gæta þess að áhætta sjóðsins vegna misgengis gjaldmiðla verði sem minnst.

13. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um lán og skuldbreytingar úr sjóðnum og flýta skal afgreiðslu umsókna svo sem verða má.

14. gr.

Öll skjöl viðvíkjandi lánnum sem sjóðurinn veitir eða tekur, þ.á m. vegna skuldbreytinga, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. bráðabirgðalaga nr. 83, 28. september 1988, um efnahagsaðgerðir, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 14. október 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði suður og vestur af Reykjanesskaga.

1. gr.

Frá og með 17. október 1988 til og með 31. desember 1988 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30 N, 21°39 V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30 N, 21°39 V í punkt 63°40 N, 22°32 V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40 N, 22°32 V réttvísandi norður af Staðarbergi.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 17. október 1988 til og með 31. janúar 1989, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42 V og að norðan af 64°20 N.

Á tímabilinu frá og með 1. febrúar 1989 til og með 7. maí 1989 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42 V og að norðan af 64°20 N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. október 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

SAMPYKKT

um stjórn Sauðárkrókskaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Sauðárkrókskaupstaðar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Pá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Sauðárkrókskaupstaðar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.

3. Að stjórná fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bærarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar. Áætlun þessa skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja hana um eitt ár.

8. gr.

Bærarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bærarfyirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bærarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bærarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytis og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bærarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga.

Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun eða útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bærarstjórn.

Samþykki bærarstjórn fjárveitingar eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bærarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiddir bærarstjórn við eina umræðu í bærarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bærarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bærarstjórnarfund.

11. gr.

Bærarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bærarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi annan hvern þriðjudag kl. 17.00 ef mál eru fyrir hendi. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði ekki standa lengur en þrjár klukkustundir.

Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Skal bæjarráð hafa heimild til fullnaðarafgreiðslu mála í sumarleyfi bæjarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður hana saman til fyrsta fundar að loknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði. Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verkvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri eða forseti bæjarstjórnar ákveða að taka á dagskrá, eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Óski bæjarfulltrúi eftir slíku, skal hann tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund, verði því við komið.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs í senn.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær, þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils hans.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum því skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Forseti skal kveðja til varaforseta vilji hann taka þátt í almennum umræðum. Raski áheyrandi fundarfríði, getur forseti vísað honum úr fundarsal.

Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Skjóta má ákvörðun forseta til úrlausnar bæjarstjórnar.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri.

Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala.

Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

27. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu eru fundargerðir bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala þrisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

28. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskráartillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu og frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar.

Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef bæjarfulltrúi óskar. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei, eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

33. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, meginefni þeirra og dagsetningu, aðila máls og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Umræður á bæjarstjórnarfundum skulu hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti og skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

35. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann bæjarstjóra það skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

42. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

44. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Heimilt er flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti.

49. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á hverjum fimmtudegi. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

50. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann láta boða varamann hans á fund.

51. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af þessum fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður eða bæjarstjóri óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn.

Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

52. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutadeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og

þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Í sumarleyfi bæjarstjórnar er bæjarráði þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sbr. 12. gr., sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Pá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

53. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

54. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

55. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

57. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

58. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

59. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Skrá skal í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

60. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

61. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Forseti bæjarstjórnar.*
2. *Fyrsti varaforseti bæjarstjórnar.*
3. *Annar varaforseti bæjarstjórnar.*
4. *Tveir skrifarar bæjarstjórnar* og jafnmargir til vara, úr hópi bæjarfulltrúa.
5. *Bæjarráð.* Þrjú aðalfulltrúar úr bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Bæjarráð annast störf húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979.
6. *Skodunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Kjörstjórn sjái einnig um sveitarstjórnarkosningar skv. 4. mgr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
8. *Undirkjörstjórn á sjúkrahúsi.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
9. *Veitustjórn.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Skulu þeir allir vera aðalmenn eða varamenn í bæjarstjórn. Veitustjórn fer með málefni rafveitu, hitaveitu og vatnsveitu samkvæmt lögum og reglugerðum.
10. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984. Skulu tveir aðalmenn vera aðalfulltrúar í bæjarstjórn.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Tveir fulltrúar hið minnsta, skulu vera aðalfulltrúar í bæjarstjórn og skal aðalfulltrúi í bæjarstjórn vera formaður ráðsins. Félagsmálaráð annast störf þau, sem framfærslunefnd, áfengisvarnarnefnd og barnaverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/1947, nr. 82/1969 og nr. 53/1966.
2. *Atvinnumálanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnumálanefnd annist verkefni stjórnarnefndar vinnumiðlunar skv. 9. gr. laga nr. 18/1985.
3. *Íþróttaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
4. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Bygginganefnd fer einnig með skipulagsmál.
5. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
6. *Muna- og minjanefnd.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara.
7. *Stjórn Safnahúss og bókasafns.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
8. *Stjórn Sjúkrasamlags Sauðárkróks.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.
9. *Stjórn Sjúkrahúss Skagfirðinga.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 30. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.
10. *Skólanefnd Tónlistarskóla.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 3. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Tónlistarfélag Sauðárkróks kýs tvo aðalmenn og jafnmarga til vara.

11. *Stjórn Skógræktarsjóðs Skagafjarðar*. Einn aðalmaður og annar til vara.
12. *Stjórn Skagfirðingasjóðs*. Einn aðalmaður og annar til vara.
13. *Stjórn Sjóðs Guðrúnar P. Sveinsdóttur*. Einn aðalmaður og annar til vara.
14. *Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt sambandsins.
15. *Þing Fjórðungssambands Norðlendinga*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
16. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5 gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
17. *Endurskodendur Menningarsjóðs Sparisjóðs Sauðárkróks*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
18. *Endurskodandi reikninga Sjúkrahúss Skagfirðinga*. Einn aðalmaður og annar til vara.
19. *Jarðeigna- og búfjárnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
20. *Eigendafundur Bifrastar*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
21. *Bifraststjórn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
22. *Brunavarnir Skagafjarðar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
23. *Öldrunarnefnd Skagafjarðar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
24. *Stjórn verkamannabústaða*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
25. *Ferðamálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
26. *Stjórn íbúða aldraðra*. Einn aðalmaður og annar til vara.
27. *Umhverfis- og gróðurverndarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu. Umhverfis- og gróðurverndarnefnd annast störf náttúruverndarnefndar skv. lögum nr. 47/1971.
28. *Heilbrigðisnefnd Skagafjarðar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
29. *Ferlinefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
30. *Skólanefnd Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
31. *Samstarfsnefnd þéttbýlisstaða á Norðurlandi vestra*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
32. *Stjórn náttúrugripasafns Skagfirðinga*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
33. *Kjaranefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara.
34. *Starfsmenntunarsjóður*. Einn aðalmaður og annar til vara.
35. *Umferðanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
36. *Starfsmatsnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara.

62. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrr, ef verkefni hennar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

63. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

64. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindi.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar, enda hafi bæjarstjórn samþykkt slíkt.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins. Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

65. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

66. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 65. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

67. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

68. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

69. gr.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn ber til, ef meirihluti mætttra bæjarstjórnarmanna samþykkir það.

70. gr.

Til að gera breytingar á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn Sauðárkróks nr. 187/1978.

Félagsmálaráðuneytið, 4. október 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línal.

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1987.

Rekstrarreikningur ársins 1987.

Fjármunatekjur:	Kr.
Vaxtatekjur af innstæðum	6 110 304
Vaxtatekjur af útlánum	15 469 534
Dráttarvextir	23 101 886
Verðbætur	339 415 165
Lántökugjöld	1 550 000
Gengismunur	7 258 826
	<hr/>
Fjármunatekjur alls:	392 905 715
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld af langtímalánum	18 305 313
Verðbætur af langtímalánum	73 029 576
Önnur vaxtagjöld	19 375
Lántökugjöld	0
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	212 247 892
	<hr/>
Fjármagnsgjöld alls:	303 602 156
Hreinar fjármunatekjur:	89 303 559
Aðrar tekjur:	
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	54 000 000
Aðrar tekjur	114 930
	<hr/>
Aðrar tekjur alls:	54 114 930
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	4 595 511
Sérkostnaður sjóðsins	959 275
Styrkur Sambands íslenskra sveitarfélaga	0
Afskriftir	1 746 717
	<hr/>
Rekstrargjöld alls:	7 301 503
Tekjuafgangur:	136 116 986

Efnahagsreikningur.**Eignir:**

Veltufjármunir:	Kr.
Sjóður	321 210
Bankainnstæða	35 557 937
Bjargráðasjóður	489 550
Samband ísl. sveitarfélaga	5 726 434
Gjaldfallnir útistandandi vextir og verðbætur	24 359 805
Gjaldfallnar afborganir	26 277 939
Áfallnir útistandandi vextir	38 801 204
Afborganir sem gjaldfalla á næsta ári	177 141 859

Veltufjármunir alls: 308 675 938

Fastafjármunir:**Langtímakröfur:**

Skuldabréf	1 657 360 955
Afborganir til greiðslu á næsta ári	203 419 798

Langtímakröfur alls: 1 453 941 157

Áhættufé:

Hlutabréf	150 000
---------------------	---------

Áhættufé alls: 150 000

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Áhöld og búnaður	8 743 361
Fasteign	22 485 369

	31 228 730
Afskrifað alls	8 092 118

Varanlegir rekstrarfjármunir alls: 23 136 612

Fastafjármunir alls: 1 477 227 769

Eignir samtals: 1 785 903 707

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:	Kr.
Skuldheimtumenn	1 041 063
Bjargráðasjóður	0
Ríkissjóður v/ábyrgðargjalda	0
Áfallnir ógreiddir vextir	5 839 896
Afborganir næsta árs af langtímaskuldum	63 566 581
	<hr/>
Skammtímaskuldir alls:	70 447 540
	<hr/>
Langtímaskuldir:	
Framkvæmdasjóður Íslands	451 266 276
Seðlabanki Íslands	0
	<hr/>
	451 266 276
Afborganir næsta árs	63 566 581
	<hr/>
Langtímaskuldir alls:	387 699 695
	<hr/>
Skuldir alls:	458 147 235
	<hr/>
Eigið fé:	
Endurmatsreikningur	780 023 477
Óráðstafað eigið fé	547 732 995
	<hr/>
Eigið fé:	1 327 756 472
	<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals:	1 785 903 707

Reykjavík, 23. mars 1988.

Magnús E. Guðjónsson.

Birgir L. Blöndal.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1987.

Rekstrarreikningur.

Gjöld:	Reikningur 1987	
	FSKJ.	kr.
Almenn framlög til sveitarfélaga skv. 13. gr.	922	806 115
Aukaframlög til sveitarfélaga skv. 15. gr.	68	720 000
Framlag v/sameiningar sveitarfélaga	4	100 000
Fólksfækkunarframlög til sveitarfélaga skv. 16. gr.	31	577 392
Samband íslenskra sveitarfélaga., framlag, 1% af vergum tekjum . . .	11	862 332
Landshlutasamtök sveitarfélaga, framlag 1,16% af vergum tekjum . .	13	760 306
Lánasjóður sveitarfélaga, framlag 5% af vergum tekjum	59	311 664
Húsfriðunarsjóður, framlag	2	452 290
Innheimtustofnun sveitarfélaga, rekstrarframlag		—
Afskrifaðar kröfur vegna barnsmeðlaga		381 101
Eftirlaunasjóður aldraðra		20 000 000
Vextir		12 105 334
Afgangur fluttur á höfuðstól		38 156 746
	Alls kr.	1 186 233 280
Tekjur:		
Sölugjald, hluti sjóðsins í álagningu		820 000 000
Aðflutningsgjöld, hluti sjóðsins í álagningu		167 849 084
Landsútsvör:		
Bankar	I	38 156 746
Aðrir	213 522 126 II	
– hluti sveitarfélaga	53 294 676	160 227 450
	Almennar tekjur	1 186 233 280
Vaxtatekjur		—
	Vergar tekjur	1 186 233 280

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1987.

Eignir:		
Greiðslufjárreikningar:		259 775
Ríkissjóður, viðskiptareikningar		—
Sveitarfélög, viðskiptareikningar	IV	259 775
Samband íslenskra sveitarfélaga		—
Landshlutasamtök sveitarfélaga		—
Lánasjóður sveitarfélaga		—
Sveitarfélög v/landsútsvara		—
Lánareikningar:		712 034 250
Innheimtustofnun sveitarfélaga		711 944 250
Sauðaneshreppur		90 000
	Alls kr.	712 294 025

		Reikningur 1987	
Skuldir:		FSKJ.	kr.
Greiðslufjárreikningar:		483 910 976	
Sveitarfélög, viðskiptareikningar	V	385 622	
Lánasjóður sveitarfélaga		1 319 592	
Landshlutasamtök sveitarfélaga	III	283 248	
Ríkissjóður, viðskiptareikningar		429 100	
Samband íslenskra sveitarfélaga		150 500	
Tryggingastofnun ríkisins v/eftirlaunasjóðs aldraðra		10 087 000	
Olíuverslun Íslands v/landsútsvars		—	
Framlagsfé til sveitarfélaga:			
Af innheimtum tekjum:			
Í ársbyrjun		303 877 699	
Af rekstrarreikningi	VI	1 028 203 507	
		<hr/>	
Samtals kr.		1 332 081 206	
Úthlutað á árinu 1987	III	-860 825 292	471 255 914
		<hr/>	
Langtímaskuldir:		110 056 782	
Ríkisábyrgðasjóður		110 056 782	
Eiginfjárreikningar:		118 326 267	
Höfuðstóll í ársbyrjun		61 960 238	
Endurmat greiðslufjárreikninga		18 209 283	
Tekjuafgangur		38 156 746	
		<hr/>	
	Alls kr.		712 294 025

Reykjavík, 31. ágúst 1988.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1987.

Sameinaður rekstrarreikningur fyrir árið 1987.

Fjármunatekjur:	Kr.
Vaxtatekjur	26 683 750
Verðbætur	9 751 451
	<hr/>
Fjármunatekjur alls:	36 435 201

Fjármagnsgjöld:**Kr.**

Vaxtagjöld	1 578 829
Verðbætur	4 247 990
Reiknuð gjöld v/verðlagsbreytinga	24 845 635

Fjármagnsgjöld alls: 30 672 454

Hreinar fjármunatekjur (gjöld): 5 762 747

Aðrar tekjur:

Framlag ríkissjóðs v/vaxtamismunar	4 700 000
Framlög sveitarfélaga	8 838 006
Gjald af söluvörum landbúnaðarins	54 536 215
Húsaleiga	462 252

Aðrar tekjur alls: 68 536 473

Styrkveitingar:

Styrkir	109 581 932
Eftirgefnir vextir	8 815 420
Eftirgefin lán	411 527

Styrkveitingar alls: 118 808 879

Hreinar tekjur (gjöld) fyrir rekstrargjöld: (44 509 659)

Rekstrargjöld:

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	4 595 511
Stjórnarkostnaður	1 703 335
Rekstur fasteignar (Laugavegi 105)	1 001 991
Innheimtulaun búvörugjalds	1 090 724
Afskriftir	426 316

Rekstrargjöld alls: 8 817 877

Tekjuafgangur, (tap): (53 327 536)

Sameinaður efnahagsreikningur.**Eignir:**

	Kr.
Veltufjármunir:	
Bankainnstæður	90 193 544
Lánasjóður sveitarfélaga	0
Samband ísl. sveitarfélaga	0
Aðrir skuldunautar	1 545 607
Gjaldfallnar afborganir, vextir og verðbætur	20 179 098
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	103 113
Næsta árs afborganir útlána	5 365 368
	<hr/>
Veltufjármunir alls:	117 386 730
	<hr/>
Fastafjármunir:	
Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign	22 743 323
– Afborganir næsta árs	(11 724 987)
	<hr/>
Langtímakröfur alls:	11 018 336
	<hr/>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Áhöld	1 007 174
Fasteignir	15 141 076
	<hr/>
	16 148 250
Afskrifað alls	(1 741 346)
	<hr/>
Varanlegir rekstrarfjármunir alls:	14 406 904
	<hr/>
Fastafjármunir alls:	25 425 240
	<hr/>
Eignir samtals:	142 811 970
	<hr/>

Skuldir og eigið fé:

	Kr.
Skammtímaskuldir:	
Ógreidd ýmis rekstrargjöld	168 694
Ógreiddir styrkir	6 005 763
Séreignadeild	6 260 907
Aðrir lánadrottnar	489 550
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	133 798
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	5 267 296
	<hr/>
Skammtímaskuldir alls:	18 326 008
	<hr/>

Langtímaskuldir:

Seðlabanki Íslands	0
Viðlagatrygging	10 534 592
	<hr/>
	10 534 592
– Afborganir næsta árs	(5 267 296)
	<hr/>
	Langtímaskuldir alls: 5 267 296
	<hr/>

Skuldir alls: 23 593 304

Eigið fé:

Endurmatsreikningar	77 780 439
Eigið fé	41 438 227
	<hr/>
	Eigið fé alls: 119 218 666
	<hr/>

Skuldir og eigið fé samtals 142 811 970

Reykjavík, 31. mars 1988.

Magnús E. Guðjónsson.

Birgir L. Blöndal.

6. október 1988

Nr. 469

REGLUGERÐ

um gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

1. gr.

Á tímabilinu 1. október til og með 31. desember 1988 skal ekki greiða sérstakt gjald samkvæmt 2. gr. laga nr. 13/1988 af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 13, 16. mars 1988. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 329, 29. júní 1988.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. október 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

SAMPYKKT

um hundahald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Hundahald er bannað í Mosfellsbæ, nema á lögbýlum.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, búsettum í bænum undanþága til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins, þar sem eigandi hundsins fær afhent þar til gert merki, sem jafnan skal vera á hálsól hundsins. Mynd af hundi skal fylgja með við skráningu.
- b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Ef sami aðili sækir um skráningu fyrir fleiri en einn hund, skal greiða leyfisgjald af hverjum hundi fyrir sig. Hundur skal að jafnaði hýstur á þeim stað þar sem hann er skráður. Bæjarstjórn ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir. Upphæð gjaldsins skal miðuð við þann kostnað, sem hlýst af eftirliti með hundum í bænum. Sé leyfisgjald ekki greitt innan 2 mánaða frá tilkynningu fellur leyfið úr gildi, og telst hundur þar með óskráður.
- c) Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Ábyrgðartrygging er innifalin í árlegu leyfisgjaldi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, samkomuhús, sundstaði, barnaleikvelli, matvöruverslanir eða aðra opinbera staði, þar sem matvæli eru höfð um hönd. Á almannafæri er leyfishafa skylt að fjarlægja saur eftir hund/a sinn/sína á tryggilegan hátt.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum, er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins, og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara til óþæginda, með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slyshættu.
- f) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki eigenda/stjórnar húsfélagsins í húsinu fylgja umsókn. Raðhús telst ekki sambýlishús nema um sameiginlega lóð sé að ræða.
- g) Hundar skulu árlega færðir til hreinsunar. Um hreinsun þeirra fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957. Gjald fyrir hundahreinsun er innifalið í leyfisgjaldi.
- h) Eigendum þeirra hunda, sem eru smitberar eða grunaðir um að vera smitberar, er skylt að hlíta því, að hundar þeirra séu rannsakadír, verði þess óskað af heilbrigðisfulltrúa, lækni eða dýralækni.
- i) Hundar sem notaðir eru við búrekstur í bænum, eru undanþegnir leyfisgjaldi sbr. lið b. Um þá gilda að öðru leyti ákvæði þessarar greinar.

3. gr.

Hundaeftirlitsmaður skal vera starfandi í Mosfellsbæ. Skal hann gefa bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um hundahald í Mosfellsbæ og starf sitt, vegna þess.

4. gr.

Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í þar til gerða hundageymslu. Allan kostnað er til fellur vegna fæðis og auglýsinga skal eigandi greiða. Tilkynna skal strax eiganda um handsömun þeirra. Sé um handsömun á ómerkum hundi að ræða skal strax auglýsa handsömun hans á tryggilegan hátt, t.d. í útvarpi

eða dagblöðum. Verði hundsins vitjað skal ekki afhenda hann fyrr en skráning hefur farið fram og leyfisgjöld verið greidd. Sé hundsins ekki vitjað innan 10 daga frá birtingu auglýsingar um handsömunina má aflífa hundinn. Heimilt er að lóga hættulegum hundum þegar í stað, af þar til kvöddum yfirvöldum. Sé um handsömun að ræða á skráðum hundum skal tilkynna eigendum þeirra strax um handsömun þeirra. Sé þeirra ekki vitjað innan 2 daga frá því að eigandi veit af handsömun, má aflífa hundinn, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja um hundinn getur haft í för með sér.

Bæjaryfirvöldum er aldrei skylt að geyma skráðan hund lengur en 10 daga frá handsömun, og er heimilt að aflífa hundinn að þeim tíma liðnum náist ekki til eiganda. Áfallinn kostnaður greiðist af eiganda, og skal ekki afhenda hund fyrr en kostnaður hefur verið greiddur, ella verði hundur aflífaður.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari, eða reglum, sem settar eru skv. henni, varða sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

7. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari, eða reglum sem settar eru skv. henni, skal farið sem opinbert mál.

8. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum og 1. gr. laga nr. 77/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi fyrri samþykkt um hundahald í Mosfellshreppi nr. 218/1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, 4. október 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins, Siglufirði.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskmjöl og lýsi úr fiski og fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðast, að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða vegna af mikils álags á tækjakost.
- 1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar Siglufjarðar. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í hráefni og mjöli verði sem minnst.

- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Áformi verksmiðjan að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.
- 1.6. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfi, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

2. Varnir gegn megnun ytra umhverfis.

- 2.1. Allt löndunaratn skal tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Verksmiðjan skal hafa aðstöðu til að taka við vatni frá grófskolun lesta til vinnslu, enda sé vatnsmagninu haldið í lágmarki t. d. með notkun á háþrýstidælum. Aldrei skal nota meira vatn en sem nemur 1% af lönduðu hráefni.
- 2.3. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings í landi á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheild og viðurkennd af heilbrigðisnefnd.
- 2.4. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum þróm eða geymum. Hráefnisþrær skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd, skal skola hana með vatni. Vatni frá fyrstu skolon skal halda í lágmarki, t. d. með háþrýstidælum og taka til vinnslu í verksmiðju.
- 2.5. Tæming hráefnisgeymslna skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturæki, skal þrifa þau vel að verki loknu.
- 2.6. Fiskúrgang skal að jafnaði ekki geyma lengur en fjóra sólarhringa áður en hann er tekinn til vinnslu. Hafi hitastig verið undir 4°C meðan á geymslu stóð er heimilt að geyma úrgang í allt að eina viku. Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá þessari kröfu, ef ástæða þykir til.
- 2.7. Við rotvörn bræðslufisks skal nota viðurkenndan skömmtunar- og blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna fer samkvæmt reglugerð um notkun rotvarnarefna til geymslu á bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni.
- 2.8. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lyktheydingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómenguðu lofti sé dregið með.
- 2.9. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan til lyktheydingar.
- 2.10. Lyktheyding skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður í a. m. k. 20° og/eða með brennslu lyktarefnanna. Lyktheyding við brennslu skal vera jafngóð og eftir hitun í lofti í 700°C í ½ úr sekúndu. Við hönnun lyktheydingarbúnaðarins skal tillit taka til orkuendurvinnslusjónarmiða.
- 2.11. Innan eins árs frá því að lofthreinsibúnaðurinn er tekinn í notkun, skal fara fram athugun á hæfni hans í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður þeirrar athugunar skal hafa til viðmiðunar varðandi kröfur um viðbótarhreinsun og/eða enn frekari dreifingu útblásturslofts frá verksmiðjunni.
- 2.12. Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.
- 2.13. Framkvæmd skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) frárennslisstaumsins vera á bilinu 5-10.

- 2.14. Frárennsli úr hráefnisþróum og innan úr verksmiðju skal tengjast í fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennsli leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru, skal nýta eða farga á viðeigandi hátt að mati heilbrigðisnefndar. Fiskmjölsverksmiðjan skal hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins um stærð og gerð fitugildru.
- 2.15. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnum í frárennsli. Skal það gert í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi frekari kröfur um hreinsibúnað á frárennsli.
- 2.16. Frárennsli frá snyrtingum skal leiða í rotþró, eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar.
- 2.17. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu þró skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins. Lokabúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.
- 2.18. Um frágang olíugeyma og varnir gegn megnun af völdum olíu fer samkvæmt heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar, svo og öðrum reglum er í gildi eru hverju sinni.
- 2.19. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar heimill aðgangur að henni hvenær sem er.

3. Eftirlitsgjöld.

- 3.1. Fyrirtækið greiðir árlega eftirlitsgjald í samræmi við 2. flokk gjaldskrár nr. 355/1986 með síðari breytingum. Gjaldið skal standa undir hluta af kostnaði við reglubundið sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talin vinna við starfsleyfi.
- 3.2. Eftirlitið skal vera með tvennum hætti: Beint eftirlit Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins annars vegar og hins vegar eftirlit fyrirtækisins sjálfs, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur.

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

5. Ákvæði til bráðabirgða.

- 5.1. Framkvæmdum til að gera mjölgeymslu þetta þannig að hún fullnægi ákvæðum gr. 1.3., skal lokið fyrir 1. september 1989.
- 5.2. Framkvæmdum til þess að hráefni sé eingöngu geymt í lokuðum geymslum, sbr. gr. 2.4., skal lokið fyrir 1. september 1990. Eftir þann tíma skal allt hráefni geymt í lokuðum geymum eða þróum.
- 5.3. Byggingu fitugildru samkvæmt gr. 2.14. skal lokið fyrir 15. júlí 1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. október 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Laugarvatni, Laugardalshreppi, Árnessýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir á Laugarvatni eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu.

3. gr.

Nú ákveður hreppsnefnd að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar vega og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundradshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlis- og tvíbýlishús	1.5%
Tveggja hæða raðhús	0.8%
Raðhús á einni hæð	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vöruskemmur og annað atvinnuhúsnæði . .	0.5%
Bílskúrar	1.5%
Önnur hús	0.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða 140 kr. af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss skv. uppdrætti. Sé samþykktur uppdráttur ekki fyrir hendi skal miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílageymslu	500 rúmm.
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús hver íbúð . .	400 rúmm.
Fjölbýlishús	300 rúmm.

Í atvinnuhúsnæði skal útreikningur rúmmáls til gatnagerðargjalds miðaður við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. grein breytast ársfjórðungslega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

5. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka gjaldstuðla samkvæmt 3. grein hvern fyrir sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

6. gr.

Full greiðsla gatnagerðargjalds A skal fara fram þegar hreppsnefnd veitir byggingarleyfi nema sérstakur samningur hafi verið gerður um annað.

7. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ.e.a.s., að lóð fellur aftur til landeiganda sem skal leigja hana öðrum hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, svo sem hér segir: Eftir 6 mánuði endurgreiðast 50% og eftirstöðvar eftir 12 mánuði. Verði lóð veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar greiðsla samkvæmt þeirri úthlutun fer fram.

8. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseiganda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið skal nema, sbr. 5. gr. laga nr. 50/1974, ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlis- og tvíbýlishús	4.0%
Tveggja hæða raðhús	3.0%
Raðhús á einni hæð	3.0%
Fjölbýlishús	2.0%
Verslunar- og skrifstofuhús	4.0%
Opinberar byggingar	4.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði . .	2.5%
Bílskúrar	4.0%
Önnur hús	2.5%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjald B 140 kr. af hverjum fermetra lóðar.

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei vera lægra en gjald miðað við 300 rúmm. hús. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur. Samanlögð gatnagerðargjöld B mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði við að leggja bundið slitlag og gangstéttir á hlutaðeigandi götu sbr. 4. gr. laga nr. 51/1974.

9. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 8. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem gildir þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

10. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að víkja frá gjalddögum á B gjaldi samkvæmt 8. gr. í eftirfarandi tilfellum:

- Þegar greiða skal á sama tíma bæði A og B gjald.
- Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

11. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka gjaldstuðla samkvæmt 8. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

12. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 8. gr. (gatnagerðargjald B) greiðist þannig að 20% greiðist þegar framkvæmdir við götu hefjast, 20% þegar lagningu bundins slitlags er lokið og eftirstöðvar, 60%, með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 3 árum.

Gjalddaga afborgana og vaxta, svo og vaxtaþrósentu ákveður hreppsnefnd hverju sinni.

13. gr.

Gjöld samkvæmt 3. og 8. gr. breytast í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntölur þær, sem nefndar eru í 3. og 8. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildi 1. júní 1980.

14. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Laugardalshrepps, Árnes-sýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

66. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108. 16. maí 1984, öðlast gildi 1. janúar 1989, og falla þá jafnframt úr gildi reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979 með áorðnum breytingum, reglugerð um merkingu sérlyfja nr. 568/1982, svo og önnur fyrirmæli, er fara í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. október 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf. J. Petersen.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 16 20. janúar 1978, sbr. reglugerð
nr. 174 27. apríl 1979 um skotvopn og skotfæri.

1. gr.

1. tl. 3. gr. orðist þannig:

1. Haglabyssur númer 12, og með minni hlaupvídd, margskota, þó eigi sjálfvirkum.

2. gr.

21. gr. orðist þannig:

Óheimilt er að flytja til landsins til almennrar sölu skotvopn, sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði, svo og sjálfvirk skotvopn, og ennfremur hálf sjálfvirka riffa. Dómsmálaráðuneytið getur, ef nauðsyn ber til, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

34. gr. orðist þannig:

Hnífaburður er bannaður á almannafæri nema vegna sérstakra tilfella svo sem við vinnu, á veiðum eða önnur slík tilvik sem hnífaburður telst eðlilegur og sjálfsgður við. Bann þetta nær þó ekki til venjulegra vasahnífa sem eru með mest 7 cm löngu blaði.

Bannað er að flytja til landsins, framleiða eða eiga:

1. Bitvopn ef blaðið er lengra en 12 cm, fjaðrahnífa, fjaðrarýtinga, fallhnífa, fallrýtinga eða önnur slík vopn.
2. Högg eða stuðvopn svo sem hnúajárn, gaddakylfur, felukylfur eða önnur slík vopn.
3. Kaststjörnur, kasthnífa eða önnur slík vopn.
4. Lásboga eða slöngubyssur svo og sérstaklega hættulegar tegundir örvaodda fyrir langboga sem ætlaðir eru til veiða.
5. Eftirlíkingar skotvopna hvort heldur ætlaðar eru til að skjóta úr gasi, merkjablysum eða púðurskotum enda sé hér um að ræða eftirlíkingar sem erfitt er að greina frá fyrirmyndinni og jafnvel hægt að gera virk sem skotvopn.

Öðrum en lögregluþyriföldum er óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða eiga handjárn, fótajárn úr málm eða öðru efni svo og kylfur, sem ekki eru ætlaðar til íþróttaiðkunar.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, öðlast gildi 1. janúar 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. október 1988.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.

B 86

REGLUGERÐ

um bann við veiðum við Ingólfshöfða.

1. gr.

Allar veiðar með flot- og botnvörpu eru bannaðar á svæði, sem markast af línu, sem dregin er úr Ingólfshöfða um eftirgreinda punkta:

1. 63°45'N – 16°30'V
2. 63°45'N – 16°25'V
3. 63°46'N – 16°23'V
4. 63°57'N – 16°23'V

2. gr.

Allar veiðar með dragnót eru bannaðar á svæði milli 16°35'V og 16°40'V frá fjöruborði meginlandsins suður að 63°44'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. október 1988.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi í Arnardalsreit á Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 sbr. gr. 4.4.2. í skipulagsreglugerð nr. 318/1985 hefur ráðuneytið hinn 11. október 1988 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi í Arnardal, Akranesi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjóra Akraness og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 — 1988

27. október 1988

1233

Nr. 477

REGLUGERÐ

fyrir Íslenskar getraunir.

I. UM ÍSLENSKAR GETRAUNIR.

1. gr.

Íslenskar getraunir eru félag sem stofnað er til að afla fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir á Íslandi í félögum innan Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands.

Heimili félagsins, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Um starfsemi Íslenskra getrauna, stjórn þeirra, skipulag og rekstur fer samkvæmt lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, með síðari breytingum, og nánari ákvæðum reglugerð þessari.

3. gr.

Í októbermánuði ár hvert skal stjórn Íslenskra getrauna boða til fundar þar sem hún skýrir frá rekstri og hag félagsins fyrir reikningsárið næsta á undan.

Rétt til setu á fundi þessum hafa, auk stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins, formenn, eða varamenn þeirra, íþróttanefndar ríkisins, Ungmennafélags Íslands, Íþróttasambands Íslands, Knattspyrnusambands Íslands og Íþróttabandalags Reykjavíkur. Einnig skal eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytisins hafa rétt til að sitja fundinn.

II. UM ÍPRÓTTAGETRAUNIR.

4. gr.

Íslenskar getraunir starfrækja íþróttagetraunir. Um þá starfsemi fer samkvæmt nánari ákvæðum í kafla þessum.

Leikspjöld, útfylling þeirra og greiðsla.

5. gr.

Íslenskar getraunir gefa út og dreifa leikspjöldum til þátttöku í getraunaleiknum.

Á hverju spjaldi eru 12 tölusettir kappleikir sem geta skal um úrslit á. Á spjaldinu eru einnig 6 dálkar (raðir) merktir bókstöfunum A, B, C, D, E og F, hver um sig þrískiptur þannig að fyrir hvern kappleik eru gefnir 3 möguleikar á úrslitum sem hér segir: (1) sigur þess liðs sem fyrir er nefnt (heimasigur), (X) jafntefli og (2) sigur þess liðs sem síðar er nefnt (útisigur).

Á leikspjaldi skulu vera leiðbeiningar um þátttöku í leiknum. Þar skal og vera hvatning til þátttakenda að rita nafn sitt á þátttökukvittun í öryggisskyni.

6. gr.

Leikir í getraunaleiknum fara að jafnaði fram einu sinni í viku eftir nánari ákvörðun stjórnar Íslenskra getrauna. Getraunavika telst frá þeim degi þegar fyrsti kappleikur leikviku fer fram og lýkur á þeim degi þegar síðasti leikurinn fer fram.

Ákvörðun um kappleiki hvernar leikviku skal liggja fyrir a.m.k. einni viku áður en getraunavikan hefst, og skulu Íslenskar getraunir auglýsa rækilega til hvaða kappleikja getraunavikan tekur.

7. gr.

Leikurinn felst í því að þátttakandi getur sér til um úrslit kappleikja leikvikunnar með því að setja merki í a.m.k. einn dálk (röð) á leikspjaldinu. Merki skal gera með því að strika lóðrétt með blýanti eða dökkum penna (ekki rauðum lit) í einn reit af þremur fyrir sérhvern kappleik vikunnar í viðkomandi dálki. Mynda því 12 merki í einum dálki eina röð.

8. gr.

Að loknu vali á röð samkvæmt 7. gr. er leikspjaldið afhent söluaðila sem rennir því í sölukassa sem tengdur er í beinlínutengt tölvukerfi. Þátttakandi getur einnig tilkynnt þátttöku sína með því að skýra söluaðila munnlega frá vali sínu á táknum og sér þá söluaðili um skráningu þeirra tákna í tölvukerfinu. Þá getur þátttakandi óskað eftir að tákni hans verði valin af handahófi í sölukassa. Skal þá þátttakandi merkja í reit sem heitir „tölvuval“ og merkja síðan í annan reit sem tilgreinir þá upphæð sem hann óskar.

9. gr.

Söluaðili skal síðan afhenda þátttakanda þátttökukvittun ásamt leikspjaldi gegn greiðslu.

Á kvittun skal koma fram bókstafur þeirrar raðar eða þeirra raða sem þátttaka er bundin við og þau tákni sem þátttakandi hefur valið í hverri röð. Þá skal koma fram sú heildarupphæð sem greidd hefur verið, upphafsdagur hvernar leikviku og gildistími, ef tekið er þátt í fleiri en einni leikviku, og öryggisnúmer sem auðkennir viðkomandi afgreiðslu.

Þátttakandi skal ganga úr skugga um að samræmi sé milli kvittunar og tákna á leikspjaldi eða að hún sé í samræmi við munnleg fyrirmæli hans hafi hann gefið tákni sín upp munnlega. Þá ber þátttakanda að ganga úr skugga um að þátttökukvittun greini rétta(r) leikviku(r) eða gildistíma sem þátttaka hans er bundin við.

10. gr.

Leikspjald gildir aldrei sem kvittun en þátttakandi getur notað það aftur eða látið það gilda í 2, 5 eða 10 vikur að eigin vali, ef hann óskar eftir óbreyttum táknum á raðir sínar, með því að strika lóðrétt yfir viðkomandi reit á leikspjaldi um fjölda leikvikna.

11. gr.

Þátttaka í getrauninni fer fram í samræmi við það er þátttökukvittun greinir.

Telji þátttakandi að þátttökukvittun sé ekki í samræmi við leikspjald eða þær munnlegu upplýsingar sem hann gaf skal hann bera fram kvörtun sína þegar í stað. Að öðrum kosti verður litið svo á að hann hafi með móttöku þátttökukvittunar samþykkt þátttöku í samræmi við þau tákni er kvittunin greinir. Þátttakandi ber einn ábyrgð á þátttökukvittun sinni og á enga kröfu til vinnings nema gegn framvísun hennar.

Íslenskar getraunir bera ekki ábyrgð á villu í prentun kvittunar og ábyrgð félagsins á rangri kvittun er takmörkuð við ógildingarverðmæti hennar samkvæmt 14. gr. Félagið ber ekki ábyrgð á stolnum eða glötuðum kvittunum.

12. gr.

Þátttökukvittun má ógilda með því að skila henni aftur til söluaðila enda sé það gert sama dag og sala fór fram og það tímanlega að unnt sé að ljúka ógildingu á innfærslu hennar fyrir lokun tölvukerfisins.

Sé þátttökukvittun ógilt á greiðandi rétt á endurgreiðslu á sömu fjárhæð og hann greiddi.

13. gr.

Á skrifstofu Íslenskra getrauna er heimilt að skila útfylltum röðum á sérstöku tölvutæku formi. Þátttakendur geta fyllt út getraunaraðir í gegnum hugbúnað fyrir einmenningstölvur. Sérhönnuð móttaka skal vera á röðum sem seldar eru með þessum hætti. Gögn sem þannig eru móttækin skulu flutt yfir í hið beinlínutengda tölvukerfi a.m.k. 15 mínútum fyrir lokun þess. Á þátttökukvittun skal koma fram raðafjöldi ásamt öryggisnúmeri sem er í samræmi við hið beinlínutengda tölvukerfi.

14. gr.

Öll sala raða skal falla niður 15 mínútum áður en fyrsti kappleikur getraunaviku á að hefjast. Skal öll vinnsla í tölvukerfinu þá falla niður og þar til úrslit allra kappleikja leikvikunnar liggja fyrir.

15. gr.

Verð fyrir hverja röð er 10 krónur.

Kerfisfyrirkomulag.

16. gr.

Á leikspjaldinu eru möguleikar á þrenns konar kerfum eftir mismunandi útfærsluaðgerðum : heil margföldunarkerfi, sparnaðarkerfi og útgangsraðakerfi.

a. Heil margföldunarkerfi.

Ef þátttakandi ætlar að nota heilt margföldunarkerfi þá merkir hann við reit á seðlinum sem merktur er „opinn seðill“ . Síðan ræður hann hversu mörg viðbótartákn eru sett við hvern kappleik. Raðafjöldi kerfisins fæst með því að margfalda saman táknafjöldann og þá leiki sem bera fleiri en eitt merki. Leikur með tveimur táknum er sagður vera tvítryggður og leikur með þremur táknum þrítryggður. Kerfi með tveimur tvítryggingum og einni þrítryggingu er þannig $2 \times 2 \times 3 = 12$ raðir. Ekki er heimilt að nota heil margföldunarkerfi til að taka þátt í fleiri en 10 368 röðum á leikspjaldi.

b. Sparnaðarkerfi.

Sparnaðarkerfi eru minnkuð margföldunarkerfi. Á leikspjaldinu eru sparnaðarkerfi merkt „S-kerfi“. Við notkun sparnaðarkerfis skal setja aukamerki í samræmi við leiðbeiningar sem Íslenskar getraunir gefa út. Ávallt skal þá nota dálk (röð) A. Til hægðarauka fyrir þátttakendur skulu Íslenskar getraunir gefa út töflur sem sýna hvernig þau sparnaðarkerfi sem eru á spjaldinu virka. Íslenskum getraunum er ekki heimilt að gefa út sparnaðarkerfi þar sem raðafjöldinn samsvarar fleiri en 177 147 röðum í heilu margföldunarkerfi.

c. Útgangsraðakerfi.

Útgangsraðakerfi eru þannig byggð upp að á alla kappleiki sem eru þrítryggðir eru sett aukamerki (Ú - merki). Síðan eru notaðar töflur sem Íslenskar getraunir gefa út til að ákveða hvernig tákni skiptast niður. Útgangsraðakerfin eru merkt „Ú - kerfi“. Ávallt skal nota dálk (röð) A þegar merkt er í Ú - kerfi en Ú merkin sjálf færast í dálk (röð) B. Íslenskum getraunum er ekki heimilt að gefa út útgangsraðakerfi þar sem raðafjöldinn samsvarar fleiri en 177 147 röðum í heilu margföldunarkerfi.

17. gr.

Þátttakanda er heimilt að heita á íþróttafélag um leið og hann tekur þátt í getrauninni.

Stjórn Íslenskra getrauna úthlutar íþróttafélögum eða einstökum deildum innan þeirra númerum sem þátttakendur geta merkt við á þar til gerðum reit á getraunaseðlinum. Úthlutun númera skal vera bundin aðild að Íþróttasambandi Íslands eða Ungmennafélagi Íslands. Stjórn íslenskra getrauna hefur úrslitavald um úthlutun áheitanúmera.

Fjöldi áheita á félag skal vera visbending til Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands um ráðstöfun á hagnaðarhluta þeirra af getraunastarfseminni.

18. gr.

Íslenskum getraunum er heimilt að starfrækja „hópleik“ jafnhliða hefðbundinni starfsemi sinni í tengslum við kynningarstarfsemi á vegum félagsins.

Stjórn Íslenskra getrauna setur reglur um starfrækslu hópleiksins. Þátttaka í hópleiknum veitir ekki rétt til peningaverðlauna.

Úrslit.

19. gr.

Nú er einum eða fleiri kappleikjum getraunavikunnar flýtt þannig að leikur hefst áður en fyrsti kappleikur vikunnar átti að hefjast og skal þá eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytisins, að viðstöddum fulltrúa Íslenskra getrauna, varpa hlutkesti um úrslit í þeim leik eða leikjum. Sama gildir ef einn eða fleiri kappleikir falla niður eða ef leik er frestað um meira en 2 klst. frá því fyrsti kappleikur getraunavikunnar á að hefjast. Nota skal tölflötung með hlutfalli milli merkjanna 1, X og 2 : 5-4-3 í sömu röð. Gildir það merki sem upp kemur fyrir hvern leik.

Ef leikur er hafinn og honum hætt vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra atvika gildir það sem úrslit hvernig leikar standa þegar leiknum var hætt. Þótt íþróttasamtök leiðrétti úrslit eftir kæru hefur það engin áhrif á getraunina. Sé leikur framlengdur vegna jafnteflis eftir fullan leiktíma gildir niðurstaðan að lokinni framlengingu.

20. gr.

Helmingi af heildarsölu hveðrar getraunaviku skal varið til vinninga. Þar af skulu 2 % heildarsölnunnar lögð í sérstakan sjóð sem leggst við heildarupphæð vinninga 4 - 8 sinnum á reikningsári eftir ákvörðun stjórnar Íslenskra getrauna. Ákvörðun um það í hvaða getraunaviku sjóður þessi verður notaður skal auglýsa a.m.k. einni viku áður en sú getraunavika hefst.

Heildarupphæð vinninga hveðrar getraunaviku skiptist síðan í 2 hluta þannig að 70% skiptast milli þeirra sem hafa 12 réttar ágiskanir en 30% skiptast milli þeirra sem næstflestar ágiskanir hafa.

Sé ein röð með 12 réttar ágiskanir rennur öll upphæðin í 1. vinningsflokki til hans en séu fleiri raðir með 12 réttar ágiskanir skiptist vinningsupphæðin jafnt milli þeirra. Í 2. vinningsflokki skiptist vinningsupphæðin jafnt á milli þeirra sem næstflestar réttar ágiskanir hafa.

Hafi enginn þátttakandi 12 réttar ágiskanir leggst vinningsupphæð 1. vinningsflokks við 1. vinningsflokki næstu getraunaviku á eftir. Ávallt skal samt úthluta úr 2. vinningsflokki þótt enginn hafi haft tólf réttar ágiskanir og skal þá skipta vinningsflokknunum jafnt milli þeirra raða sem flestar réttar ágiskanir hafa.

Allir vinningar skulu lækka þannig að þeir standi á heilli krónu. Mismunur sem þannig myndast skal leggjast við heildarupphæð vinninga næstu getraunaviku.

21. gr.

Pegar úrslit kappleikja getraunarvikkunnar liggja fyrir skal rétttri vinningsröð slegið inn í tölvukerfið. Það mun þá sýna fjölda vinningsraða og upphæðir í 1. og 2. vinningsflokki.

Fulltrúi Íslenskra getrauna skal vera viðstaddur þegar innsláttur vinningsraðar fer fram, svo og eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytisins. Úrslit getraunavíku og vinningsupphæðir skulu birt almenningi í fjölmiðlum.

Greiðsla vinninga.

22. gr.

Þátttökukvittunum með röðum sem veita vinning ber að framvísa hjá söluaðila. Þar til nafnritun á sér stað aftan á þátttökukvittun skal líta á handhafa hennar sem eiganda. Þegar nafnritun hefur átt sér stað skal litið á þann er ritað hefur nafn sitt sem réttan eiganda og rétthafa til vinnings. Hafi fleiri en einn skráð nafn sitt sem eigandi á bakhlið þátttökukvittunar þurfa þeir að kvitta fyrir vinningi eða gefa umboð til móttöku hans.

23. gr.

Vinningar sem nema 12 000 kr. eða lægri upphæð skulu greiddir hjá söluaðila frá fyrsta virkum degi eftir að leikvíku lýkur.

Vinningar sem nema hærri upphæð en 12 000 kr. skulu greiddir frá aðalskrifstofu Íslenskra getrauna innan tveggja vikna frá því þátttökukvittun er framvísað hjá söluaðila eða aðalskrifstofu. Heimilt er að draga greiðslu vinninga sem nema 50 000 kr. eða hærri upphæð til þess tíma að kærufrestur samkvæmt 28. gr. er liðinn eða kærur hafa verið úrskurðaðar hafi kæra borist.

Pegar um er að ræða vinning sem nemur hærri upphæð en 12 000 kr. skal vinningshafi framvísa þátttökukvittun sinni ásamt útfylltu útborgunareyðublaði sem söluaðili lætur honum í té til einhvers söluaðila eða aðalskrifstofu. Skal hann fá í hendur kvittað eintak útborgunareyðublaðsins til staðfestingar á afhendingu þátttökukvittunarinnar. Aðalskrifstofan sér síðan um greiðslu vinninga um leið og gengið hefur verið úr skugga um að leikreglum hafi verið fylgt.

Vextir reiknast ekki á vinninga.

24. gr.

Vinnings skal vitja innan eins árs frá lokum viðkomandi getraunavíku, ella fellur niður réttur vinningshafa.

Form þátttökukvittunar.

25. gr.

Þátttökukvittun er því aðeins gild að notað sé þar til gert eyðublað sem gefið er út af Íslenskum getraunum og að hún hafi verið gefin út af söluaðila viðurkenndum af stjórn félagsins með áritun úr sölukassa tengdum tölvukerfi þess. Þátttökukvittun má ekki vera árituð á framhlið, brotin eða skemmd með einhverjum hætti, þannig að hætta sé á að hún verði ekki læsileg fyrir sölukerfið eða fullnægi ekki kröfum þess á annan hátt. Þegar þannig er ástætt getur félagið hafnað þátttökukvittuninni.

Kærur.

26. gr.

Rísi ágreiningur varðandi framkvæmd íþróttgetrauna Íslenskra getrauna skal viðkomandi senda skriflega kæru sem skal hafa borist aðalskrifstofu Íslenskra getrauna fyrir kl. 17 á

mánudegi að fjórum vikum liðnum frá lokum getraunaviku eða næsta virkum degi ef mánudag ber upp á helgidag eða annan almennan frídag.

Eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytisins úrskurðar um kærana innan 15 daga frá því kærufrestur rann út.

Eftirlit.

27. gr.

Dómsmálaráðuneytið skipar eftirlitsmann til þriggja ára í senn og skal hann gæta hagsmuna þátttakenda. Hlutverk eftirlitsmanns er að hafa eftirlit með framkvæmd ípróttagetraunanna og að fara að öðru leyti með þau störf sem honum eru falin með reglugerð þessari. Þá skipar ráðuneytið varamann eftirlitsmanns til sama tíma.

Kostnaður við eftirlit þetta greiðist af Íslenskum getraunum samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

Eftirlitsmaður skal halda sérstaka gerðabók þar sem m.a. skal skrá kærur allar og úrskurði.

III. GILDISTAKA.

28. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, öðlast gildi 31. október 1988.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Íslenskar getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981, ásamt síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. október 1988.

Haldór Ásgrímsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Siglufjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 11. október 1988 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar að gert er ráð fyrir vegatengingu frá Ráeyri út á Siglunes.

Þessi breyting hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Aðalskipulag Siglufjarðar 1980-2000 sem staðfest var 15. mars 1982 er óbreytt að öðru leyti.

Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

um einfaldari tollskýrslugerð fyrir vörur á farmskrá sem njóta sérstakra tollfríðinda við innflutning.

1. gr.

Reglur þessar taka einungis til eftirtalinna vara sem fluttar eru til landsins á farmskrá og undanþegnar eru öllum opinberum gjöldum við innflutning:

- a) Vörur sem forseti Íslands og maki hans flytja inn til eigin nota eða honum eru sendar að gjöf og fallið geta undir undanþáguheimild 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. tollalaga.
- b) Vörur til sendiráða, sendiráðismannsskrifstofa, sendierindreka og sendiráðismanna erlendra ríkja sem undanþegnar eru gjöldum samkvæmt 2. tölul. 3. gr. tollalaga.
- c) Tilteknar skrifstofuvörur sem sendar eru kjöræðismönnum erlendra ríkja og undanþegnar eru gjöldum samkvæmt 3. tölul. 3. gr. tollalaga.
- d) Venjulegur farangur áhafnar fars sem undanþeginn er gjöldum samkvæmt 4. tölul. 5. gr. tollalaga.
- e) Venjulegur farangur ferðamanna sem orðið hefur viðskila við ferðamann svo og fatnaður og aðrar ferðanaudsynjar manna sem látist hafa erlendis og undanþegið er gjöldum samkvæmt 5. og 6. tölul. 5. gr. tollalaga.
- f) Heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands og undanþegnir eru gjöldum samkvæmt 7. tölul. 5. gr. tollalaga.
- g) Heiðursmerki svo og verðlaun fyrir íþróttafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis og undanþegin eru gjöldum samkvæmt 8. tölul. 5. gr. tollalaga.
- h) Brúðargjafir og aðrar gjafir sem undanþegnar eru gjöldum samkvæmt 10. tölul. 6. gr. tollalaga.
- i) Notaðir munir sem hafa fallið í arf erlendis og undanþegnir eru gjöldum samkvæmt 11. tölul. 6. gr. tollalaga.
- j) Farmskrár, farmbréf, vöruheimildir, pökkunarlistar, útskriftir o.þ.h., einnig á tölvu-miðlum, sem sent er framflytjendum, flutningsmiðlurum, bönkum og öðrum til eigin nota endurgjaldslaust og hefur ekkert viðskiptalegt gildi.
- k) Dagskrárgerðarefni sem útvarps- og sjónvarpsstöðvum er sent erlendis frá.

Ríkistollstjóri getur, að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið, fellt niður eða aukið við upptalningu samkvæmt 1. mgr. ef hann telur ástæðu til.

2. gr.

Tollmeðferð samkvæmt reglum þessum er háð því að gætt sé að öllu leyti ákvæða í reglugerðum, auglýsingum og öðrum fyrirmælum sem sett hafa verið um framkvæmd þeirra lagaákvæða sem vitnað er til í 1. gr.

Að öðru leyti er tollmeðferð samkvæmt reglum þessu háð því skilyrði að í vörusendingum þessum séu eingöngu vörur sem notið geta tollfrelsis samkvæmt 1. gr.

Vörusendingar sem í eru jafnframt aðrar vörur og greiða ber af toll eða önnur gjöld eða háðar eru innflutningstakmörkunum eða skráningu skulu undantekningarlaust tollafgreiddar með venjulegum hætti og yfir þær gerð aðflutningsskýrsla á eyðublaði E1 eða sérstök póstaðflutningsskýrsla ef við á. Þetta tekur þó ekki til tollfrjálsra búslóða sem um ræðir í f-lið 1. gr. sem í er sjónvarpstæki, fjarskiptatæki, símtæki, skotvopn o.þ.h., enda sé fyrirbyggjandi leyfi viðkomandi stofnunar við tollafgreiðslu.

3. gr.

Viðtakandi vörusendingar sem óskar eftir tollmeðferð samkvæmt reglum þessum skal útbúa aðflutningsskýrslu fyrir vörusendinguna á eyðublaði E8 og veita þær upplýsingar sem eyðublaðið gefur tilefni til.

Vörusendingar sem heimilt er að tollafgreiða samkvæmt þessum reglum má afgreiða beint frá farmflytjanda, enda hafi tollstjóri fasta tollvakt í geymslu framflytjanda og tollgæslumaður þar veiti aðflutningsskýrslunni viðtöku ásamt þeim gögnum sem til staðar þurfa að vera til staðfestingar á upplýsingum sem veittar hafa verið í aðflutningsskýrslunni, t.d. farmbréf, pósthylgibréf, vottorð um búsetuskipti o.s.frv.

Tollgæslumaður getur krafðið innflytjanda um frekari upplýsingar og sönnunargögn ef þurfa þykir vegna tollmeðferðar vörusendingar samkvæmt reglum þessum.

Undirskrift innflytjanda eða umboðsmanns hans undir aðflutningsskýrsluna jafngildir yfirlýsingu hans um að hann ábyrgist að vörusendingin fullnægi öllum skilyrðum sem sett eru í viðkomandi tilviki til þess að notið verði tollfrelsis, sbr. einnig 16. gr. tollalaga.

Við tollafgreiðslu skal tollgæslumaður ganga úr skugga um réttmæti þeirra upplýsinga sem gefnar eru í aðflutningsskýrslu og þeim gögnum öðrum sem lögð eru fram og samþykkja afhendingu vörusendingarinnar með undirskrift sinni.

Frumrit aðflutningsskýrslu ásamt þeim gögnum sem afhent hafa verið við tollafgreiðslu skulu send endurskoðunardeild ríkistollstjóra við skil á öðrum aðflutnings- og útflutnings-skjölum en önnur afrit afhent innflytjanda, þar af eitt ætlað farmflytjanda.

5. gr.

Ríkistollstjóri ákveður gerð eyðublaðs fyrir tollafgreiðslur samkvæmt reglum þessum, upplýsingar sem þar skulu veittar svo og annað sem lýtur að framkvæmd þeirra eftir því sem þurfa þykir.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi frá og með 1. nóvember 1987.

Fjármálaráðuneytið, 26. október 1988.

F. h. r.

Lárus Ögmundsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 63 — 1988

24. október 1988

1241

Nr. 480

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 618/1987, um menntun, réttindi og skyldur talmeinafræðinga.

1. gr.

1. mgr. í ákvæðum til bráðabirgða orðist svo:

Heilbrigðisráðherra er heimilt til 30. júní 1989 að víkja frá skilyrðum 2. gr. þegar í hlut eiga umsækjendur, sem hafa menntun á þessu sviði, þótt hún jafngildi ekki þeim kröfum sem fram koma í 2. gr., enda séu þeir í starfi sem talmeinafræðingar við gildistöku reglugerðarinnar og hafi starfað sem slíkir samfellt síðustu 3 ár fyrir gildistöku.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. október 1988.

Guðmundur Bjarnason

Ingimar Sigurðsson.

28. október 1988

Nr. 481

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 178, 8. apríl 1988, um gjald af erlendum lánnum, leigusamningum o.fl.

1. gr.

Í viðauka með reglugerð nr. 178/1988 skulu bætast eftirtalin tollskrárnúmer:

2009.2001	3920.3009	3920.6109	7310.2100
2106.9011	3920.4109	3923.3000	7310.2900
3920.1009	3920.4209	4823.1100	7612.9000
3920.2009	3920.5100	7010.9000	8309.1000
			8309.9000

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í V. kafla laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 og með vísan til 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 178/1988, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 28. október 1988.

F. h. r.

Lárus Ögmundsson.

Ari Edwald.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Mosfellsbæ.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir umdæmi Mosfellsbæjar.

2. gr.

Með almannafæri er í samþykktinni átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota. Ákvæðin um almannafæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli, söfn o.fl.

3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir, eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri, og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

4. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflytningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

5. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

6. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

7. gr.

Hver sá sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

8. gr.

Skylt er að hlýða fyrirmælum, sem lögreglan gefur, vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri, sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

9. gr.

Gluggaþvott má ekki framkvæma nema í frostlausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli á gangstétt eða á götu. Ekki má þvo glugga, ef hætta er á því að vatn skvettist á vegfarendur.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

10. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma ekki þar hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum sem liggja á almannafæri.

Á slík mannvirki má ekki mála eða teikna og ekki festa upp auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Þá er óheimilt að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi bæjaryfirvalda. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp blóm.

11. gr.

Bæjarstjórn getur sett reglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

12. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópögungur og útifundi í því skyni, að hann geti gert videigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

13. gr.

Á almannafæri má ekki nota skotvopn, halda flugeldasýningar, ganga með logandi blys eða kveikja í bálköstum nema með leyfi lögreglustjóra.

14. gr.

Enga atvinnu, sem tálmar umferð, má reka á almannafæri.

Után sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannafæri. Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirsmáli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja fyrir leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

15. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða eða sölu notaðra bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fenginni umsögn lögreglustjóra. Bæjarstjórn veitir leyfi í tiltekinn tíma, og getur takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

16. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrirberast á lóðum eða í húsi hans. Ekki má fara í hífýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

Lögreglan getur bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur það geta valdið óþægindum eða hættu.

17. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð annars manns. Hver, sem það gerir, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað.

18. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, sem hindrar almenna umferð.

Umferð vörubifreiða, sendibifreiða, fólksflutningabifreiða og vinnuvéla um íbúðarhverfi er óheimil nema í atvinnuskyni eða af öðrum brýnum ástæðum. Þó getur bæjarstjórn í samráði

við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessum reglum ef talið er að slíkt leiði ekki til slyshættu, ónæðis eða óþæginda fyrir íbúa.

Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða eða vinnuvéla ganga að óþörfu, svo komast megi hjá loftmengun á almannafæri eða þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, báta, hestaflutningavagna og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum, sem þykja valda íbúum ónæði.

Heimilt er að flytja burtu og taka í vörslu lögreglu bifreiðar, sem standa án skráningar-númera á götum og almennum bifreiðastæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og ber hann kostnað vegna flutnings og vörslu bifreiðarinnar. Varðandi frekari heimildir um brottflutning ökutækja vísast til 110. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Allur akstur vélknúinna torfæruhjóla, svo sem fjórhjóla, er bannaður innan bæjarlands-ins. Bæjarráð getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum. Akstur vélsleða um götur bæjarins er bannaður nema í þágu björgunar og slysavarna.

19. gr.

Á götum bæjarins eða þar sem hætta getur af stafað má ekki hafa um hönd skemmtanir eða leiki, sem hindra umferð. Bannað er að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar.

20. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

21. gr.

Þeir sem flytja farm um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum, að ekki valdi óþrifnaði, ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, er stjórnanda flutningstækis skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

22. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir og lausa hesta má ekki reka um götur bæjarins.

23. gr.

Ekki má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi bæjarverkfræðings og samþykki lögreglustjóra. Að verki loknu skal færa það í sama lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vann, sjá um að gangandi vegfarendur sé séð fyrir gangbraut. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Þess skal ætíð gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, þegar dimmt er. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götum séu bygðir og uppgröftur fjarlægður þannig, að umferð sé óhindruð um götur á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna.

24. gr.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri gefur, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það er tekið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óþrýði.

25. gr.

Atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum er óheimil. Bæjarstjórn getur þó heimilað þar minni háttar starfsemi, svo fremi að tryggt sé að slíkt leiði ekki af sér ónæði eða truflun gagnvart íbúum. Slíkt leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en 4 ára og bundið við nafn leyfishafa. Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum þessarar greinar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur bæjarstjórn, með 3 mánaða fyrirvara, afturkallað leyfið.

Atvinnurekstri í húsnæði sem liggur að íbúðarbyggð skal jafnan hagað þannig að ekki hljótist af ónæði eða truflun fyrir þá, sem næst búa. Gildir það jafnt um starfsemina sjálfa, sem og umferð sem af henni hlýst. Bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um slíka starfsemi ef ástæða þykir til.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun, nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákæður gjald fyrir leyfið, sem greiðist árlega.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum 3. mgr. greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjórinn svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 09:00 til 23:30.

Börnum innan 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

26. gr.

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 06:00 til 03:00. Allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað skulu hafa farið út eigi síðar en 1/2 stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma.

27. gr.

Hver sá, sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti og er lögreglunni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni, sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

28. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt varðar sektum. Sama er um brot á reglum sem settar eru samkvæmt lögreglusamþykkt.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess sem gengur barninu í foreldris stað skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

29. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt eða reglum sem settar eru samkvæmt henni, má lögreglustjóri láta gera það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta greiðist af þeim sem ábyrgð ber. Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið, en bönnuð er með samþykktinni eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber er eigi fær um að greiða slíkan kostnað greiðist hann úr ríkissjóði.

Lögreglusamþykkt þessi sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. október 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um (7.) breytingu á reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna
nr. 16/1986.

1. gr.

Eftirfarandi efnum skal bætt við lista í fylgiskjali I með reglugerðinni:

Efni INN – nafn (latneskt)	Alþjóða- samningar	Inn-/út- fl. leyfi kraftist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Acetyl-alpha-methyl-fentanylum	N I+IV	X		
Alpha-methylfentanylum	N I+IV	X		
3-methylfentanylum	N I+IV	X		
Metamphetaminum racem.	P II	X		B
MPPP*	N I+IV	X		
PEPAP*	N I+IV	X		

* Efni, sem ekki hafa fengið INN-nafn.

MPPP: 1-methyl-4-phenyl-4-piperidinol propionate (ester).

PEPAP: 1-phenethyl-4-phenyl-4-piperidinol acetate (ester).

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður í fylgiskjali I við reglugerðina:
Secobarbitalum P III verður Secobarbitalum II.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, tekur gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 85 15. febrúar 1988, um tollverð notaðra bifreiða.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglugerð þessi gildir um ákvörðun tollverðs innfluttra, notaðra bifreiða, sem flokkast undir vörulið nr. 8703 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum. Notuð telst bifreið því aðeins í þessu sambandi að hún hafi í minnst þrjá mánuði verið skráð og leyfi veitt til aksturs hennar erlendis og óyggjandi sé að hún hafi verið notuð til aksturs þann tíma. Skráning til bráðabirgða, t.d. vegna síðari útflutnings, telst ófullnægjandi í þessu sambandi. Leiki vafi á um hvort bifreið skuli talin notuð getur tollstjóri leitað álits Bifreiðaeftirlits ríkisins.

2. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal við ákvörðun tollverðs notaðra bifreiða sem eru 25 ára eða eldri miðað við viðskiptaverð (reikningsverð) sem innflytjandi leggur fram við tollafgreiðslu. Telji tollstjóri að reikningsverð sé óeðlilega lágt, miðað við ástand ökutækis, innflutningsverð á sams konar eða svipuðum bifreiðum sem fluttar eru til landsins á sama tíma og markaðsverð erlendis getur tollstjóri metið tollverð bifreiðar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 395/1987, um tollverð og tollverðsákvörðun, eða, ef innflytjandi krefst, látið fara fram sérstaka matsgerð á kostnað innflytjanda. Mat skal eingögnu lagt til grundvallar að höfðu samráði við ríkistollstjóra.

3. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal fyrning samkvæmt 1. mgr. 3. gr. vera 1,5% fyrir hvern mánuð fyrstu 12 mánuðina, 1% fyrir næstu 24 mánuðina og 0,5% fyrir hvern mánuð eftir það, þó aldrei meir en svo að eftir standi 10% af fyrningargrunni bifreiðar vegna bifreiðar sem maður flytur með sér eftir a.m.k. tveggja ára búsetu erlendis og hún hafi verið í eigu hans í a.m.k. eitt ár. Við ákvörðun tollmeðferðar samkvæmt þessari málsgrein skal, eftir því sem við á, gætt ákvæða 1. gr. reglna nr. 272/1988 um tollmeðferð á heimilismunum manna sem flytja búferlum hingað til lands. Verð notaðra bifreiða erlendra sendiráða eða sendirádsstarfsmanna sem tollafgreiddar hafa verið samkvæmt 2. tölul. 3. gr. tollalaga skal fundið með sama hætti en lok fyrningar skal miða við söludag.

4. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo:

Hámarksfyrningartími samkvæmt 1. mgr. 4. gr. er 36 mánuðir.

5. gr.

Við 6. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo:

Í sama tilgangi getur hann látið útbúa skrá yfir bifreiðar sem hlotið geta tollafgreiðslu samkvæmt 2. mgr. 2. gr.

6. gr.

Á eftir orðunum „sams konar“ í 2. málslíð 1. mgr. 7. gr. komi orðin: „eða svipuð“.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1987, um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Hafi tollstjóri veitt innflytjanda bifreiðar sem flyst hingað til lands eftir a.m.k. tveggja ára búsetu erlendis, heimild til aksturs hennar hér á landi en greiðsla aðflutningsgjalda hefur ekki farið fram eða trygging greiðslu aðflutningsgjalda ekki verið lögð fram, skulu ákvæði 3. gr. reglugerðar þessarar gilda þegar bifreið er endanlega tollafgreidd.

Fjármálaráðuneytið, 4. nóvember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Patreksfjarðar.**

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Patrekshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 5. október 1988 fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á aðalskipulagi Patreksfjarðar að landnotkun á svæðinu austan við sjúkrahúsið breytist úr íbúðabyggð og grænu svæði í svæði fyrir opinberar byggingar.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Hafnarfjarðar.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 19. október 1988 fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar að landnotkun á svæði sem afmarkast af Öldugötu, Hringbraut og Lækjargötu verður íbúðasvæði í stað iðnaðarsvæðis.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Hafnar í Hornafirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. október 1988 staðfest breytingu á staðfestu aðalskipulagi Hafnar í Hornafirði. Breytingin er fólgin í aukinni fyllingu vestur af Sandbakka. Við það stækkar miðbæjarsvæði til vesturs og íbúðarsvæði við Leiðarhöfða stækkar til norðurs.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur samþykkt hana og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hún verði staðfest.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

25. október 1988

Nr. 488

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Keflavíkur að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, hefur bæjarstjórn Keflavíkur samþykkt á fundi sínum 4. október 1988 að áskilja Keflavíkurbæ forkaupsrétt að eftirtöldum lóðum og öðrum fasteignum í Keflavík.

Aðalgata:	2, 7a, 10, 11, 13, 14, 15, 16a, 17 og 19.
Hafnargata:	4, 6, 13, 16, 18, 20, 22, 24, 26, 28, 30, 34, 38, 39, 41, 42, 44, 45, 46, 47, 48, 50, 51, 53, 55 og 56.
Kirkjuvegur:	1, 3, 5, 17, 18, 28, 34 og 37.
Klapparstígur:	3, 5, 6 og 8.
Suðurgata:	1, 3, 5, 7, 9, 10, 11, 13, 16, 18, 19, 20, 22, 23, 23a, 25, 27, 29, 31 og 33.
Skólavegur:	2.
Tjarnargata:	6 og 18.
Túngata:	5, 9, 10, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 20, 22 og 23.
Vallargata:	4, 6, 7, 9, 10, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 30 og 31.
Vesturgata:	5, 11, 12a, 13, 14a og 15.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja og birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 345 frá 11. júlí 1984.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um innflutning, notkun og förgun PCB efna.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Innflutningur og notkun PCB efna er bannaður með þeim undantekningum, er greinir í 2. og 3. gr.

Með PCB efnum er átt við fjöklóruð bifenylsambönd (polychlorinated biphenyls). Ákvæði þessarar reglugerðar eiga ekki við, ef styrkur PCB efna í efnablöndum, varningi eða tækjum, er 0,2% eða minna, nema annað sé ákveðið.

2. gr.

Innflutningur og notkun.

Vinnueftirlit ríkisins getur að höfðu samráði við eiturefnanefnd veitt undanþágur frá ákvæðum 1. málsg. 1. gr. um bann við innflutningi og notkun PCB efna og efnablanda, sem innihalda þessi efni. Slíkan innflutning og notkun skal takmarka við það notagildi eitt, að önnur efni geti ekki komið í stað þeirra. Skal í hverju veittu leyfi til innflutnings samkvæmt 1. málsg. taka fram til hverra nota efnin eru ætluð eða varningur eða tæki, sem hafa þau að geyma.

Rísi upp ágreiningur milli Vinnueftirlits ríkisins og eiturefnanefndar um veitingu undanþágu samkvæmt 1. málsg., sker heilbrigðisráðherra úr.

Um notkun og alla meðhöndlun PCB efna á vinnustöðum fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Vinnueftirlit ríkisins tilkynnir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um þær undanþágur, sem veittar eru samkvæmt ákvæðum 1. málsg.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem er sett með stöð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað snertir afskipti Vinnueftirlits ríkisins, öðlast gildi 1. desember 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til sett hefur verið reglugerð skv. 22. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni um förgun eiturefna og hættulegra efna má eingöngu farga PCB efnum að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins, sem hefur um förgunina samráð við Vinnueftirlit ríkisins, eiturefnanefnd og Náttúrverndarráð.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. október 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

SAMPYKKT

um umgengni og hreinlæti á athafnasvæðum fiskvinnslustöðva á Fáskrúðsfirði.

1. gr.

Fiskvinnslustöð er í reglum þessum öll húsakynni og athafnasvæði með búnaði þar sem tekið er á móti fiski, hann geymdur og unninn að einhverju leyti.

2. gr.

Reglur þessar fela í sér lágmarkskröfur varðandi umgengni og hreinlæti á athafnasvæðum fiskvinnslustöðva. Sveitarstjórn getur að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar gefið út bráðabirgðaleyfi til starfrækslu fiskvinnslustöðva, þó þær fullnægi ekki reglum þessum að öllu leyti. Slík leyfi skulu þó einungis veitt til tiltekins tíma.

3. gr.

Lóð og næsta umhverfi fiskvinnslustöðva skal vera rykbundið, hreint og snyrtilegt. Einnig skulu byggingar stöðvanna vera snyrtilega frágengnar hið ytra. Ekki má láta úrgang af neinu tagi safnast kringum fiskvinnslustöð og ekkert má þar geyma, sem valdið getur óþrifum eða mengun. Forráðamenn fiskvinnslustöðvar skulu gera byggingafulltrúa grein fyrir aðkomuleiðum að húsum, skipulagi á bifreiðastæðum fyrir starfsfólk og aðra sem erindi eiga í húsið og einnig tengingum við gatnakerfi bæjarins. Að jafnaði skal gert ráð fyrir a.m.k. einu bifreiðastæði fyrir hverja 25 gólfplatarmetra í húsi. Ferming og afferming flutningatækja skal alfarið fara fram á lóð hússins og komið skal í veg fyrir að starfsemi stöðvarinnar truflí umferð á nærliggjandi götum.

4. gr.

Aðstaða skal vera innanhúss til geymslu á öllum búnaði fiskvinnslustöðva.

5. gr.

Fiskúrgang skal fjarlægja úr fiskvinnslustöð í þar til gerða geymslu að minnsta kosti einu sinni á dag, þá daga sem unnið er. Beinakassar, slóggassar og önnur flát undir úrgang skulu vera þannig frágengin að auðvelt sé að tæma þau og viðhafa góða umhirðu og þrifnað á þeim og umhverfi þeirra.

6. gr.

Búnaður til flutninga á fiski og fiskúrgangi skal vera svo þéttur að tryggt sé að ekkert falli á flutningsleið.

7. gr.

Beinageymsla skal vera til staðar við fiskimjölsverksmiðju. Skal hún vera lokuð og þannig frá henni gengið að útilokað sé fyrir fugla og meindýr að sækja þangað æti.

8. gr.

Byggingum fiskvinnslustöðva, búnaði og tækjum svo og umhverfi skal ávallt haldið vel við. Vanhöld í viðhaldi geta valdið því að starfsemi fiskvinnslustöðva verði stöðvuð, sé viðvörnum ekki sinnt.

9. gr.

Ávallt skal þess gætt að mengun frá fiskvinnslustöðvum í sjó og lofti verði eins lítil og frekast er unnt. Frárennsliskerfi húsa skal vera þannig hannað og lagt að úrgangur sleppi ekki um lagnir til sjávar eða í fjörur. Fiskvinnslustöðvar skulu kappkosta að hafa eins góðan og tryggan útbúnað til mengunarvarna og kostur er á hverjum tíma.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari getur valdið stöðvun á starfsemi fiskvinnslustöðva. Skulu heilbrigðisfulltrúi, hafnarvörður og byggingafulltrúi sjá til þess að reglum þessum sé framfylgt í hvívetna. Um málsmeðferð þ.á.m. ágreiningsmál fer skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Búðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. bann við að aka Rauðarárstíg frá noðri til suðurs yfir Hverfisgötu verði afnumið. Ennfremur verði afnumið bann við vinstri beygju af Rauðarárstíg austur Hverfisgötu,
2. bifreiðastöður verði bannaðar í miðeyju Snorrabrautar á kaflanum milli Laugavegar og Flókagötu. Þess í stað verði leyfðar bifreiðastöður á sama kafla Snorrabrautar á eftirtöldum stöðum:
 - a. að vestanverðu milli Laugavegar og innkeyrslu sunnan Snorrabrautar nr. 56,
 - b. austanverðu milli Grettisgötu og Njálsgötu,
 - c. austanverðu milli Vífilsgötu og Skeggjagötu,
3. bann við vinstri beygju af Snorrabraut vestur Laugaveg verði afnumið þegar kveikt verður á sérstöku beygjuljósi,
4. opi í miðeyju Snorrabrautar við Grettisgötu verði lokað,
5. þegar ekið er af Njálsgötu vestan Snorrabrautar inn á Snorrabraut verði aðeins heimiluð hægri beygja,
6. miðeyja Snorrabrautar við Bergþórugötu verði opnuð,
7. einstefna á Grettisgötu austan Snorrabrautar verði snúið við, þ.e. verði frá Rauðarárstíg að Snorrabraut,

8. skástæði undir ca. 70° horni verði báðum megin á Grettisgötu á kaflanum milli Rauðarárstígs og vesturmarka lóðar nr. 90,
9. einstefna verði á Njálsgötu frá Snorrabraut að Rauðarárstíg,
10. komið verði fyrir skástæðum undir 45° horni á Njálsgötu að sunnanverðu (þ.e. hægra megin miðað við akstursstefnu) á kaflanum milli Snorrabrautar og Rauðarárstígs. Ákvörðun þessi tekur gildi 20. nóvember 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. nóvember 1988.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. leyfa bifreiðastöður á Frakkastíg að vestanverðu á milli Laugavegar og Hverfisgötu og þar verði settir upp 10 stöðumælar,
2. á Klapparstíg að vestanverðu komi 45° skástæði milli Lindargötu og Hverfisgötu og fjölgun stöðureita verði úr 7 í 15,
3. á Laugavegi að sunnanverðu á milli Barónsstígs og Frakkastígs komi 30° stæði í stað samsíða stæða og verður fjölgun stöðureita úr 37 í 50,
4. á Laugavegi að norðanverðu framan við hús nr. 1 verði leyfðar bifreiðastöður og þar komi 2 stöðureitir,
5. á Bankastræti að norðanverðu vestan innkeyrslu að húsinu nr. 3 komi 2 stöðureitir,
6. á Austurstræti að norðanverðu á milli Pósthússtrætis og Vallarstrætis komi 30° skástæði í stað samsíða stæða og fjölgar þá stöðureitum úr 15 í 21,
7. einstefnuakstur verði á Njálsgötu til austurs frá Klapparstíg að Snorrabraut. Bifreiðastöður verði áfram bannaðar að norðanverðu við götuna en leyfðar að sunnanverðu og þar verða merkt 45° skástæði. Bifreiðastæðum fjölgar þá úr 83 í 132,
8. einstefnuakstur verði á Grettisgötu til vesturs frá Snorrabraut að Vegamótastíg. Bifreiðastöður verða áfram bannaðar að norðanverðu við götuna á milli Barónsstígs og Vegamótastígs en leyfðar að sunnanverðu á sama kafla. Á milli Barónsstígs og Snorrabrautar verður áfram leyft að leggja beggja vegna götunnar,
9. bifreiðastöður verði leyfðar á Bókhlöðustíg að norðanverðu á milli Lækjargötu og Laufásvegar og þar verða settir upp 4 stöðumælar við samsíða stöðureiti,
10. biðskylda verði á Njálsgötu við Vitastíg,
11. biðskylda verði á Grettisgötu við Frakkastíg,
12. biðskylda verði á Vitastíg við Bergþórugötu,
13. stöðvunarskylda á Frakkastíg við Njálsgötu verði afnumin. Ákvörðun þessi tekur gildi 20. nóvember 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. nóvember 1988.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um rekstur radióstöðva.

1. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

Radíóstöð er einn eða fleiri radiósendar eða radiómóttakarar eða sambland hvors tveggja að meðtöldum öllum aukabúnaði, sem nauðsynlegt er að hafa á einum stað til að geta tekið þátt í radiófjarskiptum. Hver radióstöð skal kennd við þá þjónustu, sem henni er ætlað að taka þátt í.

Radíóbylgjur eru rafsegulbylgjur með tíðni (radiótíðni) allt að 3000 gígahertz (GHz), sem breiðast út í eða utan gufuhvolfsins án tilbúins leiðara.

Radíóþjónusta er fjarskiptastarfsemi, sem byggir á sendingu, útgeislun og/eða móttöku radióbylgju.

Radíómiðun er móttaka radióbylgju í þeim tilgangi að miða út radióstöð.

Radíóstjörnufræði er stjörnuathugun, byggð á móttöku radióbylgju utan úr geimnum.

Vísinda- og iðnaðarradíó er starfræksla tækja eða búnaðar til að framleiða og nota staðbundið radiótíðniorku við vísindarannsóknir, í iðnaði, í lækningum, í heimilistækjum og öðrum álíka tilvikum, án þess að um fjarskipti sé að ræða.

2. gr.

Eftirfarandi þjónusta telst radióþjónusta:

1. Fastþjónusta, þ.e. þjónusta milli fastra ákveðinna staða.
2. Farstöðvaþjónusta milli landstöðvar og farstöðva eða milli farstöðva, þ.m.t.
 - landfarstöðvaþjónusta milli móðurstöðvar og landfarstöðva eða milli landfarstöðva,
 - sjófarstöðvaþjónusta milli strandarstöðvar og sjófarstöðva eða milli sjófarstöðva. Björgunarbátastöðvar og neyðarsendar falla einnig undir þessa þjónustu,
 - flugfarstöðvaþjónusta milli móðurstöðvar og flugfarstöðva eða milli flugfarstöðva. Stöðvar í björgunarbátum flugvéla og neyðarsendar í gúmmibátum falla einnig undir þessa þjónustu.
3. Útvarpsþjónusta með beinni móttöku almennings á hljóðvarps- eða sjónvarpssendingum.
4. Radióákvörðunarþjónusta með notkun útbreiðslueiginleika radióbylgju til að ákveða staðsetningu, hraða eða einhvern annan eiginleika hlutar. Undir hana falla radióleiðsöguþjónusta og radióstaðsetningarþjónusta.
5. Veðurtækjaþjónusta fyrir veðurfræðilegar mælingar og kannanir.
6. Jarðkönnunarþjónusta milli jarðstöðva og einnar eða fleiri geimstöðva þar sem gerð er könnun á ýmiss konar eiginleikum jarðar utan úr geimnum.
7. Tímamerkjaþjónusta með sendingu ákveðinnar tíðni, tímamerkis eða hvors tveggja með mikilli nákvæmni fyrir almenna móttöku.
8. Radióáhugamannaþjónusta fyrir þjálfun, tilraunir og samskipti radióáhugamanna án fjárhagslegs ávinnings þeirra.
9. Öryggisþjónusta til verndar lífi og eignum.
10. Sérþjónusta fyrir ótilgreindar sendingar, sem ekki eru fyrir almenning. Að öðru leyti er vísað til alþjóðaradióreglugerðarinnar.

3. gr.

Póst- og símamálastofnun veitir heimild til notkunar á radiótíðni, í samræmi við samþykktir alþjóðaráræðstefna, sem haldnar eru að undirlagi Alþjóðafjarskiptastofnunarinnar. Sending á radiótíðni án heimildar er bönnuð.

4. gr.

Póst- og símamálastofnun gefur út leyfisbréf til handa stofnunum og einkaaðilum, sem samkvæmt lögum er falið eða er heimilt að reka sendistöðvar í útvarps-, radióákvörðunar- og tímamerkjapjónustu, en fyrir móttöku slíkra sendinga þarf ekki leyfisbréf.

Leyfisbréf þarf ekki fyrir vísinda- og iðnaðarradíó né fyrir radióstöðvum fyrir radió-stjörnumælingar.

Öll fastapjónusta á radióbylgjum fellur undir einkarétt ríkisins samkvæmt fjarskiptalög-um.

Póst- og símamálastofnun gefur út leyfisbréf fyrir radióstöðvum í annarri radiópjónustu en fyrr hefur verið talin upp í þessari grein. Leyfi eru takmörkuð við fjarskipti leyfishafa, við þjónustustöðvar stofnunarinnar eða fjarskipti milli tveggja eða fleiri radióstöðva hans í samræmi við reglur um viðkomandi radiópjónustu. Leyfishafa er óheimilt að taka að sér fjarskiptaafgreiðslu fyrir annan aðila, hvort sem greiðsla kemur fyrir eða ekki. Póst- og símamálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilvikum, enda liggja það fyrir, að þjónustustöðvar hennar geti ekki annast þau fjarskipti, sem um er að ræða.

Póst- og símamálastofnun skal þegar í stað gera ráðstafanir til að stöðva starfrækslu radióstöðva, sem ekki er leyfisbréf fyrir, og ekki eru undanþegnar leyfisskyldu samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Á leyfisbréf skal skráð nafn leyfishafa, staðsetning þeirra tækja sem leyfisbréfið nær til, tíðni, sendiafl og aðrir mikilvægir eiginleikar radiótækjanna.

Leyfisbréfið veitir eingöngu heimild til starfrækslu radióstöðva á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi.

Leyfisbréf fyrir stöðvum í farstöðvaþjónustu, sem er alþjóðleg, gildir einnig í íslenskum farartækjum utanlands, en þó með þeim takmörkunum sem reglur þess lands, sem farartækið er staðsett í, setja.

Breytingar á tækjum eða fyrirkomulagi, svo og eigendaskipti, skal leyfishafi þegar í stað tilkynna Póst- og símamálastofnun, sem gefur út nýtt leyfisbréf ef þörf krefur.

6. gr.

Þeir einir, sem fengið hafa tilskilin skírteini mega annast starfrækslu radiósendistöðva í fastapjónustu og opinberri farþjónustu Póst- og símamálastofnunar, þegar um er að ræða farartæki sem notuð eru til fólksflutninga í atvinnuskyni. Undanþegnir eru þeir sem starfrækja farstöðvar í hinu almenna farsímakerfi Póst- og símamálastofnunar.

Skírteini eru gefin út í samræmi við alþjóðaradióreglugerðina. Skírteinishafar samkvæmt þessari grein skulu hafa fengið tilsögn í notkun radióstöðva og lært undirstöðuatriði í radióviðskiptum í skóla sem Póst- og símamálastofnunin viðurkennir.

7. gr.

Fyrirkomulag radióviðskipta skal vera í samræmi við alþjóðaradióreglugerðina. Ekki er heimilt að annast radióviðskipti undir áhrifum áfengis eða annarra vímuegja. Öll viðskipti í radiópjónustu skulu vera eins stutt og mögulegt er án þess að rýra gildi þeirra upplýsinga sem verið er að skiptast á. Ef um er að ræða tíðni, sem notuð er af fleiri en einum aðila, ber að athuga að engin önnur viðskipti séu í gangi áður en notkun hennar hefst. Í upphafi skal notandi kynna sig með nafni eða kallmerki, hafi því verið úthlutað.

Heimilt er að veita undanþágu til að nota félagsnúmer í stað kallmerkis, enda séu slík númer frábrugðin kallmerkjum í notkun. Skrár yfir félagsnúmer, sem notuð eru á þennan hátt, skulu afhentar Póst- og símamálastofnun.

8. gr.

Þegar leyfisbréf er gefið út á nafn stofnunar eða fyrirtækis, er starfsmönnum þeirra heimilt að taka þátt í viðkomandi radióþjónustu innan marka leyfisbréfsins. Leyfisbréf gefið út á nafn félags er takmarkað við forsvarsmenn og launaða starfsmenn. Póst- og símamála-stofnun er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilvikum.

Maka einstaklings, sem fengið hefur leyfisbréf, er heimilt að nota radióstöð þá sem leyfisbréfið fjallar um, á sama hátt og leyfishafi. Skráður leyfishafi er þó ábyrgur á allan hátt fyrir starfrækslu stöðvarinnar.

Eingöngu þeir, sem náð hafa 16 ára aldri, mega starfrækja radiósendistöðvar.

9. gr.

Handhöfum leyfisbréfa, sem heimild hafa fengið til að starfrækja radiótæki á tíðni, sem enginn annar notar, er heimilt að nota dulmál eða brensla útsendingu þannig að hún verði óskiljanleg öðrum en þeim sem hafa lykil að sendingunni. Leyfishafi skal tilkynna radióeftirliti Póst- og símamálastofnunar fyrirfram um slíka notkun. Leiði hún til truflana á annarri radióþjónustu skal henni þegar í stað hætt. Póst- og símamálastofnun getur einnig heimilað takmarkaða notkun dulmáls á tíðnum sem eru í almennri notkun, enda liggja ljóst fyrir að slík notkun hafi ekki áhrif á viðskipti annarra.

Í öllum tilvikum sem dulmál er notað, skal sá, sem sendir, kynna sig án dulmáls með nafni eða kallmerki í upphafi og lok sendingar. Ráðherra getur úrskurðað að radióeftirlitinu skuli afhentur dulmálslykill eða upplýsingar um á hvern hátt útsendingar eru brenslaðar. Á ófriðartímum er stranglega bannað að nota dulmál eða brensla útsendingar, nema fengist hafi sérstakt leyfi ráðherra.

10. gr.

Öll fjarskipti um radióstöðvar við aðila í öðrum löndum eru bönnuð nema veitt hafi verið til þess sérstakt leyfi í samræmi við fjarskiptalög. Handhöfum áhugamannaleyfis er þó heimilt að hafa samband við önnur lönd við tilraunir á radióbúnaði og útbreiðslu og skiptast á skoðunum um þessa hluti við hliðstæða aðila erlendis. Sams konar heimild getur Póst- og símamálastofnun veitt vegna vísindarannsókna, ef einungis er um að ræða vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar.

11. gr.

Við útgáfu leyfa til notkunar á radiótíðni skal þess gætt að truflun verði ekki á annarri fjarskiptastarfsemi.

Póst- og símamálastofnun skal láta rannsaka truflanir, sem verða á radiómóttöku. Radióeftirlitsmönnum skal heimill aðgangur að radióstöðvum fyrirvaralaust, enda sýni þeir viðeigandi skilríki, sem kveða á um stöðu þeirra. Starfrækslu radióstöðva, sem valda truflunum á annarri fjarskiptastarfsemi og eru ekki í samræmi við gildandi leyfisbréf og reglur, skal þegar í stað hætt, þegar gefin eru fyrirmæli þess efnis af Póst- og símamálastofnun.

Ef reglur um viðkomandi radióþjónustu kveða á um reglubundna skoðun, skal Póst- og símamálastofnun framkvæma hana, og gefa út vottorð þar að lútandi. Í vottorðinu skal koma fram hvaða atriðum er áfátt í tækjum og búnaði, ef hann er ekki í fullkomnu lagi. Veittur skal hæfilegur frestur til úrbóta.

12. gr.

Starfræksla rafmagnstækja, þ.m.t. mótóra, véla og tölvubúnaðar, sem gefa frá sér hátíðnibylgjur út á rafmagnsnetið eða geislun út í loftið með styrk umfram sett hámark og valda truflunum á starfsemi radióstöðva, er óheimil. Þyki sýnt að rafmagnstæki uppfylli ekki sett skilyrði skal eiganda þess skylt að bæta úr því á eigin kostnað. Sé um alvarlega truflun á fjarskiptaþjónustu að ræða skal notkun hins truflandi tækis hætt uns úr hefur verið bætt.

13. gr.

Ráðherra setur reglur um starfsemi radióstöðva, sem taka eiga þátt í radióþjónustu. Í reglunum skal kveðið á um umfang hvernar radióþjónustu, skilyrði fyrir útgáfu leyfisbréfa, viðurkenningu radióstöðva og tæknileg ákvæði um gerð radióstöðva.

Póst- og símamálastofnun athugar nýjar radióstöðvar í því skyni að sannreyna að tæknilegum ákvæðum í reglum sé fylgt. Sé um að ræða notendabúnað til tengingar við hið opinbera fjarskiptakerfi eða radióstöðvar til notkunar í land-, sjó- og flugfarstöðvaþjónustu skal farið eftir ákvæðum reglugerðar um notendabúnað til tengingar við hið opinbera fjarskiptakerfi. Radióstöðvar fyrir aðra þjónustu skulu prófaðar af Póst- og símamálastofnun. Að lokinni prófun skal Póst- og símamálastofnun tilkynna réttum aðila, hvort viðurkenningin er veitt, en tilgreina ástæðu, ef svo er ekki. Nánari ákvæði um prófun skulu vera í sérstakri reglugerð um viðkomandi þjónustu.

Óheimilt er framleiðendum og innflytjendum að afhenda til uppsetningar og notkunar radiótæki eða taka sjálfir í notkun tæki sem ekki hafa öðlast viðurkenningu þess að þau uppfylli tæknileg ákvæði fyrir viðkomandi þjónustu.

14. gr.

Framleiðendur radióstöðva og aðrir, sem smíða slíkar stöðvar eða hluti til þeirra, eru ábyrgir fyrir því að engar útsendingar eigi sér stað áður en stöðvarnar hafa hlotið viðurkenningu nema að fenginni undanþágu Póst- og símamálastofnunar. Við prófanir skal þess gætt að nota gerviálag, sem ekki geislar út, svo að valdi truflunum á radióþjónustu. Afhending radióstöðva til notenda skal vera í samræmi við reglur um viðkomandi radióþjónustu.

15. gr.

Réttindi, sem krafist er af þeim sem annast uppsetningu, tengingu og viðhald radióstöðva, sem tengjast hinu opinbera fjarskiptaneti eru skilgreind í reglugerð um notendabúnað. Sams konar réttinda er krafist vegna annarra radióstöðva. Loftskeytamenn hafa sömu réttindi að því er varðar farstöðvar í land-, sjó- og flugfarstöðvaþjónustu og stöðvum sem ekki þarf leyfisbréf fyrir, og útvarpsvirkjar, að því er varðar stöðvar, sem ekki þarf leyfisbréf fyrir. Fyrirtæki sem hyggjast annast uppsetningu og viðgerð á radióstöðvum öðrum en þeim, sem falla undir notendabúnað sbr. 13. gr., skulu afla viðurkenningar Póst- og símamálastofnunar, sem setur lágmarkskröfur um mælitækjabúnað verkstæða og reglur um prófanir á radióstöðvum.

16. gr.

Á ófriðartímum í landinu skulu allar radiósendingar annarra en opinberra aðila þegar í stað stöðvaðar, þangað til ráðherra veitir heimild til notkunar á ný. Ráðherra getur úrskurðað að radióstöðvar skuli innsiglaðar eða teknar í vörslu hins opinbera enda sé þeim skilað aftur eftir að ófriðarástandi lýkur.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt lögum um fjarskipti.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 113, 20. júní 1945 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 31. október 1988.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

SAMPYKKT

um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Skútustaðahreppshrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Skútustaðahrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Skútustaðahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 23. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júniflok ári hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ári hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi tvisvar í mánuði.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 13.30. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skytt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsþúum skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar og sveitarstjóri semja dagskrá hreppsnefndarfundar. Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verkvið hreppsnefndar og oddviti og sveitarstjóri ákveða að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti og sveitarstjóri telja nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn á hreppsnefndarfund með skriflegu fundarboði og dagskrá fundarins.

17. gr.

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Þó er hreppsnefnd heimilt að ákveða að kjörtímabil oddvita skuli vera hið sama og hreppsnefndar.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

21. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

22. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef $\frac{2}{3}$ viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

23. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar komi til viðræðna á hreppsnefndarfundi.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

26. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

EKKI MÁ HREPPSNEFNDARMAÐUR lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

28. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartilögu eða frestunartilögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs, stjórnar eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a. m. k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir. Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar þar sem kveðið er á um það í lögum og ef hreppsnefndarmaður óskar.

33. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það. Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 19. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 24. gr. samþykktar þessarar. - Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvita-störf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. samþykktar þessarar.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og á að fara leynt vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

42. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, á auk þess rétt á að fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

44. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 24. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

49. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

50. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

51. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins, eftir því sem við á.

52. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

53. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

54. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórnna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

55. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skodunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *2 undirkjörstjórnir við alþingiskosningar.* Fimm aðalmenn, hreppstjóri sjálfkjörinn formaður kjörstjórnar fyrir sína kjördeild, og sex til vara skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Barnaverndarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
3. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
4. *Heilbrigðisnefnd.* Fulltrúi í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
5. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Undirkjörstjórnir skulu kosnar á síðasta ári kjörtímabils skv. heimild í 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
6. *Skólanefnd grunnskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17. og 18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
7. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
8. *Stjórn verkamannabústaða.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 53. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
9. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
10. *Einn forðagæslumaður* og annar til vara skv. 53. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
11. *Einn úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

56. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum erkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

57. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

58. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar ásamt oddvita, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er ædsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

59. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum nema annað sé ákveðið.

60. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

61. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3ja mánaða uppsagnarfresti fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Skútustaðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. nóvember 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur LINDAL.

S A M Þ Y K K T

um stjórn Garðabæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Garðabæjar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Garðabæjar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert.

Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur að jafnaði fundi tvisvar í hverjum mánuði, fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar, og skulu fundir hefjast kl. 17.00 nema bæjarstjórn ákveði annað. Bæjarstjóri í samráði við forseta getur þó ákveðið að fella niður fundi eða halda aðeins einn fund í janúar og desember.

Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar, og er skylt að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, og eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunnert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda, og skal dagskráin fylgja fundarboði. Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra.
2. Fundargerðir bæjarráðs, annarra ráða, nefnda, og stjórna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 62. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn í síðasta lagi fyrir kl. 12.00 næsta þriðjudag fyrir fund. Nú óskar þegn bæjarfélagsins, sem er utan bæjarstjórnar, að erindi frá honum sé tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal þá bæjarstjóri vísa því til bæjarráðs eða þeirrar nefndar, sem það vegna efnis heyrir undir.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseti á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmatgur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmatgur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef meirihluti viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkir slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins og fyrirtækja hans.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

28. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra ráða, nefnda eða stjórna, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftár til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftár en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

29. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarra ráða, nefnda eða stjórna eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað. Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemdir við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega í síðasta lagi fyrir kl. 12.00 næsta þriðjudag fyrir fund.

37. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. - Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 1. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjólum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar. Bæjarstjórn hverju sinni setur reglur um greiðslur og ákvarðar þóknun samkvæmt þessari grein.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfundum tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til. Bæjarfulltrúi skal boða varamann í sinn stað.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundum.

V. KAFLI

Bæjarráð, önnur ráð, nefndir, og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, önnur ráð, nefndir og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann eða nefndarmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði og nefndum með málfrelsi og tillögurétt. Skyld er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/ framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Bæjarráð skal halda fundi að jafnaði einu sinni í viku á þriðjudögum eða fimmtudögum kl. 8.00. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá er berist öllum bæjarfulltrúum fyrir kl. 20.00 a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Aukafundi er heimilt að boða með styttri fyrirvara. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarritari er ritari bæjarráðs, en í forföllum hans tilnefnir formaður bæjarráðs ritara í hans stað. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þær geta átt við.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins,

undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórnna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtalin ráð, nefndir og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fyrsta fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrír aðalfulltrúar í bæjarráð, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn*. Kjörstjórn skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis og 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
3. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð annast störf þau, sem framfærslunefnd, áfengisvarnarnefnd og barnaverndarnefnd og jafnréttisnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/1947, nr. 82/1969 og nr. 53/1966 og nr. 65/1985. Jafnframt fer félagsmálaráð með rekstur leikvalla, dagvistunar barna og öldrunarmála.
4. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
5. *Heilbrigðisnefnd*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Heilbrigðismálaráð*. Einn fulltrúi og annar til vara skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.
7. *Húsaleigunefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
8. *Náttúruverndarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971. Náttúruverndarnefnd annast störf þau, sem gróðurverndarnefnd eru falin samkvæmt 19. gr. laga nr. 19/1965.
9. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17.-18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla. Nefndin skal jafnframt fara með málefni Fjölbrautaskóla Garðabæjar skv. samningi bæjarstjórnar og menntamálaráðuneytisins dags. 1. ágúst 1984.
10. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

11. *Skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. viðauka A. í skipulagsreglugerð nr. 318/1983.
12. *Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara kjörnir samkvæmt samþykktum sambandsins.
13. *Stjórn þinghúss*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin skal hafa yfirumsjón með rekstri þinghúss (Garðaholt).
14. *Fjallskilanefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara. Nefndin annast fjallskil fyrir Hafnarfjörð, Bessastaðahrepp og Garðabæ.
15. *Afréttanefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara. Nefndin annst afréttarmál fyrir Hafnarfjörð, Garðabæ og Bessastaðahrepp.
16. *Stjórn Hjálparsjóðs Garðasóknar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin starfar samkvæmt samþykkt aðalsafnaðarfundar frá 1. apríl 1987.
17. *Íþrótt- og tómstundaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð samþykkt í bæjarstjórn þann 26. nóvember 1987.
18. *Stjórn sjúkrasamlags*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.
19. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
20. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu.
21. *Stjórn verkamannabústaða*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 53. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
22. *Umferðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
23. *Einn forðagæslumaður* og annar til vara sbr. heimild í 2. mgr. 54. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
24. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
25. *Launanefnd sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og annar til vara. Nefndin fer með gerð kjarasaminga skv. umboði á hverjum tíma fyrir sveitarfélagið.
26. *Umhverfismálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 28. janúar 1988.
27. *Ferlinefnd fatlaðra*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur eftirlit með aðgengi fatlaðra verði sem best tryggt í nýjum byggingum. Bæjarstjórn hefur heimild til að endurskoða skipan nefnda á miðju kjörtímabili, enda sé ekki um lögskipaðar nefndir að ræða.

56. gr.

Bæjarstjórn kys formenn og varaformenn nefnda, nema lög kveði á um annað.

Ákvæði þessarar greinar tekur ekki til þeirra nefnda, þar sem önnur sveitarfélög en Garðabær eiga einnig fulltrúa.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það.

Formaður nefndar eða varaformaður í forföllum hans boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

57. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

58. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

59. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í ráðum, nefndum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

60. gr.

Um skipan ráða, nefnda og stjórna á vegum bæjarins, valdsvið þeirra og hlutverk fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjastjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

61. gr.

Ráð, nefndir og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Á fyrsta fundi nefndar skal kjörinn ritari, sem færa skal fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

62. gr.

Fundargerðir ráða, nefnda og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum.

Ályktun ráðs, nefndar eða stjórnar, sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð send bæjaráði í sérstöku erindi til endanlegrar afgreiðslu.

63. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður í lok kjörtímabils og fyrr, ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

64. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín samkvæmt reglum, sem bæjastjórn setur, nema annað sé tekið fram í lögum eða reglugerðum.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

65. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Bæjarstjórn skal staðfesta ráðningarsamning við bæjarstjóra.

66. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda, sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á

fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum og um getur í 2. mgr. 49. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarins.

Bæjarstjóra er skylt að hafa ákveðinn viðtalstíma, sem auglýstur er á skrifstofu bæjarins.

67. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli það öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um það málefni.

68. gr.

Bæjaráð ræður fasta starfsmenn og veitir þeim lausn frá störfum, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarráði að ráða í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í stöður hjá bænum.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 3. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skulu talin föst hjá bænum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

69. gr.

Bæjarstjóri ræður lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana eftir reglum, sem bæjarráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

VII. KAFLI

Gildistökuákvæði.

70. gr.

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðabæjar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 338/1984 um stjórn bæjarmálefna Garðakaupstaðar.

Félagsmálaráðuneytið, 1. nóvember 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Línadal.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um auglýsingar í útvarpi nr. 512/1986,
sbr. reglugerð nr. 608/1987.**

1. gr.

Við 1. grein bætist svohljóðandi málsgrein:
Óheimilt er að birta auglýsingar með þeim hætti að sýna firmamerki eða vörumerki, sem innfellda mynd í útsendri sjónvarpsdagskrá.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. nóvember 1988.

Svavar Gestsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um aflamark úr helstu botnfisktegundum við Ísland 1989.

1. gr.

Árið 1989 skulu leyfi til botnfiskveiða miðast við að afli úr helstu botnfisktegundum verði:

1. Þorskur	285 þús. lestir
2. Karfi	77 þús. lestir
3. Ýsa	65 þús. lestir
4. Ufsi	80 þús. lestir
5. Grálúða	30. þús. lestir

Afli samkvæmt ofansögðu miðast við óslægðan fisk með haus.

Vegna ákvæða í reglugerð þessari um heimildir sóknarmarksskipa, reglna um tilfærslu milli fisktegunda og flutning milli ára og ákvæða um afla smábáta, gæti heildarþorskafla á árinu 1989 orðið um það bil 325 þús. lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. nóvember 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum við Ingólfshöfða.

1. gr.

Frá og með 26. nóvember 1988 eru allar togveiðar og dragnótaveiðar bannaðar á svæði, sem markast af fjöruborði að norðanverðu og línur sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 02' 2 N – 16° 10' 5 V
2. 63° 40' 0 N – 16° 10' 0 V
3. 63° 44' 0 N – 16° 20' 0 V
4. 63° 45' 0 N – 16° 30' 0 V
5. 63° 43' 8 N – 16° 38' 3 V
6. 63° 38' 9 N – 17° 49' 8 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlst þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 475 25. október 1988 um bann við veiðum við Ingólfshöfða.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. nóvember 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Stöðubann skal vera á suðurkanti Kópavogsbrautar frá Suðurbraut að Meðalbraut.
2. Stöðubann skal vera á suðurkanti Hraunbrautar frá húsi nr. 15, þ.e. Hábraut að húsi nr. 37.
3. Stöðubann á suðurkanti Austurgerðis frá Urðarbraut að Hraunbraut.

B 90

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga, um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn í Kópavogi, 28. október 1988.

Ásgeir Pétursson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 178, 8. apríl 1988, um gjald af erlendum lánnum, leigusamningum o.fl.

1. gr.

Í viðauka með reglugerð nr. 178/1988 skal bætast eftirtalið tollskrárnúmer:

3917.3900

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í V. kafla laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 og með vísan til 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 178/1988, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 14. nóvember 1988.

F. h. r.

Lárus Ögmundsson.

Ari Edwald.

AUGLÝSING

um staðfestingu deiliskipulags miðbæjar Garðabæjar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. nóvember 1988 staðfest deiliskipulagsupprátt af miðbæ Garðabæjar.

Uppráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

25. nóvember 1988

1285

Nr. 502

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s.l. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð íbúðarhúsa á landinu öllu hækki um 28% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 1,28.
2. Matsverð allra annarra fasteigna svo sem atvinnuhúsnaðis, lóða, landa og útihúsa hækki um 20% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 1,20.
3. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.
4. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri sem gildi tók 1. desember 1987 ásamt síðari breytingum ákvæðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftareglum sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignamatsskrár innihalda einnig þær matsbreytingar er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1988.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 528 20. nóvember 1987.

Fjármálaráðuneytið, 25. nóvember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga nr. 467 7. ágúst 1981 með síðari breytingum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skilyrði þess að sveitarfélag komi til greina við úthlutun aukaframlaga skv. reglugerð þessari eru:

- a. að álagningarhlutfall útsvars sé ekki lægra en innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu,
- b. að nýtt hafi verið heimild til álagningar fasteignaskatts að því marki sem greinir í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga þ.e. a.m.k. ½% skv. a-lið og a.m.k. 1% skv. b-lið.
- c. að nýtt hafi verið heimild til álagningar aðstöðugjalda.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið aflar upplýsinga frá sveitarfélögum um álagningu fasteignaskatts og aðstöðugjalda og nýtingu þessara tekjustofna. Skulu sveitarfélög hafa skilað skýrslu til ráðuneytisins um þessi efni í síðasta lagi 15. september ár hvert á eyðublöðum, sem ráðuneytið lætur þeim í té.

Til grundvallar útsvarstekjum skal leggja áætlun Þjóðhagsstofnunar um skattskyldar tekjur yfirstandandi árs. Hlutfallsleg skipting útsvarstekna milli sveitarfélaga skal ákveðin á grundvelli skýrslu ríkisskattstjóra um innheimt útsvör í staðgreiðslu fyrstu átta mánuði ársins að teknu tilliti til vanskila.

Að fengnum skýrslum og upplýsingum frá sveitarfélögum skv. 1. og 2. mgr. semur félagsmálaráðuneytið heildarskýrslu um skatttekjur í sveitarfélögum skv. 1. og 2. mgr. ásamt upplýsingum um nýtingu einstakra tekjustofna í hverju sveitarfélagi.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73 26. nóvember 1980 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 371.900.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 26.800.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1988 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 — 1988

2. desember 1988

1287

Nr. 505

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 463/1988 um Atvinnuþryggingarsjóð
útflytningsgreina.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Fyrirtæki koma því aðeins til álita við lánveitingu eða skuldbreytingu samkvæmt reglugerð þessari, að grundvöllur teljist vera fyrir rekstri þeirra þegar til lengri tíma er litið, og að loknum skipulagsbreytingum á fjárhag þeirra og rekstri, enda uppfylli þau skilyrði 11. gr. um tryggingar.

2. gr.

Í 3. ml., 3. mgr., 8. gr. komi orðin „2. mgr.“ í stað „1. mgr.“.

3. gr.

3. ml., 2. mgr., 11. gr. orðist svo:

Sjálfskuldarábyrgð banka, sjóða og traustra fyrirtækja eða einstaklinga eða ábyrgð sveitarsjóðs eða bæjarfélags.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. bráðabirgðalaga nr. 83, 28. september 1988, um efnahagsaðgerðir, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 2. desember 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benedikisson.

21. nóvember 1988

AUGLÝSING

Nr. 506

um umferð á Seltjarnarnesi.

Samkvæmt heimild í b-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnarinnar á Seltjarnarnesi hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Umferðarréttur á gatnamótum Suðurstrandar og Lindarbrautar á Seltjarnarnesi breytist þannig, að Suðurströnd fær aðalbrautarrétt, en Lindarbraut biðskyldu.

Breytingin tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Lögreglustjórinn á Seltjarnarnesi, 21. nóvember 1988.

Már Pétursson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir,
nr. 477 27. október 1988.**

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 20. gr. orðist svo: Af heildarsölu hverrar getraunaviku skal 40% varið til vinninga.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 93 2. desember 1988, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. desember 1988.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 508

AUGLÝSING

8. nóvember 1988

um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. nóvember 1988 staðfest þá breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjarðar að nýtingarhlutfall er hækkað úr 0.45 í 0.64 á svokallaðri Steinullarlóð þ.e. á svæði sem markast af Lækjargötu, Hringbraut og Öldugötu. Húsagerð er og breytt og íbúðum fjölgað á kostnað iðnaðarsvæðis.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur staðfest hana og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 8. nóvember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 509

AUGLÝSING

23. nóvember 1988

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar, hefur verið ákveðið að setja biðskyldu á götu frá Dvalarheimilinu Höfða gagnvart Innesvegi.

Lögreglustjórnin á Akranesi, 23. nóvember 1988

e. u.

Jón Vilberg Guðjónsson, ftr.

29. nóvember 1988

1289

Nr. 510

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði á Hjallavegi gagnvart Hólsvegi.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. desember 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. nóvember 1988.

Böðvar Bragason.

25. nóvember 1988

Nr. 511

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 206 17. apríl 1984 um gatnagerðargjöld í Reykjavík.

Ákvæði til bráðabirgða hljóði svo:

Til 1. júlí 1990 skulu eftirfarandi ákvæði gilda.

Eigendur eignarlóða, aðrir en þeir, sem borgarstjórn hefur gert sérstakan samning við, handhafar leigulóða og lóðarhafar lóða, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, en hafa enn ekki fengið leigulóðarsamning, geta sótt um nýbyggingar, stækkanir og breytingar húsa til byggingarnefndar skv. nýtingarhlutfalli samþykks aðal- eða deiliskipulags. Til 30. júní 1989 greiðist ekki gatnagerðargjald af eignarlóðum né leigulóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959. Á tímabilinu 1. júlí 1989 til 30. júní 1990 skal greiða 1/2 gatnagerðargjald af eignarlóðum og lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 4. maí 1984, en eftir 1. júlí 1990 skal greiða af þeim fullt gjald.

Af öðrum lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað skal greiða gatnagerðargjald skv. þeim skilmálum er úthlutun fylgdu.

Felli byggingarnefnd úr gildi byggingarleyfi húss, byggingaráfanga eða stækkunar, skv. ákvæðum byggingarreglugerðar gr. 3. 4. 6., 1. mgr., eftir 1. júlí 1989 skulu gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf.,
Neskaupstað, frá 16. júní 1986 með breytingu frá 21. júlí 1986.

1. gr.

4. gr. 2. og 3. tl. orðist svo:

- 4.2 Fyrirtækið skal á 6 mánaða fresti upplýsa Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðisnefnd Neskaupstaðar skriflega um stöðu mála varðandi undirbúning og uppsetningu lofthreinsibúnaðar fyrir útblástur frá þurrkurum, sbr. 2.10.
- 4.3. Lofthreinsibúnaður til útblásturs frá þurrkurum, er brenni lyktarefnum, sbr. 2.10., skal tekinn í notkun fyrir lok ársins 1990.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fyrir Síldarverksmiðju ríkisins, Seyðisfirði
frá 30. september 1985 með breytingu frá 28. september 1987.

1. gr.

3. gr. 3. og 4. tl. orðist svo:

- 3.3 Fyrirtækið skal á 6 mánaða fresti upplýsa Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Seyðisfjarðar skriflega um stöðu mála varðandi undirbúning og uppsetningu lofthreinsibúnaðar til útblásturs frá þurrkurum, sbr. gr. 2.9.
- 3.4 Lofthreinsibúnaður fyrir útblástur á þurrkurum, er brenni lyktarefnum, sbr. gr. 2.9., skal tekinn í notkun við þá vinnslu, er fram fer eftir 30. mars 1990.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 309/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um Minningarsjóð Kristínar Thoroddsen, útgefin 23. nóvember 1988.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ um Minningarsjóð Kristínar Thoroddsen.

Kristín Ólína Thoroddsen, f. 29. apríl 1894, d. 28. febrúar 1961, var forstöðukona Hjúkrunarskóla Íslands frá stofnun hans árið 1931 til 1949. Nemendur skólans og aðrar hjúkrunarkonur, sem átt höfðu samstarf með Kristínu Thoroddsen, gengust fyrir stofnun þessa minningarsjóðs við andlát hennar, 28. febrúar 1961, í þakklætis- og virðingarskyni fyrir brautryðjendastörf hennar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er gkr. 25 þúsund. Hann má ekki skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim hjúkrunarfræðingum viðurkenningu sem skarað hafa fram úr í hjúkrunarnámi og sýnt sérstaka hæfileika til hjúkrunarstarfa. Verðlaunin skulu vera peningur úr brónsi. Á annarri hlið hans skal vera upphleypt mynd af Kristínu Thoroddsen, gerð eftir lágmynd Sigurjóns Ólafssonar af henni. Á hinni hlið peningsins standi: Verðlaun Kristínar Thoroddsen og nafn nemanda er peninginn hlýtur, ásamt ártali.

Heimilt er að veita hjúkrunarfræðingum styrk til framhaldsnáms úr sjóðnum.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Stjórn hans skipa:

1. Formaður Hjúkrunarfélags Íslands sem er formaður sjóðsstjórnar.
2. Skólastjóri/námsstjóri við framhalds- og endurmenntunardeild hjúkrunarfræðinga.
3. Hjúkrunarforstjóri Landspítalans.
4. Stjórn deildar ellilífeyrisþega Hlífar tilnefni einn aðila.

Sjóðsstjórnin skal annast úthlutun úr sjóðnum. Hún heldur gerðabók um sjóðinn, reikninga hans og annað er varðar hag sjóðsins og starf.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðsstjórn birta endurskoðaða ársreikninga í ársskýrslum Hjúkrunarfélags Íslands.

Endurskoðendur reikninga Hjúkrunarfélags Íslands endurskoða reikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðinn skal efla með minningargjöfum, minningarkortum og öðrum ráðum er sjóðsstjórn telur heppileg.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé hún einhuga um breytinguna.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað fyrri skrár frá 14. desember 1966.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. nóvember 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga í Reykjavík.

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og heitir:

Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga.

Stofnendur eru Landssamtök hjartasjúklinga, Hjartavernd og Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, (SÍBS).

2. gr.

Stofnfé er eftirtalin framlög stofnenda:

Landssamtök hjartasjúklinga	kr. 500 000,00
Hjartavernd	kr. 500 000,00
Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga	kr. 500 000,00

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofnunarinnar aðrar en stofnfé skv. framangreindu.

3. gr.

Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

4. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er að veita hjarta- og lungnasjúklingum eftirfarandi þjónustu:

- endurhæfingu í beinu framhaldi af dvöl á sjúkrahúsi og/eða Vinnuheimilinu að Reykjalundi skv. tilvísun lækna,
- almenna framhaldsendurhæfingu, þar sem fyrrverandi sjúklingum gefst kostur á viðhaldsþjálfun skv. æfingakerfum í samræmi við getu þeirra,
- ráðgjafar- og upplýsingaþjónustu um hjarta- og lungnasjúkdóma, svo og lífnaðarhætti, mataræði, réttindi sjúklinga o.fl.

5. gr.

Tekjustofnar stofnunarinnar eru:

- þóknun fyrir þjónustu þá, sem nefnd er í 4. gr.,
- gjafir og styrktarfé frá stofnendum,
- önnur framlög, sem veitt er viðtöku eða aflað.

6. gr.

Fulltrúaráð stofnunarinnar skipa 17 menn, og eru þeir þannig valdir:

Stofnaðilar tilnefna hver um sig þrjá menn og einn til vara til tveggja ára í senn.

Stjórnnum Landspítala, Borgarspítala, Reykjalundar og Landakotsspítala skal boðið að tilnefna hverjum fyrir sig tvo fulltrúa og einn til vara til setu í ráðinu til tveggja ára. Sinni einhver aðili ekki tilnefningu tilskilins fjölda í ráðið, skulu fulltrúar stofnaðila tilnefna í þeirra stað, svo að ráðið verði fullskipað.

Val fulltrúa í ráðið skal fara fram eigi síðar en í marsmánuði annað hvert ár.

7. gr.

Fulltrúaráðið kýs sér formann til tveggja ára í senn. Hann boðar fundi í því og stýrir þeim. Boða skal til funda á sannanlegan hátt með viku fyrirvara. Varamenn skal boða til funda, ef um kunn forföll aðalmanna er að ræða.

Fundir eru lögmatir ef minnst helmingur fulltrúa mætir.

Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála á fundum ráðsins.

Framkvæmdastjórnarmenn eiga sæti á fundum fulltrúaráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúaráðið skal hafa eftirlit með því að framkvæmdastjórn stofnunarinnar starfi að lögum og í samræmi við skipulagsskrá þessa. Það getur sett almennar reglur um starfstilhögun og rekstur stofnunarinnar innan ramma skipulagsskrár þessarar.

Veita skal ráðinu aðgang að skjölum og gögnum varðandi rekstur stofnunarinnar.

8. gr.

Aðalfund fulltrúaráðs skal halda fyrir 31. maí ár hvert. Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi mál:

- a) skýrslu framkvæmdastjórnar um starfsemina,
- b) endurskoðaða reikninga stofnunarinnar, sem stjórnin leggur fram,
- c) kosningu framkvæmdastjórnar og varamanna til þriggja ára í senn, sbr. 9. gr.,
- d) kosningu endurskoðenda fulltrúaráðs til tveggja ára í senn, ef ráðið óskar þess.

Aukafund skal halda þegar framkvæmdastjórnin óskar þess eða fimm fulltrúar hið fæsta.

9. gr.

Fulltrúaráð kýs hlutbundinni kosningu framkvæmdastjórn stofnunarinnar, sem skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Má enginn þeirra jafnframt vera í fulltrúaráðinu.

Fulltrúaráðið kýs formann stjórnarinnar sérstaklega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér störfum. Varamenn skal jafnan boða á fundi stjórnar og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna.

Stjórnin er ályktunarfær, ef meirihluti hennar mætir. Gerðabók skal haldin á stjórnarfundum.

Fulltrúaráðið ákveður þóknun til stjórnarmanna.

10. gr.

Framkvæmdastjórn ber að starfa samkvæmt skipulagsskrá þessari og lögum nr. 19 frá 1988. Verkefni hennar er:

- a) að stjórna stofnuninni í samræmi við almennar reglur fulltrúaráðsins, sbr. 7. gr.,
- b) að ráða starfsfólk og segja því upp, ákvarða laun þess og önnur starfskjör,
- c) að veita prókúru,
- d) að sjá um fjármál og annast framkvæmdir,
- e) að sjá um reikningshald og reikningsskil og ráða löggiltan endurskoðanda reikninga stofnunarinnar,
- f) að fara með öll önnur störf, sem eðlilegt eða nauðsynlegt er að taka ákvarðanir um eða framkvæma á vegum stofnunarinnar.

11. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari, ef meirihluti fulltrúaráðs samþykkir það á aðalfundi. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra á breytingunni.

Heimilt er að leggja stofnunina niður, ef meirihluti fulltrúaráðs tekur ákvörðun um það á fundi, sem boðaður hefur verið um það mál. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra fyrir því.

Eignum stofnunarinnar skal þá varið til starfsemi í þágu hjarta- og lungnasjúklinga eftir ákvörðun meirihluta fulltrúaráðsins.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 15. nóvember 1988.

F.h. Hjartaverndar

Karl Friðrik Kristjánsson

Stefán Júlíusson

F.h. Landssamtaka hjartasjúklinga

Ingólfur Viktorsson

Haraldur Steinþórsson

F.h. Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga

Hjörtur Ólafur Hallgrímsson

Davíð Gíslason

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Þórarins Sigurðssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 8. desember 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Þórarins Sigurðssonar.

Steinunn Sigurðardóttir, Kleppsvegi 118, Reykjavík, stofnar þennan sjóð til minningar um bróður sinn, Þórarinn Sigurðsson, sem var fyrsti vistmaðurinn sem kom inn á Kópavogshæli, 13. desember 1952, og lést þar 10. apríl 1988.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Þórarins Sigurðssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000,00 er haldast skal óskert.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxta ef unnt er í verðtrygðum spariskírteinum ríkissjóðs eða á annan jafntryggan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé.

20% af árlegum nettótekjum sjóðsins (þ.e. brúttótekjur að frádrögnum stjórnunarkostnaði) skal lagt við höfuðstól.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vistfólk á Kópavogshæli og vistheimilið sjálft í heild eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni. Skal til þess varið 80% af nettótekjum sjóðsins, sbr. 3. gr.

Útborgun styrkja skal fara fram árlega þann 8. nóvember á afmælisdegi Þórarins heitins, í fyrsta sinn 8. nóvember 1990.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn og skulu tveir þeirra vera ættingjar Þórarins heitins, þar af annar þeirra formaður sjóðsstjórnar, og einn frá Kópavogshæli.

Fyrstu stjórn sjóðsins skipa Steinunn Karlsdóttir, kt. 100346-7619, Selbrekku 17, Kópavogi, Þorbjörg Karlsdóttir, kt. 190555-4459, Kvisthaga 17, Reykjavík, og Sigurður Þórgímsson, læknir, kt. 200944-3059, skipaður af Kópavogshæli. Þegar fyrstu stjórnarmenn sem eru ættingjar Þórarins Sigurðssonar láta af störfum, skal stjórnin velja eftirmenn þeirra úr hópi ættingja.

Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma skipar dómsmálaráðuneytið nýja stjórnarmenn.

Dómsmálaráðuneytið getur vikið stjórnarmanni frá störfum ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann gerist sekur um verknað sem að dómi dómsmálaráðuneytisins gerir hann óverðugan til að sitja áfram í stjórn sjóðsins.

Stjórnarmaður skal láta af störfum í sjóðsstjórninni í lok þess mándar er hann verður 70 ára.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum tilnefndum af sjóðsstjórn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur breytt skipulagsskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 21. nóvember 1988.

Steinunn Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um takmörkun á bifreiðastöðum í miðbæ Hafnarfjarðar.

Samkvæmt heimild í a-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Við Strandgötu í Hafnarfirði á kaflanum frá Lækjargötu að Reykjavíkurvegi, svo og í Gunnarssundi neðan Austurgötu, er einungis heimilt að leggja bifreiðum eina klukkustund í senn frá kl. 9:00 árdegis til kl. 17:00 síðdegis mánudaga til föstudaga, nema almennur frídagur sé.

Bann þetta tekur gildi þegar auglýsing þessi hefur birst í Stjórnartíðinum og viðeigandi merki skv. 5. gr. reglugerðar nr. 414 frá 1978 sbr. reglugerð nr. 115/1988 hafa verið sett upp.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 8. desember 1988.

Már Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 332 16. ágúst 1976 um gatnagerðargjöld í Hólmavíkurbreppi.

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald samkv. 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldalagi afborgana er 1. júlí. Vextir og verðtrygging skulu vera í samræmi við kjör Bygðastofnunar á lánum er hún veitir til varanlegrar gatnagerðar.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Heimilt er hreppsnefnd að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af eignum fasteigna sem náð hafa 67 ára aldri og þeim er eiga við sjúkdóm að stríða. Skilyrði fyrir frestun álagningar er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þágildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt, þannig að forsendur frestunarinnar bresti.

4. gr.

12. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald má taka lögtaki í viðkomandi fasteign, og er það tryggt með lögveði í fasteigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurbrepps staðfest-
ist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og að fengnum tillögum
bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Að stöðubann verði á suðurkanti Löngubrekku frá húsi nr. 39 að Álfrólsvogi, einnig á
nordurkanti götunnar frá húsi nr. 32 að Auðbrekku.
2. Að hámarkshraði í Holtagerði frá Urðarbraut að Norðurvör verði 30 km pr. klst.
3. Að biðskylda verði á húsagötur við Álfaheiði gagnvart Álfaheiði aðalgötu (stofngötu).
4. Að biðskylda verði á Álfaheiði gagnvart Hlíðarhjalla.
5. Að biðskylda verði á húsagötur við Hlíðarhjalla gagnvart Hlíðarhjalla (stofngötu).
6. Að biðskylda verði á Heiðarhjalla gagnvart Hlíðarhjalla.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987
og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga, um umferð í
Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 29. nóvember 1988.

Ásgeir Pétursson.

AUGLÝSING

um umferð í Garðabæ.

Samkvæmt heimild í a-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu
bæjarstjórnarinnar í Garðabæ hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Við Vífilsstaðaveg og frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut hinni nýju er óheimilt að
leggja bifreiðum.

Bann þetta tekur gildi þegar auglýsing þessi hefur birst í Stjórnartíðingum og videigandi
merki skv. 5. gr. reglugerðar nr. 414 frá 1978 sbr. reglugerð nr. 115/1988 hafa verið sett upp.

Bæjarfógetinn í Garðabæ, 8. desember 1988.

Már Pétursson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 423/1988, um endurgreiðslu söluskatts af iðgjöldum af ábyrgðartryggingu bifreiða í eigu fatlaðra.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Ellilífeyrisþegar, sem fallið hafa undir skilgreiningu 1. og 2. tölulið 1. mgr., áður en þeir urðu ellilífeyrisþegar (örorkulífeyrisþegar eða örokurstyrkþegar), skulu einnig eiga rétt á endurgreiðslu samkvæmt þessum reglum.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1988, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið varðandi greiðsluhlutverk Tryggingastofnunar ríkisins, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Ásmundur Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um eindaga söluskatts.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 12. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, skal eindagi söluskatts vera annar dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Eindagi vegna nóvembermánaðar skal þó jafnan vera tíu dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag, skal eindagi færast á næsta virkan dag á eftir.

Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 skal reikna fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, en álag skv. 2. tölul. 2. mgr. 21. gr. laganna skal reikna frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir gjalddaga.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 14. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um skráningu ökutækja.

1. gr.

Skráningarskyld ökutæki eru:

- a. bifreiðir,
- b. bifhjól,
- c. torfærutæki,
- d. dráttarvélar,
- e. eftirvagnar sem eru 500 kg eða meira að eigin þyngd og
- f. hjólhýsi og tjaldvagnar.

Sérreglur gilda um

- a. notkun erlendra ökutækja,
- b. notkun ökutækja um stundarsakir og
- c. ökutæki varnarliðs Bandaríkjanna.

2. gr.

Eigandi ökutækis eða sá sem á vegum eigandans hefur umráð þess, t.d. innflytjandi eða framleiðandi, ber ábyrgð á því að ökutæki sé skráð.

3. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. (hér á eftir nefnd Bifreiðaskoðun) annast skráningu ökutækja og heldur skrá yfir ökutæki sem skráð hafa verið.

Í ökutækjaskrá skal færa upplýsingar um ökutækið sjálft og um eiganda þess, svo og um umráðamann ökutækis samkvæmt eignarleigu- eða afnotasamningi sem veitir umráðamanni rétt í tiltekinn tíma, a.m.k. eitt ár.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um það hverjar upplýsingar skuli færðar í ökutækjaskrá.

4. gr.

Pegar skráningarskyld ökutæki er flutt til landsins skal innflytjandi afhenda til ökutækjaskrár gögn þannig að færa megi ökutækið í forskrá. Ökutæki skal þó því aðeins fært í forskrá að líkur séu á, samkvæmt mati Bifreiðaskoðunar, að það uppfylli settar reglur um búnað.

Beiðni um skráningu ökutækis skal leggja fram á eyðublaði sem gert er eftir fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins og Bifreiðaskoðun lætur í té.

Áður en ökutæki verður skráð skal það hafa fengið viðurkenningu Bifreiðaskoðunar (gerðarviðurkenningu eða sérvíðurkenningu). Auk þess skal eigandi ökutækisins eða sá, sem á vegum eigandans hefur umráð þess leggja fram gögn um að ökutækið hafi verið tollafgreitt og tryggt lögmæltri váttryggingu.

5. gr.

Áður en ökutæki er tekið í notkun skal það hafa verið skráð á eiganda, skráningarskírteini gefið út og skráningarkerki fest á það. Ökutæki skulu skráð samkvæmt fastnúmerakerfi, með tveim bókstöfum og þrem tölustöfum, samkvæmt nánari reglum sem Bifreiðaskoðun setur.

Skráningarskyld bifreið má þó, án þess að hún hafi verið skráð, nota til að flytja hana milli staða, til reynsluaksturs eða kynningarstarfsemi eða í sambandi við skráningu. Skal bifreiðin

þá búin reynslumerki sem Bifreiðaskoðun lætur í té. Notkun reynslumerkis í öðrum tilgangi er óheimil.

Bifreiðaskoðun gefur út skráningarskírteini sem gert er eftir fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins. Öðrum en Bifreiðaskoðun er óheimilt að breyta skráningarskírteini eða færa inn á það viðbætur.

6. gr.

Skráð ökutæki skal búð skráningarmerki sem Bifreiðaskoðun lætur í té.

Stafir á skráningarmerkjum ökutækja, öðrum en ökutækjum skv. 13., 14. og 15. gr., skulu vera hinir sömu og fastanúmer hvers ökutækis.

Ökutæki skal bera sama skráningarmerki meðan ökutækið er í sama skráningarflokki í ökutækjaskrá. Verði ökutækið flutt milli skráningarflokka skal skipta um skráningarmerki á því. Sama gildir ef forsendum skráningar ökutækis er breytt.

7. gr.

Skráningarmerki skulu vera úr 1,5 mm þykku áli. Grunnur skal vera með endurskini. Stafir, rönd á brúnum og flötur fyrir skoðunarmiða skulu vera upplýftir. Skráningarmerki af gerð A og B skulu hafa upplýftan flöt fyrir skjaldarmerki sveitarfélags eða sýslu. Efst á skráningarmerkið skal greytt verksmiðjunúmer þess ökutækis sem ber skráningarmerkið.

Gerð skráningarmerkja skal vera sem hér segir:

- a. Stærð 520 x 110 mm, hæð stafa 70 mm og breidd stafleggja 11 mm. Áletrun er í einni röð.
- b. Stærð 280 x 200 mm, hæð stafa 70 mm og breidd stafleggja 11 mm. Áletrun í tveim röðum, bókstafir í þeirri efri en tölustafir í þeirri neðri.
- c. Stærð 240 x 130 mm, hæð stafa 49 mm og breidd stafleggja 7 mm. Áletrun í tveim röðum, bókstafir í þeirri efri en tölustafir í þeirri neðri.

Bifreiðaskoðun ákveður hvaða gerð skráningarmerkis skal nota á ökutæki.

8. gr.

Á bifreið skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Grunnur skráningarmerkis skal vera með hvítu endurskini með stöfunum ÍS í vatnsmerki, en rönd á brúnum blá og stafir bláir.

Nota skal skráningarmerki af gerð A skv. 7. gr. Verði því ekki komið við skal nota skráningarmerki af gerð B eða C eftir því sem við á.

9. gr.

Á bifhjóli skal vera skráningarmerki að aftan. Grunnur skráningarmerkis skal vera með hvítu endurskini með stöfunum ÍS í vatnsmerki, en rönd á brúnum blá og stafir bláir.

Á bifhjólum skal skráningarmerkið vera eins og tilgreint er í 7. gr. og af gerð B. Á léttum bifhjólum skal merkið þó vera af gerð C.

10. gr.

Á dráttarvél skal vera skráningarmerki að aftan. Heimilt er að hafa skráningarmerkið að framan ef því verður ekki með góðu móti komið fyrir að aftan. Skráningarmerkið skal vera eins og kveðið er á um í 7. gr. og af gerð B. Grunnur skráningarmerkis skal vera með hvítu endurskini með stöfunum ÍS í vatnsmerki, en rönd á brúnum blá og stafir bláir.

11. gr.

Á torfærutæki skal vera skráningarmerki að aftan. Heimilt er að hafa skráningarmerkið að framan ef því verður ekki með góðu móti komið fyrir að aftan. Skráningarmerkið skal vera eins og kveðið er á um í 7. gr. og af gerð B. Grunnur skráningarmerkis skal vera með hvítu endurskini með stöfunum ÍS í vatnsmerki, en rönd á brúnum blá og stafir bláir.

12. gr.

Á skráðum eftirvagni og skráðu tengitæki skal vera skráningarmerki að aftan. Skráningarmerkið skal vera eins og á bifreiðum og af gerð A.

Eigandi bifreiðar sem er með samþykktan tengibúnað fyrir eftirvagn eða tengitæki getur fengið eitt skráningarmerki sem ætlað er á ökutækið sem bifreiðin dregur. Skráningarmerkið skal vera með sömu stöfum og skráningarmerki bifreiðarinnar og eins og á bifreiðinni (þó alltaf af gerð A) að öðru leyti en því að upphleypti flöturinn fyrir skoðunarmiða skal vera blár með tveim götum. Þegar eftirvagn eða tengitæki er tengt við bifreið skal þetta auka skráningarmerki bifreiðarinnar vera í grópi aftan á dregna tækinu.

13. gr.

Ökutæki embættis forseta Íslands skulu í stað skráningarmerkis auðkennd með merki forseta Íslands á hvítum fleti, auk númers.

14. gr.

Skráningarmerki á ökutækjum erlendra sendiráða og erlendra sendiráðsmanna, svo og maka þeirra og barna, sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar og eiga ekki lögheimili hér á landi, skulu vera eins og kveðið er á um í 7. gr. Endurskinsflötur skal vera grænn en stafir hvítir og rönd á brúnum hvít. Bókstafirnir skulu vera CD og í stað þriggja tölustafa í almennri skráningu skal vera einn bókstafur og tveir tölustafir samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðuneytið setur. Auk verksmíðjunúmers ökutækisins skal fastanúmerið greypt eftir á skráningarmerkið.

15. gr.

Reynslumerki bifreiða skal vera eins og kveðið er á um í 7. gr. og af gerð A. Endurskinsgrunnur skal vera rauður en rönd á brúnum svört og stafir svartir. Verksmíðjunúmer skal ekki greypt á reynslumerki.

16. gr.

Heimilt er að auðkenna skráð ökutæki með skjaldarmerki kaupstaðar/bæjar eða sýslu á reit sem til þess er ætlaður á skráningarmerki og skal stærð merkis miðast við stærð reitsins. Bifreiðaskoðun lætur merki þessi í té og ákveður gerð þeirra.

17. gr.

Heimilt er að auðkenna ökutæki að aftan íslensku þjóðernismerki. Skráningarskylt ökutæki sem farið er með úr landi skal búið þjóðernismerki að aftan.

Þjóðernismerki skal vera sporöskjulagað, 175 mm á breidd og 115 mm á hæð, með bókstöfunum ÍS. Grunnur merkisins skal vera hvítur og stafir svartir, 80 mm á hæð.

18. gr.

Skráningarmerkjum skal komið fyrir á áberandi stað og þau tryggilega fest. Eigi má hylja þau. Heimilt er þó að hafa skráningarmerki í ramma sem Bifreiðaskoðun lætur í té. Ramminn skal hafa sama lit og stafir skráningarmerkisins.

Skráningarmerki skulu ávallt vera vel læsileg. Skylt er að endurnýja skráningarmerki ef það verður ógreinilegt. Þegar nýtt skráningarmerki er afhent í stað annars skal skila hinu gamla, nema það hafi glatast.

Nú glatast skráningarmerki eða verður ónothæft og skal það þegar tilkynnt skriflega til Bifreiðaskoðunar og nýtt skráningarmerki pantað. Finnist skráningarmerki sem hefur glatast skal því komið til lögreglu eða Bifreiðaskoðunar svo fljótt sem við verður komið.

19. gr.

Skráningarmerki og önnur merki sem ætluð eru á ökutæki má eigi nota með öðrum hætti en fyrir er mælt.

Óheimilt er að festa á ökutæki merki, áletranir eða önnur auðkenni ef hætta er á að villst verði á þeim og heimiludum merkjum.

Óheimilt er að festa á skráningarmerki annað en skoðunarmiða skv. 1. mgr. 7. gr. og merki skv. 16. gr.

20. gr.

Nú verða eigendaskipti að ökutæki og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýji eigandi innan 7 daga senda Bifreiðaskoðun skriflega tilkynningu um eigendaskiptin, en hinn fyrri eigandi skal standa skil á tilkynningunni. Sama á við um breytingu á skráningarskyldum umráðum ökutækis.

Ákveða má að opinber stofnun annist í umboði Bifreiðaskoðunar móttöku á tilkynningu um eigendaskipti.

Eigendaskipti skal tilkynna á eyðublaði sem gert er samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins og Bifreiðaskoðun lætur í té.

21. gr.

Eigandi skráðs ökutækis eða umráðamaður skal tilkynna Bifreiðaskoðun innan 7 daga ef notkun ökutækis er breytt frá því sem greinir í skráningarskírteini.

22. gr.

Lögreglan skal taka skráningarmerki af ökutæki ef lögmælt váttrygging ökutækisins er fallin úr gildi, sbr. reglugerð um ábyrgðartryggingu ökutækja o.fl.

Lögreglan getur einnig tekið skráningarmerki af ökutæki

- a. ef vanrækt hefur verið að tilkynna eigendaskipta að ökutæki,
- b. ef ökutæki er ekki fært til skoðunar þegar krafist er,
- c. ef umferðaröryggi, stafar hætta af ökutæki,
- d. ef vanrækt er að greiða þungaskatt af ökutæki eða bifreiðagjald samkvæmt reglum þar um.

Skráningarmerki sem tekið er af ökutæki skal afhent Bifreiðaskoðun sem varðveita skal merkið í allt að þrjá mánuði án gjalds. Sama er ef eigandi ökutækis leggur skráningarmerki inn til geymslu.

23. gr.

Nú vill eigandi skráðs ökutækis fá það afskráð og skal það því aðeins gert að Bifreiðaskoðun telji ökutækið í þannig ásigkomulagi að því verði ekki með góðu móti komið í lögmælt ástand.

Bifreiðaskoðun er heimilt að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda þess ef það uppfyllir ekki settar reglur um öryggisbúnað og vart er talið mögulegt að koma ökutækinu í lögmælt ástand. Tilkynna skal skráðum eiganda um afskráninguna.

Pegar ökutæki er afskráð skal eigandi þess afhenda Bifreiðaskoðun skráningarmerkin án endurgjalds.

Bifreiðaskoðun skal halda sérstaka skrá yfir ökutæki sem hafa verið afskráð.

24. gr.

Nú hefur ökutæki verið afskráð en eigandi þess vill fá það skráð að nýju, og skal hann þá senda Bifreiðaskoðun skriflega umsókn um það. Bifreiðaskoðun skal skoða ökutækið sérskoðun og meta ástand þess. Komi í ljós að það uppfylli allar kröfur sem gerðar eru um gerð og búnað ökutækja frá þeim tíma þegar ökutækið var skráð í fyrsta sinn að viðbættum þeim afturvirkum kröfum um búnað ökutækja sem settar hafa verið síðan og eiga við þá gerð ökutækja, skal Bifreiðaskoðun skrá ökutækið að nýju.

25. gr.

Taki Bifreiðaskoðun við skráningarmerkjum til geymslu eða verði ökutæki afskráð skal afhenda eiganda ökutækisins límmiða með áletrun fastanúmeri ökutækisins og, eftir því sem við á, áletrun um frá hvaða tíma skráningarmerki eru lögð inn eða ökutækið afskráð. Þennan miða skal eigandi ökutækisins líma á áberandi stað í ökutækið samkvæmt nánari fyrirmælum Bifreiðaskoðunar.

26. gr.

Ökutæki sem skráð hafa verið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar mega áfram bera skráningarmerki af eldri gerð, enda séu merkin heil og vel læsileg.

Óski eigandi slíks ökutækis að fá á ökutæki sitt skráningarmerki samkvæmt þessari reglugerð skal afhenda honum slík merki, enda ber honum þá að afhenda Bifreiðaskoðun eldri merki án endurgjalds.

Ökutæki sem falla undir ákvæði 14. gr. skulu bera skráningarmerki samkvæmt þessari reglugerð frá 1. mars 1989.

Hafi skráningarmerki skráðs ökutækis verði athent Bifreiðaeftirliti ríkisins til geymslu fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal varðveita þau án gjalds til 31. mars 1989 enda séu þau heil og vel læsileg.

27. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gjald fyrir skráningu ökutækja, þ. á m. skráningu eigendaskipta og fyrir skráningarmerki.

Að öðru leyti fer um gjald fyrir starfsemi Bifreiðaskoðunar Íslands hf. samkvæmt gjaldskrá sem félagið setur og ráðherra staðfestir.

28. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. janúar 1989.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 269 2. júní 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. desember 1988.

Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir A B C – hjálparstarf, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. desember 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir ABC–hjálpstarf.

I. KAFLI

1. gr.

ABC – hjálparstarf er sjálfseignarstofnun með heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

A B C – hjálparstarfið er rekið á kristilegum grunni einkum með það boðorð í huga að okkur ber að elska náungann eins og okkur sjálf.

A B C – hjálparstarfið mun leita eftir samstarfi og stuðningi kristinna einstaklinga og safnaða, einnig annarra þeirra sem vilja leggja málefnum A B C – hjálparstarfs lið.

3. gr.

Tilgangur starfseminnar er að gera fólk sjálfbjarga og efla fólk í að hjálpa sér sjálft. Þótt tilgangur hjálparstarfsins sé ekki hugsaður sem neyðarhjálp þá er stofnuninni heimilt að taka slíkt að sér, sérstaklega ef það er liður í að gera þá sem slíka aðstoð fá sjálfbjarga og færa um að hjálpa sér sjálfir eftirleiðis.

4. gr.

Einn aðalþátturinn í starfsemi A B C – hjálparstarfsins er fólgin í að kenna fólki að lesa og skrifa og í fræðslustarfsemi ýmiskonar.

A B C – hjálparstarf mun leitast við að starfa í nánnum tengslum og samstarfi við landsmenn í hverju landi sem starfað er í svo framarlega sem starf það sem fyrir er í viðkomandi landi samræmist markmiðum og tilgangi A B C – hjálparstarfs.

II. KAFLI

5. gr.

Æðsta vald í málefnum stofnunarinnar er stjórn hennar.

Stjórnin skal skipuð 7 mönnum sem valdir eru af undirbúningshópi.

Stjórnarmenn eru kosnir í 2 ár í senn.

Leitast skal við að endurnýja stjórnina með því að skipta inn nýjum stjórnarmanni ekki sjaldnar en á 2ja ára fresti.

Heimilt er að endurkjósa stjórnarmeðlimi eins oft og þurfa þykir.

Meirihluta stjórnar þarf til að samþykkja nýjan mann í stjórn.

Til að víkja manni úr stjórn þarf atkvæði 5 stjórnarmeðlima.

6. gr.

Stofnfé A B C - hjálparstarfs skal vera eitthundrað og fimmtíuþúsund krónur.

7. gr.

Á stjórnarfundum ræður meirihluti atkvæða og hefur stjórnarformaður odda atkvæði.

8. gr.

Stjórnarfundir eru lögmætir þegar 4 mæta og löglega er til þeirra boðað. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að skipa varamenn í stjórn að fengnum tillögum frá 4 stjórnarmönnum þótt slík ákvörðun hafi ekki verið tekin á formlegum stjórnarfundum.

Með einfaldri samþykkt getur stjórn A B C - hjálparstarfs sett varamenn af.

9. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

10. gr.

Stjórnin skal halda fundargerðarbók þar sem fram skulu koma allar ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnarinnar. Fundargerðarþókin skal vera innbundin með tölusettum síðum.

III. KAFLI

11. gr.

Samþykktum þessum verður breytt ef 5 stjórnarmenn samþykkja breytingarnar.

IV. KAFLI

12. gr.

A B C – hjálparstarfið hyggst afla fjár með því að leita eftir frjálsum framlögum og ýmis konar fjáröflunarstarfsemi.

13. gr.

Stjórn A B C – hjálparstarfsins skal tryggja að almenningur fái ávallt öruggan aðgang að upplýsingum um fjármál stofnunarinnar t.d. með útgáfu fréttabréfs.

Skylt er stofnuninni að upplýsa hvernig verðmæti sem henni hlotnast eru metin til fjár og eftir hvaða aðferðum hún flokkar útgjöld í rekstrarútgjöld og hjálparstarf.

V. KAFLI

14. gr.

Skylt er stofnuninni að halda bókhald skv. reglum þeirra bókhaldslaga sem gilda á hverjum tíma.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

15. gr.

Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma.

16. gr.

Verði A B C – hjálparstarf lagt niður þarf atkvæði 5 stjórnarmeðlima til samþykktu slíkrri ákvörðun og renna þá eiga þess til annars hjálparstarfs skv. nánari ákvörðun stjórnar A B C – hjálparstarfs og ræður einfaldur meirihluti atkvæða þar um. Leita ber samþykkis ráðuneytis verði A B C – hjálparstarf lagt niður.

VI. KAFLI

17. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð um útlvarp skv. tímabundnum leyfum
nr. 511/1986 sbr. reglugerð nr. 607/1987.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Öll leyfi til útlvarps sem veitt eru fyrir árslok 1989 eða endurnýjuð fyrir þann tíma skulu renna út 31. desember 1989.

Sá sem hefur leyfi til útlvarps á þessu tímabili skal greiða hlutfallslegt leyfisgjald sem skal miðast við gildistíma leyfisins.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 7. desember 1988.

Svavar Gestsson.

Pórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir
Íslenskrar Getspár nr. 410/1988.**

1. gr.

1. mgr. 12. liðar 2. gr. orðist svo: Útdráttur vinninga fer fram opinberlega á laugardegi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar Getspár að viðstöddum fulltrúa hennar og undir eftirliti fulltrúa dómsmálaráðuneytisins. Beri laugardag upp á hátíðisdag er heimilt að framkvæma útdrátt næsta virka dag á undan.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26/1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1988.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

21. desember 1988

1307

Nr. 527

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 305 14. júní 1988 um búmark og fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1988–1989.

1. gr.

1. mgr. 18. gr. orðist svo:

Framleiðanda er óheimilt að ráðstafa fullvirðisrétti fyrir verðlagsárið 1988–1989 til annars framleiðanda eða lögbýlis eða leggja afurðir inn í afurðastöð á annars nafni. Þó eru heimil skipti framleiðenda á fullvirðisrétti í sauðfé og mjólk með samþykki viðkomandi búnaðarsambands. Þeir samningar um ráðstöfun fullvirðisréttar milli framleiðenda, sem samþykktir hafa verið af viðkomandi búnaðarsambandi fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu halda gildi sínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. desember 1988.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

21. desember 1988

Nr. 528

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 440 15. september 1988 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1989–1990.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Framleiðanda er óheimilt að ráðstafa fullvirðisrétti jarðar og tilsvarandi búmarki til annars framleiðanda eða lögbýlis eða leggja afurðir inn í afurðastöð á annars nafni. Þó eru heimil skipti framleiðenda á fullvirðisrétti í sauðfé og mjólk með samþykki viðkomandi búnaðarsambands. Þeir samningar um ráðstöfun fullvirðisréttar milli framleiðenda, sem samþykktir hafa verið af viðkomandi búnaðarsambandi fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu halda gildi sínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. desember 1988.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

Þ 92

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Líknar- og minningarsjóð um hjónin Kristjönu Pálinu Kristjánsdóttur og Halldór Þorsteinsson frá Vörum, Garði, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 12. desember 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknar- og minningarsjóð um hjónin Kristjönu Pálinu Kristjánsdóttur og Halldór Þorsteinsson frá Vörum, Garði.

1. gr.

Sjóðurinn er til minningar um hjónin Kristjönu Pálinu Kristjánsdóttur f. 2. nóvember 1886 d. 1. ágúst 1975 og Halldór Þorsteinsson f. 22. febrúar 1887 d. 3. janúar 1980 frá Vörum í Garði.

2. gr.

Sjóðinn stofna hjónin Steinunn Sigurðardóttir og Vilhjálmur Halldórsson frá Brekku í Garði. Stofnfé skal vera kr. 300 000,00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ættingja hjónanna frá Brekku, sem eru þá líka ættingjar hjónanna frá Vörum, vegna erfiðleika. Upphæð styrkja og fyrirkomulag styrkveitinga ákveður stjórn sjóðsins hverju sinni. Aldrei skal veita hærri styrk, en svo að eftir standi raunvirði stofnfjár sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum. Í fyrstu stjórn eru: Kristjana Vilhjálmsdóttir, Garðbraut 47, Garði, formaður, tveir meðstjórnendur tilnefndir af formanni, þær Steinunn Vilhjálmsdóttir, Bröttugötu 24, Vestmannaeyjum og Stefanía Vilhjálmsdóttir, Merkur götu 2, Hafnarfirði. Við val stjórnar skal þess ávallt gætt, að í henni verði einungis ættingjar hjónanna frá Brekku, eða löglegir makar þeirra. Verði því einhverntíma ekki við komið, getur stjórn sjóðsins tilnefnt einhverja sem hún telur hæfa.

5. gr.

Stjórn sjóðsins velur sér jafnmarga varamenn úr þeim hópi ættmenna og/eða venslafólks, sem fyrr greinir sbr. 4. gr. Tilnefning varamanns skal samþykkt af öllum stjórnarmönnum með formlegri, staðfastri bókun, svo gild sé. Stjórnin getur breytt eða skipt um varastjórn hvenær sem hún kys.

6. gr.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt, í verðtryggðum bankareikningum, verðbréfum, fasteignum eða á annan hátt, sem stjórn sjóðsins telur hagkvæmastan á hverjum tíma. Stjórn sjóðsins skal árlega gera rekstrar- og efnahagsreikning fyrir sjóðinn. Og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum, áheutum og öðrum slíkum gjöfum, sem einstaklingar og félög fyrr og síðar vilja leggja fram. Allt það fé leggst við höfuðstól sjóðsins sem stofnfé. Breytingar á skipulagsskrá þessari eru leyfilegar, ef stjórn sjóðsins og varamenn hennar eru allir sammála um þær. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Útskálakirkju.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 1988

23. desember 1988

1309

Nr. 530

AUGLÝSING

um skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 62 24. maí 1988, hefur verið ákveðið að Bifreiðaskoðun Íslands hf. skuli frá 1. janúar 1989 að telja taka við hlutaverki Bifreiðaeftirlits ríkisins og annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, þ. á m. álestur ökumæla, allt samkvæmt reglum sem um framkvæmd þessara verkefna gilda hverju sinni.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. desember 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Ólafur W. Stefánsson.

23. desember 1988

Nr. 531

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 523 15. desember 1988.

1. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði reglugerðarinnar um ný skáningarmerki taka gildi 27. desember 1988.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. desember 1988.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 289/1988, um jöfnunarálag
á innflutt hús og húshluta.**

1. gr.

A- og B-liðir 1 mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

A. Af vörum í tnr. 4418.9001, 6810.9100, 7308.9001, 7610.9002 og 9406.0009 greiðist 10% gjald.

B. Af vörum í tnr. 9406.0001 greiðist 5% gjald.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 120. gr. laga nr. 55/1987, tollalaga, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 142/1988 um jöfnunargjald.**

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer bætast við upptalningu 1. gr. reglugerðarinnar:

1806.9003	3921.1902	7019.9003	8523.1202
2102.3001	3925.9001	7322.1902	8523.1302
2102.3009	3925.9009	7615.1001	9507.9011
2106.9041	4823.9005	8523.1102	9507.9090
2106.9042			

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr 1. gr. reglugerðarinnar:

21.02.3000
2106.9032
2106.9033
3925.9000
9507.9000

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 3. og 4. gr. laga nr. 78/1980, um jöfnunargjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 71 — 1988

13. desember 1988

1311

Nr. 534

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnu-
rekstur sem getur haft í för með sér mengun.**

1. gr.

Við 1. tl. 1. gr. bætist nýr tl. er verður 22. tl. og orðist svo:

22. Móttökustöðvar, þar sem fram fer flokkun, böggun og önnur meðhöndlun á úrgangi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

13. desember 1988

Nr. 535

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir sorpeyðingarstöð Suðurnesja.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar- og verslunarsorpi í sorpeyðingarstöð Suðurnesja.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórn getur ákveðið í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í nýtingarskyni.
- 2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.

- 2.3. Leitast skal við að flokka úr sorpinu efni og hluta sem geta valdið mikilli mengun við bruna og eru því óæskileg í reyknun, öskunni og öðru því sem frá sorpbrennslunni kemur. Hér er átt við efni og hluti sem innihalda kadmíum, blý, kvikasilfur, klór o.fl.
- 2.4. Takmarka skal brennslu á bíldekkjum og stærri plasthlutum svo sem kostur er á og leita leiða til endurnýtingar.
- 2.5. Ekki er leyfð urðun á ösku, ryki úr hreinsibúnaði eða öðrum úrgangi frá brennslunni á athafnasvæði sorpbrennslustöðvarinnar. Ef nauðsyn er á að geyma ösku, ryk og slíkt tímabundið á athafnasvæði stöðvarinnar skal það gert þannig að ekki fjúki úr öskunni, né kælivatn eða annað sigvatn renni í jarðveginn.
Mælt er með að ofanefnt sé geymt í þar til gerðum lokudum gámum.
Einungis skal urða ösku, ryk og annan úrgang úr brennsluofni á stað sem mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins hafa samþykkt til þeirrar notkunar og hefur í framhaldi af því fengið staðsetningar- og starfsleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.
- 2.6. Frá stöðinni má ekki stafa óeðlilega slæm lykt. Til að koma í veg fyrir þetta þarf að halda undirþrýstingi í losunarturni. Soglofti skal blásið í sorpbrennsluofn eða í reykhláf.
- 2.7. Úrgang, sem kann að berast frá sorpeyðingunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar, skal hreinsa upp reglulega.
- 2.8. Sérstakur staður skal vera fyrir brotamálma innan girðingar stöðvarinnar, en ekki er leyfilegt að brotamálmar verði urðaðir, heldur leitast við að þeir fari til brotamálmsvinnslu eftir því sem tók eru á.
- 2.9. Leiðbeiningarskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram.
- 2.10. Koma skal upp jarðvegshólum til að byrgja sýn inn á athafnasvæði sorpeyðingarstöðvarinnar.
- 2.11. Á hverri vinnuvakt í stöðinni skal vera vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði stöðvarinnar, hér með talið skráningu upplýsinga, virkni hreinsibúnaðar ásamt þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa.
- 2.12. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

3. Eftirlit og gildistaka.

- 3.1. Starfsemi sorpeyðingarstöðvarinnar fellur í annan gjaldskrárflokk skv. gjaldskrá nr. 355/1986.
- 3.2. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér megnun, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. nú lög nr. 81/1988 með sama heiti, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um sölu og meðferð skotelda.

1. gr.

Með skoteldum er í reglugerð þessari átt við flugelda, reyk-, táragas- og hvellsprengjur og ýmiss konar skrautelda.

2. gr.

Enginn má flytja til landsins í söluskyni skotelda nema með leyfi lögreglustjórans í Reykjavík, er hefur á hendi yfirumsjón af hálfu lögregluvirkvalda með innflutningi skotelda til landsins.

Í leyfisumsókn skal tilgreina framleiðslustað skotelda og eiginleika þeirra, svo sem tegund, stærð og samsetningu, þ.á.m. hvort notkun skotelda hefur í för með sér sprengingu, ásamt upplýsingum um hvort skoteldur gefur frá sér rautt ljós eða appelsínugulan reyk við notkun.

Lögreglustjóri getur krafist þess, áður en hann tekur afstöðu til umsóknar um innflutningsleyfi á skoteldum, að innflytjandi láti honum í té sýnishorn af fyrirhuguðum innflutningi, sem lögreglustjóri rannsakar eða lætur rannsaka á kostnað innflytjanda.

Óheimilt er að tollafgreiða greindar vörur fyrir en leyfi liggur fyrir.

Synji lögreglustjóri innflytjanda um innflutningsleyfi á skoteldum, getur innflytjandi skotið þeirri ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra.

3. gr.

Enginn má versla með skotelda í smásölu nema hann hafi til þess leyfi frá hlutaðeigandi lögreglustjóra og uppfylli að öðru leyti skilyrði laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félögum leyfi til þess að selja skotelda í smásölu, enda þótt þau hafi ekki verslunarleyfi.

Aðeins skal veita þeim leyfi til sölu skotelda í smásölu, sem hafa til umráða fullnægjandi húsnæði til geymslu skoteldanna að mati hlutaðeigandi lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra.

Lögreglustjóri getur hvenær sem er og án sérstakrar heimildar krafist þess að fá aðgang að húsnæði þar sem verslað er með skotelda eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar. Heimilt er lögreglustjóra að taka sýnishorn af vörum þessum í sína vörslu til þess að rannsaka eða láta rannsaka eiginleika þeirra.

Nú er húsnæði, framleiðsluháttum eða vörslu varanna ábótavant að mati lögreglustjóra, og getur hann þá til bráðabirgða lagt hald á skotelda eða sprengiefni, enda geri hann dómsmálaráðuneytinu tafarlaust viðvart um þá framkvæmd.

4. gr.

Skylt er innflytjanda skotelda að sjá um að allar tegundir skotelda, sem hann flytur til landsins og selur, séu með álímdum eða áþreintuðum leiðbeiningum á íslensku, þar sem fram komi stutt lýsing á eiginleikum skoteldanna og hvernig beri að nota þá þannig að sem minnst hættu stafi af. Þar skal sérstaklega tekið fram ef óráðlegt þykir, að börn eða unglingar innan 16 ára meðhöndli þá. Lögreglustjóri getur heimilað að minnstu og einföldustu tegundir skotelda verði ekki merktar, enda verði dreift vönduðum og skýrum leiðbeiningabæklingi til kaupenda.

Bannað er að selja eða afhenda þá barni eða unglingi innan 16 ára, ef slíks er getið í leiðbeiningunum.

Öll sala á skoteldum til barna yngri en 12 ára er óheimil.

5. gr.

Óheimilt er að flytja inn og selja svokallaða „kínverja“, rey- og lyktarsprengjur ýmiss konar og sprengikúlur. Einungis skal heimilt að flytja inn og selja svonefndar „púðurkerlingar“, „tívolíbombur“, „stór rómversk kerti“ (big roman candles), „loftsprengjur“ (air bombs), „Flower Pots“ og „Air Travel“, til aðila er standa fyrir flugeldasýningum og lögreglustjóri hefur heimilað í því sambandi. Óheimilt er að flytja inn og selja alla aðra þá skotelda, hverju nafni sem nefnast, sem er skotið eða kastað og springa á jörðu niðri og geta verið hættulegir heilsu manna sökum sprengikrafts.

Óheimilt er að breyta á nokkurn hátt skoteldi, þannig að hann hljóti aðra eiginleika en framleiðandi hans ætlaðist til.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hverju sinni, með umburðarbréfi til allra lögreglustjóra, hvort ástæða er til að banna frekar innflutning og sölu á tilteknum tegundum skotelda.

Árlega skal lögreglustjórinn í Reykjavík halda fund með innflytjendum og skal síðan útbúinn listi yfir þær vörur sem bannaðar eru.

6. gr.

Almenn notkun og sala skotelda til almennings er óheimil, nema á tímabilinu 27. desember til 6. janúar, að báðum dögum meðtöldum, nema með leyfi lögreglustjóra. Þó er aðeins heimilt að skjóta upp eldri neyðarflugeldum, sé ekki um raunverulega neyð að ræða, á gamlárskvöldi og þrettándakvöldi fram til kl. 01.00 eftir miðnætti.

Heimilt er lögreglustjórum að veita leyfi til flugeldasýninga í tengslum við hátíðahöld eða aðra skemmtistarfsemi, þar sem almenningi er heimilaður aðgangur.

Undanþegnir hinu almenna banni um notkun skotelda á ofangreindu tímabili eru slysavarnarfélög og önnur hjálpar- og björgunarsveitarsamtök, ef notkun skoteldanna er liður í þjálfun meðlima þeirra eða annarra aðila, er þurfa starfa sinna vegna að kunna skil á meðferð skotelda í neyðartilvum. Jafnframt skal tilkynna lögreglu um slíkar æfingar.

7. gr.

Leyfi til að geyma skotelda veitir lögreglustjóri að fenginni umsögn slökkviliðsstjóra.

Á geymslustað eða verslunarstað er skylt að hafa við höndina handslökkvitæki eða annan slökkvibúnað sem kveðið er á um í reglum um brunavarnir.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum samkvæmt VII. kafla laga nr. 46/1977.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda og tekur gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 258 7. desember 1964 um sölu og meðferð á flugeldum og öðrum skoteldum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1988.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.

S A M Þ Y K K T

um stjórn bæjarins Hafnar í Hornafirði og fundarskóp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Hafnar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Hafnar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiddir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júniflok ári hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ári hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar, og skulu fundir hefjast kl. 16.30 nema bæjarstjórn ákveði annað. Bæjarstjóri í samráði við forseta getur þó ákveðið að fella niður fundi eða halda aðeins einn fund í janúar og desember.

Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar, og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar, og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og bæjarritara.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórnna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef meirihluti viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins og fyrirtækja hans.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin í tæka tíð til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa er jafnframt skylt að tilkynna varamanni sínum forföll sín. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi og skal þá tilkynna það bæjarstjóra ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

26. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

27. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

28. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreidir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráða eða stjórna eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstæða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

33. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokudum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

35. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. - Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviseksemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjólum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

42. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að

viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

43. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

44. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig, að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI

Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skyld er bæjarstjórn að gefa fulltrúa þessara flokka/framboðsaðila, sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn, en ekki bæjarráði, kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma, sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

49. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi hálfsmánaðarlega. Fundardagur og tími skal ákveðinn í upphafi hvers kjörtímabils. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

50. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Aukafundi er heimilt að boða með styttri fyrirvara. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

51. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarritari er ritari bæjarráðs en í forföllum hans tilnefni formaður ritara í hans stað. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þær geta átt við.

52. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutadeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Bæjarráð annast ráðningar helstu starfsmanna bæjarins sbr. 66. gr. 2. mgr. þessarar samþykktar. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

53. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

54. gr.

Bæjarstjórn kýs formenn og varaformenn nefnda, nema lög kveði á um annað.

Ákvæði þessarar greinar tekur ekki til þeirra nefnda, þar sem önnur sveitarfélög en Höfn eiga einnig fulltrúa.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það.

Formaður nefndar eða varaformaður í forföllum hans boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

55. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins, ef hún telur þess þörf. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

57. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í ráðum, nefndum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

58. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

59. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Á fyrsta fundi nefndar skal kjörinn ritari, sem færa skal fundargerð í gerðabók. Með leyfi bæjarstjórnar getur nefnd þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

60. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar, sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð send bæjarstjóra í sérstöku erindi og lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

61. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. **Bæjarráð.** Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. **Skoðunarmenn.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. **Kjörstjórn við alþingiskosningar.** Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis.
4. **Fulltrúi og varafulltrúi á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Austurlandskjördæmi** skv. 4. gr. laga Samtaka sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi samþykktum 25. og 26. ágúst 1983.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. **Almannavarnanefnd.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. **Atvinnumálanefnd.** Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnumálanefnd fylgist með atvinnumálum bæjarins og gerir tillögur til bæjarstjórnar. Atvinnumálanefnd annast verkefni stjórnarnefndar vinnumiðlunar skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
3. **Áfengisvarnarnefnd.** Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
4. **Barnaverndarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
5. **Byggingarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
6. **Félagsmálanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd annast störf þau, sem framfærslunefnd eru falin skv. 26. gr. framfærslulaga nr. 80/1947. Jafnframt hefur félagsmálanefnd eftirlit með stjórn og rekstri leikvalla, dagvista og öldrunarmála.
7. **Hafnarstjórn.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
8. **Heilbrigðisnefnd Austur-Skaftafellssýslu.** Þrír fulltrúar og þrír til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
9. **Húsaleigunefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
10. **Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
11. **Menningarnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk menningarnefndar er að efla listir og vísindi, þjóðleg fræði, standa fyrir sýningum og flutningi verka.
12. **Óslandsnefnd.** Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara í Óslandsnefnd. Óslandsnefnd hefur umsjón og eftirlit með fólkvanginum í Óslandi skv. auglýsingu nr. 427/1982.
13. **Skipulagsnefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Skipulagsnefnd hefur forgöngu um gerð skipulagstillagna, fjallar um skipulagstillögur er henni berast og hefur eftirlit með því að skipulagsákvæði séu haldin.
14. **Skólanefnd grunnskóla.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 17.-18. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.
15. **Stjórn Hafnardeildar Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórn Hafnardeildar fjallar sérstaklega um málefni Hafnardeildar Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu og hefur eftirlit með rekstri hans.
16. **Stjórn sjúkrasamlags Austur-Skaftafellssýslu.** Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.
17. **Stjórn bókasafns.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
18. **Stjórn héraðsnefndar Austur-Skaftafellssýslu.** Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara.
19. **Veitunefnd.** Þrír aðalfulltrúar og jafnmargir til vara. Veitunefnd fer með málefni hitaveitu skv. reglugerð nr. 184/1988 og vatnsveitu skv. reglugerð nr. 61/1982.
20. **Stjórn verkamannabústaða.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 53. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnaðisstofnun ríkisins.
21. **Umferðarnefnd.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Umferðarnefnd hefur forgöngu um skipulag umferðarmála í samráði við skipulagsnefnd og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.
22. **Umhverfismálanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfisnefnd annast störf gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og náttúruverndarnefndar skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971.

23. **Æskulýðs- og íþróttanefnd.** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur eftirlit með æskulýðs- og íþróttastarfi á vegum bæjarins.
24. **Fulltrúi á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.** Einn aðalamaður og einn til vara.
25. **Einn forðagæslumaður** og annar til vara sbr. heimild í 2. mgr. 54. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973.
26. **Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.** Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.

62. gr.

Bæjarstjórn getur kosið sérstakar starfsnefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður í lok kjörtímabils og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

63. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín samkvæmt reglum, sem bæjarstjórn setur, nema annað sé tekið fram í lögum eða reglugerðum.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins:

64. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði.

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli það öðrum.

Bæjarstjóra er skylt að hafa ákveðinn viðtalstíma, sem auglýstur er á skrifstofu bæjarins.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarritara og veitir honum lausn frá störfum.

Bæjarstjóri í samráði við bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn og veitir þeim lausn frá störfum nema bæjarráð ákveði annað eða að vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Fastar stöður skulu auglýstar til umsóknar á opinberum vettvangi nema bæjarráð heimili annað. Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í stöður hjá bænnum.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 4. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

Bæjarstjóri ræður lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana eftir reglum, sem bæjarráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

67. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skulu talin föst störf hjá bænum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

VII. KAFLI

Gildistökuákvæði

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema að undangenginni umræðu á tveimur fundum í bæjarstjórn Hafnar, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi 31. desember 1988, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn hreppsmála Hafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu nr. 333/1983.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1989 til og með 15. febrúar 1989 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 65°12' 48 N – 24°34' 41 V
2. 65°21' 37 N – 24°27' 50 V
3. 65°11' 28 N – 23°46' 05 V
4. 65°07' 18 N – 24°14' 04 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. desember 1988.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

SAMPYKKT

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Skv. heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. grein skipulagslaga nr. 19. 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum.

Aðalstræti 26a	lóð, íbúðarhús	Sveinn Falsson Gunnfríður Magnúsdóttir Ingibjörg Kristjánsdóttir
Aðalstræti 37	iðnaðarhús	Steinþór Friðriksson Trésmíðav. Reynir
v/Aðalstræti	lóð, skúr	Kjartan Guðmundsson Niels Guðmundsson Sigurður Guðmundsson Sæmundur Guðmundsson
Árnagata	vöruskemma	Rörverk hf.
Ásgeirsgata	vöruskemma	Eimskipafélag Íslands
Austurvegur 14	íbúðarhús	Petrína Georgsdóttir Jón Hansson
Brunngata 7	lóð, íbúðarhús	Lífeyrissj. Vestf.
v/Brunngötu	lóð	Db. M. Bernharðssonar
Dagverðadalur	sumarbústaður	Haraldur Jónsson
Dagverðadalur	sumarbústaður	Brynjólfína Jenssen
Dagverðadalur	sumarbústaður	María Sigurðardóttir
Dagverðadalur	sumarbústaður	Sigtryggur Jörundsson
Dagverðadalur	sumarbústaður	Hjördís Óskarsson
Dagverðadalur	sumarbústaður	Bæring Jónsson
Dagverðadalur	sumarbústaður	Ólöf Kristjánsdóttir
Dagverðadalur	sumarbústaður	Sigurður Sigurðsson
Dagverðadalur	sumarbústaður	Pórir Sigurðsson
Dagverðadalur	sumarbústaður	Guðm. E. Guðmundsson
Dagverðadalur	sumarbústaður	Oddur Pétursson
v/Djúpveg	iðnaðarhús	Kofri hf.
v/Djúpveg	iðnaðarhús	Gunnar og Ebeneser
v/Djúpveg	geymsla	Gunnar og Ebeneser
Eyrahlíð	fiskhjallur 2 stk.	Eyjólfur G. Ólafsson
Eyrahlíð	fiskhjallur 1 stk.	Óskar Þórarinsson
Eyrahlíð	fiskhjallur 1 stk.	Anton Ingibjartsson
Eyrahlíð	fiskhjallur 1 stk.	Matthías Vilhjálmsson
Eyrahlíð	fiskhjallur 1 stk.	Ole N. Olsen
Eyrahlíð	fiskhjallur 1 stk.	Guðni Ingibjartsson
Eyrahlíð	fiskhjallur 1 stk.	Finnbogi Jónsson
Eyrahlíð	fiskhjallur 1 stk.	Ágúst Einarsson
Eyrahlíð	fiskhjallur 2 stk.	Óskar Þórarinsson
Eyrahlíð	fiskhjallur 1 stk.	Matthías Vilhjálmsson
Eyrahlíð	fiskhjallur 1 stk.	Magnús Eliasson

Eyrarhlíð	fiskhjallur 1 stk.	Arnór Sigurðsson Hermann Sigurðsson Eyjólfur G. Ólafsson
Eyrarhlíð	fiskhjallur 1 stk.	
Engjavegur 3	íbúðarhús	Guðrún Jónsdóttir
Fjarðarstræti 14	lóð, íbúðarh., skúrar	Guðmundur Árnason Hjalti M. Hjaltason
Fjarðarstræti 16	iðnaðarhús, bílsk.	Efnal. Albert Óli Reynir Ingimarsson
Fjarðarstræti 18	lóð, íbúðarhús	Jón Kristjánsson
Fjarðarstræti 20	iðnaðarh. bílskúr	Ísafjarðarsöfnuður Skátafélagið Hilmar og Sigmundur Helgi Geirmundsson Kaupfélag Ísfirðinga Gunnlaugur Jónasson Vigur hf.
Fjarðarstræti 20a	iðnaðarh. bílskúr	Hvítasunnusöfnuður Kristján B. Sigmundsson Þorgils Árnason Þorgils Árnason Jónína E. Þorvarðardóttir Guðbjartur Ólafsson Héðinn Ólafsson Ásgeir Vilhjálmsson Höskuldur Guðmundsson Valgerður Pálmadóttir
Fjarðarstræti 20b	iðnaðarh.	Jóhann Benediktsson
Fjarðarstræti 24	íbúð, félagsheimili	Margrét Leósdóttir
Fjarðarstræti 32	lóð, íbúðarhús	Skóverslun Leós
Fjarðarstræti 32	lóð, íbúðarhús	Jónas Magnússon Vilberg Vilbergsson
Fjarðarstræti 32	bílskúr	Db. Ástu Eggertsdóttur
Fjarðarstræti 38	lóð, íbúðarhús	Jónas Magnússon Vilberg Vilbergsson Jóhann Eiríksson
Fjarðarstræti 51	íbúðarhús	Gunnar Þórðarson
Fjarðarstræti 5	verslunarhús	Kristján Jónsson
Fjarðarstræti 11	lóð, íbúðarhús	Vegagerð ríkisins
Fjarðarstræti 11	íbúð, versl. skúr	Alf Överby
Fjarðarstræti 11	versl., skúrar	Pröstur Marsellíusson Indriði Guðmundsson
Fjarðarstræti 17	lóð, íbúð, skúr	
Heiðarbraut 14	fjárhús, hlaða	Ingibjörg Guðmundsdóttir
v/Heiðarbraut	fjárhús, hlaða	Rækjuv. Bakki Sigurður Guðmundsson
v/Hjallaveg	áhaldahús	
Hlíðarvegur 51	lóð, íbúðarhús	
Hnífsdalsvegur 27	lóð og hús	
Hnífsdalsvegur 35	íbúðarhús	
Ísafjarðarvegur 6	íbúð, fjárh. land	
Leiti	hænsnahús	
Mjallargata 1	lóð	Ísverk hf.
Neðstikaupstaður	iðnaðarh. skrifst.	Guðmundur Marsellíusson
Neðstikaupstaður	járnsmiðja	Guðmundur Marsellíusson
Neðstikaupstaður	vörugemysla	Guðmundur Marsellíusson

Norðurvegur 2	lóð, íbúðarhús	Sigurvin Sigurvinsson
Seljalandsvegur 50	skúr	Eiríkur Guðjónsson
Seljalandsvegur	lóð	Db. Ástu Eggertsdóttur
Seljalandsvegur 64a	íbúðarhús	Kristján Guðjónsson
Seljalandsvegur 64a	fjárhús, hlaða	Kristján Guðjónsson
Seljalandsvegur 78	fiskv. rækjust.	Pórður Júlíusson
Seljalandsvegur 78	hjallur	Pórður Júlíusson
Seljalandsvegur 79	íbúðarhús	Margrét Sveinsdóttir
Seljalandsvegur 84a	íbúðarhús	Úrsúla M. Kristjánsdóttir
Seljalandsvegur 85	íbúðarhús, geymsla	Ragna Jónsdóttir
Seljalandsvegur 87	íbúðarhús	Kjartan Sigmundsson
Seljalandsvegur 87	bílskúr	Kjartan Sigmundsson
Seljalandsvegur	sumarb., fjárhús, hlaða	Guðrún Valgeirsdóttir
		Matthías Vilhjálmsson
Seljalandsvegur	söluskáli	Magnús Árnason
v/Skutulsfj. br. (Karlsá)	fjárhús, hlaða	Hjörtur Sturlaugsson
Silfurgata 9a	lóð, íbúðarhús	Salmar Jóhannsson
		Ingibjörg Snorraddóttir
Silfurgata 12	lóð, íbúðarhús	Pétur S. Kristjánsson
Skógarbraut 3	íbúðarhús	Db. Sigmundar Guðnasonar
Skógarbraut 3	fjárhús, hlaða	Db. Sigmundar Guðnasonar
v/Skógarbraut	skúr	Búnaðarfélag Eyrarhrepps
Skólavegur 13	lóð	Leifur Pálsson
Smiðjugata 12 n-endi	lóð, íbúð	Db. Kristjóns Daníels
Stekkjargata 4	íbúðarhús	Magnús R. Magnússon
Stekkjargata	íbúðarhús	Miðfell hf.
		Magnús Benediktsson
Stekkjargata 25	íbúðarhús, geymsla	Úlfar Öundurson
Stekkjargata 29	íbúðarhús	Rannveig Vilhjálmsdóttir
Stekkjargata 31	íbúðarhús	Rannveig Vilhjálmsdóttir
Stekkjargata 31	geymsla	Litli leikklúbburinn
Stekkjargata 33	iðnaðarhús	Óskar Friðbjarnarson
Stekkjargata 38	fiskverkun	Valdimar Ágústsson
Stekkjargata 40	fjárhús, hlaða	Valdimar Ágústsson
Stekkjargata 40	íbúðarhús	
Suðurgata	geymsluhús	Fiskiðjan
Suðurgata	trésmíðaverkstæði	Rörverk hf.
Sundstræti 11	lóð, íbúðarhús	Sesselja Þórðardóttir
Sundstræti 14	íbúðarhús	Michael E. Gunther
		Jóhann S. Árnason
Sundstræti 15	lóð, íbúðarhús	Magnús Arnórsson
Sundstræti 20	smíðahús	Sigmundur Falsson
		Jakob Falsson
Urðarvegur 10	íbúðarhús	Andrés Jónsson
		Einar Guðmundsson
Urðarvegur 10	fjós, hlaða	Einar Guðmundsson
Urðarvegur 11	íbúðarhús	Sveinbjörn Veturlíðason
v/Urðarveg	bílskúr	Andrés Jónsson

ofan Urðarvegar ofan Urðarvegar	fjárhús, hlaða fjárhús, hlaða	Db. Vilmundar Veturliðasonar Db. Veturliða Guðbjartssonar
Árbær	land, mannvirki	Db. Guðmundar Guðmundssonar
Brautarholt	land, mannvirki	Raguel Hagalínsson
Efri-Tunga	land, mannvirki	Jóhann P. Ragnarsson
Fagrihvammur	land, mannvirki	Gestur Benidiktsson
Fossar, Engidal	land, mannvirki	Andrés Jónsson
Fremri Hnífsdalur	land, mannvirki	Jón Kristjánsson Kristján Kristjánsson
Góustaðir	land, mannvirki	Sigurður Sveins. o.fl.
Heimabær III Heimabær IV Heimabær V	land, mannvirki land, mannvirki land, mannvirki	Bjarni Þórðarson Hraðfrystih. Hnífsdal Db. Vernharðs Jósefssonar
Hraun	land, mannvirki	Hjálmar Sigurðsson
Kolfinnustaðir	íbúðarhús	Einar Halldórsson
Seljaland	íbúðarhús, hesthús	Jón B. Hjartarson
Tunga	mannvirki, land	Sigurjón Halldórsson Bjarni Halldórsson
Efri-Engidalur Efri-Engidalur Neðri-Engidalur	mannvirki, land sumarbúst. lóð mannvirki, land	Jón Magdal Jónsson Magdalena Jónsdóttir Db. Péturs Jónatanssonar
Fremri-Arnardalur Fremri-Arnardalur Fremri-Arnardalur	land íbúðarhús, fjárhús hlaða, land	Db. Halldóru Katarin. Db. Guðmundar Sæmundssonar Db. Guðmundar Sæmundssonar
Fremrihús Arnardal	mannvirki, land	Db. Halldóru Katarin.
Heimabær Arnardal Heimabær Arnardal	mannvirki, land íbúðarhús	Marvin Kjarval Ingi Marvinsson
Holt Arnardal	íbúðarhús, land	Eyvindur Eiríksson Guðjón Eiríksson
Ytrihús Arnardal	mannvirki, land	Db. Höskuldar Árnasonar
Arnardalur	sumarbústaður	Börn Jóns Þórðarsonar

Hnífsdalur: Öll ræktuð og óræktuð tún og stykki í einkaeign.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.
Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um almenna heimild til að binda inn- og útlán við reikningsgengi SDR og ECU.

1. gr.

Viðskiptabönkum skv. lögum nr. 86/1985 og sparisjóðum skv. lögum nr. 87/1985 er einum heimilt að stofna til innlána með ákvæðum þess efnis að innstæður og vextir af þeim skuli vera gengisbundnar eins og nánar er lýst í 2. gr.

Gengisbundin innlán með skemmri binditíma en tvö ár skulu uppfylla ákvæði bráðabirgðalaga nr. 14 20. maí 1988, sbr. bráðabirgðalög nr. 44 31. maí 1988.

2. gr.

Gengisbinding skal miðuð við reikningsgengi. Reikningsgengi er kaupgengi Seðlabankans 21. dag undanfarandi mánaðar á reikningseiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) eða Evrópureikningseiningu (ECU) og breytist hinn 1. hvers mánaðar. Falli gengisskráning niður á hinum ofangreinda viðmiðunardegi skal síðasta skráða kaupgengi SDR eða ECU lagt til grundvallar.

Gengisbinding verði þannig að innborganir miðist við hlutaðeigandi reikningsgengi eins og það er ákveðið skv. 1. mgr. 1. dag næsta mánaðar en beri sérstakar verðbætur hlutaðeigandi banka eða sparisjóðs innan mánaðar. Útborganir af reikningum þessum innan mánaðar bera einnig sérstakar verðbætur frá 1. degi útborgunarmánaðar til útborgunardags.

3. gr.

Nú eru aðstæður sérstakar að mati viðskiptabanka eða sparisjóðs og getur hann þá hafnað móttöku fjár á slíkan innlánsreikning. Innstæður skulu vera lausar til útborgunar tiltekna tvo mánuði á tólf mánaða tímabili.

4. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er jafnframt heimilt að lána út fé sem samsvarar innstæðum á gengisbundnum innlánsreikningum með ákvæðum þess efnis að fjárhæðir og vextir af þeim skuli breytast hlutfallslega frá gildandi reikningsgengi SDR eða ECU í þeim mánuði sem gjalddagi er, sbr. 2. gr. um gengistengingu.

5. gr.

Öðrum aðilum en um getur í 4. gr. er einnig heimilt að lána út fé með ákvæðum þess efnis að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við reikningsgengi SDR og ECU, sbr. 2. og 4. gr. reglugerðar þessarar.

6. gr.

Seðlabankinn skal auglýsa í Lögbirtingablaði nánari reglur um gengisbundin inn- og útlán, sbr. 36. gr. laga nr. 13/1979, svo og reikningsgengi það sem gildir í hverjum mánuði.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 65. gr., sbr. b-lið 4. tl. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., og öðlast gildi frá og með 1. janúar 1989.

Viðskiptaráðuneytið, 27. desember 1988.

Jón Sigurðsson.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

REGLUGERÐ

fyrir sambýli.

Skilgreiningar.

1. gr.

Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra sem skulu vera í almennum íbúðahverfum eða annars staðar sem henta þykir og líkjast venjulegum heimilum. Við sambýli skal vera að minnsta kosti einn fastur starfsmaður og starfsemi þess er háð leyfi félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra.

Húsnæði fyrir sambýli getur verið íbúð í fjölbýlishúsi, raðhús, einbýlishús eða annað húsnæði sem flokkast undir almennt íbúðarhúsnæði. Ennfremur getur eitt sambýli verið í fleiri íbúðum, enda séu þær nálægar hver annarri.

2. gr.

Fatlaðir 16 ára og eldri skulu eiga þess kost að búa á sambýlum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Markmið.

3. gr.

Markmið sambýla er að efla sjálfstæði og færni íbúanna, í því skyni að þeir verði eins sjálfbjarga og ráðandi um eigin hagi og kostur er. Til að ná þessu markmiði skal veita íbúunum leiðsögn eftir þörfum og kappkosta að hafa þá með í ráðum um allt sem varðar einkahagi þeirra, sem og heimilishagi.

4. gr.

Íbúar á sambýlum skulu eiga þess kost að sækja skóla, dagvist eða vinnu utan heimilis.

Þjónusta.

5. gr.

Á sama sambýli getur búið fólk mismunandi fatlað. Þjónusta á sambýlum skal því vera mismikil eftir fötlun og þörfum íbúanna, og skal fjöldi stöðugilda á sama hátt vera breytilegur, og miðast við eftirfarandi þjónustuþörf fatlaðra:

- a) Þar sem búa fjölfatlaðir er þarfnast mikillar aðstoðar við daglegar athafnir verði starfsmenn allan sólarhringinn.
- b) Þar sem búa fatlaðir með alvarleg hegðunarvandkvæði og þarfnast umönnunar af þeim sökum verði starfsmenn allan sólarhringinn.
- c) Þar sem búa fatlaðir er þarfnast töluverðrar aðstoðar við athafnir daglegs lífs verði starfsmenn allan sólarhringinn.
- d) Þar sem búa fatlaðir er geta að miklu leyti séð um sig sjálfir, verði séð fyrir aðstoð og stuðningi í daglegu lífi.
- e) Þar sem búa fatlaðir er geta að mestu leyti séð um sig sjálfir, verði séð fyrir leiðbeiningum eða stuðningi í daglegu lífi, þó án stöðugrar viðveru starfsmanns.

Mat á fjölda stöðugilda skal fara fram þegar sambýli tekur til starfa og síðan árlega. Félagsmálaráðuneytið skal sjá til þess að slíkt mat fari fram.

Fjöldi og val íbúa.

6. gr.

Á hverju sambýli skulu að jafnaði vera 5–7 íbúar og skulu þeir eiga kost á sérherbergjum.

7. gr.

Við val íbúa á sambýli skal þess gætt að íbúahópurinn sé hæfilega fjölbreyttur m.t.t. aldurs, færni og áhugasviða. Ennfremur skal leitast við að hafa væntanlega íbúa og aðstandendur þeirra með í ráðum hvað þetta snertir.

Það skal vera meginregla að á sambýlum búi fólk af báðum kynjum. Gera skal ráð fyrir að fólk í sambúð geti búíð á sambýlum.

Menntun og ábyrgð starfsfólks.

8. gr.

Á sambýlum skal að öðru jöfnu starfa fólk með menntun í meðferð og umönnun fatlaðra.

9. gr.

Forstöðumaður sambýlis skal bera ábyrgð á starfsemi þess, þ.m.t. starfsmannahaldi, daglegum fjárreiðum íbúa sem ekki geta annast þær sjálfir, innra starfi sambýlisins, samstarfi við aðstandendur og samskiptum við vinnustaði, dagvist og skóla íbúanna. Ennfremur skal forstöðumaður stuðla sem best að velferð íbúanna og kappkosta að þeim nýtist almenn þjónusta sem í boði er á hverjum tíma sem og þeirri sérfræðilegu ráðgjöf, sem fánleg er hjá svæðisstjórnnum.

Starfsfólk sambýlis skal hafa samstarf við vinnustaði og aðrar stofnanir, sem íbúarnir hafa samskipti við, eftir því sem þörf krefur.

10. gr.

Umsókn um vistun á sambýli skal senda til viðkomandi svæðisstjórnar sem mælir með vistun á sambýli að höfðu samráði við forstöðumann og viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðila sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 41/1983. Ennfremur þarf til að koma samþykki handhafa starfsleyfis þegar sambýli er rekið af félagi fatlaðra.

Sé umsókn um vistun synjað er hægt að vísa málinu til stjórnarnefndar, sem leitar lausnar sbr. 8. gr. laga nr. 41/1983.

Hvað varðar brottflutning íbúa af sambýli vísast til 9. gr. reglugerðar nr. 393/1986 um svæðisstjórnir málefna fatlaðra.

Rekstur.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir laun starfsmanna á sambýlum. Launakjör starfsmanna ráðast af samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélaga eða heildarsamtaka þeirra.

Til annarra rekstrargjalda, þ.e. sameiginlegra þarfa íbúanna, verði varið allt að 75% af samanlögðum örorkulífeyfi og tekjutryggingu eða jafngildi þess, sjá nánar 3. mgr.

Til sameiginlegra þarfa íbúanna teljast m.a. fæðiskostnaður, rafmagns- og hitakostnaður, opinber gjöld, kaup á heimilistryggingu, afnotagjald síma, sjónvarps og útvarps, eðlilegt viðhald og afnot af húsnæði sé um leiguhúsnæði að ræða.

Kappkosta skal að gæta hagsýni í rekstri til að tryggja íbúunum ráðstöfunarfé.

Forstöðumaður skal halda bókhald um fjárframlag íbúa til rekstrar sambýlis og er hann ábyrgur gagnvart handhafa starfsleyfis, íbúum eða umboðsmönnum þeirra um meðferð rekstrarfjármuna.

Gögn þar að lútandi skal leggja fyrir handhafa starfsleyfis og eftirlitsaðila sbr. 11. gr. laga nr. 41/1983 eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

12. gr.

Um stofnkostnað sambýla fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra og reglugerð um stofnkostnað nr. 328/1986.

Starfsleyfi og eftirlit.

13. gr.

Leyfi til stofnunar og rekstrar sambýla veitir félagsmálaráðuneyti, skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra.

Pegar sótt er um starfsleyfi skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um stofnkostnað, staðsetningu, stærð og ástand húsnæðis, fjölda íbúa og þörf fyrir starfsfólk og annað er varðar eðli og umfang starfseminnar.

14. gr.

Eftirlit með rekstri sambýla er í höndum viðkomandi svæðisstjórna sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 41/1983 eða í höndum félagsmálaráðuneytis sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1989.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld á Laugarbakka, Ytri-Torfustaðahreppi í V-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Pegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi. Vanræki einhver að láta gera holræsi (frá húsi að göturæsi) innan hæfilegs frests, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir, ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

2. gr.

Öll framkvæmdaþörf, sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem: viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast hreppsnefnd, eða þeir menn, sem hreppsnefnd felur það, undir hennar umsjón.

Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi nema með leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

Sveitarstjóri annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem tengir heimæð við aðalæð, að greiða tengigjald, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar. Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, sem miðast við

fastignamat húss og lóðar 0,15% samkvæmt núverandi fastignamati, þó aldrei lægra en 2.300.00.

Tengigjald einbýlishúss er kr. 3.500.00.

Tengigjöld í fjölbýlishúsi er kr. 3.500.00 fyrir fyrstu íbúð, en kr. 2.300.00 á íbúð umfram þá fyrstu.

Tengigjöld fyrir atvinnuhúsnæði er kr. 7.000.00.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 248 stig og breytast samkvæmt henni.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir aðstæðum um 50% án samþykkis ráðuneytis.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur sem hreppsnefndin kann að öðlast samkv. 1. og 3. gr., má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í tvö næstu ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 15. janúar ár hvert.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggja við samkv. lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps í V-Húnavatnssýslu staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. janúar 1989.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 201/1981 um iðgjald til slysatrygginga
skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.**

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Iðgjald álagt árið 1989 skal nema 0,23% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 208/1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um fjárhaldsstjórn Hofsóshrepps.

Á grundvelli 91. gr. sveitarstjórnarlaga ákvað félagsmálaráðuneytið hinn 12. desember sl. að svipta hreppsnefnd Hofsóshrepps fjárforráðum sveitarfélagsins.

Jafnframt hefur verið skipuð fjárhaldsstjórn til 1. apríl 1989. Í henni eiga sæti:

Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri, formaður,

Karl Kristjánsson, viðskiptafræðingur og

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ

um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga nr. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

	kr.
Vegna bifreiðar	400
Vegna bifhjóls	400
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	400
Vegna vélsleða	400
Vegna heimilisdráttarvélar	400
Vegna rafstöðvar	200
Vegna súgþurrkunartækis	200
Vegna heyblásara	200
Vegna trillubáta	1 600

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978 tekur gildi frá og með 1. janúar 1989. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 508/1986 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgangi þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

7. gr., 1. málsgrein orðist svo:

„Lyfseðill skal ritaður með bleki eða vélritaður á staðlað eyðublað í því formi, sem greint er í viðauka 1 með reglugerð þessari. Lyfseðill skal vera greinilega ritaður og án tvímæla og engar skammstafanir viðhafðar, er geta valdið misskilningi. Útgefandi lyfseðils skal, auk staðfestingar með undirskrift og dagsetningar, rita kóðanúmer sitt samkvæmt gildandi læknaskrá. Á lyfseðil skal prenta eða stimpla nafn, stöðuheiti, aðsetur og símanúmer útgefanda. Útgefandi má aðeins rita annars vegar á lyfseðilseyðublað og eigi fleiri en þrjár lyfjaávísanir á hvern lyfseðil.“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 15. gr., b. staflíð:

„Aethylmorphinum, ef það er eitt virkra efna leyst upp í vatni, sprittblöndu, sykurblöndu eða þess háttar. Ennfremur í öðrum formum, ef magn fer fram úr 1 g.“

og

„Codeinum, óblandað öðrum virkum efnum uppleyst eða í föstu formi. Ennfremur blandað öðrum virkum efnum, ef magn fer fram úr 1 g.“

3. gr.

42. gr. orðist svo:

„Lyfseðill gildir fyrir eina afgangi og er ógildur þremur mánuðum eftir útgáfudag.

Þegar lyf er afhent samkvæmt lyfseðli, skal hann auðkenndur merki eða stimpli apóteks, verð hvers einstaks lyfs ritað á hann og dagsetningar afgangi getið.“

4. gr.

46. gr. orðist svo:

„Ekki má áletra umbúðir lyfs heiti sérlyfs, nema um slíkt sérlyf sé að ræða. Sérlyf, sem skráð er undir sérheiti, má ekki afhenda í stað annars samsvarandi sérlyfs, sem einnig er skráð undir sérheiti, nema útgefandi lyfseðils heimili slíkt. Ef lyfi, sem ekki er fánlegt nema sem sérlyf, er ávísað undir samheiti eða heiti lyfjaskrár (lyfseðlasafns), og lyfið er fánlegt með því heiti frá fleiri en einum framleiðanda, skal lyfjafræðingur afhenda það þeirra, sem ódýrast er, nema útgefandi lyfseðils greini nafn framleiðanda á lyfseðli.“

5. gr.

Ýmsar leiðréttingar við reglugerðina:

16. gr.

Hámarksmagn, sem ávísa má með lyfseðli:

„Alprazolamum INN 25 g“ á að vera „Alprazolamum INN 25 mg“.

Viðauki 4: Listi yfir undanþágur frá lyfseðilsskyldu nokkurra lyfja, sbr ákvæði 49. gr. reglugerðarinnar.

Undir efninu Chlorcyclizinum hefur fallið niður „Mest 10 stk.“ handa einstaklingi í dálki um hámarksmagn og/eða takmarkanir.

Undir efninu Meclozini chloridum hefur fallið niður „Mest 10 stk.“ handa einstaklingi í dálki um hámarksmagn og/eða takmarkanir.

Undir efninu Miconazolium í dálki um hámarksmagn og/eða takmarkanir stendur „Ekki yfir 10 mg/g (1%)“, en á að vera „Ekki yfir 20 mg/g (2%)“.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Acidum acetylsalicylicum	Lyf í afmældum skömmtum; einstakur skammtur mest 1 g. Freyðitöflur	TREO, freyðutöflur.	Verkjastillandi við höfuðverk, tíða- verk, tannverk og gigtarverk. Lækkar sótthita. Venjulegur skammtur er 1-2 freyðitöflur 1-3 sinnum á dag. Leysið freyðitöflurnar upp í 1/2 glasi af köldu vatni. - Lyfið er ekki ætlað börnum. - <i>Varúð:</i> Vegna mikils natríuminnihalds lyfsins (14,88 mmól Na) hentar það ekki þeim, sem hafa háan blóðþrýsting, hjartabilun eða skerta nýrnastarfsemi. - Notist ekki samtímis blóðþynningarlyfjum. Lyfið er hvorki ætlað til langtímanotkunar né sjúklingum með maga- og skeifugarnarsár. Astmi getur versnað við notkun lyfsins.
Paracetamolum	Lyf í fljótandi formi til inntöku, ekki yfir 100 mg/ml (10%). Mest 20 ml handa einstaklingi.	PARASETAMÓL, dropar.	<i>Dropar 100 mg/ml:</i> Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Má ekki gefa börnum lengur en í 2 daga í senn án samráðs við lækni og ekki, ef um lifrarsjúkdóm er að ræða. <i>Mestu skammtar á dag handa börnum:</i> 0-3 mánn.: 0,4 ml 3-4 sinnum. 4-11 mánn.: 0,8 ml 3-4 sinnum. 1-2 ára: 1,2 ml 3-4 sinnum. 2-3 ára: 1,6 ml 3-4 sinnum. 4-5 ára: 2,4 ml 3-4 sinnum. 6-8 ára: 3,2 ml 3-4 sinnum.
Lidocainum		XYLOCAIN, krem.	Lyfið dregur úr kláða og verkjum í húð. Notkun: Berist í þunnu lagi á húðsvæði til að draga úr sársauka vegna sára, smá brunasára, sólbruna eða skordýrabita. Má ekki bera í opin sár eða á alvarleg brunasár. Ef lyfið er notað á smá brunasár skulu þau fyrst kæld í vatni í a.m.k. 15 mínútur áður en kremið er borið á. Notið kremið ekki á börn yngri en 2 ára án samráðs við lækni.

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Loperamidum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 2 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.	IMODIUM, hylki.	Við bráðum niðurgangi; skammtíma-meðferð. <i>Skammtar:</i> Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Tvö hylki í upphafi meðferðar. Ekki má taka fleiri hylki fyrr en að 2–3 tímum liðnum og þá eitt í senn eftir þörfum, en aldrei meira en 8 hylki á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára án samráðs við lækni. Leitið lækni, ef niðurgangur hefur ekki batnað eftir tveggja daga meðferð. Varúð: við háan hita eða ef blóð er í hægðum, má ekki nota lyfið. Kallið í lækni.

7. gr.

Við 64. gr bætist ný málsg., er hljóðar svo:

„Í þeim tilvikum, þar sem dýralæknisumdæmi er ósetið og ekki næst í dýralækni, má víkja frá þeirri meginreglu, að dýralæknum sé einum og einungis heimilt að ávísa dýrallyfjum, sbr. 1. og 22. gr. Í slíkum undantekningartilvikum er lækni heimilt að ávísa dýrallyfi.“

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. janúar 1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingólf J. Petersen.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna bifreiðastöður við Bergþórugötu að sunnanverðu austan bílastæðis við Sundhöll að Snorrabraut.

Ákvörðun þessi tekur gildi 11. janúar 1989.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. desember 1988.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.

Á grundvelli 12. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og 14. gr. reglugerðar nr. 211/1988 um sama efni, hefur viðskiptaráðuneytið, í samráði við Seðlabanka Íslands, sett eftirfarandi reglur um erlendar lántökur og leigusamninga (fjármögnunar- og kaupleigu) vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði, eingöngu til nota í atvinnurekstri.

1.0 *Erlendar lántökur vegna kaupa á vélum, tækjum og búnaði til nota í atvinnurekstri, svo og vegna viðgerða á skipum.*

1.1 Heimilt er að gera samninga um lán (eða greiðslufrest) við erlenda aðila vegna kaupa frá útlöndum á vélum, tækjum og búnaði, sem upp er talinn í lið 6.0 hér á eftir, til nota í atvinnurekstri.

Innlendum framleiðendum þeirra véla, tækja og búnaðar, sem upp er talinn í 6.0 hér að neðan, er heimilt að taka erlend lán til að fjármagna slíka framleiðslu sína með sömu takmörkunum og greinir í reglum þessum. Erlend lán skv. 1. og 2. mgr. skulu ekki vera hærri en sem nemur 60% af innlendu verði vörunnar en 50% ef slíkum lánum fylgir ábyrgð eða endurlán innlends banka, sparisjóðs, tryggingarfélags eða opinbers fjárfestingarsjóðs.

1.2 Heimilt er að gera samninga um lán (eða greiðslufrest) við erlenda aðila vegna viðgerða á skipum erlendis. Hérlendum skipasmíðastöðvum, sem annast sams konar viðgerðir, er og heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna þær. Lánshlutfall af viðgerðarkostnaði fiskiskípa skal eigi vera herra en Fiskveiðasjóður Íslands hefur til viðmiðunar í sínum útlánareglum í sambærilegum tilvikum en um önnur skip gilda lánshlutföll skv. 1.1 hér að ofan.

2.0 *Samningar um leigu á vélum, tækjum og búnaði til nota í atvinnurekstri skv. 6.0 og lántökur í því sambandi.*

2.1 Innlendum fyrirtækjum, sem annast fjármögnunar- og kaupleigu, er heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna kaup á vélum, tækjum og búnaði erlendis frá, í þeim tilgangi að gera leigusamninga um notkun þeirra við innlenda aðila. Erlenda lánið má eigi vera herra en sem nemur 60% af samningsverði.

2.2 Innlendir aðilar, sam gera leigusamning beint við erlenda aðila, skulu leggja fram við samningsgerð fjárhæð er nemur 40% af samningsverði. Erlend lántaka vegna þess hluta samningsverðs er óheimil. Hlutfall þetta skal við samningsgerð leggja inn á bundinn reikning við hérlenda innlánsstofnun í krónum eða með keyptum gjaldeyri (á innlendan gjaldeyrisreikning) og gangi hlutfallslega úr reikningi þessum til að mæta leigugreiðslum á samningstímanum. Sjá þó einnig ákvæði auglýsingar um innflutning með greiðslufresti og aðrar erlendar lántökur varðandi leigusamninga sem heimilt er að gera til 6 mánaða. Að öðru leyti gilda almenn skilyrði í 3.0 hér að neðan.

3.0 *Almenn skilyrði um láns- og leigusamninga skv. 1.0-2.0.*

3.1 Allar erlendar lántökur skv. 2.0 hér að ofan skulu bundnar leigusamningum og kjörin mótast af því, sbr. endurlánsskilyrði 38. og 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl.

Erlendu lánsfé skv. 2.0 sé eingöngu varið til kaupa á vélum, tækjum og búnaði skv. 6.0, sem beinlínis er fluttur inn vegna ráðgerðra leigusamninga, eða í sama tilgangi til að fjármagna sams konar tæki er smíðuð yrðu hérlendis í stað innflutnings.

- 3.2 Láns- og leigusamninga þessa, skv. 2.0 hér að framan, er ekki heimilt að gera með ábyrgð eða endurláni innlends banka, sparisjóðs, tryggingarfélags eða opinbers fjárfestingar-sjóðs.
- 3.3 Hver samningur um einstaka vél, tæki eða búnað skal ekki vera fyrir lægri fjárhæð en USD 5000 eða jafnvirði hennar í annarri mynt. Hámark láns- eða leigutíma er sjö ár en varðandi leigu eða lán til lengri tíma skal sækja um heimild til viðskiptaráðuneytisins.
- 3.4 Afrit lánsamninga við erlenda aðila og afrit leigusamninga við innlenda og erlenda aðila, ásamt reikningum frá innflytjanda véla, tækja og búnaðar, skulu jafnóðum lögð fyrir gjaldeyriseftirlitið til staðfestingar. Við lok hvers mánaðar skulu þeir aðilar, er annast eða gera hér umrædda samninga, bæði með erlendu og innlendu fjármagni, leggja fyrir gjaldeyriseftirlitið heildaryfirlit um þá, þar með um jöfnuð samninga, gerðra í erlendri og innlendri mynt skv. nánari reglum sem Seðlabankinn setur. Kröfur um framlagningu skjala og skýrslugerð hér að ofan eru byggðar á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 63/1979 og lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986.
- 3.5 Óskir um láns- og leigusamninga vegna annarra véla, tækja og búnaðar í atvinnurekstri en um er getið í lið 6.0 skulu sendar með viðeigandi gögnum til gjaldeyriseftirlitsins sem leggur þær fyrir viðskiptaráðuneytið. Sjá enn fremur 4.0 hér að neðan og auglýsingu ráðuneytisins um innflutning með greiðslufresti og aðrar erlendar lántökur.
- 4.0 *Aðrar erlendar lántökur.*
Heimildir til annarra lántaka en þeirra, er tilgreindar hafa verið í auglýsingu þessari, skal sækja um til viðskiptaráðuneytisins. Í lántökubeiðni skal ítarleg grein gerð fyrir tilgangi lántökunnar.
- 5.0 Ákvæði 17. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála skulu gilda eftir því sem við á vegna brota á auglýsingu þessari.
- 6.0 Reglur þessar í 1.0-3.0 gilda um vélar, tæki og búnað til nota í atvinnurekstri sem falla undir eftirtalda kafla tollskrárinnar og tilheyrandi tollskrárnúmer, þó ekki varahluti:

Úr 56. KAFLA:

5608.1100 til
5608.9009

Hnýtt net úr seglgarni, snæri eða reipi; uppsett fiskinet og önnur fullgerð net úr spunaefnum

Úr 73. KAFLA:

7309.0000

Geymar úr jární eða stáli

7314.1100 til
7314.5000

Færibönd o.fl.

Úr 84. KAFLA:

8402.1100 til
8402.9000

Katlar til framleiðslu á vatnsgufu eða annarri gufu (þó ekki heitavatnsmiðstöðvarkatlar sem einnig geta framleitt lágrýstigufu); háhitavatnskatlar

8404.1009 8404.2000 8404.9009	Aukavéla­kostur til nota með kötlum í nr.8402 (t.d. forhitara­rar, háhitara­rar, sóthreinsitæki, tæki til endur­heimtu gass); þéttar fyrir gufu- eða aðra aflvélar
8405.1000 til 8405.9000	Tæki til framleiðslu á gasi eða vatnsgasi, einnig með hreinsitækjum; tæki til framleiðslu á acetylengasi og áþekk tæki til gasframleiðslu með vatnsaðferð, einnig með hreinsitækjum
8406.1100 til 8406.9000	Vatnsgufuaf­lshverflar og aðrir gufuaf­lshverflar
8407.1000 til 8407.9000	Stimpil- eða hverfibrunahreyflar með neistakveikju
8408.1000 til 8408.9000	Stimpilbrunahreyflar með þrýstikveikju (dísil- eða hálfdísilhreyflar)
8409.1000 til 8409.9900	Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til hreyfla í nr. 8407 eða 8408
8410.1100 til 8409.9000	Vökvahverflar, vatnshjól og gangráðar til þeirra
8411.1100 til 8411.9900	Potuhreyflar o.fl.
8412.1000 til 8412.9000	Skrúfu­potuhreyflar o.fl.
8413.1100 til 8413.9200	Vökvadæ­lur, einnig með mælitækjum; vökvalyftur
8414.1000 til 8414.4000	Loft- eða lofttæmidæ­lur, loft- eða aðrar gasþjöppur
8414.5109 8414.5909 8414.6009	Loftræstiviftur og -háfar, þó ekki til heimilisnota
8414.8009	Önnur tæki í nr. 8414, þó ekki til heimilisnota
8417.1000 til 8417.9000	Ofnar fyrir iðnað og rannsóknarstofur
8418.1009 8418.3009 8418.4009 8418.5000 8418.6109 8418.6909	Kæli- eða frystibúnaður
8419.1100 til 8419.9000	Vélbúnaður, véla­kostur eða búnaður fyrir rannsóknarstofur; hrað- eða geymavattshitarar, ekki fyrir rafmagn
8420.1000 til 8420.9900	Sléttipressur eða aðrar völsunarvélar, þó ekki fyrir málma eða gler, og valsar til þeirra

8421.1100	Rjómaskilvindur
8421.1209 til 8421.3100 og 8421.3909 til 8421.9900	Miðflóttaafslvindur og þurrkarar; tækjabúnaður til síunar eða hreinsunar á vökvum og lofttegundum
8422.1900	Aðrar uppþvottavélar en uppþvottavélar til heimilisnota
8422.2000 til 8422.9000	Vélbúnaður til þökkunar, umbúða og þvotta
8423.1000 til 8423.9000	Vogir og vogarlöð
8424.1000 til 8424.9000	Vélræn tæki (einnig fyrir handafl) til sprautunar, dreifingar eða úðunar á vökvum eða dufti; slökkvitæki, einnig hlaðin; úðabyssur og áþekk tæki; gufu-eða sandblástursvélar og áþekkar blástursvélar
8425.1100 til 8425.4100	Blakkir og taliur, þó ekki skúffubönd, vindur og koppavindur (m.a. kraftblakkir til fiskiskipa og akkeris- og skipavindur), tjakkar til nota á bifreiðaverkstæðum
8426.1100 til 8426.9900	Hegrar, kranar o.fl.
8427.1000 til 8427.2000	Gaffallyftarar o.fl.
8428.1001 til 8428.9000	Vélbúnaður til lyftingar
8429.1100 til 8429.5900	Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vél-þjöppur og valtarar, sjálfknúð
8430.1000 til 8430.6909	Annar vélbúnaður til að færa, hefla, jafna, skafa, grafa, þjappa, binda, vinna eða bora í mold, steinefni eða málmgrýti; fallhamrar og stauratogarar; snjóplógar og snjóblásarar
8431.1000 til 8431.4900	Hlutar til vélbúnaðar í nr. 8425 til 8430
8432.1000 til 8432.9000	Landbúnaðarvélar og tæki.
8433.5100	Sambyggðar uppskeruþreskivélar
8433.5300	Rótar- eða hnýðisuppskeruvélar
8433.6000	Vélar til að hreinsa, aðgreina eða flokka egg, ávexti eða aðrar landbúnaðarafurðir
8434.2000	Mjólkurbúsvélar
8436.1000 til 8436.9900	Annar vélbúnaður til landbúnaðar, garðyrkju, skógræktar, alifugla- eða býflugnaræktar, þar með talin spírunartæki með vélrænum útbúnaði eða hitabúnaði; útungunarvélar og ungamæður

8437.1000 til 8437.9000	Vélbúnaður til nota í mölunariðnaði o.fl.
8438.1000 til 8438.9000	Vélbúnaður, ótalin annars staðar í þessum kafla, til iðnaðarvinnslu eða iðnaðarframleiðslu á matvöru eða drykkjarvöru, þó ekki vélbúnaður til vinnslu eða aðvinnslu á feiti eða olíu úr dýra- eða jurtaríkinu (flökunarvélar o.fl. meðtalið)
8439.1000 til 8439.9900	Vélbúnaður til framleiðslu á deigi úr trefjakennndum sellulósa eða til framleiðslu eða vinnslu á pappír eða pappa
8440.1000 til 8440.9000	Vélbúnaður til bókbands, þar með taldar bókasaumavélar
8441.1000 til 8441.9000	Annar vélbúnaður til vinnslu á pappírsdeigi, pappír eða pappa, þar með taldar hvers konar pappírs- eða pappaskurðarvélar
8442.1000 til 8442.5000	Vélbúnaður, tækjabúnaður og tæki (þó ekki smíðavélar í nr. 8456-8465) til að steypa eða setja prentletur, til aðvinnslu eða framleiðslu á prentmyndamótum, -plötum, -völsum eða öðrum prenthlutum
8443.1100 til 8443.9000	Vélbúnaður til prentunar; hjálparvélar við prentun
8444.0000	Vélar til að þrýsta út, draga út, hrýfa eða skera tilbúin spunaefni
8445.1100 til 8445.9000	Vélar til að vinna spunatrefjar; spuna-, tvöföldunar- eða tvinningarvélar og annar vélbúnaður til framleiðslu á spunagarni; spunaspólunar- eða spunavindisvélar (þar með taldar ívafsvindisvélar) og vélar til að vinna spunagarn til nota í vélar í nr. 8446 eða 8447
8446.1000 til 8446.3000	Vefstólar
8447.1100 til 8447.9000	Prjónavélar, stungubindivélar og vélar til framleiðslu á yfirspunnu garni, tylli, laufabörðum, útsaumi, leggingum, fléttum eða netefnum og vélar til límbinda
8448.1100 til 8448.5900	Hjálparbúnaður við vélar í nr. 8444, 8445, 8446 eða 8447; hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega má nota við vélar í þessum vörulið eða í nr. 8444, 8445, 8446 eða 8447
8449.0000	Vélbúnaður til framleiðslu á flóka
8450.2000	Þvottavélar sem taka meira en 10 kg
8451.1000	Purrhreinsivélar
8451.2900	Purrkarar til iðnaðarnota
8451.3009	Strauvélar og pressur (þar með taldar suðupressur), aðrar en til heimilisnotkunar
8451.4000	Þvotta-, bleiki- eða litunarvélar
8451.5000	Vélar til að vinda, afvinda, brjóta, skera eða takka spunadúk
8452.2100 til 8452.2900	Saumavélar, þó ekki bókasaumavélar í nr. 8440, til notkunar í iðnaði

8453.1000 til 8453.9000	Vélbúnaður til forvinnslu sítunar eða vinnslu á húðum, skinnnum eða leðri eða til framleiðslu eða viðgerðar á skófátnaði eða öðrum vörum úr húðum, skinnnum eða leðri, þó ekki saumavélar
8454.1000 til 8454.9000	Málmþreifyofnar, bræðslusleifar, hrámálmsteypumót og steypuvélar til nota í málmvinnslu og málmsteypu
8455.1000 til 8455.9000	Málmvölsunarvélar og valsar til þeirra
8456.1001 til 8463.9000	Vélar til smíða úr málm og málmkarbíðum
8464.1000 til 8464.9000	Vélar til smíða úr steini, leir, steinsteypu, asbestsementi eða svipuðum jarðefnum eða til kaldvinnslu á gleri, þó ekki handverkfæri
8465.1001 til 8465.9909	Vélar til smíða úr viði, korki, beini, harðgúmmí, harðplasti og áþekktum hörðum efnum, þar með taldar vélar til að negla, hefta eða líma eða til annarrar samsetningar, þó ekki handverkfæri
8466.1000 til 8466.9400	Hlutar og fylgihlutar sem eingöngu eða aðallega má nota við vélar í nr. 8456- 8465, þar með taldar efnis- eða verkfærafestingar, sjálfopnandi skurðarhausar, deilihausar og annar sérhæfður aukabúnaður fyrir smíðavélar; verkfærafestingar fyrir hvers konar handverkfæri
8470.3000 til 8470.9000	Reiknivélar; bókhaldsvélar, stimpilpeningakassar, frímerkjavélar, aðgöngumiðavélar og áþekktar vélar, með reiknibúnaði
8471.1000 til 8471.9900	Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar til þeirra; lesarar fyrir segulletur eða ritletur, vélar til að umskrá gögn á gagnamiðla á táknmáli og vélar til að vinna úr slíkum gögnum, ótaldar annars staðar
8473.3000	Hlutar og fylgihlutar til véla í nr. 8471 (tölva)
8474.1000 til 8474.9000	Vélbúnaður til að flokka, sálða, aðskilja, þvo, mylja, mola, blanda eða hnoða mold, stein, málmgrýti eða önnur jarðefni, í föstu formi (þar með talið duft eða deig); vélbúnaður til að pressa, forma eða móta eldsneyti úr steinaríkinu, leirdeig, óharðnað sement, gipsefni eða aðrar vörur úr steinaríkinu í duft- eða deigformi; vélar til framleiðslu á málmsteypumótum úr sandi
8475.1000 til 8475.9000	Vélar til að setja saman rafmagns- eða rafeindalampa, -túbur eða -loka eða leifturlampa í glerhylki; vélar til framleiðslu eða heitvinnslu á gleri eða glervörum
8476.1100 til 8476.1900	Sjálfsalar
8477.1000 til 8477.9000	Vélbúnaður til vinnslu á gúmmí eða plasti eða til framleiðslu á vörum úr þessum efnum, ótalinn annars staðar í þessum kafla
8478.1000 til 8478.9000	Vélbúnaður til að vinna eða framleiða tóbak, ótalinn annars staðar í þessum kafla

8479.1000 til 8479.9000	Vélar og vélræn tæki til sérstakra nota, ótalin annars staðar í þessum kafla, þó ekki tnr. 8479.8901
8480.1000 til 8480.7900	Mótakassar til málmsteypu; mótaundirstöður; mótamynstur; steypumót fyrir málm (þó ekki hrásteypumót), málmkarbíð, gler, jarðefni, gúmmí eða plast
8485.1000	Skipsskrúfur og blöð til þeirra

Úr 85. KAFLA:

8501.1000 til 8501.6400	Rafhreyflar og rafalar (þó ekki rafalasalastæður)
8502.1100 til 8502.4009	Rafalasalastæður og hverfistraumbreytar
8503.0000	Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til véla í nr. 8501 eða 8502
8504.1100 til 8504.9000	Ragmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli
8514.1000 til 8514.9000	Rafbræðslu- eða rafhitunarofnar (þar með taldir fyrir span- eða torleiði) fyrir iðnað eða rannsóknastofur; önnur span- eða torleiðihitunartæki fyrir iðnað eða rannsóknastofur
8515.1100 til 8515.9000	Vélar og tækjabúnaður til lóðunar, brösunar eða rafsuðu, einnig nothæfir til skurðar, fyrir rafmagn (þar með talið rafmagnshitað), leysi- eða annan ljós- eða ljóseindageisla, úthljóð, rafeindageisla, rafsegulpúlva eða plasmaboga; rafmagnsvélar og -tækjabúnað- ur til heitúðunar málma eða glæddra málmkarbíða
8517.2000 til 8517.4000	Raftækjabúnaður fyrir talsíma eða ritsíma
8521.1001 8521.9001	Myndbandsupptökutæki eða myndbandsflutningstæki fyrir sjónvarpsstarfsemi
8522.1000 til 8522.9000	Hlutar og fylgihlutir til tækjabúnaðar í tnr. 8521.1001 og 8521.9001
8525.1001 til 8525.2009	Senditæki fyrir firðtal, loftsketasendingar, útvarpsendingar eða sjónvarp, einnig með móttökubúnaði eða hljóðupptöku- eða hljóðflutningsbúnaði
8526.1000 til 8526.9100	Ratsjár- og radíómiðunartæki
8528.1001 8528.2001	Hljóð- eða myndbandsupptökutæki eða -flutningstæki fyrir sjónvarpsstarfsemi
8529.1001 8529.9001	Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til tækja í tnr. 8528.1001 og 8528.2001

Úr 86. KAFLA:

8604.0000	Járnbrauta- eða sporbrauta-, viðgerða- eða þjónustuvagnar, einnig sjálfknúnir
8609.0000	Gámar (þar með taldir gámar til flutnings á vökvum), sérstaklega hannaðir og búnir til flutnings með einni eða fleiri gerðum farartækja

Úr 87. KAFLA:

8701.2000	Dráttarbifreiðar fyrir festivagna
8701.3000	Beltadráttarvélar
8701.9001	Almennar hjóladráttavélar
8702.1001 til 8702.9009	Almenningsbifreiðar
8703.2231 8703.2351 8703.2421 8703.3141 8703.3251 8703.3321 8703.9021	Sjúkrabifreiðar
8703.9029	Ýmis vélknún ökutæki, aðallega gerð til mannflutninga
8704.1000 til 8704.9039	Ökutæki til vöruflutninga
8705.1000 til 8705.9009	Vélknún ökutæki til sérstakra nota
8706.0009	Grindur með hreyfli fyrir ökutæki í nr. 8701-8705
8707.9000	Yfirbyggingar (einnig ökumannshús) fyrir almennings- og vörubifreiðar
8709.1100 til 8709.1900	Sjálfknúnir vinnuvagnar o.fl.
8713.1000 til 8713.9000	Ökutæki fyrir fatlaða, einnig vélknún eða knún á annan vélrænan hátt
8714.2000	Hlutar og fylgihlutar til ökutækja í nr. 8713
8716.2000 til 8716.4000	Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga

Úr 88. KAFLA:

8802.1100 til 8802.1200	Þyrlur
8802.3000	Flugvélar og önnur loftför, að eigin þyngd meira en 2000 kg til og með 15000 kg
8802.4000	Flugvélar og önnur loftför, að eigin þyngd meira en 15000 kg

Úr 89. KAFLA:

8901.1001	Ferjur, hvers konar
8901.2000	Tankskip
8901.3000	Kælskip, þó ekki skip í tnr. 8901.2000
8901.9000	Önnur för til flutninga á vörum og önnur för til flutninga bæði á mönnum og vörum
8903.1001	Uppblásnir, rónir björgunarbátar
8903.9001	Aðrir rónir björgunarbátar
8904.0000	Dráttarbátar og för til að ýta öðrum förum
8905.1000 til 8905.9000	Vitaskip, slökkvaskip, dýpkunarskip, flotkvíar o.fl.
8906.0000	Björgunarbátar, þó ekki árabátar
8907.1001 til 8907.9000	Önnur fljótandi mannvirki og björgunarflekar

Úr 90. KAFLA:

9007.1900	Kvikmyndavélar fyrir 16 mm eða breiðari filmur
9007.2900	Kvikmyndasýningarvélar fyrir 16 mm eða breiðari filmur
9007.9100 til 9007.9200	Hlutar og fylgihlutar fyrir kvikmyndavélar og kvikmyndasýningarvélar í tnr. 9007.1900 og 9007.2900
9009.1100 til 9009.9000	Ljósritunarvélar
9010.1000	Tæki og búnaður til sjálfvirkar framköllunar á ljósmyndaflísum (einnig kvikmyndaflísum) eða ljósmyndapappír í rúllum eða til sjálfvirkar lýsingar á framkallaða filmu á ljósmyndapappír í rúllum
9010.2000	Önnur tæki og búnaður fyrir ljósmyndavinnustofur (einnig kvikmyndaver); negatívu-sjár
9011.1000 til 9011.9000	Sambyggðar optískar smásjár, einnig til örmyndatöku, örkvikmyndatöku eða örmyndvörpunar
9012.1000 til 9012.9000	Smásjár, þó ekki optískar smásjár; ljósbylgjutæki
9013.1000 til 9013.9000	Vökvakristalsbúnaður annar en sá sem nánar er gerð grein fyrir í öðrum vörulíðum; leysitæki, þó ekki leysidíóður; önnur optísk tæki og áhöld, ótalin annars staðar í þessum kafla
9014.1000 til 9014.9000	Áttavitar; önnur áhöld og tæki til siglinga
9015.1000 til 9033.0000	Áhöld og tækjabúnaður til mælinga o.fl.

Úr 92. KAFLA:

9203.0000

Pípuorgel o.þ.u.l. til notkunar í kirkjum

Úr 94. KAFLA:

9402.1000 til

9402.9000

Húsgögn til lyflækninga, skurðlækninga, tannlækninga eða dýralækninga (t.d. skurð-arborð, rannsóknaborð, sjúkrarúm með vélrænum búnaði, tannlæknastólar); rakara-stólar og áþekkir stólar sem búnir eru snúnings-, jafnt sem halla- og lyftubúnaði; hlutar til framangreindra vara

Auglýsing þessi, sem öðlast gildi, 1. janúar 1989 kemur í stað auglýsingar ráðuneytisins nr. 49/1988 um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 251/1988 um breytingu á auglýsingu nr. 49/1988.

Viðskiptaráðuneytið, 21. desember 1988.

Jón Sigurðsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

AUGLÝSING

um innflutning með greiðslufresti og aðrar erlendar lántökur.

Með vísan til 14. gr. reglugerðar um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 211/1988 hefur viðskiptaráðuneytið í samráði við Seðlabanka Íslands sett eftirfarandi reglur um erlendan greiðslufrest. Reglurnar eru í fjórum liðum:

1. Heimilt er að flytja inn með allt að 90 daga greiðslufresti allar vörur aðrar en þær sem hér greinir. Þó er heimilt að flytja inn þessar vörur með allt að 90 daga greiðslufresti, þegar um er að ræða gjaldfrest frá seljanda vöru, án ábyrgðar banka, sparisjóðs, tryggingarfélags eða fjárfestingarsjóðs.
2. Í öðrum kafla eru taldar upp vörur sem flytja má inn með allt að 105 daga greiðslufresti.
3. Í þriðja kafla eru taldar upp vörur sem flytja má inn með allt að 180 daga greiðslufresti.
4. Heimilt er að flytja inn vélar, tæki og búnað til atvinnurekstrar samkvæmt reglum um erlendar lántökur og leigusamninga, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 548/1988 þar um.

Umsóknir um undanþágu frá ofangreindum reglum skulu sendar gjaldeyrisviðskipta-bönkum varðandi liði 1–3 og viðskiptaráðuneytinu varðandi 4. lið.

Við innflutning á vörum með greiðslufresti skal reikna frestinn eigi síðar en frá komudegi vörunnar til landsins. Við úttekt úr tollvöruhegrymslu reiknast fresturinn þó frá tollafgreiðslu-degi vörunnar.

1. Heimilt er að flytja inn með allt að 90 daga greiðslufresti allar vörur aðrar en þær sem hér greinir. Þó er heimilt að flytja inn þessar vörur með allt að 90 daga greiðslufresti, þegar um er að ræða gjaldfrest frá seljanda vöru, án ábyrgðar banka, sparisjóðs, tryggingarfélags eða fjárfestingarsjóðs.

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Tollskrárnúmer	Vörutegund
0101.1100 til 0105.9900	Lifandi dýr	1601.0001 til 1605.9090	Vörur úr kjöti og fiski
0106.0009	Lifandi dýr	1704.1000 til 1704.9001	Sælgæti
0201.1000 til 0210.9009	Kjöt	1704.9003 til 1704.9009	Sælgæti
0301.1000 til 0307.9900	Fiskur	1805.0001	Kakóduft
0401.1000 til 0410.0000	Mjólkurafurðir o.fl.	1806.1000 til 1806.9009	Matvæli sem innihalda kakó
0501.0000	Mannshár	1901.1000 1901.9000	Framleiðsla úr korni, mjöli eða mjólk
0504.000 til 0504.0009	Óhreinsaðar garnir og magar úr dýrum	1902.1100 til 1902.4000	Framleiðsla úr korni, mjöli eða mjólk
0505.1001 til 0511.9900	Vörur úr dýraríkinu, ótaldar annars staðar	1904.1000 til 1905.9009	Framleiðsla úr korni, mjöli eða mjólk
0602.1000 til 0604.9900	Tré og plöntur	2001.1000 til 2008.9909	Framleiðsla úr matjurtum og ávöxtum
0701.1000 til 0714.9000	Matjurtir	2009.1109 2009.1909 2009.2009	
0801.1001 til 0811.9009	Ávextir	2009.3009 2009.4009 2009.5009	
0813.1000 til 0814.0000	Ávextir	2009.6009 2009.7009 2009.8009	
0901.2101 0901.2201 0901.3000 til 0910.9900	Kaffi, te og krydd	2009.9009 2101.1001 til 2101.3000	Ávaxtasafi Vörur úr kaffi eða tei
1214.1000 til 1214.9000	Hey, fódurrófur og fódurkál	2103.1000 til 2106.9019	Ýmis matvælaframleiðsla
1501.0009 1502.0009 1503.0000	Dýrafeiti	2106.9022 til 2106.9039	Ýmis matvælaframleiðsla
1517.1000 til 1517.9001	Smjörlíki og blöndur	2201.1000 til 2209.0000	Drykkjarvörur, áfengi og edik
1517.9009	Smjörlíki og blöndur	2401.1000 til 2403.9909	Tóbak og tóbakslíki

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Tollskrárnúmer	Vörutegund
2501.0001	Matarsalt	3601.0000 til 3606.9000	Sprengiefni, flugeldar og eldspýtur
2523.1000 til 2523.9000	Sement	3702.2000 til 3702.3200	Ljósmynda- og kvikmyndavörur
2524.0000	Asbest	3702.4402 til 3702.9500	Ljósmynda- og kvikmyndavörur
3004.5004 3004.9004	Sælgæti	3703.2000 til 3703.9009	Ljósmynda- og kvikmyndavörur
3205.0000	Litlögur	3704.0001 til 3704.0009	Ljósmynda- og kvikmyndavörur
3208.1001 til 3209.9009	Málning og lökk	3705.9001 til 3705.9009	Ljósmynda- og kvikmyndavörur
3210.0012 til 3210.0019	Málning og lökk	3706.1000 til 3706.9000	Ljósmynda- og kvikmyndavörur
3210.0029	Málning og lökk	3922.1001 til 3922.9009	Hreinlætistæki
3211.0000	Unnin þurrkefni	3924.1001 til 3924.9000	Búsáhöld
3212.9009	Dreifulitir	3925.1000 til 3925.9000	Smíðavörur til bygginga
3213.1000 til 3213.9000	Litir	3926.1001 til 3926.9013	Vörur úr plasti
3214.1001 til 3214.9000	Kítta og þéttiefni	4015.1900 til 4015.9000	Fatnaður úr gúmmí
3215.9000	Blek	4016.1009 til 4016.9200	Vörur úr gúmmí
3303.0001 til 3307.4900	Snyrti- og hreinlætisvörur	4016.9509	Vörur úr gúmmí
3307.9002 til 3307.9009	Snyrti- og hreinlætisvörur	4016.9919 til 4016.9929	Vörur úr gúmmí
3401.1101 til 3401.2009	Sápa	4201.0001 til 4206.9000	Vörur úr leðri
3402.1109 3402.1209 3402.1309 3402.1909	Lífræn yfirborðsvirk efni	4301.1000 til 4304.0009	Loðskinn og loðskinnsgervi
3402.2011 til 3402.9000	Þvottaefni	4401.1000 til 4401.3000	Eldiviður, sag og spænir
3405.1000 til 3405.9009	Fægiefni og ræstiduft	4402.0000	Viðarkol
3406.0001 til 3406.0009	Kerti	4405.0000	Viðarull
3407.0009	Mótunarefni	4413.0009	Hertur viður
3506.1000	Lím		

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Tollskrárnúmer	Vörutegund
4414.0000	Viðarrammar	4822.1000 til 4822.9000	Kefli, spólur og snældur
4415.1000 til 4415.2000	Umbúðakassar og bretti	4823.6000	Pappírsborðbúnaður
4418.1000 til 4418.2000	Trésmíðavörur til bygginga	4823.7002 til 4823.7009	Eggjabakkar o.fl.
4418.4000 til 4418.9009	Trésmíðavörur til bygginga	4901.1001	Blöð á íslensku
4419.0000	Borðbúnaður úr tré	4901.9101	Orðabækur og alfræðirit á íslensku
4420.1000	Styttur og skraut	4901.9901	Aðrar bækur á íslensku
4420.9009	Skrín og kassar	4902.1001 til 4902.9009	Blöð og tímarit
4421.1000 til 4421.9013	Vörur úr tré	4903.0000	Myndabækur og litabækur
4421.9018 til 4421.9029	Vörur úr tré	4907.0001 til 4907.0009	Frímerki, seðlar o.fl.
4501.1000 til 4501.9000	Korkur	4908.1000 til 4908.9000	Færimyndir
4503.9009	Vörur úr korki	4909.0001 til 4909.0009	Póstkort
4601.2000	Mottur og ábreiður	4910.0000	Almanök
4809.1000 4809.9000	Kalkipappír	4911.1001 til 4911.9900	Auglýsingavörur og vöruskrár
4811.1000	Tjöru- eða asfaltborinn pappír	5306.2001	Garn úr hör
4812.0000	Síuplötur	5601.1001 til 5601.3000	Vatt úr spunatrefjum
4813.1000 til 4813.9000	Vindlingapappír	5602.1000 til 5602.9009	Flóki
4816.1000 4816.3000	Kalkipappír	5805.0000	Handofin veggteppi
4817.1001 til 4817.3000	Umslög og bréfsefni	5810.1000 til 5800.9900	Útsaumur
4818.1000 til 4818.9000	Ýmsar vörur úr pappír	6101.1000 til 6117.9009	Fatnaður
4819.1001 til 4819.6000	Umbúðir úr pappír	6201.1100 til 6217.9000	Fatnaður
4820.1001 til 4820.9000	Minnisbækur o.fl.	6301.1001 til 6301.9009	Ábreiður
4821.1001 til 4821.9000	Pappírsmiðar	6302.1009 til 6302.3900	Lín

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Tollskrárnúmer	Vörutegund
6302.4009 til 6302.6000	Lín	6801.0000 til 6802.9909	Vörur úr steini
6302.9109 6302.9209 6302.9309 6302.9909	Lín	6804.1000 til 6811.9009	Vörur úr steini o.fl.
6303.1109 6303.1209 6303.1909 6303.9109 6303.9209 6303.9909	Gluggatjöld	6812.1000 til 6812.6000	Vörur úr asbesti
6304.1109 til 6304.1901	Aðrar fullgerðar spunavörur í vistar- verur manna	6812.9009	Vörur úr asbesti
6304.9109 6304.9201 6304.9209 6304.9309 6304.9909	Aðrar fullgerðar spunavörur í vistar- verur manna	6814.1000 til 6814.9000	Vörur úr gljásteini
6306.1109 6306.1209 6306.1909	Sóltjöld	6815.1001 til 6815.9909	Vörur úr steini eða öðrum jarðefnum
6306.2100 til 6306.2900	Tjöld	6901.0000 til 6904.1000	Leirvörur
6306.4100 til 6306.9909	Viðlegubúnaður	6905.1000 til 6906.0000	Leirvörur
6307.1000	Klútar	6910.1000 til 6914.9000	Leirvörur
6309.0000 til 6310.9000	Notaður fatnaður og tuskur	7003.1900 til 7003.3000	Steypt og valsað gler
6402.1100 til 6405.9009	Skófatnaður	7008.0000	Marglaga einangrunargler
6406.9901	Ökklahlífar og legghlífar	7009.9100 til 7009.9200	Glerspeglar
6501.0000 til 6505.9000	Hattar	7011.1000 til 7013.9900	Glerhylki og glervörur
6506.9100 til 6507.0000	Annar höfuðfatnaður	7015.9000	Gler í úr og klukkur
6601.1000 til 6603.9000	Regnhlífar og sólhlífar	7016.1000 til 7016.9009	Vörur úr pressuðu eða mótuðu gleri
6701.0000 til 6704.9000	Unnar vörur úr fjöðrum, dún og hári	7018.1000 til 7018.9000	Glerperlur
		7019.3101 til 7019.3909	Vörur úr glertrefjum
		7020.0009	Vörur úr gleri
		7101.1000 til 7105.9000	Perlur og eðalsteinar
		7113.1100 til 7118.9000	Skartgripir

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Tollskrárnúmer	Vörutegund
7210.2001		7418.1000 til	
7210.3101		7418.2000	Búsáhöld
7210.3901			
7210.4100		7419.1001 til	
7210.5001		7419.1009	Keðjur úr kopar
7210.6001			
7210.7001		7419.9902	Aðrar vörur úr kopar
7212.2101			
7212.2901		7419.9905 til	
7212.3001		7419.9906	Aðrar vörur úr kopar
7212.4001			
7212.5001		7419.9909	Aðrar vörur úr kopar
7212.6001	Báraðar vörur úr jární eða óblendnu stáli	7508.0001 til	
		7508.0009	Naglar, stifti og skrúfur úr nikkli
7308.3001 til			
7308.3009	Hurðir, gluggar og tilheyrandi úr jární eða stáli	7606.1101	
		7606.1201	
		7606.9101	
7308.9001 til		7606.9201	Bárað ál
7308.9009	Hlutar til bygginga		
		7610.1000	Hurðir, gluggar og tilheyrandi
7317.0001 til			
7317.0009	Naglar og stifti	7610.9002	Hlutar til bygginga
7319.1000 til		7615.1001 til	
7319.9000	Nálar og prjónar	7615.2000	Búsáhöld
7321.1100 til		7616.1000	Naglar og stifti
7321.9000	Ofnar og eldavélar		
		7616.9003	
7322.1100	Ofnar og hitarar	7616.9004	
		7616.9007	
7322.1909 til		7616.9009	Aðrar vörur úr áli
7322.9000	Ofnar og hitarar		
		7907.1000	Byggingarhlutar úr sinki
7323.1001 til			
7323.9900	Búsáhöld	7907.9001	Naglar og stifti
7324.1000 til		7907.9009	Aðrar vörur úr sinki
7324.9000	Hreinlætisvörur		
		8007.0001 til	
7325.1000 til		8007.0009	Aðrar vörur úr tini
7325.9900	Aðrar vörur, steypar úr jární eða stáli		
		8201.1000 til	
7326.2000	Aðrar vörur úr jární eða stáli	8208.9000	Verkfæri og áhöld úr ódýrum málmi
7326.9002 til		8210.1000	
7326.9003	Aðrar vörur úr jární eða stáli	8215.9000	Verkfæri og áhöld úr ódýrum málmi
7326.9006		8301.1000	Hengilásar
7326.9009	Aðrar vörur úr jární eða stáli		
		8301.4009 til	
7415.1000 til		8301.7000	Læsingar og lykklar
7415.3900	Naglar og stifti úr kopar		
		8302.1001 til	
7417.0000	Eldunar- og hitunartæki til heimilisnota	8302.3000	Festingar og áfellur úr ódýrum málmi
		8302.4200 til	
		8302.5000	Festingar og áfellur úr ódýrum málmi

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Tollskrárnúmer	Vörutegund
8303.0000	Peningaskápar o.þ.h.	8452.1000	Saumavélar fyrir heimili
8304.0000	Skjalakassar o.þ.h.	8467.1100 til 8467.9900	Handverkfæri
8305.1000 til 8307.9000	Ýmsar vörur úr ódýrum málm	8469.2100 til 8469.3900	Ritvélar
8310.0000	Merkisþjöld	8470.1000 til 8470.2900	Reiknivélar
8403.1000 til 8403.9000	Katlar til miðstöðvarhitunar	8473.1000 til 8473.2900	Hlutar og fylgihlutir til véla í nr. 8469 til 8470
8404.1001	Aukavélaostur til nota með kötlum í nr. 8403	8479.8901	Heimilistæki
8404.9001	Hlutar til vöru í tnr. 8404.1001	8506.1100 til 8506.9000	Frumraflöð
8414.5101 8414.5901	Viftur til heimilisnota	8508.1000 til 8508.9000	Rafmagnshandverkfæri
8414.6001 8414.8001	Háfar til heimilisnota	8509.1000 til 8509.9000	Rafmagnsheimilistæki
8415.1000 til 8415.9000	Loftjöfnunartæki	8510.1000 til 8510.9000	Rakvélar og hárklippur
8416.1009 til 8416.3000	Brennarar	8513.1000 til 8513.9000	Ferðaraflampar
8418.1001	Kæli- og frystibúnaður fyrir heimili	8516.1000 til 8516.9000	Rafhitunartæki
8418.2100 til 8418.2900	Kæli- og frystibúnaður fyrir heimili	8518.1000 til 8518.9000	Hljóðnemar og hátalarar
8418.3001 8418.4001 8418.6101 8418.6901	Kæli- og frystibúnaður fyrir heimili	8519.1000 til 8520.9009	Hljóðflutningstæki og hljóð- upptökutæki
8418.9100	Húsgögn hönnuð fyrir kæli- og frystibúnað	8521.1009 8521.9009	Myndbandsupptökutæki og mynd- bandsflutningstæki
8421.1201	Taupurrkarar	8522.1000 til 8522.9000	Hlutar og fylgihlutir til tækjabúnaðar í nr. 8519 til 8521
8421.1900	Aðrar miðflottaafsvindur	8523.1101 til 8523.9009	Segulbönd og seguldiskar
8421.3901	Lofthreinsibúnaður til heimilisnota	8524.1001 8524.1009 8524.2101 8524.2103 8524.2109 8524.2201	
8422.1100	Uppþvottavélar til heimilisnota		
8433.1100 til 8433.1900	Sláttuvélar fyrir húsgarða o.fl.		
8450.1100 til 8450.1900	Pvottavélar		
8451.2100	Purrkarar fyrir heimili		
8451.3001	Strauvélar fyrir heimili		

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Tollskrárnúmer	Vörutegund
8524.2203		8707.1000	Yfirbyggingar fyrir ökutæki í nr. 8703
8524.2209			
8524.2301		8710.0000	Skriðdrekar
8524.2303			
8524.2309		8711.1000 til	
8524.9001		8711.9000	Bifhjól
8524.9009	Hljómplötur og hljómbönd		
		8712.0000	Reiðhjól
8525.3000	Sjónvarpsmyndavélar		
		8714.1100 til	
8526.9201	Radíófjarstýribúnaður	8714.1900	Hlutar til bifhjóla
8527.1100 til		8714.9100 til	
8527.3900	Móttökutæki	8714.9900	Hlutar til reiðhjóla
8528.1009		8715.0000	Barnavagnar og hlutar til þeirra
8528.2009	Sjónvarps- og útvarpstæki		
		8716.1000	Hjólhýsi
8529.1009			
8529.9009	Loftnet og lofnettsdiskar	8717.8001 til	
		8716.8009	Hjólborur o.þ.h.
8539.2100 til			
8539.4000	Rafmagnslampar	8716.9002 til	
		8716.9009	Yfirbyggingar á tengi- og festivagna
8540.1100 til			
8540.9900	Lampar	8902.0011 til	
		8902.0090	Fiskiskip
8543.8001 til			
8543.9009	Ýmis heimilistæki	8908.0000	För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs
8701.1000	Dráttarvélar, stjórnað af gangandi	9006.1000 til	
		9006.2000	Ljósmyndavélar
8703.1011 til			
8703.1012	Fjór hjól og beltabifhjól	9006.4000 til	
		9006.9900	Ljósmyndavélar og tilheyrandi
8703.1090	Önnur ökutæki		
		9007.1000	
8703.2111 til		9007.2100	Kvikmyndavélar og kvikmynda-sýningarvélar
8703.2229	Bifreiðar og bifhjól til fólksflutninga		
		9008.1000 til	
8703.2239 til		9008.9000	Myndvörpur og stækkarar
8703.2349	Bifreiðar og bifhjól til fólksflutninga		
		9101.1100 til	
8703.2359 til		9114.9000	Klukkan og úr
8703.2419	Bifreiðar og bifhjól til fólksflutninga		
		9204.1000 til	
8703.2429 til		9209.9900	Ýmis hljóðfæri
8703.3139	Bifreiðar og bifhjól til fólksflutninga		
		9301.0000 til	
8703.3149 til		9303.3000	Skotvopn
8703.3249	Bifreiðar og bifhjól til fólksflutninga		
		9303.9009	Skotvopn
8703.3259 til			
8703.3319	Bifreiðar og bifhjól til fólksflutninga	9304.0000	Önnur vopn
8703.3329 til		9305.1000 til	
8703.9019	Bifreiðar og bifhjól til fólksflutninga	9305.9000	Hlutar til vara í nr. 9301 til 9304
8703.9029	Bifreiðar og bifhjól til fólksflutninga		

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Tollskrárnúmer	Vörutegund
9306.2100 til 9306.2900	Skotfæri	9507.3000 til 9508.0000	Leikföng og íþróttabúnaður
9306.3009 9306.9009	Skotfæri	9601.1000 til 9601.9009	Vörur úr skeljum og hornum
9307.0000	Sverð og byssustingir	9602.0009	Útskurðarefni úr jurta- og steinaríkinu
9401.3000 til 9401.9000	Sæti	9603.1000 til 9603.4000	Sópar, burstar og penslar
9403.1001 til 9404.9000	Húsgögn	9604.0000	Handsúr og handsáldir
9405.1001 til 9405.9909	Lampar og ljósabúnaður	9605.0000	Ferðasnyrtisett o.fl.
9406.0001 til 9406.0009	Forsmíðaðar byggingar	9608.1000 til 9618.0000	Ýmsar framleiddar vörur
9501.0001 til 9507.1000	Leikföng og íþróttabúnaður	9701.1000 til 9706.0000	Listaverk og forngríp

2. Heimilt er að flytja eftirtaldar vörur inn með allt að 105 daga greiðslufresti:

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Tollskrárnúmer	Vörutegund
2710.0011	Flugvélabensín	2710.0042	Potuelsneyti
2710.0019	Annað bensín	2710.0060	Gasolíur
2710.0020	Bensínkennt þotuelsneyti	2710.0070	Brennsluolíur

3. Heimilt er að flytja eftirtaldar vörur inn með allt að 6 mánaða greiðslufresti:

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Tollskrárnúmer	Vörutegund
0601.1000 til 0601.2009	Blómlaukar	1504.1005 1504.2005 1504.3001 1504.3002	Feiti og olíur úr dýraríkinu
1001.1000 til 1001.9009	Hveiti og meslín	1506.0001	Dýraolíur og efnispættir þeirra
1002.0000	Rúgur	1507.1000 til 1507.9000	Sojabaunaolía
1003.0000	Bygg	1508.1000 til 1508.9000	Jarðhnetuolía
1004.0000	Hafrar	1509.1000 til 1510.0000	Olívuolía
1005.1000 til 1005.9000	Maís	1511.1000 til 1511.9000	Pálmaolía
1103.1100 til 1103.2900	Klíðislaust korn, mjöl og kögglar.		
1104.1100	Valsað eða flagað korn úr byggi		

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Tollskrárnúmer	Vörutegund
1512.1100 til 1512.2900	Olía úr fræi sólblóma	4810.9900 4811.4000	Efni í mjólkurumbúðir
1513.1100 til 1513.2900	Kókoshnetu- og pálmakjarnaolía	5306.1000 5306.2009	Garn úr hör
1514.1000 til 1514.9000	Repju-, kalsa- eða mustarðsolía	5308.9000	Garn úr ýmsum spunatrefjum
1515.1100 til 1515.9000	Órokgjörn jurtafeiti og olía	5401.1009 5401.2009	Pólyesterþræðir
1516.1001 til 1516.2009	Feiti og olíur úr dýra- eða jurtarfinu	5402.1000 til 5402.6900	Tilbúið þráðgarn
2302.1000	Klíð úr máis	5509.1101 5509.1201 5509.2101 5509.2201 5509.4101 5509.4201	Garn til veifarægerðar
2302.4000	Klíð úr ýmsum korntegundum	5604.2000	Gervíþræðir
2309.9001 til 2309.9009	Skepnufóður	5604.9000	Garn úr tilbúnum þráðum
2501.0002	Fóðursalt	5607.1001 til 5607.9009	Snæri, reipi og kaðlar
2714.1000 til 2715.0000	Jarðbik og asfalt	7208.3100 til 7208.9000	Flatvalsaðar vörur úr járn eða óblendnu stáli
3901.1001 til 3901.2009	Pólyetylen	7209.1100 til 7209.4400	Flatvalsaðar vörur úr járn eða óblendnu stáli
3902.1001 til 3902.2009	Pólyprópylen	7210.1100 til 7210.1200	Flatvalsaðar vörur úr járn eða óblendnu stáli
3903.1100 til 3903.2000	Pólystyren	7211.1100 til 7211.9000	Flatvalsaðar vörur úr járn eða óblendnu stáli
3904.1001 til 3904.2209	Pólyvínýlklóríð	7212.1000 7212.2109 7212.2909 7212.3009 7212.4009 7212.5009 7212.6009	Flatvalsaðar vörur úr járn eða óblendnu stáli
4011.1000 til 4411.9900	Nýir hjólbarðar	7213.1009 7213.2009 7213.3109 7213.3909 7213.4109 7213.5009	Teinar og stangir
4013.1000 til 4013.9000	Hjólbarðaslöngur		
4403.1000 til 4403.9900	Trjábólir		
4416.0001	Tunnur		
4801.0000	Dagblaðapappír		
4804.1100 til 4804.5900	Kraftpappír og kraftpappi		
4805.1000 til 4805.8000	Pappír og pappi		

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Tollskrárnúmer	Vörutegund
7214.2009		8483.1000 til	
7214.3009		8483.9000	Drifásar, tannhjól o.þ.h.
7214.4009			
7214.5009		8704.2109	
7214.6009	Teinar og stangir	8704.2221	
		8704.3109	
		8704.3221	Sendibifreiðar
7216.1000 til			
7216.6000	Próffilar	8704.9031 til	
		8704.9039	Sendibifreiðar
7216.9009	Próffilar		
7301.1000	Þilstál	8708.1000 til	
		8708.9900	Bifreiðavarahlutir
7801.1000	Hreinsað blý		
		8803.1000 til	
7804.2001	Blýduft	8803.3000	Hlutar til flugvéla
8482.1000 til		8804.0000	Fallhlífar
8482.9900	Kúlu- eða keflaleg		

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1989. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing ráðuneytisins nr. 51/1988 um innflutning með greiðslufresti og aðrar erlendar lántökur.

Viðskiptaráðuneytið, 21. desember 1988.

Jón Sigurðsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um auglýsingar í útvarpi nr. 512/1986 með áorðnum breytingum.

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast þegar gildi. Reglugerð þessi gildir til 31. desember 1989.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. desember 1988.

Svavar Gestsson.

Þórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um stjórn botnfiskveiða 1989.

I. KAFLI

Heildarafi.

1. gr.

Árið 1989 skulu leyfi til botnfiskveiða miðast við að afli úr helstu botnfisktegundum verði:

1. Þorskur	285 þús. lestir	4. Karfi	77 þús. lestir
2. Ýsa	65 þús. lestir	5. Grálúða	30 þús. lestir
3. Ufsi	80 þús. lestir		

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Vegna ákvæða í reglugerð þessari um heimildir sóknarmarksskipa til aukningar þorskafla, reglna um tilfærslu milli fisktegunda og flutning afla milli ára og ákvæða um afla smábáta, gæti heildarþorskafla á árinu 1989 orðið um það bil 325 þús. lestir.

II. KAFLI

Flokkar fiskiskipa.

2. gr.

Flokka skal öll íslensk fiskiskip í útgerðarflokka. Skal hvert fiskiskip vera í sama útgerðarflokki og það var 1988 sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 16 22. janúar 1988. Heimilt er þó að flytja fiskiskip milli útgerðarflokka 2–8 verði breyting á sérveidiheimildum þeirra og skal samráðsnefnd þá fjalla um breytingu á veiðiheimildum þess. Með sama hætti skal samráðsnefnd fjalla um veiðiheimildir komi nýtt skip í stað tveggja eða fleiri, sem tekin hafa verið úr rekstri. Útgerðarflokkar eru þessir:

1. Togarar.	5. Humar- og síldarbátar.
2. Bátar án sérveiðiheimilda.	6. Rækjubátar.
3. Síldarbátar.	7. Skelbátar.
4. Humarbátar.	8. Loðnuskip.

Í útgerðarflokk 2, bátar án sérveiðiheimilda, skulu fiskiskip stærri en 100 brl., sem eingöngu stunda veiðar með vörpu, flokkuð sérstaklega með tilliti til sóknardagafjölda.

Við ákvörðun aflahámarks skal miðað við stærðir skipa sbr. 7. gr.

Við stærðarflokkun fiskiskipa skal miðað við mælingarbréf Siglingamálastofnunar ríkisins fyrir skipið, sem gildi 1. janúar 1986. Sama gildir sé miðað við lengd skips. Komi nýtt eða nýkeypt skip í stað eldra skips skal miða við mælingarbréf eldra skipsins er gildi 1. janúar 1986.

Við ákvörðun aflahámarks fyrir útgerðarflokk 1, togara, skal það ákveðið sérstaklega fyrir togara 39 metra og styttri annars vegar og hins vegar fyrir togara lengri en 39 metrar. Miða skal við mestu lengd skipsins sbr. 4. mgr.

Við ákvörðun aflahámarks fyrir útgerðarflokk 1, togara, skal landinu skipt í tvö svæði: Svæði 1: Frá Eystra-Horni vestur og norður um að Látrabjargi.

Svæði 2: Frá Látrabjargi norður og austur um að Eystra-Horni.

Við svæðaflokkun togara skal miðað við verstöð sem togar er gerður út frá, þegar reglugerð þessi öðlast gildi. Öll frystiskip er frysta eigin afla um borð skulu við ákvörðun aflahámarks teljast til svæðis 1.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum ákvæðum um mörk veiðisvæða, sé það nauðsynlegt vegna sérstöðu veiðiskips.

III. KAFLI Aflamarksskip.

3. gr.

Aflamarksskipi skal úthlutað aflamarki í þessum fisktegundum: þorski, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu, skv. ákvæðum 6. gr. laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Aflamark hvers skips skal tilgreint í heilum tonnum og er miðað við slægðan fisk með haus, að karfa undanskildum.

Þegar breyta skal óslægðum fiski í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0.80, en grálúðu með 0.92.

Þegar breyta skal slægðum fiski í óslægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 1.25, en grálúðu með 1.09.

Ráðuneytið skal ákveða þann reiknistuðul, sem notaður skal til útreikninga á aflamarki skipa, sem vinna eigin afla um borð.

Við línuveiðar í janúar, febrúar, nóvember og desember reiknast 50% aflans ekki til aflamarks fiskiskips, en réttur línuskips til framsals skerðist sem svarar öllum línuaflla þess á þessum tímabilum.

Þorskur og ufsi smærri en 50 cm, ýsa smærri en 45 cm og karfi innan 500 gr. telst ekki að tveimur þriðju hlutum með í aflamarki fiskiskips, enda fari fiskur undir þessum lágmarks-mörkum ekki yfir 10% af afla þessara fisktegunda í veiðiferð og fyrir liggi staðfesting frá matsmönnum eða vigtarmönnum um magn, skv. reglum er ráðherra setur. Þetta gildir ekki um afla, sem frystur er um borð í veiðiskipi nema um heilfrystan fisk með haus sé að ræða. Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri, telst þó til aflamarks.

Allan afla af ofangreindum tegundum, án tillits til stærðar eða í hvaða veiðarfæri hann fæst, sem fluttur er óunninn á erlendan markað skal reikna til aflamarks með 15% álagi.

IV. KAFLI Sóknarmarksskip.

4. gr.

Veiðileyfi með sóknarmarki er veitt með því skilyrði, að sóknardagar til botnfiskveiða fari ekki fram úr tilgreindum fjölda á ákveðnu tímabili sbr. 8. gr. og þorskafla ekki yfir ákveðið hámark sbr. 7. gr. Aflahámark skal einnig sett á karfa- og grálúðuveiðar togara, útgerðar-flokkur 1 skv. 2. gr.

5. gr.

Sóknarmark hefst þegar skip heldur úr löndunar- og heimahöfn til veiða og lýkur þegar skip kemur í höfn með veiðarfæri innanborðs til löndunar afla, enda haldi það ekki úr höfn til veiða aftur fyrir en liðnir eru a.m.k. þrjár sólarhringar.

Sigli skip með eigin afla til löndunar á erlendum mörkuðum telst sá tími, sem fer til siglingar utan, til sóknardaga.

6. gr.

Útgerð eða skipstjóri sóknarmarksskips skal tilkynna Fiskifélagi Íslands eigi síðar en 12 dögum eftir lok hvers mánaðar á þar til gerðu eyðublaði, hvaða daga viðkomandi skip hefur nýtt til sóknar á tímabilinu. Ennfremur er skylt að skila aflaskýrslum skv. 11. gr.

Heimilt er að stunda veiðar allt að þremur dögum umfram úthlutaðan sóknardagafjölda tímabils, enda dragist jafnmargir dagar frá sóknardagafjölda næsta tímabils á eftir. Fari slík frávik fram úr þremur dögum um einn eða tvo daga reiknast þeir tvöfaldir til frádráttar á næsta tímabili á eftir. Frávik umfram fimm daga teljast brot á reglum þessum.

Heimilt er með samþykki ráðuneytisins að færa milli tímabila allt að fjóra af hverjum fimm sóknardögum, sem ekki hafa nýst til fiskveiða, enda hafi skip orðið að liggja í höfn a.m.k. fimmtán daga vegna meiriháttar bilana. Útgerðaraðili skal sækja skriflega til ráðuneytisins um slíka yfirfærslu daga milli tímabila. Umsóknnum skal fylgja skrifleg greinargerð frá

viðgerðaraðila eða tryggingarfélagi um viðgerðina og hversu langan tíma hún tók. Samráðsnefnd úrskurðar um vafaatriði. Að öðru leyti er óheimilt að flytja ónýtt sóknardaga eins tímabils til annarra tímabila.

7. gr.

Sóknarmarksskipi er á árinu 1989 óheimilt að veiða meira magn en tilgreint er í töflu í 3. mgr. þessarar greinar eða sem svarar aflahámarki þess samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga nr. 38. janúar, um stjórn fiskveiða 1988–1990 og sem leiðir af rétti til yfirfærslu milli ára.

Hjá togurum, útgerðarflokki 1, er heimilt að nýta þorskaflahámark til veiða á karfa sbr. 12. gr.

Aflahámark sóknarmarksskipa er sem hér greinir fyrir hvern stærðar-, útgerðar- og veiðisvæðaflokk fiskiskipa. Miðað er við slægðan þorsk og grálúðu með haus. Karfaaflahámark togara er miðað við óslægðan karfa með haus. Sé togara sbr. 2. gr. útgerðarflokkur 1, úthlutað aflahámarki samkvæmt þessari grein, skal það taka til bæði aflahámars í þorski, karfa og grálúðu:

Útgerðarflokkur 1, togarar: Svæði I Svæði II

39 metrar og styttri:	Þorskaflahámark	595 lestir	900 lestir
Lengri en 39 metrar:	Þorskaflahámark	1045 lestir	1485 lestir
39 metrar og styttri:	Karfaaflahámark	765 lestir	90 lestir
Lengri en 39 metrar:	Karfaaflahámark	1550 lestir	550 lestir
39 metrar og styttri:	Grálúðuaflahámark	150 lestir	150 lestir
Lengri en 39 metrar:	Grálúðuaflahámark	550 lestir	550 lestir

Útgerðarflokkur 2, bátar án sérveiðiheimilda:

Frá 10 brl. til og með 15 brl.:	120 lestir
Stærri en 15 brl. til og með 20 brl.:	130 lestir
Stærri en 20 brl. til og með 25 brl.:	180 lestir
Stærri en 25 brl. til og með 30 brl.:	200 lestir
Stærri en 30 brl. til og með 40 brl.:	215 lestir
Stærri en 40 brl. til og með 50 brl.:	250 lestir
Stærri en 50 brl. til og með 90 brl.:	300 lestir
Stærri en 90 brl. til og með 110 brl.:	315 lestir
Stærri en 110 brl. til og með 200 brl.:	395 lestir
Stærri en 200 brl.	445 lestir

Útgerðarflokkur 3, síldarbátar: 395 lestir

Útgerðarflokkur 4, humarbátar:

50 brl. og minni:	105 lestir
Stærri en 50 brl. til og með 90 brl.:	210 lestir
Stærri en 90 brl.:	230 lestir

Útgerðarflokkur 5, humar- og síldarbátar:

90 brl. og minni:	270 lestir
Stærri en 90 brl.:	290 lestir

Útgerðarflokkur 6, rækjubátar:

10 brl. til og með 20 brl.:	45 lestir
Stærri en 20 brl. til og með 50 brl.:	75 lestir
Stærri en 50 brl.:	105 lestir

Útgerðarflokkur 7, skelbátar:

10 brl. til og með 20 brl.:	35 lestir
Stærri en 20 brl. til og með 50 brl.:	55 lestir
Stærri en 50 brl. til og með 90 brl.:	105 lestir
Stærri en 90 brl. til og með 110 brl.:	120 lestir
Stærri en 110 brl.:	145 lestir

Varðandi útgerðarflokka 6 og 7 er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar um þorskaflahámark og ennfremur ákvæðum 8. gr. um sóknardagafjölda, sé það talið nauðsynlegt vegna breytinga í tekjum af sérveiðum.

Við línuveiðar í janúar, febrúar, nóvember og desember reiknast 50% þorskaflans ekki til þorskaflahámarks.

Porskur smærri en 50 cm og karfi innan 500 gr telst ekki að tveimur þriðju hlutum með í aflahámarki, enda fari fiskur undir þessum lágmarksmörkum ekki yfir 10% af þorsk- eða karfaafli í veiðiferð og fyrir liggi staðfesting frá matsmönnum eða vigtarmönnum um magn, skv. reglum er ráðherra setur. Þetta gildir ekki um afla, sem frystur er um borð í veiðiskipi nema um heilfrystan fisk með haus sé að ræða. Allur þorskur, sem veiddur er á handfæri, telst þó til aflahámarks.

Allan þorskafla og einnig karfa- og grálúduafli hjá togurum, án tillits til stærðar eða í hvaða veiðarfæri hann fæst, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skal reikna til aflahámarks með 15% álagi.

8. gr.

Í töflu hér á eftir er tilgreindur fjöldi sóknardaga á einstökum tímabilum samkvæmt flokkun veiðiskipa í II. kafla:

Útgerðarflokkur 1, togarar.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	
Jan.–apr.	Mái–ág.	Sept.–des.	Samtals
90	70	85	245

Útgerðarflokkur 2, bátar án sérveiðiréttinda.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	Tímabil 5	
Jan.–feb.	Mar.–apr.	Mái–ág.	Sept.–okt.	Nóv.–des.	Samtals
35	45	60	35	30	205

Útgerðarflokkur 2, togbátar, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	
Jan.–feb.	Mar.–apr.	Mái–ág.	Sept.–des.	Samtals
40	45	70	75	230

Útgerðarflokkur 3, síldarbátar.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	
Jan.–feb.	Mar.–apr.	Mái–okt.	Nóv.–des.	Samtals
35	45	60	15	155

Útgerðarflokkur 4, humarbátar.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	
Jan.–feb.	Mar.–apr.	Mái–júní	Júlí–des.	Samtals
35	45	10	60	150

Útgerðarflokkur 5, humar- og síldarbátar.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	
Jan.–feb.	Mar.–apr.	Mái–júní	Júlí–des.	Samtals
35	45	10	35	125

Útgerðarflokkur 6, rækjubátar.**Suður- og Vesturland.**

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	
Jan.–feb.	Mar.–ág.	Sept.–des.	Samtals
25	45	45	115

Vestfirðir, Norðurland.

Tímabil 1	Tímabil 2	
Jan.–maí	Júní–des.	Samtals
45	70	115

Útgerðarflokkur 7, skelbátar.

Tímabil 1	Tímabil 2	
Jan.–apr.	Maí–des.	Samtals
45	40	85

Engar takmarkanir eru á fjölda sóknardaga hjá skipum sem línuveiðar stunda í janúar, febrúar, nóvember og desember.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan botnfisk af kvótabundnum fisktegundum og nýtanlegum fisktegundum sem markaður er fyrir. Sleppa skal þó fiski, undir lágmarksstærðum þeim sem tilgreindar eru í 7. mgr. 3. gr., sem fæst á handfæri.

10. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Ennfremur er honum skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega.

11. gr.

Útgerðaraðilum veiðiskipa, skipstjórnamönnum og kaupendum er skylt að senda Fiskifélagi Íslands skriflegar upplýsingar um afla og aflasamsetningu og um úthald og sjósókn á eyðublöðum sem Fiskifélag Íslands eða sjávarútvegsráðuneytið leggur til. Vanskil á skýrslum og röng skýrslugjöf varða tafarlausri leyfissviptingu.

12. gr.

Við útreikning þorskígildis skal miðað við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1,00, ýsa 1,10, ufsi 0,57, karfi 0,50 og grálúða 0,69.

13. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd varðandi úthlutun botnfiskveiðileyfa.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að takmarka framsalsheimildir þeirra skipa sem sérstök leyfi fá til að veiða flatfisk með dragnót.

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. desember 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Arni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um veiðar smábáta 1989.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða báta minni en 10 brl. sem ekki hljóta sérstakt botnfiskveiðileyfi samkvæmt 5. gr. laga nr. 3 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990 sbr. 2. gr. reglugerðar 29. desember 1988, um stjórn botnfiskveiða 1989.

2. gr.

Allar botnfiskveiðar báta 6 brl. og stærri skulu háðar sérstökum veiðileyfum, ennfremur þorskfisknetaveiðar báta undir 6 brl. svo og línu- og handfæraveiðar með aflahámarki.

3. gr.

Bátum, sem eingöngu stunda veiðar með línu- og handfærum eru ekki heimilar veiðar frá og með 1. janúar til og með 15. janúar 1989 ennfremur í tíu daga um páskahelgi og tíu daga um verslunarmannahelgi og í sjö daga í hvorum mánaðanna júní og október samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Ennfremur frá og með 10. desember til og með 31. desember.

Heimilt er að veita þessum bátum veiðileyfi með aflahámarki, sé þess óskað sérstaklega skv. ákvæðum 6. gr. enda hafi viðkomandi aðili meginhluta tekna sinna af slíkri útgerð. Bátar, sem slík veiðileyfi fá, eru undanþegnir veiðibönnum samkvæmt 1. mgr.

4. gr.

Bátum 6 brl. og stærri sem netaveiðar stunda, skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki. Aflahámark fyrir báta 6 brl. og stærri en minni en 8 brl. er 70 lestir ósl. Aflamark báta 8 brl. og stærri er 95 lestir ósl. Heimilt er þó að úthluta bátum stærri en 9.5 brl. sem teknir voru í notkun á árinu 1987 eða síðar, veiðileyfi með allt að 115 lesta aflahámarki miðað við ósl. enda sé rúmtala þessara báta meiri 50 m³ sbr. reglugerð nr. 113 23. janúar 1988, að mati tæknideildar Fiskifélags Íslands, ennfremur bátum sem eru þeim sambærilegir að verði og afkastagetu.

Skulu þessir bátar fylgja almennum reglum um netaveiðar, en eru undanþegnir veiðibönnum skv. 1. mgr. 3. gr.

5. gr.

Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar þorskfisknetaveiðar. Þó er heimilt að veita þeim aðilum, sem þorskfisknetaveiðar hafa stundað á bátum undir 6 brl. á árunum 1987 eða 1988, leyfi til þorskfisknetaveiða og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum skv. 1. mgr. 3. gr. en skulu að öðru leyti hlíta almennum reglum um netaveiðar. Fáí þeir leyfi til þorskfisknetaveiða skal þeim veitt botnfiskleyfi með 60 lesta aflahámarki miðað við ósl.

6. gr.

Þeir aðilar, sem kost eiga á veiðileyfi með aflahámarki skv. 3.–5. gr., geta sótt um að fá veiðileyfi með aflahámarki, sem byggist á eigin reynslu. Aflahámark þeirra skal þá ákveðið sem 85% af meðaltalsafla tveggja bestu árána af árunum 1985, 1986 og 1987 eða sem 70% af afla ársins 1987, eftir því hvort hærra reynist, en skal þó aldrei vera hærra en 180 lestir ósl. Sæki aðilar um veiðileyfi skv. þessari grein, skulu þeir leggja fram aflaskýrslur, er sýni afla þeirra árin 1985, 1986 og 1987.

7. gr.

Aflahámark er óframseljanlegt. Sjávarútvegsráðuneytið getur heimilað flutning á aflamarki af skipum 10 brl. og stærri til báta undir 10 brl., ef sérstaklega stendur á, að fenginni

umsögn Landssambands smábátaeigenda, sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags á viðkomandi stað.

Aflahámark hvers báts skal tilgreint í heilum tonnum.

Sé aflahámark ákveðið í veiðileyfi samkvæmt 3.–6. gr., gildir það um allar botnfiskveiðar hlutaðeigandi báts allt árið 1989.

Aflahámarki skal úthlutað í þorskígildum og tekur það til veiða á þorski, ýsu og ufsa. Þegar þorskígildi er reiknað skal miðað við eftirfarandi verðmætahlutföll: þorskur 1.00, ýsa 1.10 og ufsi 0.57.

8. gr.

Þegar breyta skal óslægðum fiski í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0.80 en þegar breyta skal slægðum fiski í óslægðan skal margfalda með 1.25.

Við línuveiðar í janúar, febrúar, nóvember og desember reiknast 50% aflans ekki til aflahámars.

Þorskur og ufsi smærri en 50 cm og ýsa smærri en 45 cm telst ekki að tveimur þriðju hlutum með í aflahámarki fiskiskips, enda fari fiskur undir þessum lágmarksstærðum ekki yfir 10% af afla þessara fisktegunda í veiðiferð og fyrir liggi staðfesting frá matsmönnum um magn, skv. reglum er ráðherra setur. Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri telst þó til aflahámars.

Allan þorsk-, ýsu- og ufsaafla, án tillits til stærðar eða í hvaða veiðarfæri hann fæst, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skal reikna til aflahámars með 15% álagi.

9. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan botnfisk af kvótabundnum fisktegundum og nýtanlegum fisktegundum, sem markaður er fyrir. Sleppa skal þó þorski og ufsa smærri en 50 cm og ýsu smærri en 45 cm, sem fæst á handfæri.

10. gr.

Útgerðaraðilum báta, skipstjórnarmönnum og kaupendum er skylt að senda Fiskifélagi Íslands skriflegar upplýsingar um afla, aflasamsetningu og um úthald og sjósókn á eyðublöðum sem Fiskifélag Íslands eða sjávarútveggsráðuneytið leggur til. Vanskil á skýrslum og röng skýrslugerð varða tafarlausri leyfissviptingu.

11. gr.

Miðist aflahámark við stærð báts, skal miðað við gildandi mælingarbréf frá Siglingamálastofnun ríkisins 22. janúar 1988. Hafi skip komið í rekstur eftir 22. janúar 1988 skal miða við fyrsta gildandi mælingarbréf skipsins.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988–1990 til að öðlast gildi 1. janúar 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútveggsráðuneytið, 29. desember 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

